

**ÚRSKURÐUR**  
**ÓBYGGÐANEFNDAR**

**Mál nr. 2/2009**

**Skagafjörður ásamt Almenningi  
norðan Hrauna en án Lágheiðar**



**10. október 2011**

---

## EFNISYFIRLIT

|          |   |           |
|----------|---|-----------|
| <b>1</b> | <b>ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD</b> .....   | <b>5</b>  |
| <b>2</b> | <b>MÁLSMÆÐFERÐ</b> .....  | <b>5</b>  |
| 2.1      | Hlutverk óbyggðanefndar.....  | 5         |
| 2.2      | Vestanvert Norðurland, nyrðri hluti, tekið til umfjöllunar: Tröllaskagi norðan Öxnadalshéiðar (svæði 7B)..... | 6         |
| 2.3      | Lýstar kröfur og kynning.....   | 7         |
| 2.4      | Mál nr. 2/2009, Skagafjörður ásamt Almennungi norðan Hrauna en án Lágheiðar.....                              | 8         |
| <b>3</b> | <b>KRÖFUGERÐ</b> .....  | <b>10</b> |
| 3.1      | Kröfur íslenska ríkisins.....   | 10        |
| 3.1.1    | Þjóðlenda.....  | 10        |
| 3.1.1.1  | Almenningur norðan Hrauna.....  | 10        |
| 3.1.1.2  | Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt.....   | 10        |
| 3.1.1.3  | Unadals- og Deildardalsafréttir.....  | 11        |
| 3.1.1.4  | Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).....  | 11        |
| 3.1.1.5  | Silfrastaðafrétt.....   | 11        |
| 3.1.2    | Hólar.....  | 12        |
| 3.2      | Almenningur norðan Hrauna.....  | 12        |
| 3.2.1    | Kröfur Arnfríðar Erlendsdóttur o.fl. vegna Mánár.....   | 12        |
| 3.2.2    | Kröfur Guðmundar Viðars Péturssonar og Gáseyrarinnar ehf. vegna Hrauna 13.....                                | 13        |
| 3.3      | Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Flókadalsafréttar og Hrolleifsdalsafréttar.....                    | 13        |
| 3.4      | Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Unadals- og Deildardalsafréttar.....                               | 14        |
| 3.5      | Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Kolbeinsdalsafréttar.....  | 14        |
| 3.6      | Kröfur Akrahrepps vegna Silfrastaðafréttar.....   | 15        |
| 3.7      | Kröfur Akrahrepps og Kirkjumálasjóðs vegna Krosslands.....  | 15        |
| <b>4</b> | <b>GÖGN OG GAGNAÖFLUN</b> .....   | <b>17</b> |
| 4.1      | Inngangur.....  | 17        |
| 4.2      | Rannsóknarskylda óbyggðanefndar.....  | 17        |
| 4.3      | Vettvangsferð.....  | 18        |
| 4.4      | Skýrslutökur.....   | 18        |
| <b>5</b> | <b>SAGA LANDSVÆÐA</b> .....   | <b>19</b> |
| 5.1      | Almenningur norðan Hrauna.....  | 19        |
| 5.1.1    | Landnám.....  | 19        |
| 5.1.2    | Nýting, réttindi og afmörkun.....   | 19        |
| 5.1.3    | Aðliggjandi og tengd svæði.....   | 21        |
| 5.1.3.1  | Hraun.....  | 22        |
| 5.1.3.2  | Hrólfsvellir (Hrolleifsvellir).....   | 24        |
| 5.1.3.3  | Máná.....   | 26        |
| 5.2      | Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt.....   | 28        |
| 5.2.1    | Landnám.....  | 28        |
| 5.2.2    | Flókadalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun.....   | 28        |
| 5.2.3    | Hrolleifsdalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun.....   | 33        |
| 5.2.4    | Aðliggjandi og tengd svæði.....   | 35        |
| 5.2.4.1  | Tunga (ásamt hjáleigum).....  | 35        |
| 5.2.4.2  | Háakot (hjáleiga Tungu).....  | 36        |
| 5.2.4.3  | Hringur (hjáleiga Tungu).....   | 36        |

|          |   |    |
|----------|---|----|
| 5.2.4.4  | Skeið .....   | 37 |
| 5.2.4.5  | Stóra-Þverá (Stærri Þverá).....   | 37 |
| 5.2.4.6  | Minni-Þverá (hjáleiga frá Stóru Þverá) .....  | 38 |
| 5.2.4.7  | Barð .....  | 38 |
| 5.2.4.8  | Stóru-Reykir .....  | 40 |
| 5.2.4.9  | Klón (Kló).....   | 41 |
| 5.2.4.10 | Hraun í Unadal.....   | 41 |
| 5.2.4.11 | Þverá .....   | 42 |
| 5.2.4.12 | Illugastaðir .....  | 42 |
| 5.2.4.13 | Krakavellir .....   | 43 |
| 5.2.4.14 | Steinavellir .....  | 44 |
| 5.2.4.15 | Grundarland .....   | 44 |
| 5.2.4.16 | Bjarnastaðir í Hofshreppi.....  | 45 |
| 5.2.4.17 | Spána .....   | 45 |
| 5.3      | Unadals- og Deildardalsafréttir .....   | 46 |
| 5.3.1    | Landnám .....   | 46 |
| 5.3.2    | Unadalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun.....   | 46 |
| 5.3.3    | Deildardalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun .....  | 51 |
| 5.3.4    | Sel á Unadal og Deildardal .....  | 54 |
| 5.3.5    | Aðliggjandi og tengd svæði .....  | 56 |
| 5.3.5.1  | Spána .....   | 56 |
| 5.3.5.2  | Bjarnastaðagerði og Bjarnastaðir í Unadal .....   | 56 |
| 5.3.5.3  | Gröf á Höfðaströnd .....  | 57 |
| 5.3.5.4  | Stafn.....  | 58 |
| 5.3.5.5  | Háleggsstaðir (Áleggsstaðir, Alaugsstaðir, Aleksstaðir).....                                  | 58 |
| 5.3.5.6  | Skuggabjörg.....  | 59 |
| 5.3.5.7  | Miðhús .....  | 59 |
| 5.3.5.8  | Ósland .....  | 60 |
| 5.3.5.9  | Marbæli.....  | 61 |
| 5.3.5.10 | Kross í Óslandshlíð.....  | 62 |
| 5.3.5.11 | Sleitustaðir .....  | 62 |
| 5.3.5.12 | Smiðsgerði .....  | 63 |
| 5.3.5.13 | Sviðningur (Sviðingur) .....  | 64 |
| 5.3.5.14 | Saurbær í Kolbeinsdal .....   | 64 |
| 5.3.5.15 | Skriðuland.....   | 65 |
| 5.3.5.16 | Bjarnastaðir í Kolbeinsdal .....  | 66 |
| 5.3.5.17 | Atlastaðir (Hnjótafjall) .....  | 66 |
| 5.3.5.18 | Tunga í Fljótahreppi .....  | 67 |
| 5.3.5.19 | Hringur (hjáleiga Tungu).....   | 67 |
| 5.3.5.20 | Háakot (Háfakot) (hjáleiga Tungu) .....   | 67 |
| 5.4      | Kolbeinsdalsafrétt.....   | 68 |
| 5.4.1    | Landnám .....   | 68 |
| 5.4.2    | Nýting, réttindi og afmörkun .....  | 68 |
| 5.4.3    | Um selstöðu jarða í Hólahreppi samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 ..... | 73 |
| 5.4.4    | Upprekstur jarða í Hólahreppi samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709 .....  | 75 |
| 5.4.5    | Aðliggjandi og tengd svæði .....  | 76 |
| 5.4.5.1  | Bygghóll .....  | 76 |
| 5.4.5.2  | Hnjótafjall og Vífilsstaðir .....   | 79 |

|          |   |            |
|----------|---|------------|
| 5.4.5.3  | Skíðadalsafrétt .....                                 | 80         |
| 5.4.5.4  | Bjarnastaðir í Hólahreppi.....                        | 80         |
| 5.4.5.5  | Fjall í Kolbeinsdal .....                             | 81         |
| 5.4.5.6  | Víðines (Víðirnes) .....                              | 83         |
| 5.4.5.7  | Hólar í Hjaltadal .....                               | 84         |
| 5.4.5.8  | Baugasel.....   | 84         |
| 5.4.5.9  | Kot í Svarfaðardal.....                               | 85         |
| 5.4.5.10 | Sveinsstaðir í Skíðadal.....                          | 85         |
| 5.4.5.11 | Kónsstaðir í Skíðadal.....                            | 86         |
| 5.5      | Silfrastaðafrétt .....                                | 86         |
| 5.5.1    | Landnám .....   | 86         |
| 5.5.2    | Nýting, réttindi og afmörkun .....                    | 87         |
| 5.5.3    | Hálfánartungur .....                                  | 98         |
| 5.5.4    | Krossland .....                                       | 99         |
| 5.5.5    | Aðliggjandi og tengd svæði .....                      | 104        |
| 5.5.5.1  | Silfrastaðir .....                                    | 104        |
| 5.5.5.2  | Bakkasel.....   | 111        |
| 5.5.5.3  | Gil .....   | 111        |
| 5.5.5.4  | Möðruvellir í Hörgárdal.....                          | 112        |
| 5.5.5.5  | Hólar í Hjaltadal .....                               | 114        |
| 5.5.5.6  | Djúpidalur í Blönduhlíð (Djúpárdalur).....            | 116        |
| 5.5.5.7  | Stóru Akrar .....                                     | 117        |
| 5.5.5.8  | Fremrikot .....                                       | 118        |
| 5.5.5.9  | Krókárgerði.....                                      | 119        |
| <b>6</b> | <b>NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR.....</b>                | <b>120</b> |
| 6.1      | Efnisskipan og sameiginleg atriði .....               | 120        |
| 6.1.1    | Almennar niðurstöður óbyggðanefndar .....             | 120        |
| 6.1.2    | Dómafordæmi í þjóðlendumálum .....                    | 120        |
| 6.1.2.1  | Yfirlit .....   | 120        |
| 6.1.2.2  | Heimildir sem mæla í mót landamerkjabréfi jarðar..... | 121        |
| 6.1.2.3  | Heimildir um legu jarða til forna.....                | 123        |
| 6.2      | Landnám.....  | 124        |
| 6.3      | Almenningur norðan Hrauna.....                        | 124        |
| 6.3.1    | Inngangur .....                                       | 124        |
| 6.3.2    | Sjónarmið aðila .....                                 | 124        |
| 6.3.3    | Niðurstaða .....                                      | 126        |
| 6.4      | Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt.....           | 130        |
| 6.4.1    | Inngangur .....                                       | 130        |
| 6.4.2    | Sjónarmið aðila .....                                 | 131        |
| 6.4.3    | Niðurstaða .....                                      | 133        |
| 6.5      | Unadals- og Deildardalsafréttir .....                 | 138        |
| 6.5.1    | Inngangur .....                                       | 138        |
| 6.5.2    | Sjónarmið aðila .....                                 | 139        |
| 6.5.3    | Niðurstaða .....                                      | 140        |
| 6.6      | Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt).....                  | 148        |
| 6.6.1    | Inngangur .....                                       | 148        |
| 6.6.2    | Sjónarmið aðila .....                                 | 148        |
| 6.6.3    | Niðurstaða .....                                      | 150        |
| 6.7      | Silfrastaðafrétt, Hálfánartungur og Krossland.....    | 156        |
| 6.7.1    | Inngangur .....                                       | 156        |

---

|          |                           |            |
|----------|---------------------------|------------|
| 6.7.2    | Sjónarmið aðila .....     | 156        |
| 6.7.3    | Niðurstaða .....          | 158        |
| 6.8      | Um málskostnað .....      | 166        |
| <b>7</b> | <b>ÚRSKURÐARORÐ</b> ..... | <b>167</b> |

## **VIÐAUKI**

Almennar niðurstöður óbyggðanefndar með viðaukum. Svæði 1–7 suður.

## **FYLGISKJÖL**

- I. Kort
- II. Aðilaskrá
- III. Skjalaskrá

---

## 1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Mánudaginn 10. október 2011 er tekið fyrir mál nr. 2/2009, Skagafjörður ásamt Almenningi norðan Hrauna en án Lágheiðar, og í því kveðinn upp svohljóðandi

### ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Karl Axelsson, formaður, og nefndarmennirnir Allan V. Magnússon og Hulda Árnadóttir.

Aðilar málsins eru:<sup>1</sup>

Fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Hafdís Ólafsdóttir, skrifstofustjóri lögfræðisviðs fjármálaráðuneytis.)<sup>2</sup>

Arnfríður Erlendsdóttir og fleiri vegna Mánár.

(Kristján Þorbergsson hrl.)

Guðmundur Viðar Pétursson og Gáseyrin ehf. vegna Hrauna.

Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Deildardalsafréttar, Flókadalsafréttar, Hrollleifsdalsafréttar, Kolbeinsdalsafréttar og Unadalsafréttar.

Akrahreppur vegna Silfrastaðaafréttar.

Akrahreppur og Kirkjumálasjóður vegna Krosslands.

(Ólafur Björnsson hrl.)

## 2 MÁLSMEÐFERÐ

### 2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk, skv. 7. gr.:

- a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
- b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
- c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka þjóðlendulaga, nr. 58/1998, og úrskurðir óbyggðanefndar, fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

---

<sup>1</sup> Sjá nánar í aðilaskrá (fylgiskjal II), sbr. einnig skýringu í neðanmálsgrein við 3. kafla varðandi landsvæði sem einungis koma til umfjöllunar að því er varðar ákvörðun málskostnaðar.

<sup>2</sup> Andri Árnason hrl. sá um hagsmunagæslu fyrir hönd fjármálaráðherra á fyrstu stigum málsins, sbr. kröfulýsingu ríkisins, dags. 11. maí 2009. Í aðdraganda vettvangsferðar, sem fram fór 1. september 2009, var tilkynnt að Þorsteinn Magnússon, þá lögfræðingur í fjármálaráðuneyti, hefði tekið við því verkefni og var hagsmunagæslan á hans hendi þegar málið var tekið til úrskurðar. Loks var tilkynnt með bréfi, dags. 3. ágúst 2010, að Hafdís Ólafsdóttir, skrifstofustjóri lögfræðisviðs ráðuneytisins yrði í forsvari fyrir fjármálaráðherra vegna málsins.

---

## 2.2 Vestanvert Norðurland, nyrðri hluti, tekið til umfjöllunar: Tröllaskagi norðan Öxnadalsheiðar (svæði 7B)

Með bréfi, dagsettu 29. mars 2007, tilkynnti óbyggðanefnd fjármálaráðherra þá ákvörðun sína að taka til umfjöllunar tiltekið landsvæði á vestanverðu Norðurlandi, sbr. 8., 11. og 1. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði þetta, hið sjöunda í röðinni hjá óbyggðanefnd, tók til Eyjafjarðarsýslu, Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýsla austan Blöndu, auk Hofsjökuls. Í bréfi óbyggðanefndar til fjármálaráðherra, dags. 3. október 2007, var vísað til nýlegra dóma og úrskurða og þeirri fyrirspurn komið á framfæri hvort kröfugerð ríkisins myndi að meira eða minna leyti byggja á sambærilegum málgrundvelli og í tilvikum Esju og Smjörfjalla. Væri það mat fjármálaráðherra taldi óbyggðanefnd óhjákvæmilegt að fresta umfjöllun um viðkomandi hluta af svæði 7 þar til umrædd afstaða dómstóla lægi fyrir. Í bréfi, dags. 7. desember 2007, var þess farið á leit fyrir hönd fjármálaráðherra að umfjöllun um svæði 7 yrði skipt þannig að einungis syðri hluti svæðisins yrði til meðferðar fyrst. Óbyggðanefnd féllst á þessa beiðni fjármálaráðherra með bréfi, dags. 28. desember 2007. Landsvæði það sem til umfjöllunar var eftir þessa breytingu var nefnt vestanvert Norðurland, syðri hluti (7A), og úrskurðir í málum sem þar risu voru kveðnir upp 19. júní 2009.

Að því er varðar nyrðri hluta vestanverðs Norðurlands (svæði 7B), var fjármálaráðherra upphaflega veittur frestur með bréfi, dagsettu 28. október 2008, til að lýsa þar kröfum um þjóðlendur, væri um slíkar kröfur að ræða. Kröfulýsingarfrestur var upphaflega til 31. janúar 2009 en framlengdur til 11. maí sama árs og með því orðið við rökstuddri beiðni ráðuneytisins.

Sýslumönnum og fyrirsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. Sveitarfélagsins Skagafjörður, Akrahrepps, Fjallabyggðar, Dalvíkurbyggðar, Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar, var tilkynnt um ákvörðun óbyggðanefndar og gerð grein fyrir framhaldinu.

Með bréfi lögmanns fjármálaráðherra, dags. 8. janúar 2009, var þess farið á leit að afmörkun á svæði 7B, þ.e. nyrðri hluta hins upphaflega svæðis 7, yrði breytt til vesturs, þannig að svokallaður Skagi félli þar utan við. Óbyggðanefnd samþykkti þessa málaleitan með bréfi, dags. 21. janúar 2009, og afmarkaði svæðið nánar tiltekið svo: Héraðsvötnum er fylgt frá ósum og þar til Norðurá rennur í þau. Þá er Norðurá fylgt í Norðurárdal og yfir Öxnadalsheiði í Öxnadal. Síðan er Öxnadalsá fylgt þar til hún fellur í Hörgá og Hörgá til ósa. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Svæði 7B, afmarkað svo sem að framan greinir, nefnist vestanvert Norðurland, nyrðri hluti: Tröllaskagi norðan Öxnadalsheiðar, og er til meðferðar í málum nr. 1 og 2/2009.

---

### 2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsingar fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi, nyrðri hluta, bárust óbyggðanefnd þann 11. maí 2009. Síðar í þeim mánuði, nánar tiltekið 22. maí, var birt tilkynning í Lögbirtingablaðinu um málsmeðferð á framangreindu svæði og útdráttur úr þjóðlendukröfum íslenska ríkisins, ásamt uppdrætti, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 25. ágúst 2009. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð yrði þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur í Morgunblaðinu 31. maí 2009.

Kröfugerð ríkisins var aðgengileg á skrifstofum sýslumanna á Sauðárkróki, Siglufirði og Akureyri, viðkomandi sveitarfélaga, auk heimasíðu og skrifstofu óbyggðanefndar.

Í september 2009 barst óbyggðanefnd erindi íslenska ríkisins þar sem gerðar voru nokkrar breytingar á áður fram komnum þjóðlendukröfum og því til skýringar vísað til vettvangsferðar og nánari rannsóknar á fyrirliggjandi gögnum. Í þessu breytingum fólst að nokkur þjóðlendukröfusvæði voru stækkuð. Tilkynning óbyggðanefndar um framangreint birtist í Lögbirtingarblaðinu 5. mars 2010 og var skorað á þá sem teldu til eignarréttinda innan kröfusvæðis ríkisins og ekki höfðu þegar lýst kröfum sínum að gera það í síðasta lagi 7. júní 2010. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar var birtur í Morgunblaðinu 14. apríl 2010.

Gefið var út yfirlit yfir allar lýstar kröfur og þær færðar inn á uppdrátt. Auk þjóðlendukrafna íslenska ríkisins í tveimur hlutum bárust fjórar kröfulýsingar vegna ríkisjarða og þrettán kröfulýsingar einstaklinga, sveitarfélaga og annarra lögaðila. Sumar af hinum síðastnefndu sköruðust eða vörðuðu fleiri en eitt landsvæði sameiginlega. Lögboðin kynning fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum viðkomandi sýslumanna frá 5. mars til og með 6. apríl 2010, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998. Athugasemdafrestur var til 13. apríl 2010. Sérstök kynning á viðbótarkröfum íslenska ríkisins hófst á sama tíma og kynning á heildarkröfum en frestur til að lýsa kröfum vegna þeirra fyrrnefndu rann út 7. júní 2010. Framangreind kynningargögn voru einnig aðgengileg á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, auk heimasíðu og skrifstofu óbyggðanefndar.

Á síðari stigum málsmeðferðar bárust tvær kröfulýsingar frá gagnaðilum íslenska ríkisins og fimm kröfulýsingar íslenska ríkisins og annarra féllu niður.

---

## 2.4 Mál nr. 2/2009, Skagafjörður ásamt Almennungi norðan Hrauna en án Lágheiðar

Þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins var skipt niður í tvö mál, þ.e. mál nr. 1/2009, Eyjafjörður ásamt Lágheiði en án Almennings norðan Hrauna og mál nr. 2/2009, Skagafjörður ásamt Almennungi norðan Hrauna en án Lágheiðar.

Vettvangsferð í máli nr. 2/2009 fór svo sem áður greinir fram 1. september 2009, sjá nánar í kafla 4.3, en málið var fyrst tekið fyrir á fundi óbyggðanefndar og forsvarsmanna málsaðila 19. nóvember 2009. Við fyrstu fyrirtöku var gerð grein fyrir því að óbyggðanefnd skipaði í málinu þau Karl Axelsson, formaður, Allan V. Magnússon og Hulda Árnadóttir. Gefið var færi á athugasemdum en engar slíkar komu fram. Lögð voru fram skjöl málsins ásamt skjalaskrá og upplýst um ýmis atriði varðandi gagnaöflun nefndarinnar. Þá var vakin athygli á þinglýsingu athugasemdar um yfirstandandi þjóðlendumál á landsvæði á ágreiningssvæði, skv. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998, og óskað eftir að lögmenn gerðu umbjóðendum sínum grein fyrir því atriði. Einnig var gerð grein fyrir mikilvægi þess að lögmenn og óbyggðanefnd ynnu saman að því að þeir sem hagsmuna ættu að gæta gerðust aðilar að málinu. Þá var því beint til lögmanna að kanna hvort ljúka mætti málinu að einhverju eða öllu leyti með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga.

Þá samþykkti óbyggðanefnd að verða við rökstuddri beiðni íslenska ríkisins um tiltekna breytingar á kröfum í málum á svæði 7B, þar á meðal aukningu krafna vegna Kolbeinsdalsafréttar. Höfðu gagnaðilar íslenska ríkisins áður fengið frest til að koma fram með athugasemdir vegna þessa. Var því beint til hlutaðeigandi lögmanna að þeir gerðu kröfur fyrir hönd umbjóðenda sinna ef þess væri þörf vegna aukningar á kröfum ríkisins. Var þeim veittur frestur til 3. desember 2009 til að skila slíkum kröfum. Þá var fjármálaráðherra veittur frestur til 22. desember 2009 til skila á greinargerð.

Við aðra fyrirtöku, 21. janúar 2010, var gagnaðilum ríkisins veittur frestur til 18. febrúar til skila á greinargerðum. Þá var lögð fram greinargerð af hálfu íslenska ríkisins. Við þetta tækifæri voru einnig lögð fram frekari gögn og leitast við að upplýsa málið að öðru leyti.

Við þriðju fyrirtöku málsins, 11. mars 2010, voru lagðar fram greinargerðir af hálfu gagnaðila ríkisins. Þá voru lögð fram frekari gögn.

Við fjórðu fyrirtöku málsins, 9. apríl 2010, var farið yfir fyrirkomulag aðalmeðferðar og lögð fram frekari gögn.

Aðalmeðferð fór fram 30. apríl 2010 og fólst í skýrslutökum og munnlegum málflutningi, sjá nánar í kafla 4.4. Við málflutning kom m.a. fram að lögmenn teldu ekki sáttagrundvöll í málinu, sbr. 1. mgr. 15. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Var málið tekið til úrskurðar að loknum málflutningi.

Loks var málið endurupptekið 12. september 2011. Voru þá lögð fram ný gögn og farið yfir tiltekin atriði varðandi kröfugerð aðila, auk þess sem lögmenn tjáðu sig

---

um endurflutning málsins. Ekki var talin þörf á endurflutningi og var málið því tekið til úrskurðar að nýju.

---

### 3 KRÖFUGERÐ<sup>3</sup>

#### 3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Í máli þessu gerir íslenska ríkið annars vegar kröfu um þjóðlendu og hins vegar kröfu vegna ríkisjarðarinnar Hóla. Hin síðarnefnda miðar við að Kolbeinsdalsafréttur sé í afréttareign jarðarinnar Hóla.

##### 3.1.1 Þjóðlenda

###### 3.1.1.1 Almennigur norðan Hrauna

„Upphafspunktur er við ós Hrólfsvallaár (1). Þaðan er haldið til austurs með Hrólfsvallaá í Illviðrahnjúk (2). Frá þeim stað liggur línan um fjallseggjar í Dalaleðarbrún á Mánárhrynu (3). Þaðan er línan dregin beina stefnu til sjávar í svokölluðu Grænaforvaði neðanundir Mánárskriðum (4). Þaðan er fylgt sjávarborði til suðurs að upphafspunkti við ós Hrólfsvallaár.“

###### 3.1.1.2 Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt

###### *Flókadalsafrétt*

„Upphafspunktur er þar sem Nyrðriá fellur í Flókadalsá (1). Þaðan er Nyrðriá fylgt til upptaka (botn Nyrðriárdals) (2) og línan síðan dregin beina stefnu til fjallseggjar á fyrrum hreppamörkum Fljótahrepps og Hofshrepps (3). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum fylgt til suðausturs norðan til í Grjótárdalshrynu (964 m) (4). Þaðan er háfjalli austan Seljárdals fylgt í Dagmálaskálar (915 m) (5) og þaðan í norðvesturhorn fjallsins (6). Þaðan er línan dregin til suðvesturs í Flókadalsá (7) og henni síðan fylgt í upphafspunkt.“

###### *Hrolleifsdalsafrétt*

„Upphafspunktur er á hornmarki milli fyrrum hreppamarka Fellshrepps, Fljótahrepps og Hofshrepps (1). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Fljótahrepps fylgt til norðurs í Setafjall (705 m skv. dönsku herforingjaráðskortunum) (2). Þaðan er haldið til suðvesturs í Hrolleifsdalsá þar sem Barnadalsá rennur í hana (3). Þaðan er Barnadalsá fylgt til suðurs að upptökum í háfjalli (allt að fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Hofshrepps) (4). Þaðan er hreppamörkunum fylgt til austurs í upphafspunkt.“

---

<sup>3</sup> Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (kort) og II (aðilaskrá). Upphaflega var kröfum einnig lýst vegna ríkisjarðanna Barðs, Móafells og Tungu. Breytingar á kröfulínu ríkisins við meðferð málsins hafa hins vegar leitt til þess að þær falla nú utan þjóðlendukröfusvæðis og koma því ekki til umfjöllunar í úrskurði þessum.

---

### 3.1.1.3 Unadals- og Deildardalsafréttir

„Upphafspunktur er á sýslumörkum í sunnanverðum Hákömbum við Deildardalsjökul (1085 m) (1). Þaðan er fyrrum sveitarfélagamörkum (Hofshrepps og Hólahrepps) fylgt til suðvesturs og síðan vesturs allt þar til komið er á móts við botn Úlfsskálar (2). Þaðan er línán dregin til norðvesturs fyrir botn Skuggabjargadals í fjallsegg á Björk (915 m) (3). Þaðan er línán dregin um háfjall Bjarkar til norðurs þar til komið er að skurðpunkti (4) við línu sem dregin er beina stefnu frá Grænalækjardragi í skarð í fjallsegginni og áfram í sömu stefnu til suðurs. Frá nefndum skurðpunkti er línán dregin til norðurs í umrætt skarð í fjallsegginni (5) og þaðan í Grænalækjardrag (6). Frá Grænalækjardragi er línán dregin beina stefnu í átt að vörðu sem stendur við Deildardalsá, skammt frá þeim stað þar sem bærinn Stafn stóð, og í Deildardalsá (7). Þaðan er Deildará fylgt til austurs að þeim stað þar sem Brunná fellur í hana (8). Síðan er Brunná fylgt til fremstu upptaka í miðfjalli (Ennishnjúkur) (9). Þaðan er haldið til norðvesturs í Hrafnabjargarskál (10). Þaðan er árfarvegi úr skálinni fylgt í Unadalsá austan við Spáná (Spræná) (11). Þaðan er Unadalsá fylgt til austurs að Grjótá (12). Þaðan er Grjótá fylgt til upptaka í háfjalli á fyrrum hreppamörkum Hofshrepps og Fljótahrepps (13). Þaðan er fylgt fyrrum hreppamörkum (Fljótahrepps og Hofshrepps) og síðar sýslumörkum um Hákamba til suðurs allt að upphafspunkti við Deildardalsjökul.“

### 3.1.1.4 Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt)

„Upphafspunktur er við upptök Heljarár í Deildardalsjökli (1). Þaðan er Heljará fylgt til suðurs að þeim stað þar sem Heljargil þrýtur (2). Þaðan er línán dregin yfir Kolbeinsdalsá, beina stefnu í stóran rauðan stein sem stendur austan við Háaleiti (3). Þaðan er línán dregin eftir sömu stefnu upp á há-Elliða (4). Þaðan er línán dregin austur hæstu brúnir þar til komið er á móts við upptök Strangalækjar á Víðinesdal (5). Þaðan er línán dregin beint í upptök Strangalækjar og honum fylgt þar til hann fellur í Víðinesá (6). Þaðan ræður sjónhending yfir svonefndan Fremri-Moshól til háfjalls (7) milli Fremri-Grjótárdals og Hóladals. Þaðan ráða háfjöll merkjum til suðurs og síðan austurs allt að vestanverðum Tungnahryggsjökli (8). Þaðan er haldið með háfjöllum til suðausturs með sunnanverðum Tungnahryggsjökli að sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna (9). Þaðan er sýslumörkum fylgt til norðurs sem leið liggur allt að upphafspunkti í Deildardalsjökli við upptök Heljarár.“

### 3.1.1.5 Silfrastaðaafrétt

„Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará á sýslumörkum í Norðurárdal (1). Þaðan er haldið með Grjótá og síðan eystri Grjótárdal, yfir Grjótárdalsdrög að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps (2). Síðan er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt allt að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Hólahrepps við Hjaltadalsjökul (3). Þaðan með fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Hólahrepps um Suðurárdalshnjúk í Reykjanibbu (1302

---

m) (4). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðvesturs í 1298 m hæðarpunkt (5) og síðan til suðausturs í 1247 m hæðarpunkt (6) vestan við botn Seljadals. Þaðan er línan áfram dregin eftir háfjöllum í 1224 m hæðarpunkt (7) norðvestan við botn Smaladals. Þaðan er háfjallinu enn fylgt til vesturs og síðan suðvesturs í 1209 m hæðarpunkt (8) fyrir botni á Fylsmýrum og Kleifum og síðan í 1210 m hæðarpunkt (9) fyrir botni Fletjárdals. Þaðan er Fletjá fylgt suður í Valagilsá (10). Þaðan með Valagilsá í Norðurá (11). Þaðan er Norðurá fylgt og síðar Heiðará uns komið er að Grjótá, sem er upphafspunktur.“

### **3.1.2 Hólar**

Þær kröfur eru gerðar til óbyggðanefndar, að hafnað verði þjóðlendukröfum innan merkja jarðarinnar Hóla, Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. afmörkun jarðarinnar í landamerkjabréfi dags. 20. maí 1890.

Þá er af hálfu íslenska ríkisins krafist, að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur ríkisins að landi innan lýstra merkja ríkisjarða, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda, skv. 5. gr. sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ.á m. upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum. Krafa um afnotarétt tekur til Kolbeinsdalsafréttar eins og hann er afmarkaður í kröfugerð ríkisins um þjóðlendu.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur því verið lýst yfir að í þjóðlendukröfu felist ekki afsal á landi í eigu ríkisins og því ætti niðurstaða óbyggðanefndar gagnvart ríkisjörðum að ráðast af sömu atriðum og lögð eru til grundvallar um annað eignarland.

## **3.2 Almennitur norðan Hrauna**

### **3.2.1 Kröfur Arnfríðar Erlendsdóttur o.fl. vegna Mánár**

Gerð er sú krafa að auk staðfestingar á beinum eignarrétti eigenda jarðarinnar að öllu landi innan marka landamerkjabréfs jarðarinnar frá 2. október 1885, verði suðurmörk hennar talin liggja sunnar en bréfið greinir og að staðfestur verði beinn eignarréttur að sveitarfélagsmörkum við Skagafjörð. Samkvæmt því er kröfulína dregin svo á uppdrætti: „Upphafspunktur er við ós Mánár (1). Þaðan upp eftir ánni þar til hún skiptir sér við Stapatungu og áfram eftir á þeirri er rennur vestanvert við tunguna fram að dæld (2) er liggur upp undir klettinum Stapa og eftir dældinni í Stapa (3). Frá Stapa bein lína í Illviðrahnjúk (4). Frá honum í norðvestur eftir vatnaskilum í 726 m háan hnjúk á sveitarfélagamörkum (5) og bein lína úr honum í Almenningsnög (6). Þaðan eftir strandlengjunni í upphafspunkt.“

Til vara er þess krafist að verði hluti þess lands sem krafist er beins eignarréttar að talinn þjóðlenda þá verði Máná talin eiga afréttareign á Almenningsnög norðan Hrauna.

---

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.2.2 Kröfur Guðmundar Viðars Péturssonar og Gáseyrarinnar ehf. vegna Hrauna**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi Hrauna innan þeirra merkja sem ráða má af framlögðu landamerkjabréfi frá 21. janúar 1890:

„M.ö.o. er gerð sú krafa að viðurkennt verði að allt landsvæði milli upphafspunkts í kröfulýsingu ríkisins, sem er við ós Hrólfsvallaár (1), þaðan til austurs með Hrólfsvallaá í Illviðrahnjúk (2) og frá honum til norðvesturs um hátind Mánárfjalls og Mánárhrynu til sjávar í svokölluðu Grænaforvaði neðanundir Mánárskriðum (3). Þaðan er fylgt sjávarborði til suðurs við upphafspunkt við ós Hrólfsvallaár, sé háð beinum eignarrétti, og því beri að hafna þjóðlendukröfu ríkisins.“

Í kröfunni er jafnframt talin felast krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan merkja Hrauna sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.3 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Flókadalsafréttar og Hrolleifsdalsafréttar**

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigandi Flókadalsafréttar og Hrolleifsdalsafréttar eigi beinan eignarrétt að öllu landi sem er innan neðangreindrar lýsingar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðanna séu eins og merkjum er lýst hér:

*Flókadalsafrétt:* „Upphafspunktur er þar sem Nyrðriá fellur í Flókadalsá (1). Þaðan er Nyrðriá fylgt til upptaka (botn Nyrðriárdals) (2) og línán síðan dregin beina stefnu til fjallseggjar á fyrrum hreppamörkum Fljótahrepps og Hofshrepps (3). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum fylgt til suðausturs norðan til í Grjótárdalshyrnu (964 m) (4). Þaðan er háfjalli austan Seljárdals fylgt í Dagmálaskálar (915 m) (5) og þaðan í norðvesturhorn fjallsins (6). Þaðan er línán dregin til suðvesturs í Flókadalsá (7) og henni síðan fylgt í upphafspunkt.“

*Hrolleifsdalsafrétt:* „Upphafspunktur er á hornmarki milli fyrrum hreppamarka Fellshrepps, Fljótahrepps og Hofshrepps (1). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Fljótahrepps fylgt til norðurs í Setafjall (705 m skv. dönsku herforingjaráðskortunum) (2). Þaðan er haldið til suðvesturs í Hrolleifsdalsá þar sem Barnadalsá rennur í hana (3). Þaðan er Barnadalsá fylgt til suðurs að

---

upptökum í háfjalli (allt að fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Hofshrepps) (4). Þaðan er hreppamörkunum fylgt til austurs í upphafspunkt.“

Þess er krafist til vara að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.4 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Unadals- og Deildardalsafréttar**

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að eigandi Unadalsafréttar og Deildardalsafréttar, eigi beinan eignarrétt að öllu landi sem er innan neðangreindrar lýsingar og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst hér: „Upphafspunktur er á sýslumörkum í sunnanverðum Hákömbum við Deildardalsjökul (1). Þaðan er fyrrum sveitarfélagamörkum (Hofshrepps og Hólahrepps) fylgt til suðvesturs allt að suðvesturmerkjum Skuggabjarga í Óslandshlíðarfjöllum (2). Frá þeim stað er fylgt suðausturmerkjum Skuggabjarga og síðar Háleggsstaða til norðurs í Deildará (3). Þaðan er Deildará fylgt til austurs að þeim stað þar sem Brunná fellur í hana (4). Síðan er Brunná fylgt til upptaka í miðfjalli (Ennishnjúkur) (5). Þaðan er haldið til norðvesturs í Hrafnbjargarskál (6). Þaðan er árfarvegi úr skálinni fylgt í Unadalsá austan við Spáná (7). Þaðan er Unadalsá fylgt til austurs að Grjótá (8). Þaðan er Grjótá fylgt til upptaka í háfjalli í fyrrum hreppamörkum (9). Þaðan er fylgt fyrrum hreppamörkum (Fljótahrepps og Hofshrepps) og síðar sýslumörkum um Háákamba til suðurs allt að upphafspunkti við Deildardalsjökul.“

Í kröfunni felst jafnframt krafa um fullkominn afnotarétt aðila að landi innan afréttanna sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.5 Kröfur Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna Kolbeinsdalsafréttar**

Þess er krafist aðallega að viðurkennt verði að framangreindur eigandi Kolbeinsdalsafréttar hafi beinan eignarrétt að öllu landi sem tilheyrir landsvæðinu og að viðurkennd verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst hér á eftir: „Upphafspunktur er við upptök Heljarár í Deildardalsjökli (1). Þaðan er Heljará fylgt til suðurs að þeim stað þar sem Heljargil þrýtur (2). Þaðan er línán dregin yfir Kolbeinsdalsá, beina stefnu í stóran rauðan stein sem stendur austan við Háaleiti (3). Þaðan er línán dregin eftir sömu stefnu upp á há-Elliða (4). Þaðan er línán dregin austur hæstu brúnir þar til komið er á móts við upptök Strangalækjar á Víðinesdal (5). Þaðan er línán dregin beint í upptök Strangalækjar og honum fylgt þar

---

til hann fellur í Víðinesá (6). Þaðan ræður sjónhending yfir svonefndan Fremri-Moshól til háfjalls (7) milli Fremri-Grjótárdals og Hóladals. Þaðan ráða háfjöll merkjum til suðurs og síðan austurs allt að vestanverðum Tungnahryggsjökli (8). Þaðan er haldið með háfjöllum til suðausturs með sunnanverðum Tungnahryggsjökli að sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna (9). Þaðan er sýslumörkum fylgt til norðurs sem leið liggur allt að upphafspunkti í Deildardalsjökli við upptök Heljarár.“

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur aðila að landi innan afréttarinnar sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Þar undir falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.6 Kröfur Akrahrepps vegna Silfrastaðaafréttar**

Gerð er sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi sem tilheyrir afréttinum og að viðurkennt verði að heildarlandamerki landsvæðisins séu eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfi fyrir Silfrastaði sem útbúið var þann 31. mars 1890: „[...]Að Silfrastaðaaftrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá (1), út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjardalslækr rennur í hana (2). Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal (3). Þaðan yfir háfjallið norðr í botn á Fýlsmýrum og Kleifum (4). Þá yfir fjall í Smaladalsbotn (5). Þaðan yfir fjall í botn Seljadal og Horni (6). Þá yfir í Miðdalsbotn (7) þaðan í Lýsá (Lúpá) á Hörgárdalsheiði, norðan undir við Hörgárdalstungur (9). Ræður svo Lýsá (10) og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal (11). Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þar sem vötnum fyrst hallar niður af heiðinni (12). Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá (13) [...]“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt aðila að landi, innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þ. á m. upprekstrar-, beitar-, og námuréttur auk veiða í vötnum.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **3.7 Kröfur Akrahrepps og Kirkjumálasjóðs vegna Krosslands**

Gerð er sú krafa að þjóðlendukröfu ríkisins inn á framangreint landsvæði verði hafnað og að viðurkenndur verði beinn eignarréttur aðila að öllu landi sem tilheyrir afréttarlandi þessu og að viðurkennt verði að heildarlandamerki afréttarlandsins séu eins og merkjum er lýst í landamerkjabréfum Víðivalla og Miklabæjar og jarðamatinu 1849 um Víðivelli: „Víðivellir, með bygdri hjáleigu Víkarkoti, bóndaeign, 60 hndr. að forngýldu. [...] Jörðin Víðivellir „á landspart i Silfrastaða afrétt, hálf Krossland á móts við Miklabæ,“ sem á hinn helminginn, sbr. og landamerkjabréf fyrir Víðivelli

---

sem var útbúið þann 28. apríl 1890 og því var þinglýst 22. maí sama ár, sbr. og lýsingu landamerkjabréfi Miklabæjar „Prestssetrið Miklibær á Krossland í Norðurárdal til helminga á móts við Víðivöllu. „Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá, upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum til norðurs. Að austan ræður liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.“

Til vara er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn einka afnotaréttur þeirra í þjóðlendu, að öllum venjubundnum afnotum, að fornu og nýju, fari svo að einhver hluti landsins teljist þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

---

## 4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

### 4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl nr. 1-17 ásamt undirskjölum eða samtals 636 skjöl, auk 17 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. III (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

### 4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðll., nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáiast um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem hér er til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta hefur verið kynnt lögmonnum málsaðila og engar athugasemdir komið fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings og Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fyrirsvarsmönnum aðila í máli þessu var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa lögmennt um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. þjóðll. Lögmonnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Pau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar um þetta efni, skjöl nr. 2 og 4. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. III, þar sem skjöl Þjóðskjalasafns og óbyggðanefndar (undir yfirmúmerum 2 og 4) eru flokkuð eftir efni og uppruna.

---

### 4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins þriðjudaginn 1. september 2009, í fylgd með lögmönnum og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för fulltrúar frá Þjóðskjalasafni Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Ekið var frá Siglufirði eftir Siglufjarðarvegi (nr. 76) að Almennungi norðan Hrauna, þar sem numið var staðar við Ófæruforvað/Grænaforvað, neðan undir Mánárskriðum. Jafnframt var litið til Almenningsnafar og Kóngssætis við sýslumörk Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu. Haldið var áfram eftir sama vegi til suðurs og farið þaðan inn á Ólafsfjarðarveg (nr. 82) og upp á Lágheiði þar sem ágreiningssvæði vegna Lágheiðar og Stífluafréttar var skoðað ásamt kennileitum á kröfulínum málsaðila. Litið var til Hvarfdals og gils í Hreppsendasúlum (úr fjalli sem talið er liggja í landi Þrasastaða). Farið var að þeim stað þar sem Fjallabyggð telur sýslumörk liggja á Lágheiði og ágreiningssvæðið skoðað. Sama leið var ekin til baka inn á Siglufjarðarveg (nr. 76) og hann ekinn til vesturs framhjá Flókadal. Ekki þótti ástæða til að fara inn Flókadal vegna slæms aðgengis að ágreiningssvæðinu. Ekið var inn á Sléttuhlíðarveg (nr. 786) austur á afleggjarann að Arnarstöðum, þaðan sem sá inn á ágreiningssvæðið í Hrolleifsdal. Farið var til baka inn á áðurnefndan Siglufjarðarveg að Höfðastrandarvegi (nr. 783), sem var ekinn til austurs og horft inn á Unadalsafrétt og Deildardalsafrétt. Ekið var til baka vestur á Siglufjarðarveg og hann ekinn suður að Hólavegi (nr. 767). Var farið eftir honum þar til komið var að malarvegi sem liggur til norðurs inn í Kolbeinsdal. Þaðan var litið til kennileita og Kolbeinsdalsafréttar. Ekin var sama leið til baka inn á Siglufjarðarveg og hann farinn til suðurs inn á Hringveg (nr. 1). Ekið var með Norðurá að Silfrastaðaafreйти og Bakkaseli á Öxnadalsheiði, þar sem litið var til kennileita.

### 4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna: Guðmundur Viðar Pétursson, Hraunum í Fljóttum; Hreinn Júlíusson, einn af eigendum Mánár; Örn Þórarinsson, Ökrum í Vestur-Fljóttum, mættur vegna Flókadalsafréttar; Hjalti Þórðarson, sem starfar við kortagerð á Sauðárkróki, mættur vegna Hrolleifsdalsafréttar og Unadals- og Deildardalsafréttar; Gunnar Guðmundsson, Víðinesi í Hjaltadal, mættur vegna Kolbeinsdalsafréttar og Agnar Halldór Gunnarsson, Miklabæ, mættur vegna Silfrastaðaafreйти.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum aðila er vikið í úrskurði þessum, eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal gagna málsins.

---

## 5 SAGA LANDSVÆÐA

Hér verða tekin til umfjöllunar eftirtalin landsvæði: Almennigur norðan Hrauna, Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt, Unadals- og Deildardalsafréttir, Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt), Silfrastaðafrétt og Krossland.<sup>4</sup>

### 5.1 Almennigur norðan Hrauna

Í þeirri umfjöllun um Almennigur norðan Hrauna sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

#### 5.1.1 Landnám

Í *Landnámu* er svo ritað um landnám á því svæði er tekur til Almennings norðan Hrauna:

Brúni enn hvíti hét maðr ágætr, son Háreks Upplendingajarls; hann fór til Íslands að fýsi sinni ok nam land á milli Mjóvadalsár ok Úlfsdala; hann bjó á Brúnastodum. [...] Úlfr víkingr og Ólafr bekkur fóru samskipa til Íslands. Úlfr nam Úlfsdali ok bjó þar.<sup>5</sup>

#### 5.1.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Sjá má í rekaskrá Hólastóls frá 1374 að Hólar áttu Almennigur norðan Hrauna:

J afrettum oll rekagogn.<sup>6</sup>

Af fjarðaupptalningunni í rekskránni má sjá að hér er átt við almennigur norðan Hrauna en hann er talinn upp á milli Úlfsdala og Eyvindarár og Hrollaugsdalsár. Sömu upplýsingar koma fram í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 þar sem fjallað er um eignir Hóladómkirkju.<sup>7</sup>

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 kemur m.a. eftirfarandi fram um rekæign Hólastóls:

[...] með ulfdolum oll recagogn. J afrettum oll recagogn. Millum eyvindarár og hrollaugsdalsár allan reka og fluttningar.<sup>8</sup>

Í lögfestu sem var lesin upp þann 13. maí 1668 stendur:

Jeg Jon Eiolffsson J Løglegu Vmbode Virdulegs Biskupsens Herra Gijsla Thorlakssonar, Løgfesti hier J dag Hoola Domkyrkiu Reka / og land J tilteknum Takmórkum. J fyrstu með Vlffðólum allan Reka, til Jtstu

---

<sup>4</sup> Þessi kafli er byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, sjá skjal nr. 15. Umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins hefur verið stytta eða felld út.

<sup>5</sup> *Íslensk fornrit* I, síðari hluti, bls. 244.

<sup>6</sup> Skjöl nr. 2(119) og 2(153).

<sup>7</sup> Skjal nr. 2(123).

<sup>8</sup> Skjal nr. 2(123).

---

Rekamarka, sem og allt Domkyrkiunnar Land, sem kallað er almenningar, og liggur millum Dalabæiar a Vlfðólum og Hrolffzvallna (j Holltz Kyrkiusogn J Fliotum) með öllum gógnum og Giædum, sem greindu Landi með Riettu filgia Eiga, og filgt hafa að fornu og Niju, með öllum Reka fyrir sama Landi. [...] Somuleidiss fyrirbijð eg alla Ológlega Beit og Rekstra a greindu Domkyrkiunnar Landi Almenninum, [...]<sup>9</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709, í lýsingu á Reykjahóli í Fljótahreppi, er einnig fjallað um Almennung. Þar segir:

Áður segjast menn heyrt hafa af sjer eldri mönnum, að [Reykjarhóll] hafi átt lambaupprekstur frí á almennínga millum Úlfsdala og Fljóta og so hafi þá verið brúkaður upprekstur af fleirum bæjum í þessari sveit í þeim sama almenning.<sup>10</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 kemur er afréttum í sveitinni lýst við jörðina Sléttu. Sú lýsing sögð eiga við jarðir í Austurfljótum þótt ekki sé fullkomlega ljóst af jarðabókinni við hvaða jarðir sé átt en allflestar jarðir í sveitinni eiga upprekstur á þessa ofangreindu afrétti.<sup>11</sup>

Einnig er Almennungi lýst sérstaklega í tengslum við Hrólfsvelli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu frá árinu 1709. Er lýsingin svohljóðandi:

Almenníngar heita lönd sem liggja norðurfrá þessarar jarðar landi, á milli Hrólfsvallaaár og ófæru forvaða. Þar hefur aldrei bygd verið hverki fyrir nje síðar, en munnmæli segja að þetta hafi verið almenníngs afrjett þessarar sveitar að norðanverður, alt að Mjóá, sem rennur úr Holtsdal, en hefur þó eibrúkast fyrir nje síðar so menn viti. En fyrir nokkrum árum hefur hústrú Christín sál. Gísladóttir og nú síðan hústrú Ragneiður Jónsdóttir að Gröf bygt þetta land með brjefi hvör fyrir sig til beitar ábúandanum á Hraunum, en skilur sjer þó ekkert hjer fyrir; hefur og ábúandi á Hraunum ekki brúkað þetta land til muna.<sup>12</sup>

Í lýsingu á Máná í jarðabókinni segir að jörðin brúki ekki afrétt og að peningur gangi í heimalöndum.<sup>13</sup>

Hið eina sem ritað er um Almenninga norðan Hrauna, í *Sýslu- og sóknarlýsingu Eyjafjarðarsýslu*, snertir umfjöllun um vegasamgöngur. Lýsing á þeim hljóðar svo:

Vegir innan um sóknina [Hvanneyrarsóknar] eða úr henni til næstu sveita eru víðast hvar illir yfirferðar, liggja þeir annaðhvort með brötum fjallshlíðum fram eður yfir há snarbrött fjöll. [...] [Vegur liggur] frá Máná inn yfir

---

<sup>9</sup> Skjal nr. 2(158) a-b.

<sup>10</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 284 og áfram.

<sup>11</sup> Sjá nánar umfjöllun um Hraun.

<sup>12</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 341-342.

<sup>13</sup> Sjá nánar umfjöllun um Máná.

---

Mánárskriður inn svonefnda Almenninga og að Hraunum, yzta bæ í Fljótum.  
Er það allangur vegur og ekki greiður.<sup>14</sup>

Ekki er fjallað um almenning norðan Hrauna eða Almenningsnef í Fasteignamati 1916-1918.

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ frá 27. september s.á. beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afréttarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>15</sup>

Sýslumannsskrifastofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svarið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í brjefi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli.<sup>16</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1946, sem helguð er Skagafjarðarsýslu, segir svo um Almenninga [norðan Hrauna]:

Strandlengjan út frá Hraunum heitir Almenningar. Liggur hún öll undir Hraun, sem eiga land nokkuð norður fyrir sýslumótin eða að Grænaforvaða við landamerki Mánár, næsta bæjar við Hraun, en í Eyjafjarðarsýslu. Heita þar Úlfsdalir og töldust til Skagafjarðar fram til ársins 1826.<sup>17</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1990 segir svo um Almenninga [norðan Hrauna]:

Vestan Úlfsdalafjalla og sunnan Úlfsdala er mikið og grösugt landsvæði, sem kallað er Almenningar. Þeir eru nú taldir eign Hrauna í Fljótum. En samkvæmt nafninu hafa þessi lönd verið afréttur þessara nágrennabyggða, enda ná Úlfsdalalönd allt inn að Almenningsnöf sem er nokkru innar en Dalaskriður.<sup>18</sup>

### 5.1.3 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Hraun, Hrólfsvelli (Hrolleifsvelli) og Máná. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

---

<sup>14</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 46.

<sup>15</sup> Skjal nr. 2(173).

<sup>16</sup> Skjal nr. 2(190) a-b.

<sup>17</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 102.

<sup>18</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands 1990*, bls. 26.

### 5.1.3.1 Hraun

Hraunslanda er getið í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og skrá um kúgildi og eldi á jörðum Hólástóls frá 1449.<sup>19</sup> Hraun eru talin upp á meðal jarða Hólátóls í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 og í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólástóls sem tekin var saman 25. desember 1550 eftir Jón biskup Arasona fráfallinn.<sup>20</sup> Jörðin Hrólfsvellir var seld með bréfi dagsettu 27. apríl 1568. Hrólfsvellir voru seldir með öllu fornu og nýju sem fylgja átti með samkvæmt skrá Hólastaðar, sem var:

[...] wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland. sem hun aa med laugum. og Smidiubrecku. kaüllud er. og Hölakirckia var fremst eigande ad ordinn.<sup>21</sup>

Hraun er að finna í reikningum Hólástóls frá 1569-1570.<sup>22</sup>

Jörðin Hraun í Fljótahreppi var 40 hundraða jörð í eigu Hólástóls árið 1709, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu var samín. Hjáleigan Hrúthús (Skúthús) var á jörðinni, auk eyðihjáleigunnar Strítu og tómthússins Hraunabúð.<sup>23</sup> Um afrétt vísast til þess er segir við jörðina Reykjahól, sem átti upprekstur á Flókadalsafrétt.

Hraun í Fljótum, ásamt eyðijörðinni Hrólfsvöllum, er á meðal seldra jarða Hólástóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að Hraun hafi verið seld á 895 ríkisdali en Hrólfsvellir „o. fl. í eyði“ á 115 ríkisdali.<sup>24</sup>

Í jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847 segir að Hraun í Fljótum, ásamt Hrúthúsum, séu metin 60 hundruð að dýrleika. Í neðanmálgrein við Hraun segir:

[Árið] 1802 og hjá hreppstjóra eru Hrúthús sér talin 10 h. úr heimajörðunni. A. M[.] telur hér að auki með Hraunum eyðihjáleigu, Strítu (60 al. lsk. 2 kúg.), og svo 2 fiskibúðir, en 1802 eru með Hraunum og Hrúthúsum enn fremur taldir Hrólfsvellir (A.M. 10 h. að dýrleika, 60 al. lsk. 3 kúg.) sem eyðijörð stólsins, og svo nefndur almenningur; en eyðijörðin Hrólfsvellir, ásamt Þúfnavöllum og almenningi, var þó seld sér á parti. Jarðabækurnar telja enn fremur í Holts hreppi jarðir þær 3, sem fyrst eru taldar í Eyjafjarðar sýslu, en sem á tímum A.M. heyrðu til Skagafjarðar sýslu.<sup>25</sup>

Afrétta Hrauna er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804. Hins vegar er þess getið að jörðinni tilheyri tvær hjáleigur. Annars vegar eyðihjáleigan Hrólfsvellir (sjá Hrólfsvellir) sem og Hjáleigan Hrúthús.<sup>26</sup> Um Hrólfsvelli segir eftirfarandi:

Under denne Gaard og næstfølgende Hialeje indbefattes Öde Hialejen Hrolfsveller og nu saa kaldet almindelig.<sup>27</sup>

<sup>19</sup> Skjöl nr. 2(119) og 2(116).

<sup>20</sup> Skjöl nr. 2(123) og 2(115).

<sup>21</sup> Skjal nr. 2(113).

<sup>22</sup> Skjöl nr. 2(134) og 2(114).

<sup>23</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 339-341.

<sup>24</sup> Skjal nr. 4(215).

<sup>25</sup> Skjal nr. 2(215).

<sup>26</sup> Skjal nr. 2(80).

---

Á manntalsþingi að Stóraholti í Holtshreppi, 13. maí 1840, var upplestið kaupbréf, dags. 14. apríl 1840, frá Bjarna Þorleifssyni á Geirmundarstöðum til Guðmundar Einarssonar á Hraunum, upp á Hraun í Holtshreppi. Hraun sögð vera 60 hundruð að dýrleika. Hraun selt fyrir 3000 ríkisdali.<sup>28</sup>

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu*, nánar tiltekið í sóknarlýsingu Barðsprestakalls frá árinu 1841, segir svo um útigang Hrauns í Almenninum:

2. Hraun, 40-60 hndr., neðan undir Hraunamúla, hefur landrými mikið og góðan útigang í svonefndum Almenninum út með sjónum, hvar eyðijörð er, sem byggð var til forna, og fjöru, einnig gott land, enga torfristu, og skógurinn er fallinn.<sup>29</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að Hraun hafi byggða hjáleigu Hrútshús ásamt Hrólfsvöllum og fl. Hrísrif er ekki teljandi.<sup>30</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hraun var útbúið 24. mars 1885 og þinglesið 1. júlí 1887. Það er svohljóðandi:

Að utan ræður svokallaður Grani forvaði við sjó undan Dalaskriðum. Þaðan bein stefna á Dalaleiðarbrún og ráða fjallseggjar, þaðan fram að landamerkjum Lambanesreykja. Að sunnan ræður svokallaður syðra-Búðartungugil frá Miklavatni og frá því merkjagarður, uppað svokölluðum Þvergarði, þá bein stefna eptir garðinum yfir Þvergarðsengi til fjalls. – Að vestan ræður Hraunaás er rennur úr Miklavatni í sjóinn fast vestur við Haganesland (svo kallaða Haganesborg). Stakkgarðshólmi í Miklavatni tilheyrir jörðinni, sömuleiðis svokallaðir Almenningar með eyðibýlunu Hrólfsvöllum og Þúfnavöllum, og ítakalaust rekaland frá Hraunaás að Grænaforvaða.<sup>31</sup>

E.B. Guðmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Pálma Jóhannssyni sem staðfesti rétt landamerki gagnvart Máná, Sveini Sveinssyni eiganda Neðra-Haganess og Rögnvaldi Rögnvaldssyni sem staðfesti rétt landamerki gagnvart Lambanesreykjum.

Á manntalsþingi að Stóraholti í Holtshreppi, 1. júlí 1887, var þinglesin landamerkjaskrá fyrir Hrauni með hjáleigunni Hrútshúsum. Engin mótmæli komu fram.<sup>32</sup>

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að engjar Hrauns liggi í fjallshlíð og að beitiland jarðarinnar sé afar víðlent. Einnig stendur að jörðin eigi rétt til upprekstrar í Stífluafrétt en noti sitt eigið upprekstrarland, Almenninga. Fram kemur líka að landamerki jarðarinnar séu þinglesin.<sup>33</sup>

---

<sup>27</sup> Skjal nr. 2(80).

<sup>28</sup> Skjal nr. 2(255). Hraun. Skag. V. 18. (db.gr.nr. 39121).

<sup>29</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1871*, bls. 169.

<sup>30</sup> Skjal nr. 2(85).

<sup>31</sup> Skjal nr. 2(1) a-b.

<sup>32</sup> Skjal nr. 2(255). Hraun. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 43837).

<sup>33</sup> Skjal nr. 2(90).

---

Í Fasteignamati 1916-1918 kemur fram að landamerki Mánár séu ekki talin ágreiningslaus til móts við Hraun í Fljótum.<sup>34</sup>

Í *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958*, frá árinu 1959, segir svo um upprekstur Hrauna á Almennunga:

Flestar jarðir í Holtshreppi eiga upprekstur á Stífluafrétt. Þó eiga jarðirnar frá Nýrækt að Saurbæ (báðar meðtaldar) upprekstur á Holtsdal hjá Stóra-Holti og svo Hraun, sem á upprekstur á Almennunga, út frá Hraunum. Aðal skilarétt hreppsins er Stíflurétt.<sup>35</sup>

Í *Jarða- og búendatali í Skagafjarðarsýslu 1781–1958*, frá árinu 1959, segir svo um Hraun og Hrólfsvellir:

Á Almennungum sem liggja með sjó norðan frá Hraunum er fornt eyðibýli, Hrólfsvellir, sem áður var lögbýli og búið þar fram á 18. öld, en er nú fyrir löngu komið í auðn [...] Land þessarar jarðar var lagt undir Hraun ásamt öllum Almennungum og á Hraun nú allt land norður að sýslumörkum [...] Hraun voru eign biskupstólsins á Hólum en seld árið 1802 með Hrúthúsum [...] og Hrólfsvellir að líkindum með Almennungunum [...] Kaupandinn mun hafa verið Bjarni Þorleifsson bóndi á Hraunum. Bjarni seldi Hraun með Hrólfsvöllum og Almennungum árið 1840 þeim feðgum.<sup>36</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1990 segir svo um landeign Hrauna í Fljótum út fyrir sýslumörk Skagafjarðarsýslu og inn í Eyjafjarðarsýslu:

Litlu innar við Dalaskriður er Almenningsnöf en þar eru sýslumörkin á milli Siglufjarðar og Skagafjarðarsýslu. Hins vegar eiga Hraun í Fljótum land út fyrir sýslumörkin eða út á svonefndan Græna-Forvaða undir miðjum Dalaskriðum.<sup>37</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Hraunum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eftir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti og verið veðsett.

### 5.1.3.2 Hrólfsvellir (Hrolleifsvellir)

Hrólfsvellir eru taldir upp á meðal jarðeigna Hólastóls í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 og í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls, frá 25. desember 1550, eftir Jón biskup Arason frá fallinn.<sup>38</sup> Ólafur biskup Hjaltason seldi Tómasi Brandssyni Hrólfsvelli í Fljótum í staðinn fyrir hálfu Bárðartjörn í Höfðahverfi, með bréfi frá 27. apríl 1568. Í jarðaskiptabréfinu segir:

[...] herra Oláfur selde greindum Thümaase Bönda dömkiurkiunnar jord. Hrolfsvelle j Fliotum j Hollts kirckiusöckn. vndan sier oc domkiurkiunnar

---

<sup>34</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>35</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958*, bls. 115.

<sup>36</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958*, bls. 119.

<sup>37</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands 1990*, bls. 36-37.

<sup>38</sup> Skjöl nr. 2(123) og 2(115).

---

formonnum. enn vnder greindan Thümas bönda Brandsson. hans küinnü. og þeirra erfingia fyrir xij c. oc þar til iij c sem þeim vm semde. med aüllüm þeim gaügnum og giædum er greindre jordu aa ad fylgia med laügum. ad fornü og nyiu. og Holastadar Registrum inne helldur. wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland. sem hun aa med laugum. og Smidiubrecku. kaüllud er. oc Hölakirckia var fremst eigande ad ordinn.<sup>39</sup>

Guðbrandur biskup Þorláksson vildi meina að Ólafur biskup Hjaltason hafi selt eða gefið Bárðartjörn undan Hólastól og því hefði hann ekki tekið Hrólfsvelli undir dómkirkjuna, samkvæmt athugasemd hans, frá 1589, aftan við ofangreint bréf.

Í *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* er að finna minnisgreini um jarðir og fleira frá árinu 1570. Þar kemur fram eftirfarandi um sölu á Hrólfsvelli:

Item Tumas Branssyni sellt Hrolfstade [ritvilla fyrir Hrólfsvelli sbr. registur bls. 681] fyrir halfa Bardartiorn j Grytebacka kirkiu(sokn). kirkiunne til litils hagnadar bæde þessi umskipte.<sup>40</sup>

Í *Bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar* er að finna dóm frá 30. apríl 1590 þar sem salan á Hrólfsvöllum frá árinu 1570 gengur til baka. Fram kemur að Hrólfsvellir hafi verið seldir undan dómkirkjunni en hvorki greiðsla né hafi jörð komið í staðin. Salan á Hrólfsvöllum var því dæmd ógild og gekk hún til baka. Segir m.a. svo í dómnunum:

Og med þui ad þetta [kaup]bref var giort i mote logum og kongs brefi og suo kirkjunne til skada. ad hun hefur eckirt i stadinn fengit. þa dæmdum vier med fullu doms adkuæde domkirkjunne sijna jord aptur Hrolfsvelle ad næstum fardogum enn Gudrunu Þorsteinsdottur dæmdum vier sijna jord halfa Bardartiorn aptur til eignar ad næstum fardogum huor half jord komit hafde fyrir halfa Hrolfsvelle [...]<sup>41</sup>

Jörðin Hrolleifsvellir eða Hrólfsvellir hafði verið í eyði í tvö ár þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu var tekin saman árið 1709, og var jörðin í eigu Hólastóls. Um afréttanot segir „afrjettur ut supra“.<sup>42</sup> Um afréttina gildir því að líkindum það sem segir um afrétti við jörðina Hraun.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu frá 1709 er Almenni líst sérstaklega í tengslum við Hrólfsvelli.<sup>43</sup>

Á manntalsþingi að Holti í Fljótum, 30. maí 1742, spurði sýslumaðurinn, hvort í þingsókninni væri nokkrar eyðijarðir sem Hólastóli tilheyrðu og svöruðu þingmenn þar til sameiginlega, að þeir ei vissu um aðrar en Hrólfsvelli og Foss, sem langa ævi hafa í eyði staðið.<sup>44</sup>

---

<sup>39</sup> Skjal nr. 2(152).

<sup>40</sup> Skjal nr. 2(191).

<sup>41</sup> Skjal nr. 2(191).

<sup>42</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 341.

<sup>43</sup> Sjá nánar umfjöllun um Hrólfsvelli.

<sup>44</sup> Skjal nr. 2(255). Hrólfsvellir. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 29223).

---

Á manntalsþingi að Holti í Fljótum, 3. september 1771, framlagði Jón Konráðsson lögfestu fyrir jörðum biskupsstólsins, Þúfum og Hrólfsvöllum. Lögfestan var upplestin og uppáskrifuð fyrir réttinum. Lögfestan dagsett 3. september 1771 og var henni ekki mótmælt.<sup>45</sup>

Í jarðamati 1804 er Hrólfsvalla einungis getið sem hjáleigu við Hraun, sem fallin er í eyði.<sup>46</sup> Sjá nánar við jörðina Hraun.

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu*, nánar tiltekið í sóknarlýsingu Barðsprestakalls frá árinu 1841, segir svo um Hrólfsvelli:

**38. Eyðijarðir.** Hrólfsvellir fyrir utan Hraun og Foss fyrir sunnan og neðan Skeið. Óljóst er hvenær hver þessara jarða, og af hvaða orsökum hafa lagzt í eyði. Þar að [auki] liggja margar hjáleigur í eyði.<sup>47</sup>

Minnst er á Hrólfsvelli í kaflanum um Hraun í jarðamatinu 1849. Þar segir:

Hraun með bygðri hjáleigu Hróthúsum samt Hrólfsvöllum og fl. í eyði, samgyldir 42 [hundruðum].<sup>48</sup>

Landamerkjabréf fyrir Hrólfsvelli/Hrolleifsvelli hefur ekki fundist.

Hrólfsvalla er ekki getið í Fasteignamati Skagafjarðar 1916-1918.

### 5.1.3.3 Máná

Mána var eyðijörð án húsa áður en að Jón biskup Arason lét byggja hana úr eyði. Þetta kemur fram í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup frá fallinn sem var tekin saman 25. desember 1550.<sup>49</sup> Jörðina er einnig að finna í reikningum stólsins frá 1569-1570 en er þar kölluð Mænin.<sup>50</sup>

Jörðin Máná stendur í Úlfadalarnum. Hún er sögð vera 10 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1709 en Máná tilheyrði Skagafjarðarsýslu á þeim tíma. Síðar tilheyrði jörðin Eyjafirði. Um upprekstur þessarar jarðar segir svo í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709:

Afrjett brúkast hjer engin, og gengur peníngur í heimalöndum.<sup>51</sup>

Máná, er á meðal seldra jarða Hólastóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að Máná hafi verið seld á 96 ríkisdali.<sup>52</sup>

Afrétta í tengslum við jörðina Máná er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804.<sup>53</sup>

---

<sup>45</sup> Skjal nr. 2(255). Hrólfsvellir. Skag. V. 08. (db.gr.nr. 29654).

<sup>46</sup> Skjal nr. 2(80).

<sup>47</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1871*, bls. 174-75.

<sup>48</sup> Skjal nr. 2(85).

<sup>49</sup> Skjal nr. 2(115).

<sup>50</sup> Skjöl nr. 2(114) og 2(134).

<sup>51</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 342.

<sup>52</sup> Skjal nr. 2(215).

<sup>53</sup> Skjal nr. 2(80).

---

Á manntalsþingi að Hvanneyri í Siglufirði, 4. september 1829, var þingsvitni tekið áhrærandi Úlfadalafriheit frá kóngstúnd. Almenn vitnað að jarðirnar Dalabær og Máná, hefðu áður verið Hólastólsjarðir.<sup>54</sup>

Í *Sýslu- og sóknarlýsingum Eyjafjarðarsýslu*, nánar tiltekið í sóknarlýsingu Hvanneyrarprestakalls, segir svo um jörðina Máná:

Þar á mótis við [Dalabæ], hinum megin eða að vestan við á þá litlu, er út eftir dalnum rennur, stendur enn bær, er *Máná* heitir, lítil en þó allgóð jörð. Er hún á sóknarendanum þeim megin eða að vestan. Á Úlfsdölum er mótak nóg og reki mikill.<sup>55</sup>

Ekki þykir ástæða til að vísa í kaflann um Máná í Hvanneyrarhreppi í jarðamatinu 1849 því ekkert kemur þar fram sem hér skiptir máli.

Landamerkjabréf fyrir Máná var útbúið 2. október 1885. Er það svohljóðandi:

Að utan mótis við Dalabæ ræður svokölluð Máná frá sjó og þar til hún skiptir sjer við svokallaða Stapatungu. Þaðan ræður merkjum á sú er rennur vestanvert við tunguna fram að dæld þeirri er liggur uppundir klett þann, er Stapi heitir og liggur norðaní fjalli því, er „Illviðrahnjúkur“ er kallað; ræður síðan dældin merkjum í Klettinn (Stapa); þaðan bein lína uppá Illviðurshnjúk.

Að sunnan mótis við Hraun ræður merkjum svokallaður „Græniforvaði“, er gengur í sjó fram neðan undir Mánárskriðum, úr honum bein stefna uppá svokallaða Mánárhyrnu Dalaleðarbrún; þaðan ráða fjallseggjar fram á Illviðurshnjúk.<sup>56</sup>

Björn Þorvaldsson og Sigríður Guðmundsdóttir eigendur Mánar skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Önnu Bjarnadóttur er vottaði rétt landamerki gagnvart Dalabæ og E.B. Guðmundssyni vottaði rétt landamerki gagnvart Hraunum.

Á manntalsþingi á Siglufirði, 17. júlí 1886, var landamerkjalyking Mánár upplesin og var henni ekki mótmælt.<sup>57</sup>

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Mánar séu þinglesin, dagsett 2. október 1885. Um landamerki Mánár og Hrauna kemur eftirfarandi fram:

Þau [landamerkin] eru ekki talin ágreiningslaus mótis við Hraun í Fljótum.<sup>58</sup>

Í ritinu *Byggðir Eyjafjarðar 1990*, sem gefið var út árið 1993, kemur fram að jörðin Máná hafi farið í eyði árið 1949 en „eigendur jarðarinnar búa á Siglufirði og hafa nytjað túnin fram undir það síðasta“.<sup>59</sup> Við skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd í máli þessu kom einnig fram að land jarðarinnar væri að einhverju leyti nytjað undir búskap.

---

<sup>54</sup> Skjal nr. 2(255). Máná. Eyj. IV. B.17. (db.gr.nr. 12073).

<sup>55</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Eyjafjarðarsýslu 1839-1854*, bls. 45.

<sup>56</sup> Skjal nr. 2(2) a-b.

<sup>57</sup> Skjal nr. 2(255). Máná. Eyj. IV. B.31. (db.gr.nr. 1250).

<sup>58</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>59</sup> *Byggðir Eyjafjarðar 1990* I, bls. 54.

---

## 5.2 Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt

Í þeirri umfjöllun um Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu, raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun og gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

### 5.2.1 Landnám

Um landnám í Flókadal segir *Landnáma* svo:

Flóki son Vilgerðar Horða-Káradóttur fór til Íslands ok nam Flókadal milli Flókadalsár ok Reykjarhóls; hann bjó á Mói.<sup>60</sup>

Ennfremur hermir svo um landnám í Flókadal í sömu heimild:

Nafar-Helgi nam land fyrir austan upp frá Haganesi til Flókadalsár fyrir neðan Barð ok upp til Tinguár ok bjó á Grindli.<sup>61</sup>

Um landnám í Hrolleifsdal segir *Landnáma* svo:

Hrolleifr enn mikli ok Ljót móðir hans kómu út í Borgarfjorð; þau fóru norðr um sveitir ok fengu hvergi ráðstafa, áðr þau kómu í Skagafjorð til Sæmundar. Hrolleifr var son Arnalds, bróður Sæmundar; því vísaði hann þeim norðr á Höfðastrond til Þórðar, en hann fékk honum land í Hrolleifsdal; bjó hann þar.<sup>62</sup>

### 5.2.2 Flókadalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun

Tólf presta dómur kom saman á Hólum, 14. júní 1483, til að dæma í máli því er Hrafn Halldórsson, í umboði séra Sigurðar Þorlákssonar officialis Hólakirkju, hafði kært Böðvar Finnsson fyrir að hafa selt Blákápusel [á Lágheiði], sem var selland Barðskirkju. Böðvar lagði sér til varnar fram bréf með þremur innsiglium þar sem fram kom að:

[...] steinaveller og krakaveller voro selldar itavlavlavsar med avllum dal firir avstan fram [Seljááárdal] sem fyr greint sel stod j.<sup>63</sup>

Jón biskup Arason og Brynjólfur Jónsson áttu með sér jarðakaup sem fram fóru 24. ágúst 1540 en voru ekki bréfuð fyrr enn 12. febrúar 1542. Brynjólfur fékk Jóni biskupi tvær jarðir í Svarfaðardal en fékk í staðinn Ystamó og Syðstamó í Fljótum:

[...] ad til skilldre selfór fram aa flokadalnum j jllugastada land þar sem at fornu hefer werit.<sup>64</sup>

---

<sup>60</sup> *Íslensk fornrit* I, síðari hluti, bls. 242-243.

<sup>61</sup> *Íslensk fornrit* I, síðari hluti, bls. 243.

<sup>62</sup> *Íslensk fornrit* I, síðari hluti, bls. 220.

<sup>63</sup> Skjal nr. 2(141).

<sup>64</sup> Skjal nr. 2(140).

---

Kaupbréfið hefur ekki varðveist í frumriti heldur í tveimur afskriftum gerðum fyrir Árna Magnússon handritasafnara í upphafi 18. aldar og þar af er önnur afskriftin gerð eftir frumriti. Árni getur í athugasemd við afskriftina að „floka“ hafi verið bætt við ofan línu með annarri hendi en þó gamalli og að því er virðist með sama bleki. Hins vegar sé „j jllugastada land“ skrifað með ungri hendi og öðru bleki úti á spássíu.<sup>65</sup> Illugastaðir í Flókadal voru í eigu Hóladómkirkju og –stóls samkvæmt skrá um eignir sem gerð var eftir Jón biskup Arason fráfallinn 25. desember 1550.<sup>66</sup>

Fram kemur í máldaga Barðs frá því eftir 1590 að selför sé höfð fram á dal.<sup>67</sup> Einnig er talað um selstöðu kirkjunnar í vísitasíu hennar frá 31. ágúst 1667 og sagt að hún sé í Flókadalsafrétt.<sup>68</sup>

Í vísitasíu Barðs sem er líkast til frá því 1686 stendur:

Sómuleidis a kirkiann Selstödu i flokadals afriett J frá Hellugile ad nordann og framm i kverkhola ä Sem almennelega kallast Bardseitur, og þetta effter tilsögn Prestsins Sr Sveins Jönssonar [...] Jtem Enn þa Selstödu i Klaufa brecknadal þar Sem heitir bläkäpu reitur [á Lágheiði] og þetta effter gamallra manna Vitnisburdum [...]<sup>69</sup>

Um selför segir í vísitasíu Barðskirkju frá 17. maí 1693:

Selför er þar hófd framm ädal enn ei Stendur hun i Mäldaga böcum, og ecki fyrer Bard [...].<sup>70</sup>

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 kemur eftirfarandi fram um afréttarnot Reykjahóls:

Afrjett fyrir lömb brúkar þessi jörð [Reykjahóll] í Flókadalsafrjett, sem að kallast Seljárdalur, í manna minni, átölulaust og tollfrí. Áður segjast menn heyrt hafa af sjer eldri mönnum, að þessi jörð hafi átt lamba upprekstur frí á almennínga millum Úlfsdala og Fljóta og so hafi þá verið brúkaður upprekstur af fleirum bæjum í þessari sveit í þann sama almenníng.<sup>71</sup>

Allar jarðir í Vesturfljótum virðast hafa haft afrétt fyrir lömb í Seljárdal. Þær eru taldar upp í framhaldi af Reykjahól í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og njóta þeirra réttinda sem getið er um við Reykjahól. Þessar jarðir eru eftirtaldar; Bakki (afrétt ut supra), Laugaland (afrétt ut supra), Móskógar (afrétt ut supra), Ystimór (afrétt ut supra), Miðmór (afrétt ut supra), Syðstimór (afrétt ut supra), Steinhóll (afrétt ut supra), Borgargerði (afrétt ut supra), Hóll (afrétt ut supra), Sigríðarstaðir og Sigríarstaðakot (afrétt ut supra), Nes og Neskot (afrétt sem áður segir), Illugastaðir (afrétt ut supra), Krakavellir (afrétt ut supra), Steinavellir (afrétt ut

---

<sup>65</sup> Skjal nr. 2(140).

<sup>66</sup> Skjal nr. 2(115).

<sup>67</sup> Skjal nr. 2(95) a-b.

<sup>68</sup> Skjal nr. 2(96) a-b.

<sup>69</sup> Skjal nr. 2(97) a-b.

<sup>70</sup> Skjal nr. 2(98) a-b.

<sup>71</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 284.

---

supra), Helgustaðir (afrétt ut supra), Hóll [Austurhóll] (afrétt ut supra), Reykir og hjáleigur (afrétt ut supra), Teigar (afrétt ut supra), Barð (afrétt ut supra), Neðra Haganes (afrétt ut supra), Efra Haganes (afrétt ut supra), Minni Grillir (afrétt ut supra) og Hamar (afrétt ut supra).<sup>72</sup>

Nokkrar jarðir í Fljótahrepp eiga selstöðu í Flókadal samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709. Verða þær nú taldar upp. Fyrst er að nefna Sjöundastaðir og Steinhól. Um selstöðu þeirra segir jarðabókin:

Selstöðu á jörðin [Sjöundastaðir og Steinhóll] með tilliggjandi löndum fram frá Flókadal, sem er hálfur Nyrðriárdalur austan fram og hálfur Sigríðarstaðadalur vestan fram. Þessa selstöðu hefur jörðin áður brúkað lánngvarandi átölulaust, nú ekki um nokkur ár fyrir efnaleysi ábúanda [Steinhóls].<sup>73</sup>

Um selstöðu Ystamós árið 1709 hermir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi:

Selstöðu á jörðin [Ystimór] með tilliggjandi landi allan Nyrðriárdal vestan fram, og hefur hún haft og haldið þetta land átölulaust um lánngan aldur.<sup>74</sup>

Um selstöðu Reykja árið 1709 hermir jarðabókin eftirfarandi:

Selstöðu á jörðin í Flókadalsafsjett, þar sem heitir Reykjareitur, hefur áður brúkast, nú ekki í nokkur ár.<sup>75</sup>

Þá segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi um selstöðu Barðs<sup>76</sup> árið 1709 eftirfarandi:

Selför hefur staðurinn brúkað frí í Flókadalsafsjett í Barðshlíð átölulaust.<sup>77</sup>

Í jarðabókinni segir að Stóru-Reykir eigi selstöðu í Flókadalsafsjett:

Selstöðu á jörðin í Flókadalsafsjett, þar sem heitir Reykjareitur, hefur áður brúkast, nú ekki í nokkur ár.<sup>78</sup>

Minnst er á selstöðu kirkjunnar í vísitasíu Barðs frá 6. maí [1714]:

Sómuleidis a kirkiann Selstódu, i Flokadals afriett, i frá Hellugile ad nordann og framm i Kverkhola ä Sem almennelega kallast Bardseitur, og þetta effter Visitatiubok Sal. Magister Jons Wigfussonar [...]Jtem Enn þä Selstódu i Klaufabrecknadal, þar sem Heitir Bläkäpureitur; og þetta effter gamallra Manna Vitnisburdum [...]<sup>79</sup>

---

<sup>72</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 284-310.

<sup>73</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 291-292.

<sup>74</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 288-289.

<sup>75</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 299-301.

<sup>76</sup> Sjá nánar um selstöðu Barðs í kaflanum um Barð.

<sup>77</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 301-303.

<sup>78</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 299.

<sup>79</sup> Skjal nr. 2(99).

---

Um selstöðu Barðs á Flókadalsafrétt segir svo í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* árið 1841:

Sel. Barð á Selstöðu í Flókadalsafrétt í svonefndri Barðshlíð, sem ekki er og ekki hefur verið notuð í manna minnum, og enginn veit hvað lengi áður.<sup>80</sup>

Fram kemur í vísitasíu Barðs frá 27. ágúst 1781 að kirkjan eigi selstöðu og reit í Flókadalsafrétt og Blákápureit á Lágurheiði.<sup>81</sup>

Í brauðalýsingu séra Guðmundar Sigurðssonar á Barði, frá 25. júlí 1782, er greint frá reit í Flókadalsafrétt og með fylgir óársett lögfesta kirkjunnar:

Þessa Prestakalls Dýrleika veit Eg af Eingu slúttast kunna ódrú, enn árlega Heimtudum og útlógdum Tugthüss Tolle, 16 þ. ad það skule vera 40 Hundrud. Hafande: Tün 25 Daga slätt; Eingiatak nög ad vijdäutu, enn lakara ad giædum: Dal Eirn lýtinn til Fiallhaga og Büsmala beitar ä Sumur; AfRettar Reite Tvo er sagt Prestakalled Eige og Selstódur, annann i Flökadal afRett enn Annann ä Lägurheide, sem bæde eru og hafa vered halldner þess Eign, þött þvj sieu til næsta þvj Eingra Nota Annara, enn Frij Geldfiär og lamba JReksturs og gaungu ä Sumrum. [...] Smä Hölm mióg so lijtenn i Hölms Vatne; samt Silungs Veide i þvj, og lijka i [strikað yfir, Miklavatne] FlökaDals Vatne;

[...]

Selstóðurnar kunna nu ecke ad benýttast, saker längt ä Sumur framm oftast nær äliggiande Sniöfanna, og þess vegna seins grödurs, Eru og lijka Erfidar og Fiærlægt liggiande.

[...]

Jeg N.N. Prestur til Bards og Hollts Kyrkna Safnada i Fliootum, Lögfeste hier i Dag fyrrer manntalsþijngs Rettenum ad Hollte, mitt af hanns Kongl: Majestet mier Allra Nädugast veitt Beneficium, Bardsstad i Fliötum, med öllum þeim gögnum og giædum, Hlutum og Hlunnendum, sem greindu Beneficio filgia, filgia eiga og filgt hafa ad Fornu og Niju, effter Confirmerudum kyrkiunnar Mäldögum, og nü umm næstlidenn mejr enn 100 är giördum 8 Lögfestum. [...] Jtem Selstódur þessa Beneficii, Bards kyrkiu Reit J Flökadals afRett, og BlakäpuReit ä Lägurheide, til Jtstu landamerkia [...] <sup>82</sup>

Í vísitasíu Barðskirkju frá 12. ágúst 1826 segir um selstöður:

[...] Sömuheidis á kirkian selstöðu í Flókadals Afrétt, i frá Hellugili ad nordan og framm í Qverkhólaá, sem almennil: kallast Bardsreitur [...]Selstöðu i Klaufabrecknadal, þar sem heitir Blákápureitur [...] <sup>83</sup>

---

<sup>80</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 173.

<sup>81</sup> Skjal nr. 2(100) a-b.

<sup>82</sup> Skjal nr. 2(161) a-b.

<sup>83</sup> Skjal nr. 2(101) a-b.

---

Í sýslu- og sóknarlýsingu Barðsprestakalls sem dagsett er 2. febrúar 1841 segir eftirfarandi um afréttarland í Flókadal:

Afréttir. Afréttarland (almeningur) er fram af Flokadalum; þangað er rekið geldfé úr allri Barðssókn og það fé réttað í svonefndri Flókadalsafrétt fyrir sunnan Illugastaðakot.<sup>84</sup>

Í jarðamatinu 1849 stendur um Barð:

**Barð**, beneficium, með bygðum hjáleigum Kallstöðum, Fyrirbarði, Lánghúsum, Dælir og Ökrum, óákvedid til hundraðatals. [...] Jörðin á selstöðu í Flókadals afrétt og aðra á Lágheiði, sem ej verða notaðar vegna fjarlægðar. Torfrista er mjög lítil en mótak og hrísrif til heimilisparfa.<sup>85</sup>

Ekki er fjallað um Flókadalsafrétt í Fasteignamatinu 1916-1918.

Sýslumannsskrifastofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svarið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í brjefi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli.<sup>86</sup>

Í svari sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu frá 29. nóvember 1985, við fyrirspurn Dómsmálaráðuneytisins frá 1. nóvember sama ár um afréttarskrá sýslunnar, var hjálögð skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki í sýslunni. Í þeirri skrá kemur eftirfarandi fram um Flókadalsafrétt:

Flókadalsafrétt er eign Haganeshrepps. Inn úr Flókadal liggja þessir dalir er mynda Flókadalsafrétt: Seljaárdalur, Sigríðarstaðadalur og Nyrðriárdalur vestast. Allir bæir í Haganeshreppi eiga rétt til uppreksturs á Flókadalsafrétt. Auk þess á Barðstorfan upprekstur á Brunnárdal [...]

Laust efti 1950 voru landspildur úr tveimur jörðum lagðar við Flókadalsafrétt [...] spildu úr úr landi jarðarinnar Krakavalla til Haganeshrepps, sem þá bætist við afréttina. Í afsalinu segir: landspilda þessari fylgir girðing sú, sem nú er á þessummerkjum, sem tiltekin eru. [...] landspildu ú landi jarðarinnar Illugastaða, er þá lagðist við Flókadalsafrétt. Landspilda þessi er sunnan Reitslækjar og neðan, um Reitsskál norðanverða og þaðan til Eggjar. [...] Afréttargirðing liggur nú nálægt merkjum beggja megin árinna.<sup>87</sup>

Hér skal þess getið að Haganeshreppur varð til er Fljótahreppi var skipt í Haganeshrepp og Holtshrepp í lok 19. aldar. Þeir sameinuðust aftur undir heitinu Fljótahreppur árið 1988. Loks sameinaðist Fljótahreppur fleiri sveitarfélögum undir heitinu Sveitarfélagið Skagafjörður árið 1998.

---

<sup>84</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 173, 177.

<sup>85</sup> Skjal nr. 2(86).

<sup>86</sup> Skjal nr. 2(190) a-b.

<sup>87</sup> Skjal nr. 4(251).

---

Flókadalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir búfé af jörðum í Vestur-Fljótum að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

### 5.2.3 Hrolleifsdalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun

Í bréfabók Guðbrands biskups Þorlákssonar er að finna opið bréf frá 1. maí, 1587. Þar kemur fram að Pétur Þorsteinsson seldi Guðbrandi biskupi Bjarnargil í Fljótum og Stafshól á Höfðaströnd, með öllu því sem þær jarðir áttu. Á móti gaf Guðbrandur biskup Pétri og sonum hans jarðirnar Hraun í Sléttuhlíð og Skálá með öllum þeim gögnum og gæðum sem þær áttu. Fram kemur að Skálá eigi afrétt í Hrolleifsdal. Segir m.a. svo í bréfinu:

Hraun j Sliettahlíð og Skaaláá með öllum þeim gögnum og gæðum sem greindar jarðir eiga með rettu og eptir þui sem gomul Bref hlioda. sem er að Skaaláá áá Reka fráá forna ose. og til Raufarbergs. og i odrum stad. fráá Skarfasteine til Hladbergs. fiordung j huoru tueggia stad. bæde huals og vidar. og allt það sem rekamadur áá að hafa að logum. Afrett j Hrolleifsdal öllum gielldfienade.<sup>88</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 segir allar jarðir í Sléttuhlíðarhreppi (Fellshreppi) eiga beitarafrétt á Hrolleifsdal fyrir lömb „lángavaranlega öldungis tollfrí“. <sup>89</sup> Jarðabókin segir að landið tilheyri Hólastól. Hólastóll átti allar jarðir í hreppnum nema Fell, Skálaá og ½ Hraun (hjáleigur ekki meðtaldar) samkvæmt sömu heimild. <sup>90</sup>

Hraun höfðu verið í eyði í 13 ár þegar jarðabókin yfir Skagafjarðarsýslu var tekin saman árið 1709. Við Hraun segir um selstöðu í sömu heimild:

Munnmæli eru að jörðin eigi selstöðu fram á Skálárdal norðanfram, og sjest þar til seltóftaleifa, en ekki vita menn hvört þessi selstaða hefur brúkast í skyldu nafni eður fyrir toll. <sup>91</sup>

Í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 segir svo um selstöðu Tjarnarkots (Tjarnargerði) hjáleigu Tjarna:

Landþröng er mikil, og þarf ábúandi að þiggja hagabeit af nágrönnum sínum mót óákveðinni greiðasemi, og fyrir þann skuld hefur selstaða verið áður tilfengin á Hrolleifsdal í stólsins landi, og galst hjer þó ekkert fyrir. Þó meina menn að þetta sje ekki skylduselstaða en vita það þó ekki. <sup>92</sup>

---

<sup>88</sup> Skjal nr. 2(198).

<sup>89</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 267.

<sup>90</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 266-283.

<sup>91</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 279.

<sup>92</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 267.

---

Í sýslu- og sóknarlýsingu Fells- og Höfðasókna sem dagsett er 5. febrúar 1868, segir að grasatekja sé nokkur á Hrolleifsdalsafrétt en því bætt við að hún gangi til þurrðar.<sup>93</sup> Í sömu heimild segir um afrétti:

**Afréttir.** Afréttarland Höfðasóknarmanna er inni í Unadalsafrétt, og hafa Hofshreppsmenn þar upprekstur; er þar almenningur. Fellssóknarmenn hafa afrétt fyrir botni Hrolleifsdals; er þar almenningur, og reka eigi aðrir þangað. Rétt er við Þverá [í Hrolleifsdal], er kemur af Þverárdal, [...] Auk Fellshreppsúa sækja þangað til rétta Höfðstrendingar og Flókdælir.<sup>94</sup>

Landamerkjabréf Hrolleifsdalsafréttar var útbúið 29. ágúst 1889 og því var þinglýst 5. júní 1890. Það er svohljóðandi:

Annó 1761 dag 6. maí var sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu Jón Snorrason til staðar að Skála í Sljettuhlíð ásamt tilkvöddum mönnum að álíta jarðarinnar land til lands og vatns með hennar Herlighetum reka og afrjett sem seld var undan jörðinni, en hún á þar frían upprekstur ásamt öðrum jörðum í Sljettuhlíð út að Syðstahóli og Kambsstöðum að þeim bæjum meðtöldum, en aðrar jarðir í Sljettuhlíð og Fellsókn eiga frían upprekstur í Stafárdal í Heiðarland austan Stafár. Reka á jörðin Skálá sem hjer greinir:

[...] Ítem á jörðin Skálá heyskap þann frían sem hafa má í svokölluðum Seta milli Stóra-Gils og Almennings Skálár. Ennfremur engjatak í Giljareit í Klónslandi. Jörðin Þverá hefir frí heyskap í Hrolleifsdalsafrjett fyrir framan svo kallaða Sandárskriðu fram að Barnadalsá.<sup>95</sup>

J. Snorrason, Bjarni Hallsson, Guðm. Jónsson og Símon Ólafsson skrifa undir landamerkjalyýsingu. Þann 29. ágúst 1889 vottar Halldór Daníelsson, notarius publicus í Reykjavík, að lýsingin sé rétt rituð eftir sér sýndu skjali í skjalasafni Skagafjarðarsýslu.

Ekki er fjallað um Hrolleifsdalsafrétt í Fasteignamatinu 1916-1918.

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985 segir um Hrolleifsdalsafrétt:

Hrolleifsdalsafrétt er eign Fellshrepps. Hún stendur saman af tveimur dölum, Barnadal að vestan, þar næst er Lambadalur og Almenningsnöf norðast. Að austan eru merki í Setagil, en í Grjótvelli að vestan.

Þessar jarðir hafa verið lagðar undir afréttina: Hálf jörðin Þverá að vestan, í dalnum og hálf jörðin Klón að austan í dalnum. Síðar voru Geirmundarhólar og Kráksstaðir lagðir undir afréttina þegar ábúð hætti þar. Að austan eru afréttarmörk nú við Arnarstaðalandamerki en að vestan við Bræðraárlandamerki.

---

<sup>93</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 155, 160.

<sup>94</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 153.

<sup>95</sup> Skjal nr. 2(19).

---

[...] Upprekstur í Hrolleifsdalafrétt eiga allar jarðir í Fellshreppi, nema Ysthóll. Heldur, Mýrar, Fjall og Heiði.

Þessar jarðir eiga upprekstur á Hvítárbrúnir á austanverðum Stafárdal.<sup>96</sup>

Félagsmálaráðuneytið spurðist fyrir um upprekstrarrétt sveitarfélaga og fl. þar að lútandi með bréfi til sveitarfélaga á Íslandi, dagsettu 20. febrúar, árið 1989. Oddviti Fellshrepps, Stefán Gestsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 6. mars sama ár. Í svari Stefáns kemur fram að íbúar hreppsins eigi upprekstrarrétt í Hrolleifsdalsafrétt. Mörk afréttarins séu Hrolleifsdalur framan Arnarstaða og Bræðraár. Önnur sveitarfélög og íbúar þeirra eiga ekki aðgang að afréttinum.<sup>97</sup>

Hrolleifsdalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir búfé af jörðum í Sléttuhlíð og Hrolleifsdal að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

#### **5.2.4 Aðliggjandi og tengd svæði**

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Tungu, Háakot, Hring, Skeið, Stóru-Þverá, Minni-Þverá, Barð, Stóru-Reyki, Klón, Hraun, Þverá, Illugastaði, Krakavelli, Steinavelli, Grundarland, Bjarnastaði og Spáná. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra. Umfjöllunin byggir einkum á því er segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem og landamerkjabréfum viðeigandi jarða.

##### **5.2.4.1 Tunga (ásamt hjáleigum)**

Landamerkjabréf Tungu var útbúið 27. júní 1887 og þinglesið 1. júlí sama ár. Það hljóðar svo:

Milli Túngu og Hrings eru merkji í stóran stein, sem liggur við götuna í túninu milli bæjanna, og frá honum (steininum) beina stefnu í skurð, sem liggur í Tungubæjarlæk, og ræður lækurinn úr því merkjum til ár; tröðin ræður merkjum suður að túngarði, en þar fyrir sunnan er óskipt land. Milli Tungu og Háakots, að ofan, eru merki við túnið, og milli sömu jarða að utan eru merki í vörðu [í Stóru-Skriðu, og frá þeirri vörðu vörður]<sup>98</sup> niður við læk og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er niður við hann, frá henni beina stefnu í vörðu við Merkjady, frá því beina stefnu á Draugatópt, á þeirri leið settar 2 markvörður, og þaðan út að víkinni beina stefnu í Háakotsnes vestasta Tungukelda úr víkinni ræður merkjum austur að vörðu í árbakka frá þeirri vörðu er Háakotsland út að annari vörðu í árbakkanum frá henni bein í vestari tópt, þaðan beint á Álftadyngju, þaðan beint vestur til vatns, við Háakotsnes, og þar sett ein markvarða, út því ræður vatnið og áin merkjum út

---

<sup>96</sup> Skjal nr. 4(251).

<sup>97</sup> Skjal nr. 4(247).

<sup>98</sup> Innskot ofan línu.

---

að Hvammskálum. Jörðinni fylgir ennfremur alt óskipt land tiltölulega eptir hundraðatali.<sup>99</sup>

Eigendurnir Jón Guðmundsson og Aðalsteinn Steinsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Á. Þorleifssyni eiganda Háakots og Jóhanni Jónssyni eiganda Hrings.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beutiland Tungu sé víðáttumikið. Landamerki eru sögð ágreiningslaus.<sup>100</sup>

#### 5.2.4.2 Háakot (hjáleiga Tungu)

Landamerkjabréf Háakots var útbúið 14. maí 1886 og því var þinglýst 2. júní sama ár:

Milli Háakots og Tungu fyrir innan ána eru engjar, svokallaðar veitur, ofanað Tungutúni, og fyrir utan ána er Háakotsland frá vörðu á Stóruskriðu beint ofanað vörðu niður við læk, og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er neðan við hann, frá henni beina stefnu á vörðu við merkjadý og frá því, beint á grjótvörðu upp á grundinni, á þeirri leið sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir Háakoti nes í miðjum Tungubökkum, sem byrjast að sunnan við víkina miðja og ræður varða við kelduna merkjum beint á tóft í nesinu þaðan austur að vörðu á árbakka, frá því er Háakotsland útað annari vörðu á árbakka, frá henni beint á vestaraholt, þaðan útá áltadyngju, þaðan beint vestur til vatns og þar sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir jörðinni alt óskipt land eptir hundraðatali.<sup>101</sup>

A. Þorleifsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni umráðamanni Tungu.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að Háakot hafi landamerki með Tungu.<sup>102</sup>

#### 5.2.4.3 Hringur (hjáleiga Tungu)

Landamerkjum Hrings var þinglýst 14. júní 1889. Þau hljóða svo:

Landamerki á Hring. – 1. Milli Hrings og Tungu: frá steini í reiðgötubakkanum, beint niður í skurð, sem liggur út og niður í Tungubæjarlæk, og þaðan sem lækurinn heldur til ár; einnig tilheyra Hring ræktuð gerði og bithagi úr Tungutorfunni að hlutfalli rjettu. – 2. Millum Hrings og Hamars: frá polli, sem er á árbakkanum, beint í svokalla Völupúfu efst á fjallinu. – 3. Milli Hrings og Nefstaða: úr fyrnefndum polli á árbakkanum úti svonefnda Marseljukeldu, sem liggur til ár í útaustur. – 4. Millum Hrings og Mjölbreiðar er merki á Hringahólma: frá vörðu, sem er á árbakkanum beina línu upp í merkjalækinn milli Mjölbreiðar og

---

<sup>99</sup> Skjal nr. 2(6) a-b.

<sup>100</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>101</sup> Skjal nr. 2(7) a-b.

<sup>102</sup> Skjal nr. 2(91).

---

Nefstaðakots; fyrir austan hringshólmann kelda sem liggur í vörðu og úr henni beint í vestur í aðra vörðu, sem er á árbakkanum.<sup>103</sup>

Jarðareigandinn Margrjet Ólafsdóttir skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Þorvaldssyni eiganda Hamars, Jóni Guðmundssyni eiganda hálftrar Tungu, Á Þorleifssyni eiganda Mjölbreiðar og J. Þorvaldssyni eiganda Hamars.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Hrings séu ágreiningslaus.<sup>104</sup>

#### 5.2.4.4 Skeið

Landamerkjabréf Skeiðs var útbúið 28. júní 1887 og þinglýst 1. júlí sama ár og hljóðar svo:

Milli Skeiðs og Gautastaða, er merkjagarður gamall neðan frá á og upp á hjalla og úr því gil upp til fjallseggjar. Og milli sömu jarðar og Þveránna ræður árin merkjum framan- úr Skeiðsdalsbotni ofan til Fljótaár og ræður hún merkjum að neðan nema Bakki á lítin hólma Skeiðsmegin.<sup>105</sup>

Björn Pálsson eigandi hálftrar jarðarinnar Skeiðs skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af; Jóni Jónssyni, Árna Þorleifssyni og Birni Þorvaldssyni.

#### 5.2.4.5 Stóra-Þverá (Stærri Þverá)

Landamerkjabréf Stóru-Þverár var útbúið 25. júní 1887 og þinglesið 1. júlí 1887 og er það svohljóðandi:

Milli Stóruþverá og Minniþverá móts við Skeiðsland, ræður merkjum Skeiðsá framanúr Skeiðsdalsbotni ofan til Fljótaár. Og milli nefndrar jarðar og Berghylslands að utan, eru merki úr Setagili í Grjóthól og svo ræður merkjalækur til efstu vörðu á lækjarbakka þaðan fimmvörður í beinni línu ofan í fyrnefndann merkjalæk, og ræður hann úr því merkjum til fljótaár. – Milli Stóru þverá og Minni þverá eru merki að sunnan við hnausavörðu, sem stendur við laut neðan við flötu-dagsláttu, þaðan ráða merkjum 4 hnausavörður út í stórann stein, sem stendur ofantil í efra-Reiðholti, þaðan ráða 4 hnausavörður í beinni línu út að Berghylsmerkjum. Ennfremur tilheyrir Stóruþverá spilda fyrir ofan þver merki og ræður þar að utan svonefndur Dynjandi, lækur, sem fellur úr Setagili, en að sunnan varða á Grundinni og svo 4 vörður í beinni línu ofaní áðurnefnd þvermerki, aptur að sunnan er Stóru-þverárland út að grænutópt, sem stendur á grundinni, og þaðan ráða merkjum 5 vörður í beinni línu á Minniþverár-hesthúsgerði; alt beitaland óskipt eptir hundraða tali jarðanna.<sup>106</sup>

---

<sup>103</sup> Skjal nr. 2(8) a-b.

<sup>104</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>105</sup> Skjal nr. 2(9) a-b.

<sup>106</sup> Skjal nr. 2(10) a-b.

---

Á. Þorleifsson eigandi Stóruþverár og Sigurður Sigmundsson umboðsmaður eiganda Minniþverár skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Pálssyni og Jóni Jónssyni eigendum Skeiðs og Einari Halldórssyni eiganda Berghyls.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beutiland Stóru-Þverár sé víðlent og að landamerki séu þinglesin.<sup>107</sup>

#### 5.2.4.6 Minni-Þverá (hjáleiga frá Stóru Þverá)

Samkvæmt jarðamatinu 1849 hefur Stóraþverá hina byggðu hjáleigu Minniþverá.<sup>108</sup>

Sérstakt landamerkjabréf fyrir Minni-Þverá er ekki að finna í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu 1883-1929. Hins vegar var landamerkjabréf fyrir Stóru-Þverá útbúið 25. júní 1887 og þinglesið 1. júlí 1887, svo sem lesa má í kaflanum um Stóru-Þverá. Í því er minnst á Minni-Þverá.

Að Haganesi í Holtshreppi, 10. júní 1909, var þinglesið afsalsbréf frá Guðmundi Bjarnasyni til Sveins Arngrímssonar fyrir Minni-Þverá fyrir 200 krónur.<sup>109</sup>

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Stóru-Þverár séu þinglesin.<sup>110</sup>

#### 5.2.4.7 Barð

Tólf presta dómur kom saman á Hólum, 14. júní 1483, til að dæma í máli því er Hrafn Halldórsson, í umboði séra Sigurðar Þorlákssonar officialis Hólakirkju, hafði kært Böðvar Finnsson fyrir að hafa selt Blákápusel [á Lágheiði], sem var selland Barðskirkju. Böðvar lagði sér til varnar fram bréf með þremur innsiglium þar sem fram kom að jarðirnar Steinavellir og Krakavellir hefðu verið seldar ítölulausar með öllum dal fyrir austan fram (þ.e. Seljaárdal), hvar fyrrgreint sel stóð í.<sup>111</sup>

Þá kemur fram í máldaga Barðs frá því eftir 1590 að selför sé höfð fram á dal.<sup>112</sup>

Einnig er talað um selstöðu kirkjunnar í vísitasíu hennar frá 31. ágúst 1667 og sagt að hún sé í Flókadalsafrétt.<sup>113</sup>

Í vísitasíu Barðs, sem líkast til er frá árinu 1686 kemur fram að kirkjan eigi selstöðu í Flókadalsafrétt.<sup>114</sup>

Um selför segir í vísitasíu Barðskirkju frá 17. maí 1693 að selför sé þar höfð fram á dal.<sup>115</sup>

Minnst er á selstöðu kirkjunnar í vísitasíu Barðs frá 6. maí 1714 og kemur fram að kirkjan eigi selstöðu í Flókadalsafrétt.<sup>116</sup>

---

<sup>107</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>108</sup> Skjal nr. 2(86).

<sup>109</sup> Skjal nr. 2(255). Minni-Þverá. Skag. V. 40. (db.gr.nr. 44714).

<sup>110</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>111</sup> Skjal nr. 2(141).

<sup>112</sup> Skjal nr. 2(95) a-b.

<sup>113</sup> Skjal nr. 2(96) a-b.

<sup>114</sup> Skjal nr. 2(97) a-b.

<sup>115</sup> Skjal nr. 2(98) a-b.

---

Fram kemur í vísitasíu Barðs frá 27. ágúst 1781 að kirkjan eigi selstöðu og reit í Flókadalsafrétt og Blákápureit á Lágurheiði.<sup>117</sup>

Í vísitasíu kirkjunnar frá 12. ágúst 1826 segir að hún eigi selstöðu í Flókadalsafrétt, nánar tiltekið í Klaufnabrekknadal, þar sem heitir Blákápureitur.<sup>118</sup>

Rétt er einnig að geta þriggja vísitasía sem minnst á eldri vísitasíur. Hér er um að ræða vísitasíu frá 27. október 1705<sup>119</sup> þar sem fram kemur að kirkjan eigi jarðir, reka og kúgildi eftir fyrri reikningum, vísitasíu frá 6. ágúst 1729<sup>120</sup> sem segir að máldagar og eignir kirkjunnar séu þær sömu og gamlar vísitasíur og Hólamáldagar eigna henni og vísitasíu frá 16. júlí 1769<sup>121</sup> þar sem þess er getið að kirkjan haldi sínum eignum og ítökum.

Jörðin Barð er kirkjajörð og beneficium árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin.<sup>122</sup> Um selför segir að staðurinn hafið brúkað hana frítt og átölulaust í Flókadalsafrétt (Barðshlíð).<sup>123</sup>

Um upprekstur er vísað til fyrirkomulags á fyrri jörðum, „Afrjett ut supra“.<sup>124</sup> Þar mun líkast til vera um að ræða Flókadalsafrétt, sem lýst er við jörðina Reykjahól í Fljótahreppi.

Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Barð eigi selstöðu í Flókadalsafrétt.<sup>125</sup>

Landamerkjabréf fyrir Barð var útbúið 24. maí 1890 og því var þinglýst 6. júní sama ár. Af því má sjá að Barð átti ekki land að Flókadalsafrétt. Prestssetrinu fylgdi hins vegar Barðshlíð í Flókadalsafrétt, svo sem sjá má í niðurlagi landamerkjabréfsins sem hljóðar svo:

Landamerki fyrir Barði í Fljótum með hjáleigum. Milli Haganes og Barðstorfunnar ræður merkjum frá Hófsvatni gamall landamerkjagarður, sem liggur upp með svonefndum Merkjalæk austur undir Langholtum, um vestanverða Höskuldartópt og yfir um Haraldslæk, beina stefnu á Grillirskrók fram að stórum jarðföstum steini milli Harðabakka og Haraldslækjar. Úr steininum beigist garðurinn til austurs stefnu á sunnan-verðan Lambanesáskoll; ræður sú stefna merkjum að Harðabakka-læk. Að austan ræður merkjum gamall landamerkjagarður milli Grillirs- og Barðstorfunnar frá Harðabakkalæk allt til fjalls. –

Milli engjablettsins Votateigs, (sem fylgir Barði) og Minna-Grillirs ræður merkjum: bein stefna úr 3 jarðföstum steinum ofaní Miklavatn, vestanvert við svo nefnda Pálstópt, og þar landamerkjavarða hlaðin. Að sunnan ræður

---

<sup>116</sup> Skjal nr. 2(99).

<sup>117</sup> Skjeal nr. 2(100) a-b.

<sup>118</sup> Skjal nr. 2(101) a-b.

<sup>119</sup> Skjal nr. 2.

<sup>120</sup> Skjal nr. 2.

<sup>121</sup> Skjal nr. 2.

<sup>122</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 302-305.

<sup>123</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 302-303.

<sup>124</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 302.

<sup>125</sup> Skjal nr. 2(86).

---

merkjum Brunná allt fram í Brunnárdalsbotn og niður, rjettsýnis úr gljúfrum ofaní Flókadalsvatn. Að vestan ræðr merkjum Flókadals-vatn útað Laxós og áin þaðan ofan í Dælisós, og síðan Hofs-vatn. Landamerki hjáleiganna eru þessi: Karlstaðaland nær austur að áðurnefndum landamerkjagarði ofan að Harða-bakkalæk vestur í austurendann á Haganeslandamerkjagarði og

þaðan beina stefnu upp milli tveggja tóptarbrotu uppí jarðfastan stein, þaðan uppí sund milli tveggja holta beint uppí svonefnda Karlsstaðagjá. Fyrir vestan Karlsstaðamerki tekur við Fyrirbarðsland sem nær ofan að Haganesmerkjagarði, en að vestan ræðr merkjum milli Fyrirbarðs og Barðs bein stefna úr svonefndum Fyrirbarðsgrænum ofaní efri Fyrirbarðsásenda og þaðan með neðri Fyrirbarðsás beina stefnu í svonefnt Torfholt og þaðan niður að Haganesmerkjagarði. Merki Langhúsa eru þessi: úr Torfholti í 2 steina til vesturs beint í Bakkalæk, úr Bakkalæk í Bræðratópt og úr henni beint vestur í svonefndan Keldulaugspoll í Laugarlæk. Úr Keldulaugspolli ræðr Laugalækur merkjum milli Langhúsa og Dælis ofaní Hófs- vatn. Milli Langhúsa og Haganes ræðr merkjum áðrnefndur landamerkjagarður upp með Merkjalæk. Landamerki Dælis eru þessi: að utan Laugalæk milli Dælis og Langhúsa, að sunnan bein stefna úr Keldulaugspolli um „Merkjaholt” eptir hlöðnum merkjavörðum ofaní á. Merki Akra eru úr Laugalæk beint í Spenahól og úr honum í náttmálastein og þaðan bein stefna eptir Akraási suður í vörðu, sem hlaðin er sunnanvert við Akraásholt og úr henni bein stefna ofan í 2 stóra jarðfasta steina um sunnanverðar háu mýrar beint ofan í Flókadalsvatn. Barði fylgir varphólmi í Hófsvatni, Barðshólmi kallaður. Ennfremur fylgir prestssetrinu: 1. allur reki hvala og viðar fyrir Laugalandi, að helmingi, úr miðri Hólavík og til skerja á Lambhagavík, 2. Blákápureitur á Lágheiði; 3. Barðshlíð í Flókadalsafrjett og 4. Frí lending, skipsuppsátur og búðarstæði á Neðra-Haganeslóð.<sup>126</sup>

Tómas Bjarnason prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þorláki Þorlákssyni fyrir eigin hönd og meðeignarmanna hans að Stóragrindli, Björgu Jónsdóttur vegna Minnagrillirs, Jóh. Finnbogasyni vegna eiganda Laugalands og Sv. Sveinssyni eiganda Haganess.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beutiland Barðs sé talsvert stórt og að jörðin eigi silungsveiði í Laxós og Flókadals- og Hópsvötnum. Landamerki teljast vera glögg.<sup>127</sup>

#### 5.2.4.8 Stóru-Reykir

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709 segir að Stóru-Reykir eigi selstöðu í Flókadalsafrétt þar sem heitir Reykjareitur.<sup>128</sup>

---

<sup>126</sup> Skjal nr. 2(11) a-b.

<sup>127</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>128</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 299.

#### 5.2.4.9 Klón (Kló)

Jörðin Klón var 10 hundraða jörð í eigu Hólastóls sem nýlega var farin í eyði árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var rituð. Um afrétt segir:

Afrjett ut supra.<sup>129</sup>

Landamerkjabréf Klóns var útbúið 27. maí 1886 og þinglesið 27. júní ári síðar.

Það hljóðar svo:

Að utan verðu eru merkin í Fossabrekkulæk, að sunnan verðu eru þau í svokölluðu Stóragili, eptir dalnum ræður áin merkjum [á]<sup>130</sup> milli jarðanna Klóns og Þverá, að austan ræður fjallsegg merkjunum.<sup>131</sup>

B. Þórðarson skrifaði undir landamerkjabréfið vegna Þverár. Það var samþykkt af Birni Jónssyni sem skrifaði:

Að ofanskriðuð landamerki fyrir jörðinni Klóni í Fellshreppi hafi verið höfð og haldin, alla þá tíð, sem jeg, faðir minn sál. og föðurfaðir áttu jörðina Klón vitna jeg undirskrifaður.

Ekki er ljóst fyrir hönd hvaða jarðar Björn Jónsson skrifar undir. Landamerkin voru einnig samþykkt af Kristni Jónssyni en ekki kemur heldur fram fyrir hönd hvers eða hverra. Líkast til var það þó fyrir hönd Geirmundarhóls í báðum tilfellum.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beitoland Klóar liggi að afréttarlandi.<sup>132</sup>

#### 5.2.4.10 Hraun í Unadal

Landamerki Hrauns í Hofshreppi voru útbúin 22. maí 1886 og þinglesin sjö dögum síðar. Eru þau svohljóðandi:

Að utan gagnvart Á ræður varða sett á bakkann geg við Hofs á (Unadalsá) gegnt Hólkoti, úr þessari vörðu ræður bein stefna í vörðu setta ofan til við flóann, ~~Þaðan~~ úr þaðan úr þeirri vörðu, ræður bein stefna sjónhending í svokallað Illagil úr því gili ræður bein stefna til austurs á mitt fjall. Að vestan ræður Hofsá eins og hún hefur runnið til forna. Að sunnan gagnvart Grundarlandi, Að norðan ræður merkjagarður sá er byrjar og gengur frá Hofsá beint til fjalls upp svo kallaðan Merkjahnjúk, sem er framan í fjallinu. Þaðan eftir beinni stefnu í fjallsbrún upp sunnan við Hvammsdal þaðan ræður bein sjónhending austurá mitt fjall.<sup>133</sup>

Björn Jónsson eigandi skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Guðjóni Vigfússyni sem vottaði um landamerki gagnvart Grundarkoti og Birni Jónssyni vottaði um landamerki gagnvart Á.

<sup>129</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 271.

<sup>130</sup> Innskot ofan línu.

<sup>131</sup> Skjal nr. 2(3) a-b.

<sup>132</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>133</sup> Skjal nr. 2(4) a-b.

---

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Hrauns séu þinglesin.<sup>134</sup>

Á manntalsþingi á Hofsósi á Höfðaströnd, 1. júlí 1927, var þinglesið afsal fyrir jörðinni Hrauni í Unadal, útg. 22. febrúar sama ár.<sup>135</sup>

#### 5.2.4.11 Þverá

Landamerkjabréf Þverár var útbúið 27. maí 1886 og þinglesið 29. júní ári síðar og hljóðar svo:

Að utan er sjáanlegur garður frá ánni til fjalls, milli Geirmundarhóla og Þverár að framan í þverá fram í Barnadalsá að neðan, og svo beint ofan til við hólana upp í öxlina til eggjar, fyrir austan ána á Þverá land frá Fossabrekku út að Brenniskurði í frá ánni milli fjalls og eggjar, milli Þverár og Klóns, heldur áin svo líka á hún allann Þverárdalinn.<sup>136</sup>

B. Þórðarson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af K. Jónssyni og Birni Jónssyni sem staðfestu að landamerkin væru rétt gagnvart Geirmundarhóli.

Á manntalsþingi að Skálá í Fellshreppi, 9. júní 1915, var þinglesið afsal til Sigurjóns Jónssonar, fyrir jörðunum Þverá og Klón.<sup>137</sup>

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beutiland Þverár liggi að afrétt. Landamerki eru sögð ágreiningslaus.<sup>138</sup>

#### 5.2.4.12 Illugastaðir

Þann 24. ágúst 1540 seldi Jón biskup Arason Brynjólfi Jónssyni jarðirnar Ystamó og Syðstamó í Fljótum fyrir Bakka og Steindyr í Svarfaðardal. Í kaupbréfinu, sem skrifað var 12. febrúar 1542, kemur fram að Ystamó og Syðstamó fylgdi selför fram á Flókadal í Illugastaðalandi, þar sem að fornu hefur verið.<sup>139</sup>

Landamerkjabréf fyrir Illugastaði í Flókadal var útbúið 20. apríl 1890 og þinglesið 6. júní sama ár:

Að framan skilur Nyrðrá Illugastaðaland frá afrjettarlandinu eða svo nefndu Sjöundastaðaselslandi og frá Nyrðrár upptökum bein stefna til eggjar. Að utan milli Neskots og Illugastaða ræður merkjum gamall garður sem heita má Einlægur upp á dalshálsinn, og þaðan bein stefna í Blikhyrnutopp. Milli Illugastaða og Illugastaðakots ræður merkjum tóptarbrot á svo nefndum Beitarhúsmel og úr því bein stefna ofaní á, og upp til eggjar. Að neðan ræður Flókadalsá.<sup>140</sup>

---

<sup>134</sup> Skjal nr. 2(90).

<sup>135</sup> Skjal nr. 2(255). Hraun í Unadal. Skag. V. 45. (db.gr.nr. 35916).

<sup>136</sup> Skjal nr. 2(5) a-b.

<sup>137</sup> Skjal nr. 2(255). Þverá. Skag. V. 42. (db.gr.nr. 33084).

<sup>138</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>139</sup> Skjal nr. 2(140).

<sup>140</sup> Skjal nr. 2(15) a-b.

---

Sveinn Árnason eigandi Illugastaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Ásmundi Eiríkssyni eiganda Neskots og E.B. Guðmundssyni vegna Flókadalsafréttar.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beitiland Illugastaða sé víðlent og að jörðin liggja að Flókadalsafrétt. Einnig stendur að landamerki séu ágreiningslaus.<sup>141</sup>

#### 5.2.4.13 Krakavellir

Landamerkjabréf Krakavalla var útbúið í júnímánuði 1888 og þinglesið á manntalsþingi að Efra-Haganesi 13. júní sama ár. Það er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Krakavalla í Flókadal: að framan eða við afrjettina í Grænhól og úr honum beina línu niður í til ár [o]g til fjallsbrúnar, að utan í gamlan garð, sem liggur frá ánni til fjallsbrúnar.<sup>142</sup>

Eigandi Krakavalla, Guðlaug Baldvinsdóttir skrifar undir landamerkjabréfið. Jón Stefánsson eigandi Steinavalla er samþykktur landamerkjabréfinu og skrifar undir það sem og Jóhann Jónsson sem skrifar undir það fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Árið 1890 var aukið við landamerkjabréf Krakárvalla. Viðaukinn er svohljóðandi:

Viðauki við Krakavalla-landareign að framan eða afrjettarmegin, er frá áðursögðum landamerkjum fram að vörðu sem hlaðin er á árbakka, og keldu sem liggur frá vörðunni, lítið eitt suður á við til fjalls, norðanvert við svo kallað Reykjasel. Þá tekur við gilskorningur upp fjallið norðanvert við Reykjahnjúksskall, og svo bein stefna þaðan til eggjar. Flókadalsá (eins og hún liggur nú) ræður merkjum að vestan og fjallsegg að austan.<sup>143</sup>

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að Krakavellir séu metnir á 14,2 hundruð. Um land Krakavalla að *Flókadalsafrétt segir*:

*Land jarðarinnar liggur að Flókadalsafrétt, og smalamennska því örðug. [...]*  
Landamerki þínglesin.<sup>144</sup>

Árið 1951 sendi Sigurjón Gíslason landspildu úr Krakavöllum til sveitarfélagsins Haganeshrepps í Skagafjarðarsýslu. Í afsalinu kemur fram að:

Landsspilda þessi, sem liggur að afrétt Haganeshrepps í Flókadal, og á að bætast við afréttinn, er sunnan línu frá Hólkoti við Flókadalsá, eftir núverandi girðingu norðan við Járnhrygg upp í norðurbrún Stekkjarskálar, og þaðan til eggjar.<sup>145</sup>

---

<sup>141</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>142</sup> Skjal nr. 2(194).

<sup>143</sup> Skjal nr. 2(297).

<sup>144</sup> Skjal nr. 2(196).

<sup>145</sup> Skjal nr. 1(21).

---

#### 5.2.4.14 Steinavellir

Tólf presta dómur kom saman á Hólum, 14. júní 1483, til að dæma í máli því er Hrafn Halldórsson, í umboði séra Sigurðar Þorlákssonar officialis Hólakirkju, hafði kært Böðvar Finnsson fyrir að hafa selt Blákápusel [á Lágheiði], sem var selland Barðskirkju. Böðvar lagði fram, sér til varnar, bréf með þremur innsiglium þar sem fram kom að:

[...] steinaveller og krakaveller voru selldar itavlavlavsar med avllum dal firir avstan fram [Seljaárdal] sem fyr greint sel stod j.<sup>146</sup>

Á tímabilinu 13. til 18. júlí 1657, fóru fram arfaskipti á Hólum á milli 6 barna Þorláks biskups Skúlasonar. Voru Steinavellir þá metnir til 16 hundraða.<sup>147</sup>

#### 5.2.4.15 Grundarland

Landamerkjabréf fyrir Grundarland var útbúið 29. maí 1885 og þinglesið degi síðar. Það er svohljóðandi:

Á milli Grundarlands og Hrauns að norðanverðu niður við Hofsa, sem rennur ofan Unadal, byrjar glöggur merkjagarður á árbakkanum norðan við Arnarholt, gengur sá garður beint til fjalls upp í Merkjahnúk, sem er ~~norður~~ framaní fjallinu, þaðan merkin upp á brún sunnan við Hraunsdal austur á mitt fjall, þaðan í suður eptir miðju fjallinu fram á bak við Sperðildal, þaðan í vestur ofan Tungufjallsröðull til Tungusporðsins, þaðan ræður merkjum Grundarlandsá ofan í Dalsmynnið, úr því bein lína í vörðu, sem stendur á bakkanum [niður]<sup>148</sup> við Hofsa. Þessi merkjalína af Tungufjalli til vesturs aðgreinir land jarðarinnar frá Bjarnastaðalandi. Frá áðurnefndri merkjavörðu við ána ræður Hofsa, eins og hún nú rennur, merkjum að vestan ofan dalinn, þangað til hún fer fram hjá garði þeim, sem byrjar hin ytri merkin að norðanverðu við Arnarholt. Landamerkjabréf þetta skal gilda fyrir alda og óborna, nema með lögfullum gögnum sannað verði, að öðru vísi eigi að vera.

Þessu til staðfestu undirskrifum vjer hlutaðeigendur nöfn okkar.<sup>149</sup>

Guðjón Vigfússon eigandi Grundarlands skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Birni Jónssyni eiganda Hrauns og Sigmundi Símonssyni, Bjarnarstöðum.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að engjar Grundarlands séu að hluta til í fjallshlíð og að beitiland jarðarinnar sé fremur lítið. Einnig kemur fram að landamerki séu þinglesin.<sup>150</sup>

---

<sup>146</sup> Skjal nr. 2(141).

<sup>147</sup> Skjal nr. 2(205).

<sup>148</sup> Innskot ofan línu.

<sup>149</sup> Skjal nr. 2(16) a-b.

<sup>150</sup> Skjal nr. 2(91).

---

#### 5.2.4.16 Bjarnastaðir í Hofshreppi

Landamerkjabréf Bjarnastaða var útbúið 24. maí 1886 og þinglesið fimm dögum síðar. Það hljóðar svo:

Að utan og neðan stendur hlaðin varða á árbakkanum austan-vert, og ræður rjett stefna þaðan beint uppí árgilið gagnvart Grundarlandi, ræður áin síðan stefnu upp í tungusporðinn og þaðan eptir sömu stefnu í Tungufjallsröðul og þaðan austur á mitt fjall, beygist þar við, og ræður merkjum þaðan rjett sjónhending suður á bak við Bjarnarstaðadal og í Spænárdalsborn. Ræður áin síðan þaðan niður eptir dalnum og ofan á skriðu- hausinn gagnvart Spáná. Þaðan rjetta stefnu niður grundina og í gamlan árfarveg er liggur sunnanvið nýlegar hústóftir austanvert við Unadalsá (Hofsá). Ræður hún (áin) síðan merkjum niður eptir dalnum ofanað svonefndum Svartabakka, ræður þá merkjum gamall far-vegur árinna unz þeir koma saman lítið neðar, ræður áin enn merkjum eins og hún nú rennur, þartil kemur í fornan farveg hennar ræður hann merkjum norðanvert við svonefndan Gerðishólma, ræður síðar hennar núverandi farvegur til vörðu þeirrar, er getið er um áður við aðgreining merkjana Grundarlands og Bjarnastaða.<sup>151</sup>

Sigmundur Símonarson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eigendanna. Það var samþykkt af Guðjóni Vigfússyni er vottaði landamerki gagnvart Grundarlandi og Birni Jónssyni er vottaði landamerki gagnvart Spáná.

#### 5.2.4.17 Spáná

Landamerkjabréf Spánár (Sprænár) í Hofshreppi var útbúið 22. maí 1886 og þinglesið viku síðar og er það svohljóðandi:

Að utan gangvart Bjarnastöðum ræður varða sú er sett er á bakkann við Hofsá, rjett við gamlan árfarveg, er liggur sunnan við beitarhús fra Bjarnastöðum; úr vörðu þessari ræður sjónhending beint uppá gilminnið, þar sem Spræná fellur fram úr fjallinu. Úr því ræður nefnd á til upptaka, og frá upptökum hennar bein stefna austur á mitt fjall. Að vestan ræður Hofsá eins og hún hefir runnið til forna.

Að sunnan og gagnvart Unadalsafjett ræður Grjótá upp fjallið til upptaka og þaðan bein sjónhending austur á mitt fjall og að neðan ræður sama á merkjum þartil hún fellur í Hofsá niður í afrjettinni.<sup>152</sup>

Björn Jónsson eigandi skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af; Sigmundi Símonarsyni er vottaði merkin gagnvart Bjarnastöðum og S. Ingimundarsyni oddvita er vottaði merkin gagnvart Unadalsafrétt.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að engjar Sprænár liggi í fjallshlíð og að beutiland jarðarinnar sé aðliggjandi Unadalsafrétt. Einnig stendur að landamerki hennar séu þinglesin.<sup>153</sup>

---

<sup>151</sup> Skjal nr. 2(17) a-b.

<sup>152</sup> Skjal nr. 2(18).

---

### 5.3 Unadals- og Deildardalsafréttir

Í þeirri umfjöllun um Unadals- og Deildardalsafrétti sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu og raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun. Þá er fjallað um sel og loks gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

#### 5.3.1 Landnám

Höfða-Þórður Bjarnason var einn þeirra manna er nam land norður í Skagafirði. Hann nam Höfðaströnd frá og með Hofsa og út að Hrolleifsdalsá. Hann bjó á Höfða. Um hann segir Landnáma:

Þórðr hét maðr ágætr hann var son Bjarnar byrðusmjörs, Hróaldssonar hryggs, Bjarnarsonar járn síðu, Ragnarssonar loðbrókar. Þórðr fór til Íslands og nam Höfðaströnd í Skagafirði á milli Unadalsár og Hrolleifsdalsár ok bjó at Hofða.<sup>154</sup>

Landnáma segir frá því að landnámsmaðurinn Sleitu-Björn hafi búið á Sleitu-Bjarnarstöðum, en hann nam land á milli Grjótár og Deildarár. Svo hermir Landnáma um Sleitu-Björn og landnám hans:

Gróa hér dóttir Herfinns ok Hollu; hana átti Hróarr, þeira son Sleitu-Björn, er land nam fyrst á milli Grjótár ok Deildarár, [...] hann bjó á Sleitu-Bjarnarstöðum.<sup>155</sup>

Í framhaldi af ofansögðu má geta þess að á milli landnámssvæða Sleitu-Bjarnar og Höfða-Þórðar, er eyða sem tekur yfir hálfan Unadal (suðurhlutann) og hálfan Deildardal (norðurhlutan), ef marka má lýsingar *Landnámu* á landnámi þeirra.

Ólafur Lárusson leiddi líkur að því árið 1940, að þarna á þessu svæði hafi verið sérstakt landnám sem gleymst hafi í upptalningu landnáma í Skagafirði.<sup>156</sup> Vikið er að Una nokkurn í Unadal á öðrum stað og í öðru samhengi<sup>157</sup> í *Landnámu*. Þetta er töluvert landsvæði sem um er að tefla „og munu þar vera um 12 jarða lönd nú á tímum [þ.e. árið 1940]“.<sup>158</sup>

#### 5.3.2 Unadalsafrétt, nýting réttindi og afmörkun

Í óársettri lögfestu, sem líklega er frá því um 1590, lögfesta Guðbrandur Þorláksson biskup og líkast til Erlendur Guðmundsson, prestur á Hofi fyrir 1598 en síðar á Felli, Unadalsafrétt:

---

<sup>153</sup> Skjal nr. 2(91).

<sup>154</sup> *Íslensk fornrit I*, síðari hluti, bls. 239-240.

<sup>155</sup> *Íslensk fornrit I*, síðari hluti, bls. 236-237.

<sup>156</sup> Ólafur Lárusson, *Landnám í Skagafirði*, bls. 120-121, 130-131.

<sup>157</sup> *Íslensk fornrit I*, síðari hluti, bls. 220.

<sup>158</sup> Ólafur Lárusson, *Landnám í Skagafirði*, bls. 130.

---

Somuleidiz med þui ad biorn magnusson eignar Jordu sinne Hofe [Hofe, vísað inn af spássíu] þa afrett sem Hola domkirkiu Jordum til hey rer / a vнадal /: z hefur giórt sier þar sel sem lóg banna/: hefur rekstra / bæde vtfra sier z yfer fra / j Holastadar Jord z land / an alls leyfis / af mier til / þar fyrer lógfesti eg j sa-ma vmbodi adurnefndz N/: vegna kirkiunn-ar a Holum / z hennar Jarda allt land a vna-dal / so sem votn draga til / badum meigen ár / fyrer framan almennings hola z fyrerbyd eg óllum mónnum / ad frateknum Holastadar Landset-um /: ad nytia sier það land [...]<sup>159</sup>

Fram kemur í vitnisburði frá 7. febrúar 1613:

Þad giore eg Biarne stulla son ollum monnumm uiturlegt med þessu mijnu vitnisburdar brefe / ad eg heijrda pal heitinn grimsson alldre nockurn tijma Eigna sijer vegna Hofa áá Hofdastrond vnudals afriett huorke hálfa nie heila og alldre hef eg heijrt af elldre monnumm / ad hof ætte nockurnn part j þeirre afriett / nema rexta suo sem adrar Jarder / hafde pall heitinn haft j sele ä suina vollum z grundarlande suo z þä Þorbergur heijtinn Bessason hiellt hof fieck hann ad lane Spänä af þeim ä holvm z hafde þar j sele alla tijma / z til sanninda hier vm set eg mitt: jnnsigle fyrer þennan minn vitnisburd huor ad skrifadur uar ä bruarlande fijmtu dagenn næstann epter: purificaktionne marije anno 1613.<sup>160</sup>

Í vitnisburði frá árinu 1613 stendur:

[Suofellda]nn vitnis burd ber eg jon biornsson at eg heyrda pal he[itinn Grijms]son alldreige nockurnn tijma eigna sier vegna hofs aa[Hofdastónd] vnudalz afriett hvorke halfa nie heila / var eg [vistfastur n]ockra stund hia pale áá greindu hofe/ z til sanninda[her um] set eg mijtt jnnsigle fyrer þetta mitt vitnis burdar br[ef sem] skrifad var áá enne áá Hofda strond fostudagen fjir[er 000000] þáá skrifadist datum anno 1613.<sup>161</sup>

Eftirfarandi vitnisburð má rekja til biskupstíðar Guðbrands Þorlákssonar. Ártal fylgir ekki en dagsetningin er 4. maí:

Þetta er vitnisburdur Jons Þordarsonar: J firstu sagdist hann hafa nu / iij vetur vm sextugt / z vera barnfæddur ä hófdastrónd / z þaðan hefði hann vt J flíot farid / þa hann hafði Sextan vm tvitugt / : Sagdist hann glógglega muna til þess / þa Páll heitinn Grijmsson biö ä Hofi / þuj hann hefði verid honum alkunnugur. Og alldre Sagdi[st] hann hafa það heýrtt / ad nefndur páll / hefði eignad sier eda haft Vnadals afriett / huórcki heila nie hálfa / og ei helldur sagdist hann vitad hafa / hann eignar sier eda heimta / Lambatolla / þa menn ræki ä þa afriett: Og þennan vitnisburd handfesti Jon Þordarsson Biskupinn

---

<sup>159</sup> Skjal nr. 2(160) a-b.

<sup>160</sup> Skjal nr. 2(159) a-b.

<sup>161</sup> Skjal nr. 2(162) a-b.

---

Herra Gudbrandj þar J biskups badstofunni ä Hölum þann 4. dag Maij Ockur äheýrandi / z äsiäändi<sup>162</sup>

Fram kemur í vitnisburði frá 1614:

Þetta er vitnisburdr Hrolfs Gudvardssonar / j fyrstu sagdist hann vera barnfæddr j Hofshrepp a Hófðaströnd / z þar verid hafa nær allann sinn alldr / nema þa vetr sem hann rere vt / z var sýdra / so z sagdist hann hafa verid heima madr vistfastr a hofi þa pall heitinn Grijmsson bio þar / z geýmt hans mälnytu a sumarid / Og alldrei sagdist hann hafa það heýrt ad nefndr pall hefdi eignad sier vнадals afriett / huerki heila nie halfa / Og eig helldr sagdist hann vitad hafa hann eigna sier / eda heimta Lambatolla þa menn ræki a afriett / Og þennann vitnisburd Handsaladi hrolfur Gudvardsson ad bera þessum monnum hia verandi / a oslandi / petri Jonssyni z Joni Eigilssyne / a fóstudaginn j fardógum Anno 1614 [...]<sup>163</sup>

Fram kemur í úttekt Hólastóls frá 10. júlí 1657 um Unadalsafrétt:

In Nomine Domini

Anno Domini Millesimo Sex centesimo qvinqvagesimo septimo. Decima die mensis Julij [10. júlí 1657] medtok Herra Gijlsle Thorlakzson Valld og Vmsiön Hoola Döm kyrkiu, og allra hennar eygna J fóstu og lausu. Var honum suofelldur Reykningskapur giórdur áá frijldum peningum og ofrijldum kyrkiunnar, Daudum og kuikum, Sem hier Seiger. [...] Jtem Sagt til nauta Stadarenz a Vnudalz afriett, tuævetur og elldre ad tolu 51.<sup>164</sup>

Í úttekt Hólastóls frá 2. ágúst 1628 kemur eftirfarandi fram um Unadalsafrétt:

Anno Domini milesimo, sextentesimo, Vigesimo octavo, secunda Die Mensis Augustj, [2. ágúst 1628] Medtök Herra Þorlákur Skúlason, Valld og umsiön Höla Dömkirkju, og allra hennar Eigna J fóstu og lausu, Var honum sofelldur Reiknijngskapur giórdur, ä frijldumm penijngumm og öfrijldumm kirkiunnar, Daudumm og kuikum sem hier Seiger.

[...]

Suo mikid afhendt i frijldum penijngum Heima ä Hölum

Naut sem voru ä Unudals afriett tuæVetur og Elldrj ad tólu Lxxi, a Bæum – xxij – J Vmmbodj Sr Gysla ix – J külu Vmmbodum – iv Naut, Brande J Vydernesi feingid Biskupsenz Vegna, af Kolbeinzdalz afriett afhendt ij – Summa þessara nauta tuæVetra og Elldrj – LLix Jtem Vetur gomul Naut

Í lögfestu Hofa á Höfðaströnd frá 1696 segir eftirfarandi um Unadal:

---

<sup>162</sup> Skjal nr. 2(163) a-b.

<sup>163</sup> Skjal nr. 2(164) a-b.

<sup>164</sup> Skjal nr. 2(176) a-b.

---

land framm á Unadal fyrir sunnann Höfsaa allt ä jökul framm ofani gardenn sem geyngur fyrir nedan almennyngzhoola j huiorum ad standa seltöpter frá Hofe.<sup>165</sup>

Í lögfestunni kemur fram að hún hafi verið opinberlega lesin af Vigfúsi Gíslasyni á manntalsþingi að Hofi á Höfðaströnd þann 13. maí 1696.

Flestar ef ekki allar jarðir í Unadal og Höfðaströnd frá Enni að Höfða áttu afrétt í Unadal samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709. Verða þessar jarðir nú taldar upp í þeirri röð sem þær koma fyrir í jarðabókinni: Enni<sup>166</sup>, Hólakot<sup>167</sup>, Svínavallagerði (Svínavallakot)<sup>168</sup>, Spána<sup>169</sup>, Bjarnastaðir (Bjarnastaðagerði)<sup>170</sup>, Grundarland<sup>171</sup>, Hraun<sup>172</sup>, Á<sup>173</sup>, Ljósstaðir<sup>174</sup>, Hugljósstaðir<sup>175</sup>, Hof<sup>176</sup>, Garðshorn<sup>177</sup>, Hólakot<sup>178</sup>, Þrastarstaðir<sup>179</sup>, Litlabrekka<sup>180</sup>, Stórabrekka<sup>181</sup>, Hornbrekka<sup>182</sup>, Þönglaskáli<sup>183</sup>, Bær<sup>184</sup>, Mannskaðahóll<sup>185</sup>, Vatn<sup>186</sup> og Höfði<sup>187</sup>.

Um Unadalsafrétt segir m.a. svo í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* árið 1868:

**Afréttir.** Afréttarland Höfðasóknarmanna er inni í Unadalsafrétt, og hafa Hofshreppsmenn þar upprekstur; er þar almenningur.<sup>188</sup>

Þann 19. maí árið 1882, upplás Gunnar Björnsson, eigandi Hofa á Höfðaströnd, lögfestu fyrir eignarjörð sinni, dags. 24. apríl 1666. Í þeirri lögfestu segir að Hof eigi land fram á Unadal „fyrir sunnan Hofsa“.<sup>189</sup>

Ekki finnst mat á afréttinni í fasteignamati 1916-1918.

---

<sup>165</sup> Skjal nr. 4(260).

<sup>166</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 245.

<sup>167</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 246.

<sup>168</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 247.

<sup>169</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 247-248.

<sup>170</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 248.

<sup>171</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 249.

<sup>172</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 249-250.

<sup>173</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 250.

<sup>174</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 251.

<sup>175</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 252.

<sup>176</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 253.

<sup>177</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 255.

<sup>178</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 255-256.

<sup>179</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 256-257.

<sup>180</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 257-258.

<sup>181</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 258.

<sup>182</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 258-259.

<sup>183</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 259-260.

<sup>184</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 260.

<sup>185</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 261-262.

<sup>186</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 262.

<sup>187</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 262-263.

<sup>188</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 153.

<sup>189</sup> Skjal nr. 4(259).

---

Þann 17. mars 1923 var gerður kaupsamningur þar sem Jón Jónsson, eigandi jarðanna Hofs og Þönglaskála í Hofshreppi, seldi réttindi í Unadal með vísun í lögfestu Hofs frá 13. maí 1696, eða eins og kaupsamningurinn ber með sér:

Ég Jón Jónsson eigandi jarðanna Hofs og Þönglaskála í Hofshreppi í Skagafirði [...] sel hérmeð „Upprekstrarfélagi Unadalsafréttar“ þann rétt sem ég eða ofanskráðar jarðir Hof og Þönglaskáli kunna að eiga til svonefndra Hofs og Þönglaskálasellanda í Unadal, með þeim landtakmörkum, sem lögfesta eða máldagi Hofs frá 13. maí 1696, og önnur landamerkjabréf téðra jarða kunna að tilgreina.<sup>190</sup>

Með eftirfarandi hætti er Unadal m.a. lýst í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1946:

Hann [Unadalur] stefnir nær í háaustur upp frá Hofsós, hér um bil jafnhliða Deildardal. Í honum er meira undirlendi en hinum syðri, grösug mýrlendi að ánni, sem ofan til er girtur allháum fjöllum. Að norðan eru fjallabrúnirnar sundur skornar af ýmsum þverðölum, sem út ganga í hálendið, og bera dalir og hliðarfjöllin mörg nöfn bæja, sem undir þeim standa eða hafa staðið. [...] Norðan ár [Unadalsár] eru fjórar jarðir í ábúð: *Ljótstaðir* neðst, *Á*, *Hraun* og *Grundarland*. Sunnan megin er *Hólkot* eina jörðin, sem búið er á.<sup>191</sup>

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985 segir um Unadalsafrétt:

Unadalsafrétt er eign Hofshrepps. En hluti afréttarinnar er kki stór, aðeins botninn á dalnum, að Hrafnabjörgum að vestanverðu og að austan að Spræná. Inní þennan fremsta hluta afréttarinnar, vestan ár voru þrjú sellönd: Yzt er Þönglaskálaselland, þá Ennisselland og Hofsselland.

Í gömlu afréttinni framan við Sprænánna eru munnmæli um fjögur býli. Yzt Grjótá, Miðhólar, Klifhólar og Selhólar.

Eftirtaldar eyðijarðir hafa verið keyptar og land þeirra lagst við afréttarland Unadalsafréttar:

[...] Ennissellandi í Unadal til Upprekstarfélag Unadalsafréttar [...]

Upprekstrarfélag Unadalsafréttar kaupir Spræná [...]

Afsal landbúnaðarráðherra til Hofshrepps fyrir jörðinni Bjarnastöðum í Unadal [...]

fyrir jörðinni Bjarnastaðagerði í Unadal [...]

til Hofssels fyrir jörðinni Grundarlandi [...]

Hofshreppur keypti jörðina Hraun í Unadal [...]

---

<sup>190</sup> Skjal nr. 4(261).

<sup>191</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* 1946, bls. 90.

---

Jörðin Hraun hefur ekki verið lögð við Unadalsfrétt og núverandi afréttarmörk austan ár eru á landamerkjum Hrauns og Grundarlands.

Sneið af landi Svínavallakotshefur verið keypt undir Unadalsfrétt og er girðing þar á merkjum vestan ár.

Réttur til afréttarinnar fylgir öllum jörðum í utanverðum Hofshreppi að Enni og sú meðtalin.

Búfjáreigendur í Hofsósi eiga upprekstur í Unadalsfrétt, en ekki í lönd þeirra jarða, sem Hofshreppur hefur keypt eftir 1968, en rétt til beitar í löndum jarða hreppsins eiga allir bændur í Hofshreppi, samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar.

[...]

Viðauki

Eins og að framan er greint var Ennisselland keypt og lagt við Unadalsfrétt.

Heimamenn í Hofshreppi halda því fram að Jón Jónsson oddviti á Hofi hafi selt Hofsselland, Upprekstrarfélagi Unadalsfréttar eða Hofshreppi. Að þessu hafa ekki fundist öruggar heimildir um þá sölu. Þó má benda á, að á sveitarsjóðsreikningi Hofshrepps árið 1948 gjaldalið 8, er greiðsla til Upprekstrarfélags Unadalsfréttar 500 kr.

Fylgiskjöl eru ekki fyrir hendi til skýringar á þessari greiðslu.

Í Unadal er Þönglaskálaselland og er það heldur ekki fullljóst, hvort það fylgir nú Unadalsfrétt.

[...] í landamerkjabók Skag. er landamerkjabréf fyrir Þönglaskála [...]. Þar er skrifað: „Ennfremur á Þönglaskáli selland á Unadal og byrjar það fyrir framan Bjarnastaðagerðisland og takmarkast að framan af Ennissellandi.”<sup>192</sup>

Unadalsfréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir búfé af jörðum á Unadal og Höfðaströnd, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

### 5.3.3 Deildardalsfrétt, nýting réttindi og afmörkun

Halldór Arngeirsson keypti hálfu jörðina Marbæli af Þuríði Jónsdóttur með bréfi gerðu 8. maí 1393. Þuríður hafði fengið jörðina í helmingakaup eftir Skapta Oddsson bónda sinn auk þess sem hún hafði leyst til sín sex hundruð í jörðinni sem þrjár dætur hennar höfðu erfð eftir föður sinn. Í kaupbréfinu kemur m.a. eftirfarandi fram:

Reiknadi hun jord eiga gelldfiar Rekstr ollum gelldfenadi j deilldar dals afrétt oc sel lannd fiorþunginn i seliadal. skildi halldor ser alla vidu þa ær jordin atti oc hun vard eigandi at. Reiknadi hun iardar mork ofan ór fialli oc allt ofan j aa bædi firir vtan oc sunnan.<sup>193</sup>

---

<sup>192</sup> Skjal nr. 4(251).

<sup>193</sup> Skjal nr. 2(148).

---

Þuríður Jónsdóttir seldi Halldóri Arngeirssyni hlut sinn og þriggja dætra sinna í jörðinni Marbæli með bréfi frá 8. maí 1393. Að sögn Þuríðar átti jörðin:

[...] gelldfiar Rekstr ollum gelldfenadi j deilldar dals afrétt oc sel lannd fiorpunginn i seliadal.<sup>194</sup>

Guðríður Finnbogadóttir og Finnbogi Einarsson áttu með sér jarðakaup sem fram fóru 10. ágúst 1496 en voru bréfuð 31. mars 1497. Guðríður seldi Finnboga Fjósatungu í Fnjóskadal með skógarparti í Þórðarstaðajörðu en fékk í staðinn 15 hundruð í peningum og jörðina Grindur í Hofskirkjusókn, 30 hundruð að dýrleika, en henni fylgdi skógarpartur í Nýlendisjörð:

[...] ok selfavr aa deilldardal.<sup>195</sup>

Fjöldi jarða í Óslandshlíð áttu rétt til uppreksturs á Deildardalsafrétt samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709. Er afrétturinn kallaður „Afréttardalur“ eða „Afréttur“ í þeirri heimild. Þessar jarðir voru nánar tiltekið eftirtaldar: Miklibær, Þúfur, Kross, Teigur (fór í eyði árið 1708), Marbæli, Ósland, Brekka (Tumabrekka) og Miðhús.<sup>196</sup>

Þá áttu tvær jarðir á Höfðaströnd rétt til uppreksturs á Deildardalsafrétt samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709 en þær voru Gröf og Stafnshóll.<sup>197</sup>

Fram kemur í landamerkjabréfum Skuggabjarga og Háleggsstaða frá árinu 1886 að Tungufjall tilheyri bæði Skuggabjörgum og Háleggsstöðum.<sup>198</sup> Tungufjall skiptir Deildardal í tvennt, annars vegar í Seljadal og hins vegar í Vesturdal.

Ekki finnst mat á afréttinni í fasteignamati 1916-1918.

Með eftirfarandi hætti er Deildardal m.a. lýst í *Árbók Ferðafélags Íslands* árið 1946:

Hann [Deildardalur] liggur upp frá Höfðaströnd til suðausturs. Nokkru innan við byggð klofnar dalurinn í tvennt. Heitir sá syðri og vestari *Vesturdalur*, en hinn nyrðri *Austurdalur* (á uppdrætti Seljadalur). Fyrir botni hans er *Deildardalsfjall*. Milli dalanna rís *Tungufjall* og snýr eggþunnum hamrafleyg við megindalnum.[...] Þrír bæir eri í dalnum sunnan ár: *Stafnshóll*, *Skuggabjörg* og *Háleggsstaðir*. Að norðan eru *Grindur* yzt, þá *Brúarland* (og nýbýlið *Eyjarland*), en innst *Kambur*. Í dalnum er undirlendi fremur lítið, en grösugar hlíðar liggja að ánni báðum megin.<sup>199</sup>

Landamerkjabréf Deildardals- og Unadalsafréttar var útbúið 3. júní 1890 og þinglesið degi síðar. Það er svohljóðandi:

---

<sup>194</sup> Skjal nr. 2(148).

<sup>195</sup> Skjal nr. 2(136).

<sup>196</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 229-237.

<sup>197</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 237-239.

<sup>198</sup> Sjá nánari umfjöllun í köflum 5.3.5.5 og 5.3.5.6.

<sup>199</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 84-85.

---

Almenningur Deildardals er frá forntíð álitinn að byrja vestanverðu í svokölluðu Tungufjalli fyrir framan Grynda sellands merki og kallast Stígar. Merkin að norðan eru í garðlag vestan í fjallinu í beinni stefnu frá afrjettar á svo kallaðri til fjallbrúnar sunnan vert við svo nefnda Smjörskál. Að vestan ræður afrjettará, að sunnan eru merkin í dalbotinum syðst, og þaðan eptir brúninni beinni stefnu yfir Tungufjall til botnsins á Seljárdal, þaðan til norðurs austan í Tungufjalli til Grynda sellandsmerkja. Að austan á Seljárdal eru merkin að norðan hin sömu og merki jarðarinnar Marbælis. Að öðru leyti eins og sýslutakmörk ráða.

Merki Unadalsafrjettar eru þessi: Austan við Hofsá byrjar afrjettarlandið við Grjóta að neðanverðu þar sem Sprænárland tekur við að utan og nær alla leið til sýsluskipta á jökul fram. Að vestan verðu byrjar almenningsland við Klifhól, þar sem Hofsselsland endar og nær yfir allan Suðrárdal á jökul fram til sýslutakmarka.<sup>200</sup>

Landamerkjabréfið var samþykkt af S. Pálssyni, Þorgils Þórðarsyni, Þorgrími Kristjánssyni hreppsnefndar oddvita, K. Jónssyni og B. Jónssyni.

Sýslumannsskrifastofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svarið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í brjefi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli.<sup>201</sup>

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985 segir um Deildardalsafrétt:

Deildardalsafrétt er eign Hofshrepps. Afréttin er tveir dalir. Austari dalurinn heitir Seljárdalur. Vestan við hann ár Tungufell og vestar Stígar. Vestast Selland.

Afréttarmörk eru nú eins og girðingar hafa verið lagðar. Að austan er girðingin nálægt eyðibýlinu Stafni eða nánar tiltekið, nálægt bæjarrústum þess og að vestan bein lína á móti.

Þegar núverandi afréttargirðing var sett upp, voru höfð skipti á hluta af landi Stafns og hluta af Miðhúsasellandi.

Eftirtalin sellönd eru innan afréttarlandsins.

Á austari dalnum eru yzt: Óslandsselland, næst Marbælisselland og er til vill Þúfnaselland.

---

<sup>200</sup> Skjal nr. 2(40).

<sup>201</sup> Skjal nr. 2(190).

---

Í Tungufelli er Grindaselland og vestan ár sunnan Bjarkár er Grafarselland, en norðan Bjarkár er Miðhúsaselland. Óvíst er um eignarrétt á nefndum sellöndum, hvort þau fylgja jörðunum, eða eru eign Hofshrepps.

Upprekstur á afréttina eiga Óslandshlíð, Deildardalur, Gröf og Grafargerði.<sup>202</sup>

Félagsmálaráðuneytið spurðist fyrir um upprekstrarrétt sveitarfélaga og fl. þar að lútandi með bréfi til sveitarfélaga á Íslandi, dagsettu 20. febrúar, árið 1989. Oddviti Hofshrepps, Þóra Kristjánsdóttir, svaraði bréfi ráðuneytisins í nóvember sama ár. Í svari Þóru kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi afrétt; Deildardalsafrétt fyrir innhluta sveitarfélagsins og Unadalsafrétt fyrir ytri hlutann. Deildardalsafréttur liggur í botni Deildardals og er afmarkaður af fjöllum á þrjá vegu og ráða þar vatnaskil. Í svari oddvitans kemur fram að afréttargirðing liggja fyrir framan fremstu bæi um þveran dal, Háleggsstaði að vestan og Kamb að austan. Þá kemur fram að Unadalsafréttur afmarkist einnig af fjöllum á þrjá vegu en sá afréttur er í botni Unadals. Þar er afréttargirðing um þveran dal framan við Hólkot að vestan og Hraun að austan. Framan við afréttargirðinguna eru eyðijarðirnar Grundarland, Bjarnastaði, Bjarnastaðagerði og hluti úr Svínavallakoti en þessar jarðir eru í einkaeigu Hofshrepps. Fram kemur í svari oddvitans að íbúar Hofsóshrepps eigi upprekstrarrétt í afréttarland Hofshrepps. Þá kemur að lokum fram að sveitarfélögin Hofsóshreppur og Hofshreppur hafi komið sér saman um að umrætt afréttarland skuli teljast til sveitarfélagsins Hofshrepps.<sup>203</sup>

Deildardalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir búfé af jörðum á Deildardal og í Óslandshlíð, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

#### 5.3.4 Sel á Unadal og Deildardal

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709 átti jörðin Hof á Höfðaströnd selstöðu á Unadal sem hún notaði árlega en grastekjuvon þar var á sama tíma sögð vera lítil.<sup>204</sup>

Sama heimild hermír að jörðin Enni hafi á sama tíma átt selstöðu á Unadal „þar sem heitir Ennisreitir“.<sup>205</sup>

Merkjum Hofssels er ekki lýst í landamerkjabréfi Hofss, dags. 22. maí 1920,<sup>206</sup> né í landamerkjabréfi Hofss, Ennis og Ártúns, dags. 19. júní 1923.<sup>207</sup>

Í landamerkjabréfi Ennis, dags. 29. maí 1890, segir um Ennisselland:

---

<sup>202</sup> Skjal nr. 4(251)

<sup>203</sup> Skjal nr. 4(246).

<sup>204</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 252-253.

<sup>205</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 245.

<sup>206</sup> Skjal nr. 2(224).

<sup>207</sup> Skjal nr. 2(225).

---

Ennfremur á Enni Selland að vestanverðu í Unadal frá garði sem er utan við Selhóla, eður sem öðru nafni kallast Almennings hólar, sem nær ofan að Strangalæk hvar Þönglaskála Selland tekur við.<sup>208</sup>

Þá segir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá því að jörðin Ljósstaðir hafi tilkeypt selstöðu [í Unadal] árlega.<sup>209</sup>

Um selstöður á Unadal segir m.a. svo í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* árið 1839:

**Sel.** Allar Óslandshlíðarjarðir, Gröf, Enni og Hof [eiga selstöður], þær síðustu tvær í *Unudalnum*, hinar í Deildardal. Öngvar eru nú notaðar, nema frá Gröf mánaðartíma sumar hvert. Hafa þær aflagzt vegna vegalengdar, margs þar að lútandi örðugleika, og hefur þar til aldrei svarað kostnaði. Menn rífa þar til kola og reka þangað geldfé og ótamin hross, og upprekstrarlandið er ekki annað en sellöndin sjálf. Grindur og Nýlendi eiga ser og selstöðu, og eitthvað lítið var hún notuð í þeirra tíð, sem nú lifa, en fljótt hætt aftur. Ef menn hefðu hér nytþening í seljum, þyrfti vegna landleysis að hafa stóð og geldfé heima, og hvað er þá unnið?<sup>210</sup>

Gröf á Höfðaströnd átti selstöðu fram við Deildardalsafrétt árið 1709, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hjáleigan Grafargerði tilheyrði Gröf á þessum tíma, samkvæmt sömu heimild. Heimaland Grafar sem og selland hennar var lögfest árið 1831. Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Gröf eigi selland í Deildardal og að hjáleigan, Grafarhjáleiga, nái ekki inn til sellandsins.

Landamerkjabréf Grafar, dags. 22. maí 1886 og þingl. viku síðar, hermir að selland fylgi jörðinni og liggi það fram frá Deildardal vestanverðum, vestan til við Deildardalsafrétt. Þá kemur fram að Gröf hafi átt selför í Deildardalsafrétt árið 1918.<sup>211</sup>

Miðhús áttu selstöðu í Deildardal árið 1709, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Hið sama kemur fram í jarðamatinu 1849, landamerkjabréfi fyrir Miðhúsum árið 1886 sem og í fasteignamatinu 1916-1918.

Í landamerkjabréfi Miðhúsa, dags. 14. maí 1886 og þingl. 29. sama mánaðar segir, er greint frá því að selland á vestanverðum Deildardal fylgi jörðinni og er merkjum þess lýst.<sup>212</sup>

Ósland átti selstöðu í Seljadal árið 1709, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í jarðamatinu 1849 kemur fram að Ósland eigi selstöðu í Deildardal og í landamerkjabréfi fyrir Óslandi frá árinu 1886 segir að selland fylgi jörðinni og er það sagt liggja næst landi jarðarinnar Stafns í Deildardal,

---

<sup>208</sup> Skjal nr. 2(212).

<sup>209</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 251.

<sup>210</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839-1873*, bls. 139.

<sup>211</sup> Sjá nánar í kafla 5.3.5.3 um Gröf.

<sup>212</sup> Sjá nánar í kafla 5.3.5.7 um Miðhús.

---

neðst á svokölluðum Seljadal. Í fasteignamatinu 1916-1918 segir að Ósland eigi selför í Deildardalsafrétt.<sup>213</sup>

Marbæli á selstöðu á Seljadal árið 1709, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í jarðamatinu 1849 segir að jörðin Marbæli eigi tiltölu til sellands í Deildardal. Í landamerkjabréfi Marbælis frá árinu 1886 kemur fram að selland fylgi jörðinni og að það liggi á austanverðum Seljadal frá Glúmsgilslæg að neðan og fram að Strangalæk.<sup>214</sup>

Um jörðina Kross í Óslandshlíð segir í jarðamatinu 1849 að hún eigi tiltölu til selstöðu Deildardal.<sup>215</sup>

Upprekstur á Deildardal áttu eftirtaldar jarðir samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709: Gröf, Stafn, Háleggsstaðir, Skuggabjörg, Miðhús<sup>216</sup>, Ósland, Marbæli og Kross í Óslandshlíð.<sup>217</sup>

Í landamerkjabréfi Þönglaskála, dags. 10. júní 1889, og þingl. 12. sama mánaðar er merkjum Þönglaskála lýst. Þá segir í bréfinu: „Ennfremur á Þönglaskáli selland“

Auk þeirra jarða sem þegar hefur verið minnst á áttu jarðirnar Grindur, Nýlendi, Miklibær og Þúfur í Hofshreppi selstöðu á Deildardalsafrétt eða tiltölu til sellands þar, samkvæmt jarðamatinu 1849.

### **5.3.5 Aðliggjandi og tengd svæði**

Hér verður fjallað um jarðir sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Um er að ræða jarðirnar Spáná, Bjarnastaðagerði og Bjarnastaði, Gröf, Stafn, Háleggsstaði, Skuggabjörg, Miðhús, Ósland, Marbæli, Kross, Sleitustaði, Smiðsgerði, Sviðning, Saurbæ, Skriðuland, Bjarnastaði, Atlastaði, Tungu, Hring og Háakot.

Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra. Einkum er byggt á Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem og landamerkjabréfum viðeigandi jarða. Í sumum tilvikum er um að ræða frekari umfjöllun um jarðir sem þegar er getið hér að framan í tengslum við sel á ágreiningssvæðinu.

#### **5.3.5.1 Spáná**

Sjá kafla 5.2.4.17.

#### **5.3.5.2 Bjarnastaðagerði og Bjarnastaðir í Unadal**

Við Bjarnastaði segir eftirfarandi um upprekstur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1709:

---

<sup>213</sup> Sjá nánar í kafla 5.3.5.8 um Ósland.

<sup>214</sup> Sjá nánar umfjöllun um Marbæli í kafla 5.3.5.9.

<sup>215</sup> Sjá nánar umfjöllun um Kross í Óslandshlíð í kafla 5.3.5.10.

<sup>216</sup> Nánar tiltekið á svonefndum Vesturdal.

<sup>217</sup> Sjá nánar umfjöllun um þessar jarðir kafla 5.3.5.

---

Upprekstur á Unadalsafriðtt.<sup>218</sup>

Landamerkjabréf Bjarnastaðagerðis var útbúið 27. maí 1890 og þinglesið 11. júní 1891.<sup>219</sup> Það er svohljóðandi:

Að framan eru merkin á Puntskriðu beina stefnu á fjall upp, en að austan ræður Hofsá merkj-um ofan dalin, þar til Svínavallakots land tekur við, og aðgreinir löndin garðstúfur utan og ofan við Sortunes, úr efri enda garðsins liggja merkin beina línu á fjall upp.<sup>220</sup>

Guðni H. Jónsson [á Þrastarstöðum] skrifaði undir landamerkjabréfið [væntanlega vegna Svínavallakots í Unadal]. Það var og samþykkt af Ó. Havsteen en ekki kemur fram fyrir hönd hvaða jarðar eða jarða hann staðfestir.

### 5.3.5.3 Gröf á Höfðaströnd

Jörðin Gröf var talin 60 hundraða jörð árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var rituð. Hjáleigan Grafargerði tilheyrði henni. Í jarðabókinni segir að Gröf eigi selstöðu fram við Deildardalsafriðtt sem og upprekstur.<sup>221</sup>

Í jarðamatinu 1849 stendur um Gröf:

**Gröf**, með bigdri hjáleigu Grafargérði, bondaeign, eptir núverandi dýrleika 40 hndr. [...] Jörðin á selland í Deildardal, eru þar góðir hagar fyrir búsmala og nokkrar slægjur.[...] Beitolandi er óskipt milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar, og líkt að gjæðum, nema hvað hjáleigan nær ej til sellandsins.<sup>222</sup>

Landamerkjabréf Grafar í Hofshreppi var útbúið 22. maí 1886 og þinglesið viku síðar<sup>223</sup> og hljóðar það svo:

Selland fylgir jörðinni Gröf er liggur fram frá Deildardal vestan verðum, vestan til við Deildardals afriðtt. Landamerki þessi að utan gagnvart Miðhúsa Sellandi að sunnan er svo kölluð Bjarkará er rennur eftir Bjarkárdal ræður hún merkjum til uppsprettu sinnar í Bjarkárdalsbotni. Þaðan bein stefna suður eptir fjallgarðinum, fram að svo nefndu Þverfjalli. Að austan ræður svo kölluð Afrjettará þartil sem áður nefnd Bjarkará rennur í hana.<sup>224</sup>

Eigandinn Björn Jónsson skrifar undir landamerkjabréfið. Einnig staðfesti Björn það sem eigandi Stafshóls. Rétt landamerki vegna Tumabrekku vottaði K. Jónsson, rétt landamerki gagnvart Miðhúsum vottaði K. Jónsson, sá hinn sami væntanlega og fyrr getur og S. Ingimundsson oddviti vottaði gagnvart Deildardalsafriðtt.

---

<sup>218</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 248.

<sup>219</sup> Skjal nr. 2(255). Bjarnastaðagerði. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 46823).

<sup>220</sup> Skjal nr. 2(20) a-b.

<sup>221</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IX, bls. 238.

<sup>222</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>223</sup> Skjal nr. 2(255). Gröf. Skag. V. 33. (db.gr.nr. 41698).

<sup>224</sup> Skjal nr. 2(25) a-b.

---

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Grafar séu þinglesin og að talið sé að jörðin eigi selför í Deildardalsafirétt. Einnig stendur að beutiland Grafar sé mjög víðlent.<sup>225</sup>

#### 5.3.5.4 Stafn

Jörðin Stafn var 20 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1709. Um upprekstur segir eftirfarandi:

Upprekstur ut supra.<sup>226</sup>

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Ákveðið var á manntalsþingi að Hofi á Höfðaströnd, 11. júní 1864 að bændurnir Gestur á Stafni og Baldvin<sup>227</sup> á Grafarseli myndu standa fyrir trippum á Deildardalsafirétt, Baldvin 1/4 en Gestur 3/4 pörtum.<sup>228</sup>

Landamerkjabréf fyrir Stafn var útbúið 28. maí 1886 og þinglesið degi síðar og er svohljóðandi:

Að norðan gagnvart Kambi ræður Strangilækur, er fellur fram úr fjallinu og rennur niður í Deildardalsá frá upptökum hans þar sem hann fellur fram úr fjallinu, ræður bein sjónhending á fjallsbrún upp, þar sett varða, að vestan gagnvart Miðhúsasellandi ræður Afrjettará, en gagnvart Háleggsstöðum ráða vörður þær er settar eru eptir árhólmunum. Að sunnan ræður Brunná til upptaka sinna og þaðan austur á fjall til móts við Hofsselland, nefnd á aðgreinir Óslandsselland frá Stafnslandi.<sup>229</sup>

Hjálmar Þórðarson eigandi Stafns skrifar undir landamerkjabréfið. Það var staðfest af Þorgils Þórðarsyni er vottaði landamerkin gagnvart Kambi og Birni Jónssyni sem vottaði landamerki gagnvart Óslandi.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beutiland Stafns sé frekar lítið og að það liggi að Deildardalsafirétti. Einnig stendur að engjar jarðarinnar séu í fjallshlíð og að landamerki Stafns séu þinglesin.<sup>230</sup>

#### 5.3.5.5 Háleggsstaðir (Áleggsstaðir, Alaugsstaðir, Aleksstaðir)

Aleksstaðir eru nefndir í skrá um eignir Hólastóls og kirkju eftir Jón Arason fallinn árið 1550, þá sagðir 10 hundruð að dýrleika.<sup>231</sup>

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns voru Háleggsstaðir var 10 hundraða jörð í eigu Hólastóls árið 1709. Þar segir eftirfarandi um upprekstur:

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.<sup>232</sup>

---

<sup>225</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>226</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, IX, bls. 241.

<sup>227</sup> Sjá neðanmálgrein um Baldvin þennan í kaflanum um Gröf á Höfðaströnd.

<sup>228</sup> Skjal nr. 2(255). Stafn. Skag. V. 24. (db.gr.nr. 35848).

<sup>229</sup> Skjal nr. 2(22) a-b.

<sup>230</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>231</sup> Skjal nr. 2(115).

---

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ. Landamerkjabréf Háleggsstaða var útbúið 28. maí 1886 og þinglesið degi síðar. Er það svohljóðandi:

Að sunnan gagnvart Miðhúsa Sellandi ræður varða sett við Deildardalsá og úr þeirri vörðu sjónhending beint uppí græna lækjar drag, þaðan sjónhending beint í skarð í fjallsegginni. Að austan gagnvart Stafni ráða vörður þær, er settar eru eptir Árhólmunum, þá Deildardalsá til Háleggsstaðaár. Að norðan gagnvart Skuggabjörgum ræður Háleggsstaðaá þangað er hún sprettur upp, norðanvert við tungufjall, er tilheyrir báðum jörðunum jafnt Háleggsstöðum og Skuggabjörgum.<sup>233</sup>

Þorgils Þórðarson eigandi Háleggsstaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var staðfest af K. Jónssyni er vottaði landamerkin gagnvart Miðhúsum og J. Jónatanssyni er vottaði landamerkin gagnvart Skuggabjörgum.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beutiland Háleggsstaða sé allvíðlent og að engjar jarðarinnar liggi í fjalllendi. Einnig stendur að landamerki séu þinglesin.<sup>234</sup>

### 5.3.5.6 Skuggabjörg

Landamerkjabréf Skuggabjarga var útbúið 28. maí 1886 og þinglesið degi síðar. Er það svohljóðandi:

Að sunnan gagnvart Háleggsstöðum ræður Háleggsstaðaá þangað er hún sprettur upp nordanvert við Tungufjall, er tilheyrir Háleggsstöðum jafnt Skuggabjörgum. Að norðan gagnvart Stafshóli, ræður Hrappsá (Hrafnsá) eins og hún hefur runnið til forna, og frá Hrappsá ræður bein stefna í mitt Tungufjall og aptur frá midju Tungufjalli bein stefna til Grænuhlíðarfjalls.<sup>235</sup>

Jón Jónatansson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir hönd eiganda Skuggabjarga. Þorgils Þórðarson vottaði rétt landamerki gagnvart Háleggsstöðum og Björn Jónsson vottaði rétt landamerki gagnvart Stafshóli.

### 5.3.5.7 Miðhús

Jörðin Miðhús var 30 hundraða jörð árið 1709 í eigu Hólastóls, þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin. Henni tilheyrir eyðibólið Miðhúsagerði. Um selstöðu og upprekstur segir eftirfarandi:

Selstöðu í Deildardal vestan fram þar sem heitir Björk á jörðin, en getur ekki brúkað því oflángt er til að sækja nema megandi mönnum.

Upprekstur ut supra.<sup>236</sup>

---

<sup>232</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 241.

<sup>233</sup> Skjal nr. 2(27) a-b.

<sup>234</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>235</sup> Skjal nr. 2(41) a-b.

<sup>236</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 236.

---

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ. Upplesin var lögfesta fyrir selstöðu á Miðhúsum, á manntalsþingi að Hofi á Höfðaströnd, 25. júní 1808.<sup>237</sup>

Í jarðamatinu 1849 stendur um Miðhús:

**Miðhús**, bóndaeign, eptir núverandi dýrleika 30 hndr. [...] Jörðin á tiltölu til selstöðu i Deildardal sem ej er notuð. Torfrista og móskurður lélegt en hrísrif til heimilisbrúkunar.<sup>238</sup>

Landamerkjabréf fyrir Miðhús í Hofshreppi var útbúið 14. maí 1886 og var þinglýst 29. maí sama ár. Þar kemur m.a. fram að selland fylgi jörðinni. Bréfið hljóðar svo:

Selland fylgir jörðinni Miðhúsum sem liggur í Deildardal vestanverðum, milli Háleggstaða og Grafar sellands og eru þar landamerki þessi: Að neðan og utan gagnvart Háleggsstöðum, úr vörðu á eyrinni við Afrjettará. Þaðan beina leið í græna drag og eftir því sjónhending í skarðið á fjallsbrúninni fyrir utan Bjarkarskál. Að framan gagnvart Grafarsellandi ræður Bjarkardalsá frá því hún fellur í Afrjettará og fram til Bjarkardalsdraga.<sup>239</sup>

K. Jónsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af K. Jónssyni er vottaði merkin gagnvart Tumabrekku, Birni Jónssyni er vottaði merkin gagnvart Gröf og Grafarlandi og Þorgils Þórðarsyni er vottaði merkin gagnvart Háleggsstöðum.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beitoland Miðhúsa sé takmarkað og að talið sé að jörðin eigi selför í Deildardalsafreitt. Einnig stendur að landamerki Miðhúsa séu þinglesin.<sup>240</sup>

### 5.3.5.8 Ósland

Jörðin Ósland hafði verið 80 hundraða jörð, en árið 1709 var búið að skipta henni upp í nokkur býli svo sem sjá má í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Býli þessi voru auk Óslands: Undhóll (Hundhóll), Brekkukot, Torfhóll, Háagerði (Framanismeya).<sup>241</sup> Um selstöðu og upprekstur Óslands segir svo í jarðabókinni 1709:

Selstöðu á jörðin í Seljadal, erfiða til að sækja og brúkast því ei.

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.<sup>242</sup>

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Í jarðamatinu 1849 stendur um Ósland:

**Ósland**, bóndaeign, með hjáleigunni Torfhól, eptir viðteknum dýrleika 42 ½ hndr. [...] Jörðin á selstöðu i Deildardal sem örðugt er að nota vegna fjarlægðar, hún hefir torfristu, hrísrif og móskurð til heimilisparfa [...] <sup>243</sup>

---

<sup>237</sup> Skjal nr. 2(255). Miðhús. Skag. V. 10. (db.gr.nr. 34143).

<sup>238</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>239</sup> Skjal nr. 2(26).

<sup>240</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>241</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 233-235.

<sup>242</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 233-234.

---

Landamerkjabréf Óslands í Hofshreppi var útbúið 22. maí 1886 og því var þinglýst viku síðar. Í því er merkjum Óslandssels lýst sérstaklega:

Selland fylgir jörðinni Óslandi, er liggur næst landi jarðarinnar Stafns í Deildardal, neðst á svo kölluðum Seljárdal. Landamerki þessi eru: Að utan gagnvart Stafni svo kölluð Brunná, að sunnan Glúmsgil, ráða þessi merki á fjall upp.<sup>244</sup>

Björn Jónsson eigandi hálfis Óslands og E. B. Guðmundsson vegna eiganda hálfis Óslands skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Hjálmarí Þórðarsyni er vottaði gagnvart Stafni, K. Jónssyni er vottaði gagnvart Marbæli og Þorsteini Sigurðssyni er vottaði gagnvart Undhóli.

Þinglesin var yfirlýsing um Óslandsselsland, á manntalsþingi á Hofsósi á Höfðaströnd, 8. júní 1915. Ekkert kemur fram um innihald yfirlýsingarinnar.<sup>245</sup>

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Óslands séu þinglesin og að talið sé að jörðin eigi selför í Deildardalsafrétt.<sup>246</sup>

### 5.3.5.9 Marbæli

Jörðin Marbæli var 15 hundraða jörð árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin. Selstöðu á jörðin á Seljadal, en nýtir ekki sökum fjarlægðar. Um afrétt segir:

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.<sup>247</sup>

Upprekstur hefur jörðin því að á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ.

Í jarðamatinu 1849 stendur um Marbæli:

**Marbæli**, bóndaeign, eptir núverandi dýrleika 40 hndr. [...] Jörðin á tiltölu til sellands í Deildardal, sem örðugt er að nota vegna fjarlægðar.<sup>248</sup>

Landamerkjabréf Marbælis var útbúið 17. maí 1886 og því var þinglýst tólf dögum síðar.<sup>249</sup> Það hljóðar svo:

Selland fylgir jörðinni í Marbæli, sem liggur á austanverðum Seljadal hjer í hreppi frá Glúmsgilslæk að neðan og fram að strangalæk.<sup>250</sup>

K. Jónsson skrifaði undir vegna eigandans Kristins B. Erlendssonar. Landamerkjabréfið var samþykkt af Sigurlaugu Þorkelsdóttur er vottaði gagnvart Teigi og Þorsteini Sigurðssyni er vottaði gagnvart Undhóli.

---

<sup>243</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>244</sup> Skjal nr. 2(23).

<sup>245</sup> Skjal nr. 2(255). Ósland. Skag. V. 42. (db.gr.nr. 33057).

<sup>246</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>247</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 232.

<sup>248</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>249</sup> Skjal nr. 2(255). Marbæli. Skag. V. 33. (db.gr.nr. 41698).

<sup>250</sup> Skjal nr. 2(24).

### 5.3.5.10 Kross í Óslandshlíð

Jörðin Kross er 36 hundruð árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var rituð. Um afrétt segir:

Upprekstur á Afrjettardal ut supra.<sup>251</sup>

Upprekstur hefur jörðin því á Deildardal, eins og lýst er við jörðina Miklabæ. Í jarðamatinu 1849 stendur um Kross:

**Kross**, bóndaeign, eptir núverandi dýrleika 24 hndr. [...] Jörðin á tiltölu til selstöðu i Deildardal, sem ej er notuð vegna vegaleingdar. Torfrista, móskurður og hrísrif til heimilisparfa.<sup>252</sup>

Landamerkjabréf Kross í Hofshreppi var útbúið 19. maí 1886 og þinglesið 29. maí sama ár:

Að utan og neðan ræður gil við ána Kolku, gagnvart Teigslandi er liggur upp að settri vörðu, og þaðan beina línu eftir vörðum upp í sjéristaka vörðu á svonefndum Langhól, þaðan og í Grástein upp á fjallinu beina stefnu þaðan og í löngu laut á fjallsbrúninni og austur í Hácallafjall.

Að sunnan og neðan við fyr nefnda á, byrjar gil er ræður upp í þar setta vörðu. Þaðan og í svonefndun „Syðri Poll“ og þaðan eptir merkja skurði, sem liggur í svo kallað „Rauðadý“ og þaðan rjetta stefnu í vörðu er stendur á hnj hjallarenda neðan til í hlíðinni, og eptir sömu stefnu í syðri Ausu-hnjúk, og austur í Flathólsgreni.<sup>253</sup>

Björn Jónsson eigandi skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigmundi Þorkelssyni er vottaði gagnvart Teigi og Pétri Jónssyni er vottaði gagnvart Þúfum.

### 5.3.5.11 Sleitustaðir

Landnáma segir frá því að landnámsmaðurinn Sleitu-Björn hafi búið á Sleitu-Bjarnarstöðum, en hann nam land á milli Grjótár og Deildarár.<sup>254</sup>

Landamerkjabréf Sleitustaða var útbúið 17. maí 1888 og þinglesið 22. maí ári síðar.<sup>255</sup> Það er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Sleitustaða í Hólahrepp eru samkvæmt kaup og afsalsbrjefi fyrir jörðunni dagsettu 24. október 1881: að sunnan milli Sleitustaða og Smiðsgerðis í grjótvörðu niður við Kolbeinsdalsá, rjett sunnan við illukeldu, skammt fyrir utan Smiðsgerðis tún; frá þeirri vörðu beina stefnu upp í fjallstopp sunnan við Úlfsskál, mitt á milli yztu nibbu og næstu hæðar skammt sunnar; þaðan ræður sama stefna astur [svo] á miðja hnjúka. Til

<sup>251</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 231.

<sup>252</sup> Skjal nr. 2(87).

<sup>253</sup> Skjal nr. 2(21).

<sup>254</sup> Íslensk fornrit I, síðari hluti, bls. 237.

<sup>255</sup> Skjal nr. 2(255). Sleitustaðir. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 45480).

---

glöggvari aðgreiningar á slægjulandi skulu settar 2 grjótvörður í þessa beinu línu.

Að vestan ræður Kolbeinsdalsá á landamerkjum jarðarinnar.

Að norðan milli Sleitustaða og Miklabæar eru landamerkjardarinnar í grjótvörðu niður við Kolbeinsdalsá, er stendur [rjett]<sup>256</sup> norðan við Kringlugerðislæk þar sem hann rennur í ána; frá henni beina stefnu í grjótvörðu er stendur á barði fyrir norðan (svokallaða) Laxaveitu; frá þeirri vörðu beina stefnu upp í Sámsstaðagil þar sem það fellur úr gljúfrum. Svo ræður gilið merkjum upp á fjallsbrún og þaðan sama stefna austur á miðja hnjúka. Til glöggvari aðgreiningar á engjum jarðanna eru 2 grjótvörður settar í þessa beinu stefnu, önnur yzt á grashól fyrir norðan Kringlugerði, hin á neðsta krosshól utanverðum. Auk þeirra skulu 2 grjótvörður settar upp undir fjallinu, í sömu stefnu og hinar. Hjer að auk eiga Sleitustaðir fríjan upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet, fyrir geldfje og trippi.<sup>257</sup>

Magnús Ásgrímsson eigandi Sleitustaða skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Pjetri Gestssyni eiganda Smiðsgerðis og Birni Pjeturssyni vegna Miklabæjar.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Sleitustaða séu þinglesin.<sup>258</sup>

### 5.3.5.12 Smiðsgerði

Landamerkjabréf fyrir Smiðsgerði var útbúið 19. maí 1888 og þinglesið 25. sama mánaðar. Það er svohljóðandi:

Landamerki jarðarinnar Smiðsgerðis í Hólahrepp eru: að sunnan milli Sviðnings Smiðsgerðis og Sviðnings í grjótvörðu, sem stendur utan til á rauðuklöpp niður við Kolbeinsdals-á, frá henni beina stefnu í grjótvörðu er stendur upp undir fjallinu; frá þeirri vörðu beina stefnu í skorning, sem er fyrir sunnan svo kallað Guðnýjardí upp í fjallinu; þaðan sömu stefnu syðst í Smiðsgerðis-skál og upp á fjallsbrún. Að vestan ræður Kolbeinsdals-á landamerkjum jarðarinnar. Að norðan milli Smiðsgerðis og Sleitustaða, eru merkin í grjótvörðu niður við Kolbeinsdalsá, rjett sunnan við illukeldu, skamt fyrir utan túnið; frá þeirri vörðu beina stefnu uppí fjallstopp sunnan við Úlfsskál, mitt á milli yztu nibbu og næstu hæðar skamt sunnar, og sama stefna ræður austur á miðja hnjúka. Til glöggari aðgreiningar á slægjulandi, skulu settar 2 grjótvörður í þessa beinu línu. Hjer að auk á jörðin frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet fyrir geldfje og tryppi.<sup>259</sup>

---

<sup>256</sup> Innskot ofan línu.

<sup>257</sup> Skjal nr. 2(29) a-b.

<sup>258</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>259</sup> Skjal nr. 2(30) a-b.

---

Pjetur Gestsson eigandi Smiðsgerðis skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Magnúsi Ásgrímssyni eiganda Sleitustaða og Hafliða Jónssyni eiganda Sviðnings.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að engjar Smiðsgerðis liggi í fjallshlíð og að landamerki jarðarinnar séu þinglesin.<sup>260</sup>

#### 5.3.5.13 Sviðningur (Sviðingur)

Landamerkjabréf fyrir Sviðning var útbúið 27. maí 1887 og þinglesið samdægurs.<sup>261</sup>

Það er svohljóðandi:

Að sunnan ræður merkjum steinn nokkur afarstór, sem stendur fyrir sunnan og ofan klifið syðra, spölkorn fyrir ofan veginn; stein þenna nefnum vér merkjastein. Þaðan liggja merkin beina stefnu upp í hæsta tind hnjúksins, sem er milli Sviðningsdals og Saurbæjardals; í þeim hnjúk eru kamar, sem nefndir eru. Niður frá steininum liggja merkin eptir sömu stefnu, sem þegar var nefnd, allt til ár, á þeirri leið eru tvær merkjavörður: önnur þar sem „klifið“ hefst að sunnan, skamt frá ánni, hin nokkru ofar.

Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum.

Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum.

Að norðan ráða vörður merkjum. Neðsta varðan stendur skamt fyrir ofan veginn, utanvert hóla- klasa, sem nefndur er kerlingarhólar. Þaðan liggur merkjastefnan eptir beinni línu, sem vísa þær þrjár vörður, er standa hver upp undan annari á mýrinni með nokkuru millibili, allar fyrir ofan þá fyrst nefndu; eptir sömu stefnu liggja merkin, er vörðunum sleppir, allt upp í háfjall. Sömuleiðis liggja merkin eptir sömu stefnu, sem vörðurnar mynda ofan til Kolbeinsdalsár, og verður merkjalínan þá utan við „klöpp“ nokkura við ána, að eins verður klöppin öll í Sviðningslandi. Ennfremur á jörðin Sviðningur frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet fyrir geldfje og stóðhross.<sup>262</sup>

Hafliði Jónsson eigandi Sviðnings skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Gunnlögi Pálmasyni er handsalaði sem eigandi Saurbæjar og Pétri Gestssyni eiganda Smiðsgerðis.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að landamerki Sviðnings séu þinglesin.<sup>263</sup>

#### 5.3.5.14 Saurbær í Kolbeinsdal

Landamerkjabréf fyrir Saurbæ var útbúið 26. maí 1887 og þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

---

<sup>260</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>261</sup> Skjal nr. 2(255). Sviðningur. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 42814).

<sup>262</sup> Skjal nr. 2(31) a-b.

<sup>263</sup> Skjal nr. 2(92).

---

Að sunnan ræður merkjum grashóll nokkur, sem nefndur er Valhóll, hann er næsti hóll fyrir sunnan Sandhól, báðir eru þeir í hlíð þeirri, er sandhlíð heitir. Úr Valhól liggja merkin beina stefnu upp í skál í fjallinu, sem heitir Merkjaskál, og eptir þeirri stefnu liggja merkin einnig úr Valhól til áar; þar skal sett merkjavarða, spölkorn frá ánni. – Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum. Að norðanverðu ræður merkjum steinn nokkur, afarstór, sem stendur fyrir sunnan og ofan „klifið“ syðra, spölkorn fyrir ofan veginn; stein þennan nefnum vjer merkjastein. Þaðan liggja merkin beina stefnu upp í hæsta tind hnjúksins, sem er milli Sviðnings-dals og Saurbæjardals; í þeim hnjúk eru „Kambar“ sem nefndir eru. – Niður frá steininum liggja merkin eptir – sömu stefnu, sem þegar var nefnd, allt til ár; á þeirri leið eru tvær merkjavörður, önnur þar sem klifið hefst að sunnan, skamt frá ánni, hin nokkru ofar. Ennfremur á Saurbær frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrejt fyrir geldfje og stóðhross.<sup>264</sup>

Gunnlaugur Pálmason eigandi Saurbæjar handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Hafliða Jónssyni eiganda Sviðnings og Sigurði Gunnlögssyni eiganda Skriðulands.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að beitiland Saurbæjar sé víðlent en erfitt sé að komast að því vegna fjarlægðar. Einnig stendur að landamerki séu þinglesin.<sup>265</sup>

### 5.3.5.15 Skriðuland

Landamerkjabréf Skriðulands var útbúið 30. maí 1885 og þinglesið 1. júní sama ár.<sup>266</sup> Það hljóðar svo:

Að norðan ræður merkjum hóll sá, er nefndur er Valhóll, sem er næsti hóll fyrir sunnan háfan mel, er heitir Sandhóll. Báðir þessir hólar eru í hlíð þeirri, er heitir Sandhlíð. Í fjallinu beint upp undan Valhól, er dálítill skál, og eru merkin beina stefnu úr Valhól í skálina, og þaðan beina stefnu upp á háfjall. Sömuleiðis eru merkin beina stefnu úr Valhól niður að Kolbeinsdalsá; þar skal sett merkjavarða. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim farvegi, sem hún nú hefur út með melunum, er byrjast út og yfir undan Skriðulandi, en er út eptir dregur lengra, skiptir áin sjer um hólma þann, er nefndur er Fremranes. Nes þetta á Skriðuland.

Að austan ræður há-fjallgarðurinn merkjum.

Að sunnan er stór lækur, sem kemur ofan af Skriðulandsdal. Sá lækur rennur sunnan við grasivaxna grund, sem er beint niður undan Skriðulandsdal, og er grund þessi engjapartur frá Skriðulandi. Þar sem lækurinn rennur í Kolbeinsdalsá eru landamerki; þaðan liggja merkin stefnu í opið á Skriðulandsgili, sem er þar út og upp undan og skulu á þeirri leið settar 2

---

<sup>264</sup> Skjal nr. 2(32) a-b.

<sup>265</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>266</sup> Skjal nr. 2(255). Skriðuland. Skag. V. 33. (db.gr.nr. 40333).

---

merkjavörður, önnur við veginn, en hin nokkru ofar. Þegar upp eptir gílinu dregur, skiptist það í 2 gil, og ræður syðra gilið merkjum, þar til því sleppir, en úr því ræður Skriðulandslækurinn merkjum til upptaka.

Ennfremur á Skriðuland frían upprekstur fyrir sauðpening og tryppi og þar að auki beit fyrir 4 hross í Kolbeinsdalsafrijet.<sup>267</sup>

Sigurður Gunnlaugsson eigandi Skriðulands skrifaði undir landmerkjabréfið. Það var samþykkt af Gunnlaugi Pálmasyni er handsalaði sem eigandi Saurbæjar og Guðrúnu Jóhannesdóttur er handsalaði sem eigandi Bjarnastaða.

#### 5.3.5.16 Bjarnastaðir í Kolbeinsdal

Landamerkjabréf fyrir Bjarnastaði í Kolbeinsdal var útbúið 25. maí 1886 og þinglesið tveimur dögum síðar. Það hljóðar svo:

Að utan ræður merkjum gil það, er nefnt er Skriðulandsgil. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, er rennur um gilið fellur í Kolbeinsdalsá. Á þeirri leið eru 2 merkjavörður, önnur hjá 4 veginum en hin nokkru ofar. Þegar upp eptir gílinu dregur, skiptist það í tvö og ræður syðra gilið merkjum svo langt, sem það nær, en úr því lækurinn til upptaka. Að vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim farvegi, sem hún nú hefir. Að sunnan ræður merkjum Heljargil. Þaðan liggja merkin beina stefnu ofan til Kolbeinsdalsár í vörðu sem stendur við ána. En er gílinu sleppir að ofan, ræður Heljará merkjum til efstu upptaka, og eiga þannig Bjarnarstaðir Heljardal allann að norðan verðu. Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Hjer að auki eiga Bjarnarstaðir frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet fyrir allan fjárpening sinn og hrossagöngu sumar og vetur án nokkurs endurgjalds.<sup>268</sup>

Guðrún Jóhannesdóttir eigandi Bjarnastaða handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Gunnlaugssyni, væntanlega fyrir hönd Skriðulands.

#### 5.3.5.17 Atlastaðir (Hnjótafjall)

Landamerkjabréf fyrir Atlastaði var útbúið 15. maí 1884 og fært í landamerkjabók en ekki liggur fyrir hvenær því var þinglýst. Það hljóðar svo:

Að sunnan ræður Skalláin merkjum til jökla móts við afrjettarlandið Hnjóta. Að norðan móts við Þorsteinsstaði er garður frá Svarfaðardalsá og upp sunnan við Þorsteinsstaðatún, og þaðan beint á fjall upp. Afrjettarlandið Hnjótar fylgja tjeðri jörðu, sem Svarfaðardalsá greinir frá Kotslandi upp til sýsluskila á Heljardalsheiði. Að norðan móts við heimaland Atlastaða ræður fyrrnefnd Skallá merkjum.<sup>269</sup>

---

<sup>267</sup> Skjal nr. 2(34) a-b.

<sup>268</sup> Skjal nr. 2(35).

<sup>269</sup> Skjal nr. 2(36) a-b.

---

Björn Sigurðsson, bóndi á Atlastöðum, skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Arngrímssyni vegna Þorsteinsstaða.

Fram kemur í Fasteignamatinu 1916-1918 að landamerki Atlastaða séu þinglesin og að engjar liggi að nokkru leyti til fjalls. Einnig stendur að jörðin eigi upprekstrarland, „Hnjótafjall“, sem Urðir eigi frían upprekstur í og að Þorsteinsstaðir eigi fría hagabeit fyrir búpening sinn að sumri í búfjárhaga Atlastaða.<sup>270</sup>

#### 5.3.5.18 Tunga í Fljótahreppi

Landamerkjabréf Tungu var útbúið 27. júní 1887 og þinglesið 1. júlí sama ár. Það hljóðar svo:

Milli Túngu og Hrings eru merkji í stóran stein, sem liggur við götuna í túninu milli bæjanna, og frá honum (steininum) beina stefnu í skurð, sem liggur í Tungubæjarlæk, og ræður lækurinn úr því merkjum til ár; tröðin ræður merkjum suður að túngarði, en þar fyrir sunnan er óskipt land. Milli Tungu og Háakots, að ofan, eru merki við túnið, og milli sömu jarða að utan eru merki í vörðu [í Stóru-Skriðu, og frá þeirri vörðu vörður]<sup>271</sup> niður við læk og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er niður við hann, frá henni beina stefnu í vörðu við Merkjady, frá því beina stefnu á Draugatópt, á þeirri leið settar 2 markvörður, og þaðan út að víkinni beina stefnu í Háakotsnes vestasta Tungukelda úr víkinni ræður merkjum austur að vörðu í árbakka frá þeirri vörðu er Háakotsland út að annari vörðu í árbakkanum frá henni bein í vestari tópt, þaðan beint á Álftadyngju, þaðan beint vestur til vatns, við Háakotsnes, og þar sett ein markvarða, út því ræður vatnið og áin merkjum út að Hvammskálum. Jörðinni fylgir ennfremur alt óskipt land tiltölulega eptir hundraðatali.<sup>272</sup>

Eigendurnir Jón Guðmundsson og Aðalsteinn Steinsson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Á. Þorleifssyni eiganda Háakots og Jóhanni Jónssyni eiganda Hrings.

#### 5.3.5.19 Hringur (hjáleiga Tungu)

Jörðin Hringur var hjáleiga Tungu. Afrétt notaði jörðin ekki. Sjá nánar kafla 5.2.4.3.

#### 5.3.5.20 Háakot (Háfakot) (hjáleiga Tungu)

Landamerkjabréf Háakots var útbúið 14. maí 1886 og þinglýst 2. júní sama ár. Það hljóðar svo:

Milli Háakots og Tungu fyrir heiman ána eru engjar, svokallaðar veitur, ofanað Tungutúni, og fyrir utan ána er Háakotsland frá vörðu á Stóruskriðu beint ofanað vörðu niður við læk, og ræður sá lækur merkjum til vörðu, sem sett er neðan við hann, frá henni beina stefnu á vörðu við merkjady og frá því,

---

<sup>270</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>271</sup> Innskot ofan línu.

<sup>272</sup> Skjal nr. 2(6) a-b.

---

beint á grjótvörðu uppá grundinni, á þeirri leið sett ein markvarða. Ennfremur tilheyrir Háakoti nes í miðjum Tungubökkum, sem byrjast að sunnan við víkina miðja og ræður varða við kelduna merkjum beint á tófti nesinu þaðan austur að vörður á árbakka, frá því er Háakotsland útað annari vörðu á árbakka, frá henni beint á vestaraholt, þaðan útá áltadyngju, þaðan beint vestur til vatns og þar sett ein mark-varða. Ennfremur tilheyrir jörðinni alt óskipt land eptir hundraðatali.<sup>273</sup>

A. Þorleifsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni umráðamanni Tungu.

## 5.4 Kolbeinsdalsafrétt

Í þeirri umfjöllun um Kolbeinsdalsafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu og raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun. Þá er fjallað um sel og upprekstur jarða í Hólahreppi samkvæmt frásögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Loks er gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

### 5.4.1 Landnám

Um landnám í Kolbeinsdal segir *Landnáma* svo:

Gróa hét dóttir Herfinns ok Höllu; hana átti Hróarr, þeira son Sleitu-Björn, er land nam fyrst á milli Grjótár ok Deildarár, áðr þeir Hjalti ok Kolbeinn kómu út; hann bjó á Sleitu-Bjarnarstöðum.<sup>274</sup>

Ennfremur hermir *Landnáma* svo um landnám á nærliggjandi svæðum:

Öndóttir kom út í Kolbeinsárósi ok kaupir land at Sleitu-Birni ofan frá Hálsgróf enum eystra megin ok út til Kolbeinsáróss, <en> enum vestra megin ofan frá læk þeim, er verðr út frá Nautabúi, ok inn til Gljúfurár, ok bjó í Viðvík.<sup>275</sup>

Sigmundur á Vestfold átti Ingibjörgu dóttur Rauðs ruggu í Naumudal, systur Þorsteins svarfaðar. Þeira son var Kolbeinn; hann fór til Íslands ok nam land á milli Grjótár ok Deildarár, Kolbeinsdal og Hjaltadal.<sup>276</sup>

### 5.4.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Hér verður gerð grein fyrir því er skjöl herma um Kolbeinsdal, einkum afrétt og afréttarnot, frá því seint á 13. öld og fram á 20. öld.

Jörundur biskup Þorsteinsson setti systraklaustur að Stað í Reyninesi með stofnskrá sem talin er frá 1295. Þar lagði hann klaustrinu til fjölda jarðeigna og kemur fram að Saurbæjarland í Kolbeinsdal skyldi leggjast til Hólastaðar fyrir biskupstúndir

---

<sup>273</sup> Skjal nr. 2(7) a-b.

<sup>274</sup> *Íslenzk fornrit* I, síðari hluti, bls. 236–237.

<sup>275</sup> *Íslenzk fornrit* I, síðari hluti, bls. 237.

<sup>276</sup> *Íslenzk fornrit* I, síðari hluti, bls. 237.

---

af þeim.<sup>277</sup> Í elsta hluta Sigurðarregisturs, frá 1525, kemur fram að Kolbeinsdalur tilheyrir Hólastól.<sup>278</sup>

Fram kemur í úttekt Hólastóls frá 2. ágúst 1628 um Kolbeinsdalsafrétt:

Anno Domini millesimo, sextentesimo, Vigesimo octavo, secunda Die Mensis Augustj, [2. ágúst 1628] Medtök Herra Þorlákur Skúlason, Valld og umsiön Höla Dömkirkju, og allra hennar Eigna J fóstu og lausu, Var honum sofelldur Reiknijngskapur giórdur, ä frijduumm penijngumm og öfrijduumm kirkiunnar, Daudumm og kuikum sem hier Seiger. [...] Suo mikid afhendt i frijduumm penijngumm Heima ä Hölum

Naut sem voru ä Unudals afriett tuæVetur og Elldrj ad tólu Lxxi, a Bæum – xxij – J Vmmbodj Sr Gysla ix – J külu Vmmbodum – iv Naut, Brande J Vydernesi feingid Biskupsenz Vegna, af Kolbeinzdalz afriett afhendt ij [...] <sup>279</sup>

Í úttekt Hólastóls frá 10. júlí 1657 er minnst á Kolbeinsstaðaafrétt. Þar segir:

In Nomine Domini

Anno Domini Millesimo Sex centesimo qvinqvagesimo septimo. Decima die mensis Julij [10. júlí 1657] medtok Herra Gijsle Thorlakzson Valld og Vmsiön Hoola Döm kyrkiu, og allra hennar eygna J fóstu og lausu. Var honum suofelldur Reykningskapur giórdur áá frijduumm peningum og ofrijduumm kyrkiunnar, Daudum og kuikum, Sem hier Seiger. [...]

Item Sagt til nauta Stadarenz a Vnudalz afriett, tuævetur og elldre ad tolu 51. J Kolbeinsdals afriett sagt til 12. J Suýnadals vmbode vijsad til 10 tuævetra og elldre. J Hórgárdals Vmbode sagt til átta. J Suarfardals Vmbodj tilsagt eitt. Hier heima og a Bæum 16. J þessu nautatale eru 12 naut Veturgómul sem stadnum tilheýra, En fyrer þaug flogur Naut Veturgómul sem Vantar eru Sett tuo Naut þrievetur.

Kalfar tilsagder 12, fimm i Kolbeinsdals afriett enn 7 ä Bæum.<sup>280</sup>

Í bréfabók Gísla biskups Þorlákssonar á Hölum er varðveitt bréf sem dagsett er 23. júní 1676 sem fjallar um afréttina í Kolbeinsdal og snertir m.a. lögfestingu Hólastóls á afréttinni. Bréfið mætti kalla aðvörunarbréf eða umvöndunarbréf<sup>281</sup> sem er beint að íbúum Viðvíkursveitar, Hjaltadals og Kolbeinsdal, vegna óleyfilegs fjárrekstrar íbúanna í Kolbeinsdalsafrétt. Bréfið er svohljóðandi:<sup>282</sup>

Seðill um afréttina í Kolbeinsdal. 1676.

Læt ég yður vita, góðir vinir og búendur í Viðvíkursveit, Hjaltadal og Kolbeinsdal, að eftir því, ég hefi látið lögfesta staðarins afrétt í Kolbeinsdal,

---

<sup>277</sup> Skjal nr. 2(125).

<sup>278</sup> Skjal nr. 2(123).

<sup>279</sup> Skjal nr. 2(177) a-b.

<sup>280</sup> Skjal nr. 2(176) a-b.

<sup>281</sup> Bréf af þessu tagi voru einnig kölluð *opin bréf*.

<sup>282</sup> Stafsetning er hér færð til nútíðar ritháttar en ekki er hróflað við orðmyndum. Kommusetning útgefanda er látin halda sér.

---

þá vil ég yður aðvarað, sem og fullkomlega tilsagt og befalað hafa, að þér og yðar heimilismenn, sem hesta, færleika eður ótemjur, hafið rekið, sleppt eður reka látið í nefnda afrétt, takið þá nú strax, sem þennan minn seðil heyrð hafið í burt úr afréttinni án alls undandráttar, utan þér bevísið yður þangað löglega tiltölu eiga, ellegar mitt eður míns ráðsmanns leyfi, hafið fyrir yður að bera, svo þér hleypið ekki framvegis sektum uppá yður. En sé þessu ekki góðmannlega gegnt, þá neyðist ég til að láta lögsækja þá sem ekki vilja að gjöra, því mér er ófært, vegna staðarins peninga, slíkan fjölda af annarra manna gripum, þar að líða, án stórs skaða og af[d]ráttar. Hér eftir megi þér vita yður að rétta.

Til merkis mitt nafn, þann 23. júní, að Hólum í Hjaltadal, anno 1676 [Gísli Þorláksson].<sup>283</sup>

Í sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar sem dagsett er 10. janúar 1843 og gefur að líta í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* segir eftirfarandi um Kolbeinsdal:

Landslagið í Hjalta- og Kolbeinsdölum er að meiri hluta þurrlegt, fjalllendi mikið, en undirlendi víða lítið. [...] Í afdölum eru allgóðir landkostir fyrir búsmala á sumrum, þótt víða séu þeir hrjóstugir og uppblásnir. Nokkur grasatekja er á þeim flestum og notuð sem færi gefst.<sup>284</sup>

Þann 13. júní árið 1881, á Viðvíkurmanntalsþingi, var þinglesið afsalsbréf fyrir Hólum í Hjaltadal með hjáleigunum Hofi og „Haganum“ svonefndum, sem og Suðurárdal Hafrafellsmegin, Kolbeins[dals]afrétt, kirkjunni „og öllum réttindum“. Afsalsbréfið var útgefið af eiganda Hóla, Benedikt Jónssyni þann 25. apríl sama ár, til handa sýslunefnd Skagafjarðarsýslu. Af þessu tilefni lýstu Viðvíkurhreppsmenn því yfir að þeir gætu ekki samþykkt skýlausa sölu á afréttinni og geymdu sér óskertan rétt til upprekstrar í hana. Þeir sögðust ítrekað hafa skorað á fyrrverandi eiganda Hóla til þess að sanna eignarrétt sinn til Kolbeinsdalsafréttar og hann ekki oðrið við þeim áskorunum.<sup>285</sup>

Dagana 5.-7. maí 1898 var haldinn aðalfundur stjórnarnefndar Búnaðarskólans á Hólum. Fundinn sátu Hermann Jónsson fulltrúi Húnavatnssýslu, Ólafur Briem fulltrúi Skagafjarðarsýslu, Guðmundur Guðmundsson fulltrúi Eyjafjarðarsýslu og Jakob Hálfánarson fulltrúi Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig sat Jósef Björnsson fundinn. Þar var tekin fyrir:

7. Sala Kolbeinsdalsaftrjettar.

Framlagt var brjef amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 23. júní f.á., er tilkynnir, að amtsráðið í Norðuramtinu hafi á fundi sínum 11.-12. s.m. samþykkt sölu á Kolbeinsdalsaftrjett fyrir 650 kr. (sbr. fundargerð

---

<sup>283</sup> Skjal nr. 2(213).

<sup>284</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 124–125.

<sup>285</sup> Skjal nr. 2(254) a-b.

---

stjórnarnefndarinnar 10.-12. maí 1897, tölul. 16). Samkvæmt fyrirskipun amtráðsins afgreiddi stjórnarnefndin afsalsbrjef fyrir afrjettinni, svohljóðandi:

Stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum kunngjörir, að hún samkvæmt fyrirskipun amtráðsins í Norðuramtinu selur og afsalar hreppsnefndunum í Hóla og Viðvíkur hreppum hina svonefndu Kolbeinsdalsafrjett, er telst 10 (tíu) hundruð úr jörðinni Hólum í Hjaltadal með þeim rjettindum og skyldum, er landi þessu fylgja að lögum, þannig að jörðin Hólar njóti alls sama rjettar og sje öllum sömu skyldum háð í tilliti til afrjettarinnar sem aðrar jarðir í nefndum hreppum, fyrir umsamið kaupverð 650 (sex hundruð og fimtíu) krónur, sem þegar er greitt að fullu.

Fyrir því eru Hóla og Viðvíkur hreppar hjeðan í frá rjettir eigendur að Kolbeinsdals afrjett með þeim ummerkjum, sem tiltekin eru í merkjalýsingu afrjettarinnar dagsettri 22. maí 1897.

Þess skal getið, að sala afrjettarinnar er bundin þeim skildaga, að eignarrjettur Hóla til hins svonefnda Hólahaga verði aldrei vefengdur af íbúum nefndra hreppa.

Til staðfestingar eru nöfn stjórnarnefndarmanna.

Á fundi að Hólum 6. dag maímánaðar 1898.

Ólafur Briem Guðm. Guðmundsson

J. Hálfðanarson Hermann Jónasson<sup>286</sup>

Landamerkjabréf fyrir Kolbeinsdalsafrétt var útbúið 31. maí og 1. júní 1898 og því var þinglýst 1. júní sama ár og er það svohljóðandi:

Merkjalýsing fyrir Kolbeinsdalsafrjett í Kolbeinsdal í Skagafjarðarsýslu eins og hún er nú hinn 31. maí 1898 eptir að Viðvíkur og Hólahreppur eru orðnir rjettir eigendur að hinn gömlu afrjett í Kolbeinsdalnum samkvæmt afsalsbrjefi frá stjórnarnefnd Hólaskóla dags. hinn 6. þ. m. á fundi að Hólum og eptir að nefndir hreppar hafa aukið hana með nær gjörvöllu Bjarnastaðalandi og all miklum hluta af Fjallslandi samkvæmt afsalsbrjefum dags. 14. júlí 1896 og 26. júlí 1896 frá forverandi eigendum tjeðra jarða. Sbr. að öðru leyti skjöl afrjettarmálsins.

Frá Tungnahryggsjökli ráða háfjöll merkjum út austan við Staðargöngur, Ingjaldsskál og Skíðadal til stóruvörðu á Heljardalsheiði, þaðan ræður háfjallgarðurinn merkjum í norður, móts við svonefnt Skriðulandsgil, er að ofan skiptist í tvö gil og ræður hið syðra gilið merkjum uns niður eptir dregur, svo að myndast eitt gil, sem þá ræður merkjum, þangað til kemur ofan í gilkjaptinn. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, sem fellur rennur um gilið, fellur í Kolbeinsdalsá, og eiga hrepparnir þannig mjög litla sneið norðan við garð þann, sem nú hefur verið hlaðinn fyrir afrjettina, og hafa því hrepparnir rjett til að færa hann lítið eitt út á við, ef þörf krefði

---

<sup>286</sup> Skjal nr. 2(298) a-b.

---

síðar. Sbr. landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bjarnastöðum í Kolbeinsdal, dags. 25. maí 1886, Nr. 67. Vestan við Kolbeinsdalsá, eða fjallsmegin, ræður garður sá merkjum, sem hlaðinn hefur verið frá Kolbeinsdalsá yfir túnfótinn og sunnanvert við túnið á Fjalli beint upp fjallið og síðan beint þaðan sem girðingin endar, uppá há-Elliða; síðan ræður há-Elliðinn, eða háfjallið merkjum til Strangalækjar á Víðinesdal. Strangilækur ræður frá merkjunum til Víðinesár, en þaðan, sem hann fellur í Víðirnesá ræður sjónhending yfir svo nefndan fremri Moshól til háfjalls. Þá ráða háfjöll merkjum þaðan vestan við Tungur og Skálar á milli þeirra og Hólabyrgðu og Hofsdals, allt fram að Tunguhryggsjökli og þá hájökullinn fyrir framan svonefndan Tunguhrygg til Staðargangnafjalls.

Vjer viljum benda á, til að fyrirbyggja misskilning síðar að í skýrslu um fund amtráðsins í Norðuramtinu hinn 11.-12. júní f. á. sem prentuð er í B deild stjórnartíðindanna næstl. ár bls. 131-132 er Kolbeinsdalsafrétt af vangá nefnd Kolbeinsstaðaafrétt, þar sem skýrt er frá samþykki amtsráðsins til að sleppa eignarhaldi hennar við Hóla og Viðvíkurhreppa fyrir um samið verð. Verði ekki þessi prentvilla leiðrjett í stjórnartíðindunum, vonum vjer að þessi leiðrjetting nægi.

Loks lýsum vjer því yfir að Hóla og Viðvíkurheppar eru hjeðan í frá rjettir eigendur að öllu afrjettarlandi því í Kolbeinsdalnum sem lýst er að framan með tilgreindum merkjum eins og oss hefur verið selt það, ítölulaust og bönnum því hjer með einnig sjerhverjum fyrr og síðar í eitt skipti fyrir öll sjerhverja notkun landsins nema eptir þeim reglum sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir og fjallskila r.g. sýslunnar setja um notkunina.<sup>287</sup>

Zóphanías Halldórsson oddviti Viðvíkurhrepps skrifaði undir landmerkjabréfið. Það gerðu einnig hreppsnefndarmennirnir Sigurður Pjetursson, Björn Illugason Magnús Ásgrímsson og S. Sölvason auk Jóns Sigurðssonar oddvita Hólahrepps. Landmerkjabréfið var samþykkt af Jóni Guðmundssyni fyrir Víðines, Jósep J. Björnssyni fyrir Háls og Jóni Sigurðssyni oddvita Hólahrepps fyrir Fjall.

Ekki er fjallað um Kolbeinsdalsafrétt í Fasteignamati 1916-1918.

Sýslumannsskrifastofan á Sauðárkróki svaraði bréfi Stjórnarráðs Íslands þann 14. febrúar 1920. Svarið var svohljóðandi:

Til andsvars fyrirspurn hins háa stjórnarráðs í brjefi dagsettu 29. desember f.á., skal tekið fram að samkvæmt upplýsingum, er jeg hefi aflað mjer, eru ekki aðrir almenningar hjer eða afrjettarlönd af þeim, er um er spurt, en hin svonefndu NÝJABÆJARÖRÆFI, austan undir Hofsjökli.<sup>288</sup>

Í riti Gunnlaugs Björnssonar um Hólastað er gefið var út árið 1957 segir svo um Kolbeinsdalsafrétt:

---

<sup>287</sup> Skjal nr. 2(54).

<sup>288</sup> Skjal nr. 2(190).

---

Skagfirðingar keyptu Hóla með Kolbeinsdalsafrétti og heimalandi öllu [árið 1881], samkvæmt fornum merkjum. Til heimalands taldist: Hóladalur, Byrða og Hagafjall með Villingadal að norðan og Héðinsdal að sunnan, Hyrunni fram til Hjaltadalsheiðar og Suðurárdalur.<sup>289</sup>

Í skrá yfir afrétti, eignarheimildir og landamerki sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu sendi nefnd sem vann að lagafrumvarpi um eignarrétt að almenningum og afréttum, þann 29. nóvember 1985 segir um Kolbeinsdalsafrétt:

Kolbeinsdalsafrétt er eign Hóla og Viðvíkurhreppa og öllum jörðum í þessum hreppum fylgir upprekstur þangað.

Um 1940 var það aftekið, að nokkrar jarðir í Hjaltadal ættu upprekstur í Hólhaga.

Upphaflega afréttin náði yfir dalabotnana. Norðast er Heljardalur, þá Skíðadalur og Kolbeinsdalur. Að norðan voru landamerki við heimaland Skriðulands og að sunnan við heimaland Fjalls.

[...] Vönduð girðing hefur nú verið sett upp á núverandi afréttarmörkum, þvert yfir dalinn.

Þessi sellönd voru í Kolbeinsdalsafrétt: Frá Hólastað Staðargögnur austan ár, Ássel frá Neðra-Ási vestan við ána. Þessi sellönd fylgja nú afréttinni og er það ágreiningslaust.<sup>290</sup>

Félagsmálaráðuneytið spurðist fyrir um upprekstrarrétt sveitarfélaga og fl. þar að lútandi með bréfi til sveitarfélaga á Íslandi, dagsettu 20. febrúar, árið 1989. Oddviti Viðvíkurhrepps, Bjarni Maronsson, svaraði bréfi ráðuneytisins 15. desember sama ár. Í svari Bjarna kemur fram að íbúar sveitarfélagsins eigi afrétt; Kolbeinsdalsafrétt. Merkjalýsing fylgir svari Bjarna, nánar tiltekið vélritað afrit af landamerkjabréfi fyrir Kolbeinsdalsafrétt er útbúið var 31. maí og 1. júní 1898. Í svari Bjarna kemur enn fremur fram að jarðirnar Skriðuland, hluti Unastaða og sá hluti Fjalls er áður var í einkaeign hafi verið lagðar undir afréttinn. Fram kemur að íbúar Hólahrepps eigi upprekstrarrétt í Kolbeinsdalsafrétt. Að lokum kemur fram í svari Bjarna að Kolbeinsdalsafréttur sé innan marka Hólahrepps og að um það sé ekki deilt.<sup>291</sup>

Kolbeinsdalsafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir sauðfé og hross að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbyggðanefnd.

#### **5.4.3 Um selstöðu jarða í Hólahreppi samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709**

Hér fylgir samantekt á því sem segir um selstöðu jarða í Hólahrepp samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709.

---

<sup>289</sup> Gunnlaugur Björnsson, *Hólastaður*, bls. 133.

<sup>290</sup> Skjal nr. 4(251).

<sup>291</sup> Skjal nr. 4(249).

---

Um selstöðu Hrafnstaða árið 1709 hermir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi:

Selstöðu eigna menn jörðunni í stólsins landi þar sem heitir hrynínshólar fyrir framan Hofsa á Villíngadal, og sjást þar tóttaleifar, sem kallaðar eru Hrafnstaðasel. Það hefur þó ekki brúkast í manna minni. Menn segja að stóllinn beit hafi átt í Hrafnstaðaland um vetur hjer í mót, hverigt þeta hefur að lögum til gerða komið.<sup>292</sup>

Um selstöðu Hóla í Hjaltadal segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi árið 1709:

[...] selstöðu fram á Hjaltadal fyrir stólsins ásauð þar sem heitir Sauðasel fyrir framan Hjeðinsá.<sup>293</sup>

Um selstöðu Efri Áss segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi árið 1709:

Selstöðu eigna menn jörðunni á Víðirnesdal, þar sem heitir Ássel; aðrir ætla það hafi lán verið og ekki skyldueign, og hefur í margt ár ekki brúkast.<sup>294</sup>

Um selstöðu Neðri Áss segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi árið 1709:

Selstaða er jörðunni eignuð fram á Kolbeinsdal, þar sem heitir Ássel.<sup>295</sup>

Um selstöðu Saurbæjar í Kolbeinsdal segir í jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu eftirfarandi árið 1709:

Hjáleigugrey var hjer eitt í tvö ár alleina, það sem nú er selstaðan. Ekki vita menn hvað afgjaldið var, ætla þó lítið verið hafa.<sup>296</sup>

Í sýslu- og sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar sem dagsett er 10. janúar 1843 og gefur að líta í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* segir eftirfarandi um selstöður frá Hólum á tíðum biskupanna:

Á tíðum biskupanna voru selstöður notaðar frá Hólum fyrir kýr í afréttinni á Nautaseli, en ásauð á Sauðaseli í Héðinsdalsmynni og beitarhús höfð uppi fyrir gelding á Garðshúsi í miðjum Hólahaga, hvar nú [þ.e. árið 1843] er fjárrétt nýbyggð.<sup>297</sup>

Þá segir í sömu heimild um eyðijarðir í Hólaafrétt:

Í Hólaafrétt eru taldar þessar eyðijarðir: Ytri- og Syðri-Heljará, Bygghóll, seinast byggður árið 1826, þá land hans var lagt til rífkunar afréttinni og

---

<sup>292</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, IX, bls. 214-215.

<sup>293</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 218.

<sup>294</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 220-221.

<sup>295</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 221-222.

<sup>296</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 225.

<sup>297</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873, bls. 127.

---

Ingjaldsá; en í Hólahaga: Herpisgerði, Grænutóftir og fleiri óþekktanlegar. Heima eru og gerði tvö, er svo heita: Kollugerði og Geitagerði.<sup>298</sup>

#### 5.4.4 Upprekstur jarða í Hólahreppi samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709

Árið 1709 á Hólastóll allar jarðir í Hólahreppi samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu frá sama ári.<sup>299</sup>

Um afréttarlönd Hólastóls kemur eftirfarandi fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709:

Þessa afrjetti á stóllinn, sem hann brúkar fyrir sitt kvikfje sumar og vetur hjer nálægt: Hjaltadalur, óbyggt land fram af sveitinni. Hjeðinsdalur gengur til austurs út af Hjaltadal. Hagafjallið liggur millum Hjeðinsdals og Villíngadals. Villíngadalur liggur í landsuður af Hjaltadal. Víðirnessdalur hálfur, það sem veit til fjallsins Hólabyrðu. Hólaafrjett sem gengur fram af Kolbeinsdal. Öll þessi lönd brúkar staðurinn árlega fyrir sitt kvikfje, hesta og gelding og selstöðu fram á Hjaltadal fyrir stólsins ásaud þar sem heitir Sauðasel fyrir framan Hjeðinsá.<sup>300</sup>

Aðeins þrjár jarðir í Hólahreppi áttu ekki upprekstur á Hólaafrétt samkvæmt jarðabókinni yfir Skagafjarðarsýslu árið 1709. Þessar jarðir voru Smiðsgerði þá fallin í eyði, Reykir og Hrafnstaðir.<sup>301</sup>

Hólastóll átti allar jarðir í Hólahreppi árið 1709. Verður nú getið um upprekstur einstakra jarða í Hólahreppi árið 1709 með þeim hætti að fyrst er getið um heiti jarðar eða jarða og því næst vitnað til þess sem segir orðrétt um upprekstur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu; Garðakot „[g]eldfjár upprekstur hefur jörðin þó með leyfi biskupsins þar sem heitir Hólaafrjett fram úr Kolbeinsdal“<sup>302</sup>, Skúfstaðir „[u]pprekstur á Hólastaðar afrjett fyrir bón og leyfi ut supra“<sup>303</sup>, Ingveldarstaðir, Nautabú, Kjarvalsstaðir, Kálfsstaðir, Hrafnhóll og Hvammur „[u]pprekstur ut supra“<sup>304</sup>, Víðirnes „[u]pprekstur ut supra“<sup>305</sup>, Efri Ás „[u]pprekstur í staðarins afrjett ut supra“<sup>306</sup>, Neðri Ás „[u]pprekstur ut supra“<sup>307</sup>, Unastaðir og Fjall „[u]pprekstur á afrjettina ut supra“<sup>308</sup>, Bjarnastaðir [í Kolbeinsdal]

---

<sup>298</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 127.

<sup>299</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 211-228.

<sup>300</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. bls. 218.

<sup>301</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. bls. 214-215, 216-217, 226.

<sup>302</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. bls. 211.

<sup>303</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. bls. 211-212.

<sup>304</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. bls. 212-216.

<sup>305</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 219-220.

<sup>306</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. bls. 220-221.

<sup>307</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. bls. 221-222.

<sup>308</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 222-223.

---

„[u]pprekstur ut supra“<sup>309</sup>, Skriðuland og Saurbær „[u]pprekstur á afrjett ut supra“<sup>310</sup> og loks Sviðningur og Sleitistaðir „[u]pprekstur ut supra.“<sup>311</sup>

Í sömu heimild segir svo um upprekstur Svaðastaða í Viðvíkurhreppi, er þá var í eigu Hólastóls:

Upprekstur hjeðan á Hólastaðar afrjett, sem liggur fram af Kolbeinsdal, fyrir utan toll.<sup>312</sup>

#### 5.4.5 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Nánar tiltekið er þar um að ræða Bygghól, Hnjótafjall og Vífilsstaðafjall, Skíðadalsafrétt, Bjarnastaði, Fjall, Víðines, Hóla, Baugasel, Kot, Sveinsstaði og Kónsstaði. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi og landamerki.

##### 5.4.5.1 Bygghóll

Bygghól er að finna í ráðsmannsreikningum Hólastóls um bygging á jörðum staðarins frá 1388.<sup>313</sup>

Jarðarinnar Bygghóls er ekki getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1709.

Bygghóls er ekki getið í jarðamati 1804.

Á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 21. júní 1819, ræddi séra Gísli á Hólum um nauðsyn til réttargjörðar fyrir sóknarfólk. Sýslumaður bendir á að hver sóknarmanna sé skyldugur til hleðslu lögréttar sinnar. Nokkrar umræður sköpuðust um málið og sagðist Björn nokkur álíta að Hólaafrétt ætti ekki að vera dregin undan sér eða öðrum í tilliti til fullkominnar brúkunnar. Sýslumaður vísaði því máli frá sér þar sem hann væri málsaðili, en áleit hvorki Hólaafrétt svokallaða, né Bygghól sem heimajarðarland, frammar en annarra jarða.<sup>314</sup>

Á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 19. apríl 1826, var spurt hvort menn vissu um skilmála þá sem sálugur Thorarensen tilskyldi sér þegar hann fékk Hóla. Hvort með hafa fylgt stofan, afréttin, Drangey og hvort hann hafi byggt einhverjum Bygghólsreit. Ekki bar öllum saman.<sup>315</sup>

Í sýslu- og sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar sem dagsett er 10. janúar 1843 og gefur að líta í *Sýslu- og sóknarlýsingum Skagafjarðarsýslu* er Bygghóll talinn á meðal eyðijarða í Hólafrétt. Um Bygghól og land hans segir:

---

<sup>309</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 223-224.

<sup>310</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 224-225.

<sup>311</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 226-228.

<sup>312</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX, bls. 199-200.

<sup>313</sup> Skjal nr. 2(118).

<sup>314</sup> Skjal nr. 2(38) a-b.

<sup>315</sup> Skjal nr. 2(23) a-b.

---

Í Hólaafrétt eru taldar þessar eyðijarðir: Ytri- og Syðri-Heljará, Bygghóll, seinast byggður árið 1826, þá land hans var lagt til rífkunar afréttinni og Ingjaldsá; en í Hólahaga: Herpisgerði, Grænútóftir og fleiri óþekktanlegar. Heima eru og gerði tvö, er svo heita: Kollugerði og Geitagerði.<sup>316</sup>

Bygghóll er enn í eyði 6 árum síðar en minnst er á eyðihjáleiguna Bygghól með Flugumýri í Skagafirði í jarðamatinu 1849.<sup>317</sup>

Á áreiðarþingi að Bjarnastöðum í Kolbeinsdal í Hólahreppi, 10. júlí 1865, var fyrirtekin, eftir ósk prófastsins séra Benedikts Vigfússonar á Hólum, áreiðar- og skoðunargjörð á Hólaafrétti í Kolbeinsdal. Áreiðarmenn lögðu af stað frá Bjarnastöðum og er leið þeirra lýst nákvæmlega, upptalin landamerki jarða og eyðibýla. Bæir eða örnefni sem komu sérstaklega til skoðunar voru: Bygghólsreitur eða Bygghóll, Heljará, Nautasel/Kúasel (selstaða frá Hólastað), Ingjaldsá, Staðargöngur (upprekstrarland Hólastóls), Fjallsland (selland Neðra Áss). Fyrir áreiðarmönnum lá að skera úr um hvað teljast megi land eyðijarðanna Heljarár, Bygghóls og Ingjaldsár og Nautaselsins frá Hólum, ennfremur að ákvarða ítölu búfjár á afréttinum og mörk afréttarins. Einnig rætt um fyrirstöður við byggðar jarðir til að verjast ágangi af afréttinum.<sup>318</sup>

Áreiðar- og skoðunargjörð sú sem að ofan getur hljóðar svo í heild sinni:

Ar 1865 mánudaginn 10. dag Júlímánaðar var sýslumaðurinn í Skagafjarðar sýslu staddur að Bjarnastöðum í Kolbeinsdal, ásamt 4 útnefndum mönnum, fyrrverandi hreppstjórum Birni Þórðarsyni á Skála, Sigmundi Pálssyni á Ljótssstöðum, Páli Þórðarsyni á Syðri Brekkum og Olafi Olafssyni á Réttarholli til þess eptir ósk Prófasts S<sup>na</sup> Benedikts Vigfússonar á Hólum í bréfi frá 3. f.m. að fyrirtaka

Áreiðar og skoðunargjörð á Hóla afrétt í Kolbeinsdal

Bréfið var framlagt og áteiknað (þannig hljóðandi)

Var áreiðar og skoðunargjörðin byrjuð hiá Bjarnastöðum í Kolbeinsdal og þá fyrst riðið framfyrir Kaldá að Heljará og svo fram Bygghólsreit, þá yfir Skíðadalsá og fram að Ingjaldsá. Þess er að geta, að í Heljaráreyrum er grashólmi með beitarhúsum frá Bjarnastöðum og rennur áin nú fyrir utan hólman, en annar farvegur eldri er fyrir sunnan hólman beint úr gljúfrum og er það því álit áreiðarmanna að hólmi þessi heyrir undir Bjarnastaði en ekki undir Bygghólsreit, sem nú er nefndur frá Heljarárgljúfri fram að Skíðadalsá, en Bygghóllin sjálfur eða eiðijörð þessi hefir tekið nafn af er miklu nær Skíðadalsá. Hvað eiðijörðina Heljará snertir, þá varð ekki vísað á hvar bærin hefði staðið og gátu áreiðarmennirnir því ekki látið í ljósi neitt álit um landeign tjeðrar eiðijarðar út af fyrir sig, enda sýnist það ekki standa á neinu, þar sem sitt virðist fullvíst að Heljárland hafi verið við ána og Bygghólsland

---

<sup>316</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 127.

<sup>317</sup> Skjal nr. 2(88).

<sup>318</sup> Skjal nr. 2(43) a-b.

---

hafi náð fram að Skíðadalsá og líklegast uppí dalsbotn. En rjett fyrir framan Skíðadalsá sjást girðingar og byggingar aurmál þar sem enn heitir Nauta- (eður Kúa)-selstaða hvar nauta eður Kúa selstaða hvað hafa verið höfð frá Hólastað.

Nautaselshólar eru þar fram af, síðan svonefndar Ingjaldsmýrar fram undir Ingjaldsá, er rennur ofan úr svonefndri Ingjaldsskál og mun eiðijörðin Ingjaldsá hafa staðið á því svæði, þó menn nú gætu ekki fundið þar bæjarstæðið eða byggingar aurmál, en fyrir framan Ingjaldsá liggja Staðargaungur, er Prófasturinn tjáir verið hafa sjerstakt upprekstarland Hólastaðar eins og nafnið bendi til og liggja þær fram í dalsbotn austan Tungnahryggjar. En fremur er þess að geta að sunnan Kolbeinsdalsár, fyrir framan Fjallsland er Selland jarðarinnar Neðraáss og sjást Seltóptirnar þar á grasnefi nokkru, en fyrir framan Selland þetta eru Almenningshólar og þar uppaf Almenningsháls fram að Lambárskálum. Á milli Lambárhjúks, sem er þar fyrir framan og Túngnahryggjar liggur svonefndur Vesturdalur í suðurátt, en Austurdalur fyrir austan Túngnahrygg og er það botnin af ádurnefndum Staðargaungum.

Áhrærandi spurningar þær er Hólaeigandi hefir óskað um atkvæðis áreiðarmanna, þá er því svarað að framan hvað álitast meigi land eiðijarðanna Heljarár, Bygghóls og Ingjaldsár sem og Nautaselsins frá Hólum, en hvað snertir ítölu í Afrjettina, þá treystast þeir ekki til að ákveða hana nákvæmlega, öðruvísi en svo, að til þess að hún sje ekki ofsett eptir fjárfjölda í Viðvíkur hrepp og þeirra bæa í Hólahrepp er þángað hafa rekið fje sitt undan farin ár, og með þeirri trippatölu sem ákveðin er í politirjettar samningi frá 16 Apríl 1856 sje nauðsynlegt að láta Afrjettinni fylgja hinn svonefnda Bygghólsreit og að fyrirstöðugarður sje hlaðin frá Heljarárgljúfri ofaní Kolbeinsdalsá og frá henni uppí mel að vestanverðu hjerumbil 700 faðma lángrur, til þess að komast hjá rekstrum og áreið í Afrjettinni, eins og þeir líka álíta æskilegt að fyrirstöðugarður væri hlaðin fyrir utan gljúfrin upp með gili sem þar er, ef Prófasturinn, sem einnig á Bjarnastaði vildi leyfa það.

Að því leiti Prófasturinn hefur óskað álits um nákvæma niðurskipun á lambarekstrum einkum með tilliti til þess að stemt verði stígi fyrir ágáng úr Afrjettinni, virðist áreiðarmönnum að þar sem byggðar jarðir eru báðumegin árinna til fyrirstöðu, þá muni sættast við ágáginum yfir Almenningsháls og jafnvel báðumegin Elliðans, er þó mundi nokkuð tálmast að norðan verðu, ef öflugur vörslugarður yrði hlaðin yfir Kolbeinsdalin eins og að framan er ávikið, og er það því álit þeirra að þar sem 2 Sveitir eiga upprekstur í Afrjettina, mundi hentugast að Viðvíkurhrepps menn sækju norðan og austan árinna, en til að gjöra nákvæma skipun á í hvert pláts reka skuli frá hverjum bæ, ætlum vjer best eiga við að hreppsmenn komi sjer saman um það á fundi, eða þá kjósi nefnd manna, til þess að gjöra þá skipun, og að öðru leiti virðist oss vel til fallið að stöðug nefnd sje komin úr báðum hreppunum til þess að hafa eptirlit á öllu því, er heyrir til góðrar reglu á Afrjettinni.

---

Þess er að geta, að við áreiðargjörð þessa voru viðstaddir auk Prófestsins hreppstjórnarnir í Hóla og Viðvíkur hreppum Ásgrímur Arnason á Neðraási og Björn Petursson á Hofstöðum. Skoðunargjörðin var þannig bókuð dagin eftir heima á Hólum.

E. Briem S. Pálsson, P. Þórðarson, O. Olafsson, B. Þórðarson.<sup>319</sup>

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir jörðina Bygghól.

Ekki er minnst á Bygghól í Fasteignamati Skagafjarðar 1916-1918.

#### 5.4.5.2 Hnjótafjall og Vífilsstaðir

Í fyrra bindi *Svarfdælinga* eftir Stefán Aðalsteinsson sem útgefið var árið 1976, segir svo um Vífilsstaðaland:

Í þingabók frá 1813 er þess getið að Páll Ólafsson hafi keypt Vífilsstaðaland af konungsveldinu. Þau kaup hafa líklega gengið til baka, því þarna hefur um langt skeið verið almenningsafréttur. Sést þó enn fyrir húsaskipan og túngarði á Vífilsstöðum.<sup>320</sup>

Dómabók sú sem Stefán Aðalsteinsson vísar til segir svo frá þessum kaupum:

Anno 1813, þann 21<sup>sta</sup> Maii, ad Völlum í Svarfadardal, setti og heldt Sekreteri og Sýslumadr Briem eitt almenniligt Kongsbrefalesturs og Manntalsþing med þingvottunum [...] Þetta Uppbod fyrirtekid sem fylgir [...]

2. Kot án qvílda og án Vífilstada, uppá hvörja Jord Forpagtari og Hreppstíóri Msr. Jón Sigurdsson á Boggversstodum baud 242, ad hvorju Bodi Leigulidinn ecki gekk. Þarnæst uppbudust Vífilstadir einsamlir, so sem Eidijörd; hvar uppá hædsta Bod vard 80<sup>f</sup> ad hvoriu Leigulidinn á Koti ecki gengr, enn þetta Bod giordi Páll Olafsson Búandi á Skúfstöðum í Hialtadal. Aptur var Kot med Vífilsstöðum uppbodid tilsaman, og vard þar uppá hædst bodid ádr Leigulidinn var adspurdr 324<sup>f</sup>, og þá hann var adspurdr og hann ad sama Bodi géck, uppbaudst þetta til 335<sup>f</sup>, sem og svo var Leigulidans á Koti bod, og þar ej hærra baudst, naut hann Tilslags uppá Bodid, uppá Approbution Rentukammersins. 2 med Kote fylgiandi qvíldi, uppbudust her næst og vard hædsta Bod þar uppá 50<sup>f</sup> sem var Leigulidans á Koti Gudmundar Jonssonar, hvar uppá hann naut Tilslags.<sup>321</sup>

Í landamerkjabréfi jarðarinnar Atlastaða, dags. 15. mars 1884, segir svo:

Að sunnan ræður Skalláin merkjum til jökla á móts við afrjettarlandið Hnjóta. Að norðan móts við Þorsteinsstaði er garður frá Svarfaðardalsá og upp sunnan við Þorsteinsstaðatún, og þaðan beint á fjall upp. Afrjettarlandið Hnjótar fylgja téðri jörðu, sem Svarfaðardalsá greinir frá Kotslandi upp til sýsluskila á Heljardalsheiði. Að norðan móts við heimaland Atlastaða ræður fyrrnefnd Skallá merkjum.

---

<sup>319</sup> Skjal nr. 2(218).

<sup>320</sup> Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* I, bls. 380.

<sup>321</sup> Skjal nr. 2(253) a-b.

---

Sjá nánar kafla 5.2. í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd.

### 5.4.5.3 Skíðadalsafrétt

Sjá kafla 5.3. í máli nr. 1/2009.

### 5.4.5.4 Bjarnastaðir í Hólahreppi

Bjarnastöðum í Kolbeinsdal bregður hugsanlega fyrir í ráðsmannsreikningum yfir jarðir Hólastóls frá árunum 1388-1389 og í skrá um kúgildi frá 1449.<sup>322</sup> Hér gæti þó verið um Bjarnastaði í Akrahreppi að ræða. Jörðin er talin upp á meðal eigna Hólastóls í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525.<sup>323</sup> Bjarnastaði er einnig að finna í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup Arason frá fallinn sem tekin var saman 25. desember 1550.<sup>324</sup> Loks er Bjarnastaða getið í reikningum Hólastóls frá 1569-1570.<sup>325</sup>

Jörðin Bjarnastaðir í Kolbeinsdal var í eigu Hólastóls árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var tekin, en jarðardýrleiki óviss. Henni tilheyrir eyðibýlið Kaldárkot. Um upprekstur segir í jarðabókinni:

Upprekstur ut supra.<sup>326</sup>

Bjarnastaðir eiga þá væntanlega upprekstur á einhvern af afréttum Hólastaðar.<sup>327</sup>

Afrétta er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804.<sup>328</sup>

Jörðin Bjarnastaðir [í Kolbeinsdal], er á meðal seldra jarða Hólastóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að jörðin hafi verið seld á 337 ríkisdali og 32 skildinga.<sup>329</sup> Fyrsta greiðsla fór fram árið 1807 en lokagreiðsla árið 1813.<sup>330</sup>

Bjarnastaðir hafa hrísrif til heimilisþarfa samkvæmt jarðamatinu 1849.<sup>331</sup>

Landamerkjabréf fyrir Bjarnastaði í Kolbeinsdal var útbúið 25. maí 1886 og þinglesið tveimur dögum síðar. Það hljóðar svo:

Að utan ræður merkjum gil það, er nefnt er Skriðulandsgil. Þaðan eru merkin beina stefnu ofan þangað sem lækurinn, er rennur um gilið fellur í Kolbeinsdalsá. Á þeirri leið eru 2 merkjavörður, önnur hjá þ veginum en hin nokkru ofar. Þegar upp eftir gilinu dregur, skiptist það í tvö og ræður syðra gilið merkjum svo langt, sem það nær, en úr því lækurinn til upptaka. Að

---

<sup>322</sup> Skjöl nr. 2(118), 2(127) og 2(116).

<sup>323</sup> Skjal nr. 2(123).

<sup>324</sup> Skjal nr. 2(115).

<sup>325</sup> Skjöl nr. 2(114) og 2(134).

<sup>326</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 223-224.

<sup>327</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 218.

<sup>328</sup> Skjal nr. 2(82).

<sup>329</sup> Skjal nr. 4(215).

<sup>330</sup> Gísli Magnússon „Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802“, *Skagfirðingabók V*, bls. 136.

<sup>331</sup> Skjal nr. 2(87).

---

vestan ræður Kolbeinsdalsá merkjum eptir þeim farvegi, sem hún nú hefir. Að sunnan ræður merkjum Heljargil. Þaðan liggja merkin beina stefnu ofan til Kolbeinsdalsár í vörðu sem stendur við ána. En er gílinu sleppir að ofan, ræður Heljará merkjum til efstu upptaka, og eiga þannig Bjarnarstaðir Heljardal allann að norðan verðu. Að austan ræður háfjallgarðurinn merkjum. Hjer að auki eiga Bjarnarstaðir frían upprekstur í Kolbeinsdalsafrijet fyrir allan fjárpening sinn og hrossagöngu sumar og vetur án nokkurs endurgjalds.<sup>332</sup>

Guðrún Jóhannesdóttir eigandi Bjarnastaða handsalaði landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Gunnlaugssyni, væntanlega fyrir hönd Skriðulands.

Ekki er minnst á Bjarnastaði í Kolbeinsdal (Hólahreppi) í Fasteignamati Skagafjarðar 1916-1918.

Í ritinu *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953*, þriðja hefti frá árinu 1956, er Bjarnastöðum í Kolbeinsdal lýst svo:

Bjarnarstaðir voru áður fremsti bær í Kolbeinsdal. Þar þrengist dalurinn og undirlendi verður lítið. Jörðin átti land fram að Heljará, og voru þar beitarhús fram við ána og nefnd Bjarnastaðasel. Fyrir framan Heljará tók við afréttarland Hólastaðar.<sup>333</sup>

Þá segir einnig í sömu heimild:

Árið 1845 fær Benedikt próf. Vigfússon Bjarnastaði í makaskiptum hjá Arnljóti á Gunnsteinsstöðum. Gekk jörðin síðan, að prófasti látnumk, til Jóns sonar hans, en hann seldi hana Jóni Tómassyni bónda þar, eyfirzkum manni. Þegar ekkja Jóns Tómassonar fór til Vesturheims árið 1887, seldi hún Bjarnastaði Jósep J. Björnssyni skólastjóra, síðar alþ.m., sem fluttist þangað búferlum það ár. Seldi hann svo jörðina nokkru síðar Hóla- og Viðvíkurhreppi, og var hún þá lögð til afréttar. Hefur staðið óbreytt svo óbreytt síðan [þ.e. til ársins 1956].<sup>334</sup>

#### 5.4.5.5 Fjall í Kolbeinsdal

Fjall er fært til bókar í ráðsmannsreikningum yfir jarðir Hólastóls frá árunum 1388-1389 og í skrá um kúgildi frá 1449.<sup>335</sup> Jörðina er einnig að finna í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup Arason frá fallinn sem tekin var saman 25. desember 1550.<sup>336</sup> Loks er Fjalls getið í reikningum Hólastóls frá 1569-1570.<sup>337</sup>

Fjall er sagt 40 hundruð að dýrleika í skrá um eignir Hóladómkirkju og Hólastóls eftir Jón biskup Arason fráfallinn sem dagsett er 25. desember 1550.<sup>338</sup>

---

<sup>332</sup> Skjal nr. 2(35).

<sup>333</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953* III, bls. 94.

<sup>334</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1953* III, bls. 94.

<sup>335</sup> Skjal nr. 2(118), 2(127) og 2(116).

<sup>336</sup> Skjal nr. 2(115).

<sup>337</sup> Skjal nr. 2(114) og 2(134).

<sup>338</sup> Skjal nr. 2(115).

---

Jörðin Fjall var í eigu Hólastóls árið 1709 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var rituð, en jarðardýrleiki óviss. Um upprekstur segir í jarðabókinni: Upprekstur á afréttina ut supra.<sup>339</sup> Fjall á þá væntanlega upprekstur á einhvern af afréttum Hólastaðar, sbr. umfjöllun um Unastaði.

Afrétta er ekki sérstaklega getið í jarðamatinu 1804.<sup>340</sup>

Jörðin Fjall [í Kolbeinsdal], er á meðal seldra jarða Hólastóls, samkvæmt jarðatali Jóns Johnsen frá árinu 1847. Þar segir að jörðin hafi verið seld á 87 ríkisdali og 32 skildinga.<sup>341</sup> Fyrsta greiðsla fór fram árið 1807 en lokagreiðsla árið 1812.<sup>342</sup>

Á aukþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 18. júní 1823, kallaði yfirfaktor B. Benediktsson til eignar á Hólaafrétt, sem eignarmaður Hóla. Fyrir milligöngu secretera V. Thorarensen hefur verið gengið frá sátt við Viðvíkurhreppsmenn. Hólahreppsmönnum hefur nú verið stefnt fyrir upprekstur á Hólaafrétt. Hinir stefndu eru taldir upp. B. Benediktsson fer fram á að þeir greiði tollgjald fyrir notkun afréttarinnar. Sátt: Hólahreppsmenn lofa að gjalda lamb af rekstri, en toll af 10 og 3 fj. fyrir hvert trippi, sem þeir reka í afréttina, til þóknunar Hólaeiganda, án umtals um eignarrétt afréttarinnar, en fyrir hreinsun hennar þegar hún er uppbyrjuð af Hólaeiganda, og ef Bygghólsreitsbyggð er burt tekin, en það getur í fyrsta lagi orðið að ári. Til friðar lofa Viðvíkurhreppsmenn að bæta 1 fiski við trippatollinn, auk þess sem áður var áður lofað, og til að vinna Hólahreppsmönnum til jafnaðar, og sýslumaðurinn að eftirgefa þingjald, fái hann ferðakostnað. Skilmálar inngangast af bændum frá þeim tíma, sem reiturinn er óbyggður gjör en eru ógildir án þess og annarrar forsvaranlegrar hreinsunar afréttarinnar. Skilmálarnir skulu standa um aldur og ævi, en Hólaeigandi setji mann að gera reikning fyrir tollinum og heimta. Viðvíkur- og Hólahreppsmenn undirgangast þennan skilmála, þeir einir undanskildir sem ekki nota afréttina. Tollurinn hækkar ekki og sá sem innheimtir greiði tveimur mönnum fyrirstöðutoll, þ.e. á Bjarnastöðum og Fjalli. Utansveitarmönnum bannað að reka á afréttina, þá verður hún ofsett.<sup>343</sup>

Á lögregluþingi að Hólum í Hjaltadal, 14. febrúar 1855, var tekin fyrir umkvörtun, dags. 22. des. 1854, frá nokkrum búendum í Viðvíkurhreppi vegna fjárreksturs á Kolbeinsdalsafrétt sl. sumar. Páll Þórðarson hreppstjóri úr Hofstaðaseli mætti fyrir þeirra hönd. Bændurnir Eiríkur Sveinsson á Víðinesi, Jón Tómasson á Nýabæ og Friðfinnur Friðfinnsson á Fjalli mættu f.h. Hólahreppsmanna. Kannast við að hafa rekið um 300 afréttarfjár á svonefndan Tungnahrygg sl. sumar en telja að féð hafi dreift sér þaðan í afréttina. Ætluðu ekki að valda óskunda heldur einungis að verja heimalönd sín og lofa að gæta meiri varúðar framvegis. Páll Þórðarson og Friðrik

---

<sup>339</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 222-223.

<sup>340</sup> Skjal nr. 2(83).

<sup>341</sup> Skjal nr. 4(215).

<sup>342</sup> Gísli Magnússon, „Sala Hólastólsjarða í Skagafirði 1802“, *Skagfirðingabók V*, bls. 136.

<sup>343</sup> Skjal nr. 2(46) a-b.

---

Níelsson hreppstjóri Hólahrepps lofuðu sömuleiðis að stuðla að því að innbúar hreppanna reki fé framvegis sem haganlegast og skikkanlegast í afréttina.<sup>344</sup>

Landamerkjum Fjalls var þinglýst 27. maí 1886:

Milli Unastaða og Fjalls ræður merkjum að neðan lækur, sem nefndur er Baululækur og rennur í Kolbeinsdals-á, úr þeim læk í Miðsteinku (eða gömlu vörðu), og þaðan beint úr henni upp á hálsinn. Þar sett markvarða, milli Fjalls og Neðra-ás Sellands – ræður merkjum, rauður steinn er stendur móti heljargili og úr honum stefna beint til fjallseggjar að neðan ræður Kolbeinsdalsá eða hennar elsti farvegur. – Ábúendur lofa að fjölga vörðum við ytri og syðri merki á beinni línu.<sup>345</sup>

Jóhannes Þorkelsson eigandi Fjalls skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sveini Sveinssyni eiganda Unastaða og Neðraáss.

Afsalsbréfi Hreppsnefndarinnar í Viðvíkurhreppi var þinglýst til handa Hólahreppi, fyrir eignarhluta Viðvíkurhrepps í Fjalli. Það var gert á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi, 22. maí 1897.<sup>346</sup>

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að þriðjungur jarðarinnar Fjalls hafi verið lagður undir Kolbeinsdalsafrétt sem eigendur jarðarinnar nýti gegn gjaldi. Einnig stendur að landamerki hennar séu þinglesin.<sup>347</sup>

#### 5.4.5.6 Víðines (Víðirnes)

Landamerkjabréfi Víðirness í Hólahreppi var þinglýst á manntalsþingi að Viðvík þann 27. maí 1886 og fært inn í landamerkjabók Skagafjarðarsýslu. Landamerkjabréfið er svohljóðandi:

Að vestan ræður merkjum Hjaltadals-á, Að norðan ræður merkjum varða fáa faðma frá Hjaltadalsá frá henni bein stefna í Dý, sem er skammt fyrir ofan Brekku-Kotssýki og þaðan í Miðstekk, og svo þaðan bein stefna uppá há-ás, sett mark varða við Miðstekk og á holti hjá nefndu Dýi. Að austan eru merkin eptir há-ásnum stefna á há-Elliða og eptir honum fram til Strangalækjar í Víðirnesdal eptir þeim læk til Víðirnes-ár, síðan ræður hún merkjum þar til gilið þrýtur og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár. Brekku-Kot á þriðjung beitilands á Víðirnesdal og allt út að fyrgreindum merkjum milli Víðirness og Brekkukots.<sup>348</sup>

Jón Antonsson eigandi Víðirness og Unastaða skrifar undir landamerkjabréfið. Grímur Pjetursson eigandi Brekkukots skrifar undir fyrir sína hönd og Jósef J. Björnsson skólastjóri fyrir hönd Hóla.

---

<sup>344</sup> Skjal nr. 2(45) a-b.

<sup>345</sup> Skjal nr. 2(44) a-b.

<sup>346</sup> Skjal nr. 2(255). Fjall. Skag. V. 36. (db.gr.nr. 39040).

<sup>347</sup> Skjal nr. 2(92).

<sup>348</sup> Skjal nr. 2(42) a-b.

---

#### 5.4.5.7 Hólar í Hjaltadal

Landamerkjabréf fyrir Hóla var útbúið þann 20. maí 1890 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða, þaðan suður hæstu brúnir gegnt upptökum Strangalækjar á Viðinesdal, þá með Strangalæk þartil hann fellur í Viðinesá. Síðan ræður Viðinesá merkjum þartil gilið þrýtur, og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár gegnt miðju Tíðaskarði.

Að austan og norðan ráða hæstu fjallabrúnir fyrir ofan botna á Heljardal, Skíðadal og Inggjaldskál. Þá Tungna- hryggsjökull og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan Hóladalsbotn, Hólabyrðu, Villingadalsbotn, Hólahaga, Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu.

Að sunnan ráða hæstu fjallseggjar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal. Að vestan ráða merkjum hæstu fjallahryggir að vestanverðu við Suðurárdal norður að Sveigsskál og þaðan þvert niður í Stóragrjót, sem liggur skammt fyrir sunnan það, er Suðurá rennur í Hjaltadalsá, þá með Suðurá þartil hún fellur í Hjaltadalsána. Úr því ræður Hjaltadalsá merkjum eptir sínum efstu og beinustu farvegum norður að því, sem fyr segir um Viðinesá. En frá Hrafnhólslandi sunnanverðu og norður undir Hrappstaði liggur áin fast við vesturbrekkur. Enn í beina stefnu niður af Hrappstaðabæ eru elstu farvegir hennar 75 föðmum fyrir austan melbakkann og svo norður eyrar beina stefnu vestan við Lambamó. Bjarnastaðir og Fjall eiga frían upprekstr fyrir fje í Hólaafrijet í Kolbeinsdal.<sup>349</sup>

Hermann Jónasson umráðandi Hóla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni eiganda Viðiness, Árna Ásgrímssyni eiganda Kálfsstaða og Jóh. Þorfinnssyni eiganda Reykja. Í landamerkjalyðingunni stendur einnig:

[Aths. Björn bóndi Pjetursson á Hofstöðum mótmælti ofanritaðri skrá fyrir Hólum í umboð nokkra bænda í Viðvíkr og Hólahreppmum, að því er snertir hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal & Kolbeinsdal, vottar J. Ólasson.]<sup>350</sup>

Heimildir benda ekki til annars en að samfelld búseta hafi verið á Hólum frá því að jarðarinnar er fyrst getið. Í afsals- og veðmálabókum kemur fram að eptir gerð landamerkjabréfsins hefur jörðin framselst með hefðbundnum hætti.

#### 5.4.5.8 Baugasel

Landamerkjabréf fyrir Baugasel var útbúið 23. apríl 1884. Ekki er tekið fram að því sé þinglýst. Það hljóðar svo:

---

<sup>349</sup> Skjal nr. 2(47) a-b.

<sup>350</sup> Viðbætur neðanmáls.

---

Að neðan og sunnan ræður til móts við Þúfnavelli Barká frá upptökum hennar.

Að utan til móts við Fjeeggstaði ræður lækur og kelda niður frá Fjallshaus til Barkár.

Ítak í landi jarðarinnar:

Möðruvellir í Hörgárdal eiga fyrir heimaþje upprekstur á Barkárdal fyrir innan Baugasel.

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Síðan skrifar hann:

Að jörðum þeim, er að landeign Baugasels liggja, er sami eigandi, sem að Baugaseli nefnil. landsjóðurinn.<sup>351</sup>

#### 5.4.5.9 Kot í Svarfaðardal

Landamerkjabréf fyrir Kot var útbúið 26. maí 1883 og því þinglýst þremur dögum síðar. Er landamerkjum Kots lýst sem hér segir:

Að utan ræður til móts við Skeið forn farvegur Vatnsdalsár neðan frá Svarfaðardalsá beint uppí Vatnsdalsárgil, en síðan Vatnsdalsáin fram til jökla. - Að vestan ræður Svarfaðardalsá til fremstu upptaka á Heljardalsheiði og að suðvestan takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.<sup>352</sup>

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Síðan skrifar Einar:

Að Skeiði er sami eigandi, sem að Koti, svo samþykkis á landamerkjum þar á milli gjörist eigi þörf.

Á manntalsþingi að Völlum í Svarfaðardal, 29. maí 1883, voru þinglesin landamerki Kots í Svarfaðardal og var þeim í engu mótmælt.

Fram kemur í Fasteignamatinu 1916-1918 að Koti „fylgi dálítið afréttarland“.<sup>353</sup>

#### 5.4.5.10 Sveinsstaðir í Skíðadal

Landamerkjabréf fyrir Sveinsstöðum er ódagsett en þinglesið 29. maí 1883:

Skýrsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju [...]

Merkjum að sunnan ræður Vesturáin frá Skíðdalsá fram til jökla, og aðgreinir nefnd Vesturá Sveinstaðaland frá svokölluðum Stafnstungum.

Að norðan eru merki haldin í svonefnda ~~Rauð~~ Rauðukeldu, sem er skammt utar en gegnt Gljúfrárgili, ræður nefnd Rauðakelda beinni stefnu frá Skíðadalsá upp engið og síðan rjettlínis á merkjahaus og á fjall upp, þannig eru merki haldin nú og að greina Svein staðaland frá Gljúfrárkotsparti.

---

<sup>351</sup> Skjal nr. 2(48) a-b.

<sup>352</sup> Skjal nr. 2(52) a-b.

<sup>353</sup> Skjal nr. 2(93).

---

Ath. Ábúandi Sveinstaða fram ber þá munnmælasögu, að Sveinstaðamerki hafi verið til forna dálítið norður, en þau eru nú haldin. En fyrir beit frá Sveinstöðum ljeðu Gljúfrárkot, lítil spilda utan við Rauðukeldu til slægna, sem nú fylgir hinum svokallaða Gljúfrárkotsparti.<sup>354</sup>

#### 5.4.5.11 Kónsstaðir í Skíðadal

Landamerkjalyising Kónsstaða var útbúin 5. maí 1883. Þar segir svo:

Skýrsla um landamerki einsog þau nú eru haldin á byggðum jörðum og afrjetti í Skíðadal, sem er eign Vallakirkju [...]

##### 6. Kónsstaðir

Þar ráða merki að sunnan, sömu sem nefnd eru við Hverhól að norðan, sem er garður frá Skíðadalsá, og sunnan við Merkishól, síðan rjettsýnis á fjall upp.

Að norðan ræður Þveráin merkjum frá Skíðdalsá fram til Jökla.

H. Guttormsson prestur skrifaði undir landamerkjabréfið. Þar fyrir aftan skrifar Einar Ásmundsson:

Þessari landamerkjalyisingu er jeg samþykkur við jörðina No. 6 [Kónsstaðir], að því er Þverá í Skíðdal snertir.<sup>355</sup>

### 5.5 Silfrastaðaafrétt

Í þeirri umfjöllun um Silfrastaðaafrétt sem hér fer á eftir verður greint frá því sem elstu ritheimildir hafa að segja um landnám á svæðinu og raktar heimildir um nýtingu, réttindi og afmörkun. Þá er fjallað um Hálfánartungur og Krossland og loks gerð grein fyrir aðliggjandi og tengdum landsvæðum. Tímaröð er fylgt að mestu.

#### 5.5.1 Landnám

Eftir frásögn Landnámu var eitt stærsta landnám á Íslandi í Skagafirði. Er það eignað Eiríki Hróaldssyni en hann nam land frá Gilá [Gljúfurá] um Goðdali alla og ofan til Norðurár.<sup>356</sup> Bjó hann að Hofi í Goðdölum. Annar landnámsmaður í firðinum var Önundur vís er nam land upp frá Merkgili, en eystra dal allt fyrir austan. Síðan segir *Landnáma*:

En þá er Eiríkr vildi til fara at nema dalinn allan alt fyrir vestan þá felldi Önundur blótspán til, at hann skyldi verða vís, hvern tíma Eiríkr mundi til fara at nema dalinn, ok varð þa Önundur skjótari ok skaut yfir ána með tundröru ok helgaði sér svá land fyrir vestan ok bjó milli á.<sup>357</sup>

---

<sup>354</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>355</sup> Skjal nr. 2(53).

<sup>356</sup> *Íslenzk fornrit I*, síðari hluti, bls. 231.

<sup>357</sup> *Íslenzk fornrit I*, síðari hluti, bls. 231 og 233-234. (Sturlubók). Önundur hefur numið Austurdal, a.m.k. austan Jökulsár og e.t.v. einnig vestan ár, ef treysta má sögn Landnámu sem virðist nokkuð þjóðsagnakennd. Sjá *Íslenzk fornrit I*, síðari hluti, bls. 234. (Sturlubók).

---

Einnig mun maður að nafni Tungu-Kári hafa numið land í Skagafirði. Landnám hans var á milli Norðurár og Merkigils og settist Kári að í Flatatungu. Í *Landnámu* segir: „Frá honum eru Silfrstæðingar komnir“<sup>358</sup>.

Annar landnámsmaður í firðinum var Þorbrandur örrek. Nam hann land upp frá Bólstaðará Silfrastaðahlíð alla og Norðurárdal allan fyrir norðan. Við hann er kennd Örreksheiði<sup>359</sup> upp frá Hökustöðum. Þorbrandur bjó að Þorbrandsstöðum.<sup>360</sup>

Um landnám á Silfrastöðum segir *Landnáma* svo:

Þorbrandr örrek nam upp frá Bólstaðará Silfrastaðahlíð alla ok Norðrárdal allan fyrir norðan ok bjó á Þorbrandsstöðum ok lét gera eldhús svá mikit, at allir þeir menn, er þeim megin fóru, skyldu þar bera klyfjar í gegnum ok öllum matr heimill. Við hann er kennd Örreksheiðr upp frá Hökustöðum. Hann er enn göfgasti maðr ok enn kynstærsti.<sup>361</sup>

### 5.5.2 Nýting, réttindi og afmörkun

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1713 kemur fram að Silfrastaðakirkja eigi tvo afrétti á Öxnadalsheiði og Hörgárdalsheiði. Er frásögn jarðabókarinnar á þann veg sem hér hermir:

Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. Útigangur fyrir sauðfje á vetur næsta því óbilandi, nema voveiflegir áfæðar eður lognsnjóar byrgi. [...]

Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfu Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnan verða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki gemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkigili.

Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi; er nú kolgjörð keypt.<sup>362</sup>

Í kaflanum um Silfrastaði í jarðabókinni yfir Akraþingsókn í Skagafjarðarsýslu árið 1713 kemur fram að Blönduhlíðarmenn eigi geldfjár- og lambaupprekstur á Silfrastaðafrétt fyrir toll til Silfrastaðabónða. Þar segir svo:

---

<sup>358</sup> *Íslensk fornrit* I, síðari hluti, bls. 234.

<sup>359</sup> Jakob Benediktsson taldi Öreksheiði sennilega hið sama og Hörgárdalsheiði.

<sup>360</sup> *Íslensk fornrit* I, síðari hluti, bls 234. (Sturlubók). Talið er að landnámsjörðin Þorbrandsstaðir sé sami bær og nefndur hefur verið Ytri-Kot síðustu tvær aldirnar. Samkvæmt þessu hefur landnám Þorbrands náð neðan frá Bóluá upp um Norðurárdal norðan Norðurár, yfir lönd Silfrastaða, Ytri-Kota og Fremri-Kota. Hjalti Pálsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* IV-Akrahreppur. Sauðárkrókur. 2007, bls. 421.

<sup>361</sup> *Íslensk fornrit* I, síðari hluti, bls. 234.

<sup>362</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150-151.

---

[...] [G]eldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastaðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki kemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkgili.<sup>363</sup>

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Akraþingsókn í Skagafjarðarsýslu árið 1713 hermir að nokkrar jarðir hafi átt tollfrían upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Í kaflanum um Fremrikot segir að „[u]pprekestur í Silfrastaða afrjett er hjer tollaus“<sup>364</sup> og um upprekstur Krákugerðis segir „[u]pprekestur á Silfrastaða afrjett tollfrí“ í sömu heimild.<sup>365</sup> Um upprekstrarétt Egilsár á Silfrastaðaafrétt segir jarðabókin eftirfarandi:

Ekki rekur ábúandi [Egilsár] geldfje á Silfrastaða afrjett, enn þótt þeir eigi það frjálst fyrir toll ut supra.<sup>366</sup>

Jarðabókin yfir Akraþingsókn í Skagafjarðarsýslu árið 1713 greinir að fjöldi jarða hafi átt upprekstur á Silfrastaðaafrétt fyrir toll. Neðrakot átti upprekstur á Silfrastaðaafrétt fyrir toll að því er virðist.<sup>367</sup> Um Tyrfingsstaði segir „[u]pprekestur á Silfrastaða afrjett fyrir toll ut supra, stundum á Egilsdal fyrir toll ut supra“<sup>368</sup>, Kelduland átti „[u]pprekestur á Silfrastaða land ut supra“<sup>369</sup> og Uppsalar áttu „[f]járupprekstur á Silfrastaða afrjett fyrir toll.“<sup>370</sup> Í jarðabókinni er getið sérstaklega um svokallaðar Varðatóftir í túni Uppsala. Þar segir svo um þær:

Vardatopter hjer í túninu, þar sem fátækur húsgángsmaður sat að um vetur, og átti hjer í landinu ær nokkrar, sem þó gengur oftar í Silfrastaðalandi. Það ætla menn þessi Þorvarður hafi galdið eitthvað til heimabónda fyrir hagabeit og húsaleigu, en hvert það verið hafi meir eður minna, vita menn ekki.<sup>371</sup>

Kúskerpi átti „[u]pprekestur á Silfrastaða afrjett ut supra“<sup>372</sup>, Sólheimar áttu „[u]pprekestur í Silfrastaða afrjett ut supra“<sup>373</sup>, Miðsitja átti „[u]pprekestur ut supra á Silfrastaðaafrétt“<sup>374</sup>, Hella átti „[u]pprekestur [á Silfrastaðaafrétt] ut supra“<sup>375</sup>, Víðivellir áttu „[u]pprekestur á Silfrastaðaafrétt fyrir toll ut supra“<sup>376</sup> og Vaglar áttu „[u]pprekestur á Silfrastaðaafrétt ut supra.“<sup>377</sup> Þá atti jörðin Þorleifsstaðir

---

<sup>363</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 151.

<sup>364</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 153.

<sup>365</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 154.

<sup>366</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 155.

<sup>367</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 151, 152.

<sup>368</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 158.

<sup>369</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 159.

<sup>370</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 167.

<sup>371</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 167.

<sup>372</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 168.

<sup>373</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 170.

<sup>374</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 171.

<sup>375</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 172.

<sup>376</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 173.

<sup>377</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 176.

---

„[l]ambaupprekstur [á Silfrastaðaafrétt] ut supra“<sup>378</sup> sem og Minni-Akrar<sup>379</sup> og Litli-Dalur.<sup>380</sup>

Um Flatatungu (og þar með Tungukot) segir að jörðin eigi hálfan Egilsdal „sem stundum brúkast fyrir afrjett sem sagt er um Egilsá.“<sup>381</sup> Um upprekstur Flatatungu á Silfrastaðaafrétt hermir jarðabókin eftirfarandi:

Geldfjár upprekstur í Silfrastaða afrjett fyrir toll brúkast ei.<sup>382</sup>

Jörðin Úlfsstaðir átti lambaupprekstur í Silfrastaðaland gegn mótaki samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þar segir:

Munnmæli segja að þessi jörð eigi lambaupprekstur í Silfrastaðaland og komi þar á móti móskurður í þessarar jarðar landi.<sup>383</sup>

Þá segir jarðabókin eftirfarandi um Upprekestur Úlfsstaða:

Upprekestur á Silfrastaða afrjett ut supra.<sup>384</sup>

Kúskerpi átti rétt til skógarhöggs í landi Silfrastaða, samkvæmt jarðabókinni. Þar segir:

So segja munnmæli að þessi jörð hafi átt skógarhögg meðan hann entist, og síðan hrísrif á Öxnadalshéiði í Silfrastaðalandi, þar sem heitir Kúskerpishvammur, en Silfrastaðir skuli þar í mót átt hafa móskurð í Kúskerpisland. En ei framkoma hjer skilmerkari rök fyrir þessu.<sup>385</sup>

Í jarðabókinni segir frá 9 jörðum er hafi átt upprekstur á Silfrastaðaafrétt, sem hafi lagst af vegna landþrengsla á afréttinni. Þessar jarðir voru Ystagrund, Frostastaðir, Hjaltastaðahvammur, Hjaltastaðakot, Hjaltastaðir, Bjarnastaðir, Flugumýrarhvammur, Flugumýri og Réttarholt.<sup>386</sup> Um þær segir svo:

Hjer er að athuga um allar framanskriafaðar 9 jarðir, að upprekstur hefur til forna frá þeim brúkaður verið á Silfrastaða afrjett, so sem frá öðrum áður skrifuðum jörðum. Er nú þessi upprekstur ekki brúkaður af áðurnefndum 9 jörðum í manna minni, sem af skyldi lagst hafa fyrir landþröng afrjettarinnar.<sup>387</sup>

Ekki verður neitt ráðið af Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um upprekstur jarðanna Miðgrundar (Kirkjugrundar, Hauksgrundar), Syðstugrundar (Róðugrundar) og Djúpadals (Djúpárdals). Hinar tvær fyrstöldu voru í eigu Hólastóls

---

<sup>378</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 177.

<sup>379</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 182.

<sup>380</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 182.

<sup>381</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 157.

<sup>382</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 157.

<sup>383</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 169.

<sup>384</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 169.

<sup>385</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 168.

<sup>386</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 185-191.

<sup>387</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, bls. 191.

---

en Djúpidalur var bóndaeign. Dýrleiki Djúpadals var 60 hundrað sem og dýrleiki Miðgrundar en dýrleiki Syðstugrundar var 24 hundruð.<sup>388</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 3. maí 1730, var upplesinn dómur Jóns Sigurðssonar lögmanns, dagsettur að Syðri-Ökrum í Blönduhlíð, þann 27. sept. 1611, áhrærandi Silfrastaðaafrétt; um lambarekstur þangað og tilsagði sýslumaðurinn íbúum hreppsins að lifa eftir dómsins innihaldi, bæði um lambatolla og rekstur. Þetta skjal sagt vera eftirrit af kálfskinnsbréfi. Sömu leiðis var upplesið annað eftirrit áhrærandi 12 manna áreið á nefnda Silfrastaðarétt, með víðara sem þessi skjöl útvísa og hér fyrir réttinum uppáskrifast. Nefnt áreiðarbréf er dagsett að Silfrastöðum, 14. sept. 1656.<sup>389</sup>

Á manntalsþingi í Skagafjarðarsýslu þann 13. apríl 1736, var upplesið skjal viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt. Að því loknu voru þeir sem þar áttu skylduafrétt áminntir um að brúka afréttina löglega ellegar mæta frekara tiltali síðar.<sup>390</sup>

Á héraðsþingi að Stóru-Ökrum í Blönduhlíðarhreppi, 1. maí 1739, var upplesin lögfesta klausturhaldarans Hans Scheving frá 29. apríl sama ár, fyrir Silfrastöðum, Krákugerði, Efri- [Fremri] og Neðri-Kotum, sem og allri afréttinni Silfrastöðum. Sýslumaðurinn færði frammar í tal um lambarekstur í afréttina að eftir þingdóm gengnum hér á stað þann 3. maí 1738 og guldu því allir hlutaðeigandi bændur. Bændur lofuðu fyrir réttinum að standa við téðan þingdóm, tilskiljandi að afrétturinn hreinsaður yrði og réttin hlaðin.<sup>391</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1743, var Silfrastaðaafrétt lögfest og allir þeir aðvaraðir sem skyldurekstur í hana áttu að halda uppi lögskilum, bæði til rekstrar og gangna.<sup>392</sup>

Í jarðamatinu 1804 kemur fram að leiguliði Silfrastaða fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi. Þar segir:

For græsgang paa en Jorden tilhørende Afret oppebær Leilændingen omtrent 6 rd. aarlig. Udmarken Elvebrud underkastet.<sup>393</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 12. júní árið 1819, bannaði Jón Erlendsson hreppstjóri, leyfislausan nauta- og hrossarekstur á Silfrastaðaafrétt.<sup>394</sup>

Í sóknarlýsingu Miklabæjarprestakalls sem dagsett er 13. febrúar 1840 segir eftirfarandi um Silfrastaðaafrétt:

Afréttarlönd eru afdalir og heiðar, allavega út úr Norðurárdalnum og tilheyra Silfrastöðum. Þangað reka flestir úr sóknunum, ásamt Flugumýrarsókn, hver

---

<sup>388</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, bls. 183-185.

<sup>389</sup> Skjöl nr. 2(227) a-b og 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 02. (db.gr.nr. 27362).

<sup>390</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26740).

<sup>391</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26988).

<sup>392</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 29754).

<sup>393</sup> Skjal nr. 2(84).

<sup>394</sup> Skjal nr. 2(242).

---

eð næst liggur á norðursíðuna. Allir rétta þeir við Valagilsá, hvar réttirnar standa og halda eru, þá 22 vikur er af sumri.<sup>395</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggi víðlend og landgóð afrétt sem meiri hluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi. Þar segir svo:

Undir jörðina Silfrastaði liggur víðlend og landgóð afrjett sem brúkuð er til upprekstrar fyrir meiri hluta Akrahrepps á móti borgun. Afrjett þessa meta matsmenn ígildi 12 hundraða.<sup>396</sup>

Í sömu heimild kemur fram að Víðivellir og Miklibær eigi til helminga landspart í Silfrastaðaafrétt sem kallaður er Krossland.<sup>397</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 28. maí 1862, var upplestin lögfesta fyrir jörðinni Silfrúnarstöðum og Silfrúnarstaðaafrétti, er dagsett var 27. maí sama ár.<sup>398</sup> Á manntalsþinginu var áminnt um að reka öll trippi til afréttar ekki seinna en um fardaga. Var ákveðið og samþykkt að þeir sem rækja til Silfrúnarstaðaafréttar, skyldu sýna trippin á Silfrúnarstöðum um leið og þeir fara framhjá og gjöra grein fyrir hvað mörg væru frá hverjum bæ. Einnig var trippatollurinn ákveðinn og einnig ákveðið að helmingur hans færi til Silfrúnarstaða, en hinn helmingurinn til Jónasar bónda Sigurðssonar á Fremrikotum sem hafði tekið að sér að vera fyrirstöðumaður. Sigurður Jónatansson á Víðivöllum geymdi sér rétt til að láta álíta hvort hið svonefnda Krossland, sem tilheyrir Víðivöllum og Miklabæ, sé ekki svo mikið að þar megi reka upp fleiri trippi en frá þessum jörðum.<sup>399</sup>

Á manntalsþingi 7. júní árið 1864, var samið um að Jónas bóndi Sigurðsson á Fremrikotum tæki að sér fyrirstöðu fyrir trippum á Silfrastaðaafrétt fyrir 18 ríkisdali en hreppstjóri P. Þórðarson, stúdent A. Arason og bóndi Ólafur Ólafsson á Réttarholti tóku að sér að sjá um og ábyrgjast að Jónas fengi sitt af hinum viðtekna trippatelli.<sup>400</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 31. maí 1871, var upplestin lögfesta Arnljóts Ólafssonar prests á Bægisá og Þorsteins Daníelssonar á Yxnadalsheiði að norðan til Kallbaksár og Grjótár.

Páll Þórðarson hreppstjóri mótmælti lögfestunni með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafrétt, er var þinglesin ári fyrr, með ummerkjum til Kallbaksár og þvert yfir, og með báðum Grjótárdölum.<sup>401</sup>

Á manntalsþingi 2. júní árið 1880, var þinglesin áskorun Jóns Guðmundssonar bónda á Silfrastöðum dagsett frá deginum áður til þeirra er ráku trippi á

---

<sup>395</sup> *Sýslu- og sóknarlýsingar Skagafjarðarsýslu 1839–1873*, bls. 100.

<sup>396</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>397</sup> Sjá nánar í kafla 5.4.4.

<sup>398</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 23. (db.gr.nr. 42279).

<sup>399</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 23. (db.gr.nr. 42294).

<sup>400</sup> Skjal nr. 2(248).

<sup>401</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 29. (db.gr.nr. 30489).

---

Silfrastaðaafrétt og ekki áttu ítök í henni, um að segja honum til trippatölnunnar, með því hann myndi ganga rækilega eftir trippatolli framvegis.<sup>402</sup>

Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða [frá því um 1882] segir eftirfarandi:

Jeg og fleyri ályta eingvann vafa á því að öll bíli í Akrahrepp frá Kýrfisá fram að Norður á hafi rjett til uppreksturs (almenning) á Silfrastaða afrjetti fyrir fulla borgun og að jarðirnar í sameiningu Miklibær og Vyðivellir eigi svo nefnt Krossland innan tjeðs afrjettis; sem upprekstrarland fyrir fje og hross þeirra án borgunar; nema fyrir stóðatoll, helst, að norðann.

Og enn fremur hafa jarðirnar Syðri brekkur, Axlarhagi, Frostastaðir, Hjaltastaðir, Djúpidalr, Hoskulsstaðir og Uppsalar með skilmálabréfi, tekið á leigu fyrir 30 kr árgjald bylið Hálfánartungur sem er innan afrjettarlandsins; til uppreksturs einungis fyrir Sauðfje þeirra, Þessar 7 jarðir vyrðist meiga ályta eins og aðrar Blónduhlyðar jarðir skildar að gjalda fulla hreppatolla að Silfrastoðum. En þar sem jeg er með 6. grein Biggingarbréfs míns, skildugur til að hafa löglega umsjón á Afrjettinum, svo sem Refaeyðing með fleyru, og kalla tolla að fullu fyrir haga og fyrir töðu, á fje, og hrossum, að undan teknum fyrirtjeðum jörðum, sem og líka Ytri kotum, Fremri kotum, og Krókárgerði, sem nú hafa eins og stendur gjaldfryan Upprekstur;

Þá verð jeg að ályta, eins og hingað til hefur verið og viðgengist, að öll hin ónefndu byli; eða ábúendur þeirra inna tjeðra takmarka í Akrahreppi sjeu skild að gjalda, sanngjarna fjár og trippatolla.

En efni og erindi bréfs þessa er af því vaxið að allflestir hafa tregðast með gjald á tollum [...]<sup>403</sup>

Máli sínu til frekari stuðnings lætur bréfritari fylgja með bréf frá 25. maí 1848 en í því kvartar ábúandi Silfrastaða yfir slæmri innheimtu afréttartolla og óskar eftir betri háttum þeirra sem málinu tengjast. Í bréfinu kemur ennfremur eftirfarandi fram um upprekstur á Silfrastaðaafrétt:

Svo verð eg að géta þess; að eingin af þeim er upprekstur nota á Silfra staða afrétt má hér eptir reka fe, eða stóð á svo kallað Land nema hann hafi þar til leifi þess, er því landi á að ráða, því þessi landspartur heyrir ekki Silfra stöðum til.<sup>404</sup>

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.

---

<sup>402</sup> Skjal nr. 2(249).

<sup>403</sup> Skjal nr. 4(164).

<sup>404</sup> Skjal nr. 4(164).

---

Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskrifuð landamerkjalyking tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlök 1886.<sup>405</sup>

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju.

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 kemur fram að heimajörðinni Silfrastöðum fylgi Silfrastaðaafrétt, sem jafnframt sé upprekstrarland Ytrikota, Fremrikota, Krókárgerðis, Víðivalla og Miklabæjar og sem jafnframt séu lausar við að gjalda afréttartoll. Í sama byggingarbréfi kemur fram að Axlarhagi, Frostastaðir, Hjaltastaðir, Djúpidalur, Uppsalar, Höskuldsstaðir og Syðribrekkur hafi haft Hálfánartungnaland á leigu til upprekstrar fyrir sauðfé.<sup>406</sup>

Mótmæli bárust þann 10. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalykingu þeirri sem rangri á móts við tjeða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnstöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur yfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir og fyrir bjóðum vjer hjermeð alla brúkun á tjeðum landsparti nema með voru fullkomna leyfi, og lýsum vjer hjermeð að yfir því að vjer munum nota umrædda landeign vora eins hjér eptir sem hingað til, og eigi sleppa tjeðu landi úr eigu vorri, nema sannað verði hið gagnstæða með dómi.<sup>407</sup>

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælalabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 kemur eftirfarandi fram um afréttartolla og upprekstur jarða á Silfrastaðaafrétt:

Heimajörðinni Silfrastöðum fylgir Silfrastaðaafrjett, sem er upprekstrarland jarðanna No 168 - 186 og 197 - 213 í jarðabókinni frá 1861. Af þessum jörðum eru No 182 - 185 og 201 - 202 (Silfrastaðir, Ytrikot, Fremrikot, Krókárgerði, Víðivellir, Miklibær) lausar við að gjalda afrjettartoll, og ábúendur jarðanna No 170 - 172, 176, 181, 204 og 212 (Axlarhaga, Frostastaða, Hjaltastaða, Djúpadals, Uppsala, Höskuldsstaða, Syðribrekkna), er hafa leigt Hálfánartungnaland til upprekstrar fyrir sauðfje, svara fjártollinum beinlínis til umráðamanns. Að öðru leyti, eru allir þeir, er upprekstur nota á afrjettina, skyldir að greiða ábúanda Silfrastaða afrjettartoll samkvæmt lögum og landsvenju, bæði fyrir sauðfje og tryppi. En aptur á móti

---

<sup>405</sup> Skjal nr. 2(68) a-b.

<sup>406</sup> Sjá nánar í kafla 5.5.5.

<sup>407</sup> Skjal nr. 2(57).

---

ber leiguliða á sinn kostnað að annast grenjaleitir og dýravinnslu á afrjettinn eptir þeim reglum, sem þarum gilda.<sup>408</sup>

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár. Í því kemur fram að Krossland liggja innan ummerkja Silfrastaðaafreittar og tilheyri Miklabæ og Víðivöllum. Einnig kemur fram að Miklibær og Víðivellir eigi hrossa- og nautaupprekstur en Stóru-Akrar geldneytaupprekstur. Í landamerkjabréfinu segir svo frá þessu:

Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrejt liggja Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. [...] Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrejt, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrejtina.<sup>409</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 1. júní 1892, var þinglesin yfirlýsing Steingríms Jónssonar á Silfrastöðum, viðvíkjandi Silfrastaðaafreitt, sem dagsett var 10. mars 1892. Var þessari yfirlýsingu Steingríms mótmælt af hlutaðeigendum. Ekkert kemur fram um efni yfirlýsingarinnar.<sup>410</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir* segir svo um upprekstur á Silfrastaðaafreitt í kjölfar þess að Silfrastaðabóndi seldi upprekstrarfélagi Akrahrepps alla afreittina með Hálfánartungum og Krókárgerði:

Þegar sveitarfélagið hafði eignast afreittina, hættu þeir, sem áttu upprekstur þangað, að greiða afreittartoll fyrir sauðfé sitt og hross, en það urðu allflestir að gera, á meðan afreittin var í einstaklingseign.<sup>411</sup>

Í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781–1953*, frá árinu 1956, segir svo um sölu Silfrastaðabónda á Silfrastaðaafreitt árið 1895:

Silfrastaðaafreitt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afreittina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfánartungum og Krókárgerði.<sup>412</sup>

Um ástæður þær er hvíldu að baki sölu Silfrastaðaafreittar árið 1898 segir svo í *Bygðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007:

Steingrímur Jónsson var enginn stórefnamaður er hann keypti Silfrastaði 1891. Árið 1896 varð hann að byggja nýja kirkju og til að standa í greiðsluskilum tók hann þann kost að selja sveitarfélaginu afreittina fyrir 2500 krónur og losna þannig undan 2300 krónu skuld er hann var í við Marenu Lárusdóttur. Var afreittin metin til 15 hundraða á landsvísu en með í kaupinu

---

<sup>408</sup> Skjal nr. 4(163).

<sup>409</sup> Skjal nr. 4(172).

<sup>410</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafreitt. Skag. V. 35. (db.gr.nr. 37351).

<sup>411</sup> *Göngur og réttir* II, bls. 284.

<sup>412</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1953* III, bls. 27–28.

---

fylgdu hjáleigurnar Hálfánartungur og Krókárgerði. Samtals 25,7 hundrað. Kaupsamningurinn var gerður á Silfrastöðum 6. nóvember 1898.<sup>413</sup>

Ýmsir gjörningar sem vörðuðu Silfrastaðaafrétt fóru fram á manntalsþingi sem haldið var á Stóru-Ökrum í Akrahreppi þann 25. maí, 1899. Þar var þinglesið afsalsbréf fyrir Silfrastaðaafrétt til hreppsnefndarinnar í Akrahreppi. Afsalsbréfið var dagsett 6. nóvember 1898, og var útgefið af Steingrími Jónssyni á Silfrastöðum.<sup>414</sup> Á sama þingi var þinglesin yfirlýsing um að nokkrar jarðir í Akrahreppi, nefnilega Frostastaðir og Ysta-Grund, Réttarholt, Þverá, Höskuldsstaðir og Kúskerpi, hefðu keypt sér gjaldfrían upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Sú yfirlýsing var dagsett 1. nóvember 1898.<sup>415</sup> Á þessu sama þingi var loks þinglesin yfirlýsing Björns Péturssonar á Hofsstöðum sem hafði að geyma bann hans á öllu kaupi og sölu á Silfrastaðaafrétt, sem skert gæti rétt eignarjarða hans, Syðri-Brekkna, 3/4 úr Ytri-Brekkum og 1/2 Dýrfinnustöðum.<sup>416</sup>

Fram kemur í kaflanum um Silfrastaði í fasteignamati 1916-1918 að jörðin eigi frían upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Einnig stendur að undan jörðinni hafi verið seldar Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur.<sup>417</sup>

Í sömu heimild kemur fram að Djúpidalur hafi upprekstur á sitt eigið land í Djúpadal og þess utan á Silfrastaðaafrétt. Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að Brekkukot, Höskuldsstaðir, Miklibær, Ytrikot og Fremrikot eigi upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Þá kemur fram að Víðivellir eigi einnig upprekstur í Silfrastaðaafrétt og að talið sé að jörðin eigi að auki selför þangað.<sup>418</sup>

Stjórnarráð Íslands sendi öllum sýslumönnum landsins bréf 29. desember 1919. Þar var þeim tilkynnt að vegna þingsályktunar um rétt ríkisins til vatnsorku í „almenningum“ frá 27. september beri þeim að skila skýrslu við fyrsta tækifæri um svæði í sýslum þeirra sem teljast vera „almenningar“ og um „afreittarlönd“ sem ekki sannanlega hafa tilheyrt eða tilheyri nú nokkru lögbýli.<sup>419</sup>

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu svaraði bréfi Stjórnarráðsins 27. september 1920. Þar kemur m.a. fram að hann sendi með bréf hreppstjórans í Öxnahreppi. Segist hann hafa borið svör hans saman við landamerkjabók sýslunnar og virðist þau rétt.<sup>420</sup>

Eftirfarandi kemur fram í bréfi hreppstjórans sem dagsett er 25. febrúar 1920:

[...] Hér í hreppi er einn afreittur sem nefnist almenningur, þar sem ýmsir jarðarumráðendur telja jörðunum frían upprekstur, en sem sveitarstjórnin hefir nú undir umsjón. Afréttur þessi liggur framaf byggðinni í Öxnadal, eru

---

<sup>413</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 411.

<sup>414</sup> Skjal nr. 9(2), sbr. einnig skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42063).

<sup>415</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42065).

<sup>416</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42066).

<sup>417</sup> Skjal nr. 2(94).

<sup>418</sup> Sjá nánar í kafla 5.5.5.

<sup>419</sup> Skjal nr. 2(173).

<sup>420</sup> Skjal nr. 2(174).

---

því upptök Öxnadalsár í almenningsbotni. Hún er vatnslítill í afréttinni og engir teljandi fossar þar. [...]

Til ath. Hygg að allar afréttur fram af Öxnad. hafi áður fyrr verið almenningar, samanb. máldaga fyrir Bægisárkirkju [...]<sup>421</sup>

Í ritinu *Göngur og réttir* frá árinu 1949 kemur fram að um 40 jarðir eigi upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Þar segir svo:

Aðalafrétt meira hluta Akrahrepps er Silfrastaðaafrétt. Eiga þangað upprekstur allar jarðir í Blönduhlíð, frá hreppamörkum Akra- og Viðvíkurhrepps fram að Norðurá, og auk þess Norðurárdalur allur nema Egilsá. Eru þetta um fjörutíu jarðir, en þær níu jarðir, sem eru framan Norðurár, eiga upprekstur á Egilsdal, Bakkadal og Nýjabæjarafrétt.<sup>422</sup>

Um eign og vörslu Silfrastaðaafréttar segir svo ritinu *Göngur og réttir* árið 1949:

Silfrastaðir hafa jafnan verið stórbýli, og mun svo hafa verið frá því í fornöld. Var Silfrastaðaafrétt eign þeirrar jarðar eða tilheyrandi henni, og er líklegt, að svo hafi verið, svo að öldum skipti.<sup>423</sup>

Árið 1949 er sett fram gagnrýni á Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu frá árinu 1709, nánar tiltekið í ritinu *Göngur og réttir*. Gagnrýnin snertir þögn jarðabókarinnar um nokkra dali sem haldið er fram að hafi heyrt undir Silfrastaðaafrétt. Gagnrýnin er svohljóðandi:

Einkennilegt er, að í þessari umsögn jarðabókarinnar er ekki getið dala þeirra, sem nú tilheyra Silfrastaðaafrétt, svo sem Krókárdals, Miðdals, Seljárdals og Kleifa; er þó vafalítið, að þeir hafi á þeim tíma heyrt undir afréttina.<sup>424</sup>

Í skrá yfir afrétti, eignaheimildir og landamerki [í Skagafjarðarsýslu] frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.

Frá Heiðarfjalli um Grjótárdalsdrög – norður eftir miðjum Víkingsdal. Í Víkingsdal er ekki girt á mörkum heldur er girt vestan til í dalnum, í staðinn fá Skagfirðingar að reka 100 hross yfir til Eyfirðinga.

Úr Víkingsdal eru mörkin um Lúpuá í Lúpuárhjúk þaðan vestur á vatnaskilum í Suðurárdalshjúk og Reykjanibbu.

---

<sup>421</sup> Skjal nr. 2(175).

<sup>422</sup> *Göngur og réttir* II, bls. 278.

<sup>423</sup> *Göngur og réttir* II, bls. 283.

<sup>424</sup> *Göngur og réttir* II, bls. 284.

---

Vesturmörk, þ.e. milli heimalanda Skagfirðinga og afréttar, eru þar sem vötnum hallar. Þvínæst eru mörkin um Valagilsá og Stóralæk í Krókárgerðisfjall. Að sunnan ráða Vatnaskil (milli Tungudals og Krókárdall) í vestanverðan Kaldbakshnjúk.

Þessar upplýsingar fengust hjá Sveini Gíslasyni og Sveini Sveinssyni í Frostastöðum.<sup>425</sup>

Í framlögðu skjali dagsettu 10. nóvember 1985 stendur:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.<sup>426</sup>

Í fjórða bindi *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir eftirfarandi um afréttareign Silfrastaða:

Afrétti á jörðin tvo, annan hálfa Öxnadalsheiði vestanverða en í það eiga aðrar jarðir ítök sem síðar mun getið verða. Annan hálfa Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnanverða. Geldfjár- og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrétt þennan, annað hvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af 20 og ekki meira, ef ekki kemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og byggðin [meðfram] austari Jökulsá, allt fram að Merkgili. Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur svo ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi. Er nú kolagjörð keypt. Torfrista og stunga sæmileg til húsa og heyja. Reiðing þarf út að kaupa. Silungsveiðivon lítil í Norðurá. Grasatekja þverr mjög. Hvannatekja og rötargröftur er lítil, brúkast lítt. Rekaítök sem kirkjan á Skaga finnast í máldaganum. Vatnsuppgangur grandar túninu, kirkjunni og kirkjugarðinum stórlega en Norðurá enginu. Vatnsból bregst um vetur og er þá langt og illt til að sækja. Högunum spilla skriður stórlega.<sup>427</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir svo um Silfrastaðaafrétt:

Innan marka Silfrastaðaafréttar er Krossland. [...] Árið 1898 bættist Krókárgerðisland við [Silfrastaðaafrétt] en Gulreitur árið 1997. Silfrastaðaafrétt er nú talin nálægt 19.630 ha að stærð [þ.e. árið 2007].<sup>428</sup>

Í sömu heimild er Silfrastaðaafrétt lýst á eftirfarandi hátt:

**Silfrastaðaafrétt** nær yfir um það bil 19.630 hektara, þ.e. Öxnadalsheiði alla niður til móts við Borgargerðisland í Norðurárdal og austur að girðingu á heiðarbrúninni ofan við Bakkasel, en þangað nær eignarland Akrahrepps þótt

---

<sup>425</sup> Skjal nr. 4(251).

<sup>426</sup> Skjal nr. 4(250).

<sup>427</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 403. Sjá einnig *Jarðabók Árna og Páls* IX, bls. 150–151.

<sup>428</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 411.

---

það sé í Eyjafjarðarsýslu, Hörgárdalsheiði með hálfum Víkingsdal og fjallendið framan við Fremri-Kot, þ.e. Miðdal, Seljárdal, Kleifar, hálfan Fletjárdal og Smaladal.<sup>429</sup>

Um upprekstur Víðivalla í Blönduhlíð segir:

Víðivellir eru í Miklabæjarsókn og eiga upprekstur á Silfrastaðaafrétt.<sup>430</sup>

Þá segir um selstöður Silfrastaða á Silfrastaðaafrétti:

Fjórum kílómetrum framan við Silfrastaði er fornbylíð Bessakot. Það varð síðar selstaða og loks beitarhús frá Silfrastöðum sem notuð voru framundir það að sauðfjárbúskapur lagðist af á jörðinni 1991. Silfrastaðamönnum 20. aldar hefur þó verið tamara að tala um selið fremur en Bessakot.<sup>431</sup>

Þá segir ennfremur í sömu heimild um sel í landi Silfrastaða í Silfrastaðaafrétt:

Áður er getið um selstöðu Silfrastaða á Bessakoti. En fleiri sel hafa verið í landi jarðarinnar í Silfrastaðaafrétt, bæði frammi á Öxnadalsheiði og í Horni, auk tveggja selja í Krosslandinu tilheyrandi Víðivöllum og Miklabæ þar sem þeirra er nánar getið.<sup>432</sup>

Í máli þessu liggja fyrir kvittanir fyrir arðgreiðslum til handa ábúanda Miklabæjar og Fjallskilasjóði Akrahrepps vegna veiði í Norðurá, dags. 31. desember 2004.<sup>433</sup> Sömuleiðis liggja fyrir kvittanir fyrir greiðslum frá Vegagerðinni til fjallskilasjóðsins vegna efnistöku úr eyrum Grjótár og malartekju, stimplaðar um greiðslu 18. desember 1991 og 28. desember 1995.<sup>434</sup>

Silfrastaðaafréttur er nú nýttur til sumarbeitar fyrir sauðfé og hross af jörðum í Akrahreppi, að því er fram kom við skýrslutökur í máli þessu fyrir óbygðanefnd.

### 5.5.3 Hálfánartungur

Í vísitasíu Silfrastaða frá 2. október 1663 kemur fram að Silfrastaðakirkja eigi Fremrikot og Krákugerði með Hálfánartungum. Í vísitasíunni segir svo:

Kyrkiann ä Sylfrastódum [...] Annad huad kirkiunne tilheyrer aff rekum, Jtókum og affriettum Verda eigendur Rejkningskap ä ad giöra effter þuj sem bevýsad verður aff brefum og mäldógum gömlum. Kýrkiann ä Jórd framh ä Nordur ärdal xx hndr. sem eru fremrj kot, og byggist fyrer fimm ærgillde. [...] J Portionem fellur ärlega [...] Kräkugierde med Hälfädänartungum er hallded heima land. [...] Þann 2. dag octobris Anno 1663.<sup>435</sup>

---

<sup>429</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 20.

<sup>430</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 323.

<sup>431</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 414.

<sup>432</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 418.

<sup>433</sup> Skjal nr. 9(15).

<sup>434</sup> Skjal nr. 9(15).

<sup>435</sup> Skjal nr. 2(105) a-b.

---

Í kaflanum um Fremrakot í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu árið 1713 segir svo um Hálfánartungur:

**Hálfánartungur.** Fornt eyðiból, hefur ekki bygt verið í manna minni, þó eru hjer ljós byggingarmerki og girðingar miklar so sem á stórjörðu: veit þetta land til afrjettarins, sem liggur á Hörgárdalsheiði, liggur til Silfrastaða, er það talið og meint með þeim afrjettum, sem áður er skrifður á Hörgárdalsheiði; munnmæli segja að það kallað hafi verið x hndr. land, hefur nú ábúandinn á Krákugerði frjálsa beit og slægjur á þessum Hálfánartungum.<sup>436</sup>

Árið 1713 eru Silfrastaðir virtir á 80 hundruð en með Krákugerði og Hálfánartungum er jörðin metin á títutíu hundruð.<sup>437</sup>

Í *Árbók Ferðafélags Íslands* frá árinu 1946 er getið um Hálfánartungur í lýsingu á Öxnadalsheiði. Þar segir:

Skammt inn og upp af brúnni stendur á sléttum grundum gangnamannakofi, þar sem fyrr var innsta býlið í dalnum, *Hálfánartungur*. Sauðland þykir hér afburðargott í hlíðinni.<sup>438</sup>

Í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781–1949* frá árinu 1956 segir eftirfarandi í sögulegri samantekt um Hálfánartungur:

Árið 1713 er jörð þessi í eyði, og er talin fornt eyðibýli. En líklegt má þykja, að jörð þessi hafi verið í ábúð á fyrri öldum. Í Ljósvetninga sögu er getið ábúðar þar og ekki þó virðulega. – Jörðin er komin í ábúð um 1750, en fór aftur í eyði fyrir 1780. – Þegar jörðin byggðist aftur 1813, var hún ekki metin til dýrleik, en metin með Silfrastöðum, en eftir 1861 var jörðin kölluð 5 hundr. að dýrleika. Sami eigandi mun alltaf hafa verið að Silfrastöðum og Hálfánartungum, voru því Hálfánartungur leigujörð, og búendur á Silfrastöðum munu oftast hafa haft umráðarétt jarðarinnar. Þegar Silfrastaðir voru seldir, fylgdu Hálfánartungur með. Eftir að jörðin fór algjörlega í eyði 1876, lagðist hún undir Silfrastaðaafrétt og var síðar seld með afréttinni árið 1895. Hálfánartungur voru í Silfrastaðasókn.<sup>439</sup>

#### 5.5.4 Krossland

Í máldagabók Péturs biskups Nikulássonar, frá 1394 og síðar, er auk rekæignar Miklabæjar eftirfarandi eignir tilgreindar:

[...] ä hun allt heimaland er þorvardur prestur Grimsson gaf med þessum vmmerckium. ad Landfall rædur fyrer sunnan. og geingur hagagardur ofann vr fialli fyrer vtann Vijdevallagierde og riettsyni yfer j raudaskridu sudur fra arnarbergi. stendur steirn a melnum vppi fyrer ofan skriduna. suo vt til

---

<sup>436</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 155.

<sup>437</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150-151.

<sup>438</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands 1946*, bls. 46.

<sup>439</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1953* III, bls. 30. Með samantektinni um Hálfánartungur er skrá yfir ábúendur frá árinu 1813 til ársins 1876.

---

puergarda. og vpp ad akraslyium. rædur þa akbraut vtann til motz vid mosagrund. Eiga hier j vpphogguid gras med Teygum sijnum. akrar og vijdeveller. fiskueidi j Jokulsä a Myklabæiarkyrkia alla med krossi j holmi. þa sem er edur verda kann og til motz vidur reyki. hrijs a auxnadalsheydi. fra fiallsenda fyrer ofuann reydgotur. og framm til Griothryggs til modz vid vijdivollu. kross land halft fyrer framann valagilsä. og til Seliadalsar. nautarekstur j millum krakuär og kalldbaksar. millum reydslugils og griotär.<sup>440</sup>

Í máldaga Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590 kemur m.a. fram að kirkjan eigi hálf Krossland en að Víðivellir eigi hinn helminginn.<sup>441</sup>

Miklibær er kirkjustaður og beneficium árið 1713 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Akrapingsókn í Skagafjarðarsýslu var tekin saman. Þar segir m.a.:

Hálft Krossland með selstöðu fyrir framan Valagilsár og til Seljadals eignar máldaginn kirkjunni.<sup>442</sup>

Þá kemur fram í brauðalýsingu séra Odds Gíslasonar á Miklabæ í Blönduhlíð frá 14. ágúst 1782 að kirkjan eigi hálf Krossland.<sup>443</sup>

Í jarðamatinu 1849 kemur m.a. eftirfarandi fram um Krossland í kaflanum um Víðivelli:

Jörðin Víðivellir á landspart i Silfrastaða afrétt, hálf Krossland á móts við Miklabæ, sem á hinn helmínginn, [...] [Þessi] landspartur gæfur ej annan arð af sér, en að ábúandinn á Víðivöllum brúkar hann fyrir frítt upprekstrarland fyrir heimilið,[...]<sup>444</sup>

Í jarðamatinu 1849 kemur m.a. eftirfarandi fram um Krossland í kaflanum um Miklabæ:

Jörð þessi á hálf, svonefnt „Krossland“ i Silfrastaða afrétt, sem ej verður notað nema til upprekstrar fyrir heimilið.<sup>445</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 28. maí 1862, var upplestin lögfesta fyrir jörðinni Silfrúnarstöðum (Silfrastöðum) og Silfrúnarstaðaafrétti (Silfrastaðaafrétti). Lögfestan var dagsett 27. maí, sama ár.<sup>446</sup> Sama dag, ár og stað, var áminnt um að öll trippi skyldu rekin til afréttar ekki seinna en um fardaga. Var ákveðið og samþykkt að þeir sem rækju á Silfrastaðaafrétt, skyldu sýna trippin á Silfrastöðum um leið og þeir færu þar framhjá og gera um leið grein fyrir hvað mörg trippi væru frá hverjum bæ. Ákveðið var að helmingur trippatollsins færi til

---

<sup>440</sup> Skjal nr. 2(133).

<sup>441</sup> Skjal nr. 2(103) a-b.

<sup>442</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 175.

<sup>443</sup> Skjal nr. 2(180) a-b.

<sup>444</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>445</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>446</sup> Skjal nr. 2(246).

---

Silfrastaða en hinn helmingurinn til Jónasar Sigurðssonar bónda á Fremrikotum sem hafði tekið að sér að vera fyrirstöðumaður. Sigurður Jónatansson á Víðivöllum geymdi sér rétt til að láta álíta hvort hið svonefnda Krossland, sem þá tilheyrir Víðivöllum og Miklabæ, væri ekki svo [land]mikið að þar mætti reka upp fleiri trippi en frá þessum jörðum [þ.e. Víðivöllum og Miklabæ].<sup>447</sup>

Í landamerkjabréfi fyrir Víðvelli sem útbúið var 28. apríl 1890, og þinglýst 22. maí sama ár, kemur eftirfarandi fram um Krossland:

Jörðin Víðivellir á Krossland á Norðurárdal til helminga á móts við Miklabæ. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk eða fjallabrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum að norðan. Að austan liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til. Einnig á jörðin Víðivellir ítak í Silfrastaðaaftrjett, sem er hrossa og nauta rekstur.<sup>448</sup>

Sigurður Sigurðsson skrifaði undir landamerkjabréfið fyrir sína hönd og meðeigenda sinna. Það var samþykkt af Birni Jónssyni ábúanda Miklabæjar, Jóni Hallssyni umráðamanni Hellu, Þóru Rósu Sigurðardóttur eiganda Miðsitju, Ólafi Briem umráðamanni Silfrastaða og J. Benediktssyni eiganda jarðarinnar Borgargerðis.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að Víðivellir eigi upprekstur í Silfrastaðaaftrétt og að talið sé að jörðin eigi einnig selför þangað. Einnig stendur að beitiland jarðarinnar sé víðlent til fjalls og að landamerki hennar séu þinglesin.<sup>449</sup>

Landamerkjabréf prestsetursins Miklabæjar og kirkjujarðarinnar Hrólfsstaða var útbúið 17. maí 1890 og því var þinglýst 1. júní 1892.<sup>450</sup> Þar segir meðal annars eftirfarandi um Krossland:

Prestssetrið Miklibær á Krossland í Norðurárdal til helminga á móts við Víðivöllu. Sunnar að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá, upp til þess, er Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein stefna eptir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum til norðurs. Að austan ræður liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræður bein stefna eptir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Ítök kirkjunnar eru: Hríis á Öxnadalsheiði frá fjallsenda fyrir ofan Reiðgötur og fram til Grjóthryggs. Nautarekstur milli Kollbaksár og Krókaár, milli Reiðslugils og Grjótár.<sup>451</sup>

---

<sup>447</sup> Skjal nr. 2(247).

<sup>448</sup> Skjal nr. 2(66).

<sup>449</sup> Skjal nr. 2(94).

<sup>450</sup> Skjal nr. 2(255). Miklibær í Blönduhlíð. Skag. V. 35. (db.gr.nr. 37356).

<sup>451</sup> Skjal nr. 2(67).

---

Björn Jónsson [prestur] skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Sigurði Sigurðssyni vegna eiganda Víðivalla, G. Jóhannessyni eiganda Vindheima, Pjetri Andrjessyni sem handsalaði vegna eiganda Stokkhólma, J. Hallssyni eiganda Vagla, Gísla Þorlákssyni eiganda Grundarkots og Steingrími Jónssyni eiganda Silfrastaða.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að Miklibær eigi upprekstur á Silfrastaðaafrétt og að landamerki jarðarinnar séu óátalin.<sup>452</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 er að finna eftirfarandi samantekt um ítök og eignir Víðivalla:

Víðivellir áttu frá fornu fari ítök og eignir utan jarðarinnar, nánar til tekið voru þau eign kirkjunnar en kirkjan jafnframt eign jarðareiganda og fylgdu þau síðan jörðinni eftir að kirkjan var aflögð 1765. Þetta var rekaítak á Keflabakka í landi Neðraness á Skaga, hrossa- og nautaupprekstur á Silfrastaðaafrétt, hálf Krossland í Norðurárdal og landsvæði sunnan árinna milli Krókárgerðis og Borgargerðis er Gulreitur nefnist, [...] Þessi ítök seldi Unnur Gröndal sveitarfélaginu Akrahreppi 18. júlí 1997, að undanteknu rekaítakinu á Skaga sem Víðivallamenn nýtt að einhverju marki fram á seinni hluta 20. aldar.<sup>453</sup>

Í kaupsamningnum sem getið er um að ofan frá 18. júlí 1997 kemur fram að eigandi Víðivalla selji Akrahreppi land og ítök sem Víðivellir eigi á Norðurárdal í Akrahreppi. Í fyrstu grein kaupsamningsins segir:

1. Hlut Víðivalla, í Krosslandi á Norðurárdal, sem Víðivellir eiga að hálfu á móti Miklabæ. Takmörk þessa lands eru: Að sunnan Norðurá. Að vestan Valagilsá upp til þess að Smalalækur fellur í hana. Þaðan ræður bein lína eftir hæðinni neðan við Smaladalinn upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræður merkjum að norðan. Að austan liggur Seljadalsá og þaðan ræður bein stefna eftir hæðunum neðan við Seljadalinn upp í fjallsbrún móti Horni neðan til. Stærð 200 ha.<sup>454</sup>

Þá segir í 2. grein kaupsamningsins eftirfarandi um ítak:

2. Ítak sem Víðivellir eiga í Silfrastaðaafrétt fyrir upprekstur hrossa og nauta.<sup>455</sup>

Í 3. grein kaupsamningsins segir svo um landspart Víðivalla sem kallast Gullreitur:

3. Land Víðivalla milli Krókárgerðis og Borgargerðis á Norðurárdal, er kallast Gullreitur, frá Stóra- eða Stangarlæk að Merkjaskriðugili, frá Norðurá að fjallsbrún. Stærð 50 ha.<sup>456</sup>

---

<sup>452</sup> Skjal nr. 2(94).

<sup>453</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 325.

<sup>454</sup> Skjal nr. 9(10).

<sup>455</sup> Skjal nr. 9(10).

<sup>456</sup> Skjal nr. 9(10).

---

Söluverðið á landi því og ítaki er tilgreind eru hér að ofan var 400 þúsund krónur. Kaupsamningurinn er undirskrifaður af Unni Gröndal, seljanda landsins og Brodda Björnssyni oddvita Akrahrepps fyrir hönd kaupanda, þann 18. júlí 1997.<sup>457</sup>

Degi síðar, þann 19. júlí var kaupsamningurinn og afsalið samþykkt af hreppsnefnd Akrahrepps. Jarðanefnd Skagafjarðarsýslu samþykkti kaupsamninginn og afsalið 22. september 1997.<sup>458</sup>

Þann 20. ágúst 1997 ritaði Guðmundur Þór Guðmundsson séra Döllu Þórðardóttur presti að Miklabæ fyrir hönd prestssetrasjóðs, vegna sölu Víðivalla á hluta úr landi sínu. Í bréfinu segir:

Með tilvísun til bréfa þinna, dags. 16. júlí og 17. ágúst sl., varðandi sölu á hlut jarðarinnar Víðivalla í Blönduhlíð, Skagafirði, úr óskiptu afréttarlandi þeirrar jarðar og prestssetursjarðarinnar Miklabæjar á Krosslandi í Norðurárdal, til Akrahrepps, lýsir prestssetrasjóður því yfir að hann er fyrir sitt leyti samþykkur ofangreindri sölu.<sup>459</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir svo um upprekstur Víðivalla í Blönduhlíð:

Víðivellir eru í Miklabæjarsókn og eiga upprekstur á Silfrastaðaafrétt.<sup>460</sup>

Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða [frá því um 1882] kom m.a. eftirfarandi fram um Krossland:

[...] [J]arðirnar í sameiningu Miklibær og Vyðivellir eigi svo nefnt Krossland innan tjeðs afrjettis; sem upprekstrarland fyrir fje og hross þeirra án borgunar; nema fyrir stóðatoll, helst, að norðann.<sup>461</sup>

Í landamerkjabréfi fyrir Silfrastaði er útbúið var 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár kemur eftirfarandi fram um eignarhald á Krosslandi:

Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrjett liggur Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum.<sup>462</sup>

Í landamerkjabréfi prestsetursins Miklabæjar og kirkjujarðarinnar Hrólfsstaða er útbúið var 17. maí 1890 og þinglýst 1. júní 1892 kemur eftirfarandi fram um Krossland:

Prestssetrið Miklibær á Krossland í Norðurárdal til helminga á móts við Víðivöllu.<sup>463</sup>

Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá árinu 2007 segir svo um Krossland í umfjöllun um Silfrastaðaafrétt:

---

<sup>457</sup> Skjal nr. 9(10).

<sup>458</sup> Skjal nr. 9(11).

<sup>459</sup> Skjal nr. 9(12).

<sup>460</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 323.

<sup>461</sup> Skjal nr. 4(164).

<sup>462</sup> Skjal nr. 4(172).

<sup>463</sup> Skjal nr. 2(67).

---

Niður frá Landshnjúk er Krossland, oftast nefnt Land, sem skiptist í Efra-Land ofan brúna en Neðra-Land frá Norðurá upp á brúnir. Krossland endar við Landsendagjá, nokkru ofar en þar sem Horná fellur í Norðurá. Hrafnsgil er djúpt og hrikalegt klettagil sem sker brúnina á milli Efra- og Neðra-Lands og hlíðina niður undir Norðurá á móts við brúna sem notuð var fram til 2007. Til forna var selstaða á Landinu frá Miklabæ og Víðivöllum í Blönduhlíð og talið að jarðir þessar ættu Landið að hálfu hvor. Selið frá Miklabæ var fram og upp frá svonefndum Presthöfða þar sem eldri steinsteypubrúin er yfir Norðurá en Víðivallasel var miklu neðar, á móts við eyðibýlið Krókárgerði, og eru tóftir þess að mestu horfnar undir veginn.<sup>464</sup>

### 5.5.5 Aðliggjandi og tengd svæði

Hér verður fjallað um jarðir og önnur landsvæði sem tengjast ágreiningssvæðinu vegna legu sinnar eða réttinda. Þar er nánar tiltekið um að ræða Silfrastaði, Bakkasel, Gil, Möðruvelli, Hóla, Djúpadal, Stóru-Akra, Fremri Kot og Krókárgerði. Áhersla er lögð á að gera grein fyrir heimildum um réttindi þessara jarða og landamerki þeirra.

#### 5.5.5.1 Silfrastaðir

Silfrastaðir eru virtir á 80 hundruð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1713. En með Krákugerði og Hálfánartungum er jörðin metin á títíu hundruð. Í lýsingu segir eftirfarandi um afrétti tvo sem kirkjan átti á Öxnadalsheiði og Hörgárdalsheiði:

Sumarhagar og vetrarhagar merkilega góðir. Útigangur fyrir sauðfje á vetur næsta því óbilandi, nema voveiflegir áfreðar eður lognsnjóar byrgi. [...]

Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfu Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða. Annan hálfu Hörgárdalsheiði vestan- eður sunnan verða; geldfjár og lamba upprekstur hafa Blönduhlíðarmenn í afrjett þennan, annaðhvort fyrir toll til ábúandans á Silfrastöðum eður hann eftirgefur þeim tollinn fyrir góðvilja. Tollurinn er lamb af xx og ekki meira, ef ekki gemur góðvilji til. Sama upprekstur og með sömu kostum brúkar Norðurárdalur og bygðin austari Jökulsá allt fram að Merkgili.

Skógur hefur verið á Öxnadalsheiði og er hann nú eyddur, so ekki er eftir nema rifhrís og fjalldrapi; er nú kolgjörð keypt.<sup>465</sup>

Einnig eru nefndar hjáleigurnar „Ausugierdi“ og „Ketelsstader“.

Um tengsl Silfrastaða og Hálfánartungna hermir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eftirfarandi:

---

<sup>464</sup> *Byggðasaga Skagafjarðar* IV, bls. 13.

<sup>465</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 150-151.

---

**Halldanartungur.** Fornt eyðiból, hefur ekkii bygt verið í manna minni, þó eru hjer ljós byggíngarmerki og girðingar miklar so sem á stórförðu; veit þetta land til afrjettarins, sem liggur á Hörgárdalsheiði, liggur til Silfrastaða, er það talið og meint með afrjettinum, sem áður er skrifaður á Hörgárdalsheiði; munnmæli segja að það kallað hafi verið x c[hundraða] land, hefur nú ábúandinn á Krákugerði frjálssa beit og slægjur á þessum Halldanartungum.<sup>466</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 3. maí 1730, var upplesinn dómur Jóns Sigurðssonar lögmanns, dags. Syðri-Ökrum í Blönduhlíð, þann 27. sept. 1611, áhrærandi Silfrastaðaafrétt; um lambarekstur þangað og tilsagði sýslumaðurinn íbúum hreppsins að lifa eftir dómsins innihaldi, bæði um lambatolla og rekstur. Þetta skjal sagt vera eftirrit af kálfskinnsbréfi. Sömuleiðis uppleið annað eftirrit áhrærandi 12 manna áreið á nefnda Silfrastaðarétt, með víðara sem þessi skjöl útvísa og hér fyrir réttinum uppáskrifast. Nefnt áreiðarbréf er dagsett að Silfrastöðum, 14. sept. 1656.<sup>467</sup>

Á manntalsþingi í Skagafjarðarsýslu, hvar ekki er getið um stað, en haldið 13. apríl 1736, var uppleið eitt skjal viðvíkjandi Silfrastaðaafrétt, að hverju upplesnu og uppáskrifuðu lögréttumaðurinn aðvaraði alla þá sem þar eiga skylduafrétt, hana löglega að brúka, svo framarlega að þeir vildu ei frekara tiltali mæta síðar.<sup>468</sup>

Á héraðsþingi að Stóru-Ökrum í Blönduhlíðarhreppi, 1. maí 1739, var upplesin lögfesta klausturhaldarans Schevings fyrir Silfrastöðum, Krákugerði, Efri-[Fremri] og Neðri-Kotum, sömuleiðis allri afréttinni Silfrastöðum fylgjandi frá 29. apríl 1739. Færði sýslumaðurinn framar í tal um lambarekstur í afréttina að eftir þingdóm gengnum hér á stað þann 3. maí 1738 og guldu því allir hlutaðeigandi bændur. Bændur lofuðu fyrir réttinum að standa við téðan þingdóm, tilskiljandi að afrétturinn hreinsaður yrði og réttin hlaðin.<sup>469</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1743, var lögfest Silfrastaðaafrétt og aðvaraðir allir, þeir sem skyldurekstur í hana áttu, að halda uppi lögskilum, bæði til rekstrar og gangna.<sup>470</sup> Sama lögfesta var lesin upp á Silfrastöðum þann 17. júní árið 1752<sup>471</sup> og keimlík lögfesta á sama stað þann 9. júní árið 1768.<sup>472</sup>

Í jarðamatinu 1804 kemur fram við jörðina Silfrastaði, að leiguliði jarðarinnar fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi.

For græsgang paa en Jorden tilhörende Afret oppebær Leilændingen omtrent 6 rd. aarlig. Udmarken Elvebrud underkastet.<sup>473</sup>

Afréttar er getið við jörðina Silfrastaði í jarðamatinu 1804. Segir svo:

Jorden tilhörende Afret oppebær Leilændingen omtrent 6 rd. Aarlig.<sup>474</sup>

---

<sup>466</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 153.

<sup>467</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 02. (db.gr.nr. 27362).

<sup>468</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26740).

<sup>469</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 26988).

<sup>470</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 03. (db.gr.nr. 29754). Sjá einnig skjal nr. 4(262).

<sup>471</sup> Skjal nr. 4(263).

<sup>472</sup> Skjal nr. 4(261).

<sup>473</sup> Skjal nr. 2(84).

---

Á manntalsþingi 12. júní árið 1819, höldnu að Stóru-Ökrum, bannaði Jón Erlendsson hreppstjóri, leyfislausan nauta- og hrossarekstur á Silfrastaðaafrétt.<sup>475</sup>

Á manntalsþingi 3. júní árið 1822, lýstu sveitarmenn óánægju sinni yfir byggingu á Hálfánartungum. Þeir töldu sig ekki geta haft frjáls afnot af afréttinni vegna hennar, einkum þar eð Sigurður, ábúandi, hafði ekki staðið í skilum. Rétturinn úrskurðaði að bygging þar skyldi ekki haldast lengur en yfirstandandi fardagaár.<sup>476</sup>

Fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggja víðlend og landgóð afrétt sem meiri hluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi.

Undir jörðina Silfrastaði liggur víðlend og landgóð afrétt sem brúkuð er til upprekstrar fyrir meiri hluta Akrahrepps á móti borgun. Afrétt þessa matsmenn ígildi 12 hundraða.<sup>477</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 28. maí 1862, var upplestin lögfesta fyrir jörðinni Silfrúnarstöðum og Silfrúnarstaðaafrétti, dags. 27. maí, sama ár.<sup>478</sup> Sama dag, ár og stað, var áminnt um að reka öll trippi til afréttar ekki seinna en um fardaga og var það ákveðið og samþykkt, að þeir, sem reka til Silfrúnarstaðaafréttar, skuli sýna trippin á Silfrúnarstöðum um leið og þeir fara framhjá og gjöra grein fyrir hvað mörg eru frá hverjum bæ. Svo var trippatollurinn ákveðinn, og ákveðið að helmingur hans færi til Silfrúnarstaða, en hinn helmingurinn til Jónasar bónda Sigurðssonar á Fremrikotum sem hefur tekið að sér að vera fyrirstöðumaður. Sigurður Jónatansson á Víðivöllum geymdi sér rétt til að láta álíta hvort hið svonefnda Krossland, sem tilheyrir Víðivöllum og Miklabæ, sé ekki svo mikið að þar megi reka upp fleiri trippi en frá þessum jörðum.<sup>479</sup>

Á manntalsþingi 7. júní árið 1864, var samið um að Jónas bóndi Sigurðsson á Fremrikotum tæki að sér fyrirstöðu fyrir trippum á Silfrastaðaafrétt fyrir 18 ríkisdali en hreppstjóri P. Þórðarson, stúdent A. Arason og bóndi Ólafur Ólafsson á Réttarholti tóku að sér að sjá um og ábyrgjast að Jónas fengi sitt af hinum viðtekna trippatolli.<sup>480</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 31. maí 1871, var upplestin lögfesta á Yxnadalsheiði, Arnljóts prests Ólafssonar á Bægisá og Þorsteins dannebrogsmanns Daníelssonar, að norðan til Kallbaksár og Grjótár. Hreppstjóri Páll Þórðarson mótmælti téðri lögfestu með skírskotun til lögfestu á Silfrastaðaafrétt, er var þinglesin í fyrra, með ummerkjum til Kallbaksár og þvert yfir, og með báðum Grjótárdölum.<sup>481</sup>

Á manntalsþingi 2. júní árið 1880, var þinglesin áskorun Jóns bónda Guðmundssonar á Silfrastöðum dags. 1. júní 1880 til þeirra er reka trippi á

---

<sup>474</sup> Skjal nr. 2(84).

<sup>475</sup> Skjal nr. 2(242).

<sup>476</sup> Skjal nr. 2(243).

<sup>477</sup> Skjal nr. 2(89).

<sup>478</sup> Skjal nr. 2(246).

<sup>479</sup> Skjal nr. 2(247).

<sup>480</sup> Skjal nr. 2(248).

<sup>481</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 29. (db.gr.nr. 30489).

---

Silfrastaðaafrétt og ekki eiga ítök í henni, um að segja honum til trippatölunnar, með því hann gangi rækilega eftir trippatolli framvegis.<sup>482</sup>

Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða [frá því um 1882] stendur:

Jeg og fleyri ályta eingvann vafa á því að öll bíli í Akrahrepp frá Kýrfisá fram að Norður á hafi rjett til uppreksturs (almenning) á Silfrastaða afrjetti fyrir fulla borgun og að jarðirnar í sameiningu Miklibær og Vyðivellir eigi svo nefnt Krossland innan tjeðs afrjettis; sem upprekstrarland fyrir fje og hross þeirra án borgunar; nema fyrir stóðatoll, helst, að norðann.

Og enn fremur hafa jarðirnar Syðri brekkur, Axlarhagi, Frostastaðir, Hjaltastaðir, Djúpidalr, Hoskulsstaðir og Uppsalar með skilmálabréfi, tekið á leigu fyrir 30 kr árgjald bylið Hálfánartungur sem er innan afrjettarlandsins; til uppreksturs einungis fyrir Sauðfje þeirra, Þessar 7 jarðir vyrðist meiga ályta eins og aðrar Blönduhlyðar jarðir skildar að gjalda fulla hreppatolla að Silfrastoðum. En þar sem jeg er með 6. grein Biggingarbréfs míns, skildugur til að hafa löglega umsjón á Afrjettinum, svo sem Refaeyðing með fleyru, og kalla tolla að fullu fyrir haga og fyrir töðu, á fje, og hrossum, að undan teknum fyrirtjeðum jörðum, sem og líka Ytri kotum, Fremri kotum, og Krókárgerði, sem nú hafa eins og stendur gjaldfryan Upprekstur;

Þá verð jeg að ályta, eins og hingað til hefur verið og viðgengist, að öll hin ónefndu byli; eða ábúendur þeirra inna tjeðra takmarka í Akrahreppi sjeu skild að gjalda, sanngjarna fjár og trippatolla.

En efni og erindi bréfs þessa er af því vaxið að allflestir hafa tregðast með gjald á tollum [...] <sup>483</sup>

Máli sínu til frekari stuðnings lætur bréfritari fylgja með bréf frá 25. maí 1848 en í því kvartar ábúandi Silfrastaða yfir slæmri innheimtu afréttartolla og óskar eftir betri háttum þeirra sem málinu tengjast. Í bréfinu stendur einnig:

Svo verð eg að géta þess; að eingin af þeim er upprekstur nota á Silfra staða afrétt má hér eptir reka fe, eða stóð á svo kallað Land nema hann hafi þar til leifi þess, er því landi á að ráða, því þessi landspartur heyrir ekki Silfra stöðum til. <sup>484</sup>

Landamerkjabréf fyrir afréttarland Silfrastaða var útbúið þann 2. júní 1885 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.

---

<sup>482</sup> Skjal nr. 2(249).

<sup>483</sup> Skjal nr. 4(164).

<sup>484</sup> Skjal nr. 4(164).

---

Þess er að geta, að engin á ítak innan þeirra merkja, sem ofanskriðuð landamerkjalyásing tilgreinir, nema sannað verði með löggildum máldaga fyrir næstkomandi aprílmánaðarlök 1886.<sup>485</sup>

Jóh. Þorkelsson skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði M. R. F. Lárusdóttur ekkju.

Mótmæli bárust þann 16. maí 1889 við landamerkjabréfinu frá 2. júní 1885. Þau fara hér á eftir:

Hjer með mótmælum og neitum vjer undirskrifaðir eigendur Bakka og Bakkasels í Yxnadal landamerkjalyásingu þeirri sem rangri á móts við tjeða eign vora, er Jóhannes sál. Þorkelsson á Dýrfinnustöðum ljet þinglýsa á manntalsþingi að Stóru-Ökrum 3. júní 1885, í umboði frá M. R. F. Lárusdóttur fyrir eignarjörðu hennar Silfrastöðum með Yxnadalsheiði að Kaldbaksá og þar þvert yfir um svonefndan Tjaldhól, og lýsum vjer hjermeð eign vorri á landinu frá Grjótá að vestan austur yfyrir Tjaldhól og þar þvert yfir og fyrir bjóðum vjer hjermeð alla brúkun á tjeðum landsparti nema með voru fullkomna leyfi, og lýsum vjer hjermeð að yfir því að vjer munum nota umrædda landeign vora eins hjer eptir sem hingað til, og eigi sleppa tjeðu landi úr eigu vorri, nema sannað verði hið gagnstæða með dómi.<sup>486</sup>

S. Jónasson og J. Jónasson skrifuðu undir mótmælalabréfið. Því var þinglýst 23. maí 1889.

Í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1. mars 1888 stendur svo skrifað:

Heimajörðinni Silfrastöðum fylgir Silfrastaðaafrett, sem er upprekstrarland jarðanna No 168 - 186 og 197 - 213 í jarðabókinni frá 1861. Af þessum jörðum eru No 182 - 185 og 201 - 202 (Silfrastaðir, Ytrikot, Fremrikot, Krókárgerði, Víðivellir, Miklibær) lausar við að gjalda afrjettartoll, og ábúendur jarðanna No 170 - 172, 176, 181, 204 og 212 (Axlarhaga, Frostastaða, Hjaltastaða, Djúpadals, Uppsala, Höskuldsstaða, Syðribrekkna), er hafa leigt Hálfánartungnaland til upprekstrar fyrir sauðfje, svara fjártollinum beinlínis til umráðamanns. Að öðru leyti, eru allir þeir, er upprekstur nota á afrjettina, skyldir að greiða ábúanda Silfrastaða afrjettartoll samkvæmt lögum og landsvenju, bæði fyrir sauðfje og tryppi. En aptur á móti ber leiguliða á sinn kostnað að annast grenjaleitir og dýravinnslu á afrjettinn eptir þeim reglum, sem þarum gilda.<sup>487</sup>

Landamerkjabréf fyrir Silfrastaði var útbúið 31. mars 1890 og þinglýst 22. maí sama ár og er það svohljóðandi:

Vestan að Silfrastaða heimalandi liggja Hjeraðsvötn. Að norðan ræðr bein lína frá Hjeraðsvötnum í Bóluárgil og síðan Bóluá, það sem árgilið heldur, uppí botn á yzta Þvergili. Þaðan eptir háfjallinu austur í Kotabotna. Að austan

---

<sup>485</sup> Skjal nr. 2(68) a-b.

<sup>486</sup> Skjal nr. 2(57).

<sup>487</sup> Skjal nr. 4(163).

---

Kotagil og síðan Kotá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan, vestur í Hjeraðsvötn. Að Silfrastaðaafrijettt liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norður í botn á Fletjardal. Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn. Þaðan yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn. Þaðan í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði, þarsem vötnum fyrst hallar vestur af heiðinni. Þaðan beina línu um Tjaldhól í Kaldbaksá, er ræður merkjum fram í botn á Kaldbaksdal, austan við Kinnar. Þá yfir fjall í Krókárdalsbotn, fyrir sunnan Austurgil. Þaðan yfir fjall í Einidalsbotn. Ræður svo Einidalsá ofan til þess, er hún fellur í Króká. Þá ræðr Króká ofan í Norðurá og síðan Norðurá ofan til þess, er Valagilsá fellur í hana. Innan þessara ummerkja á Silfrastaðaafrijettt liggr Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.

Einnig eiga nefndar jarðir, Miklibær og Víðivellir, hrossa og nauta upprekstur á Silfrastaða afrijettt, og Stóru Akrar geldneyta upprekstur á afrijetttina.<sup>488</sup>

Ólafur Briem skrifaði undir landamerkjabréfið í umboði Marenar Lárusdóttur. Það var samþykkt af Stefáni Sveinssyni eiganda Uppsala og Sveini Friðrikssyni ábúanda Ytrikota.

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 1. júní 1892, var þinglesin yfirlýsing Steingríms Jónssonar, Silfrastöðum, viðvíkjandi Silfrastaðaafrijettt, dags. 10. mars 1892. Yfirlýsingu Steingríms var mótmælt af hlutaðeigendum.<sup>489</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1899, var þinglesið afsalsbréf dags. 6. nóvember 1898, fyrir Silfrastaðaafrijettt til hreppsnefndarinnar í Akrahreppi, útgefnu af Steingrími Jónssyni á Silfrastöðum.<sup>490</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1899, var þinglesin yfirlýsing um að nokkrar jarðir í Akrahreppi, nefnilega Frostastaðir og Ysta-Grund, Réttarholt, Þverá, Höskuldsstaðir og Kúskerpi, hefðu keypt sér gjaldfrían upprekstur á Silfrastaðaafrijettt dags. 1. nóvember 1898.<sup>491</sup>

Á manntalsþingi að Stóru-Ökrum í Akrahreppi, 25. maí 1899, var þinglesin yfirlýsing Björns Péturssonar á Hofsstöðum um að hann banni öll kaup og sölu á

---

<sup>488</sup> Skjal nr. 4(172).

<sup>489</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrijettt. Skag. V. 35. (db.gr.nr. 37351).

<sup>490</sup> Skjal nr. 9(2).

<sup>491</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrijettt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42065).

---

Silfrastaðaafrétt, sem skerði rétt eignarjarða hans, Syðri-Brekkna, 3/4 úr Ytri-Brekkum og 1/2 Dýrfinnustöðum.<sup>492</sup>

Fram kemur í kaflanum um Silfrastaði í fasteignamati 1916-1918 að jörðin eigi frían upprekstur í Silfrastaðaafrétt. Einnig stendur að undan jörðinni hafi verið seldar Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur.<sup>493</sup>

Hreppsnefnd Akrahrepps í Skagafjarðarsýslu afsalaði ríkissjóði jörðunum Bakkaseli og Gili þann 8. desember 1928. Í afsalinu stendur:

Undanskilið sölunni er Öxnadalshéiði, vestanvið vörslugirðingu þá, sem nú er þar, en hálf girðingin fylgir með í kaupinu, og annast kaupandi viðhalds þess hluta, ásamt viðhaldi á hliði að hálfu leiti.<sup>494</sup>

Í *Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781–1953*, frá árinu 1956 segir m.a. eftirfarandi í sögulegri samantekt um Silfrastaði:

Jörðin hefir verið stórbýli að fornu og nýju; var hún árið 1713 metin til dýrleika á 100 hundr. að meðtöldum Hálfánartungum og Krókárgerði, sem hver um sig var metin á 10 hundr. og eyðibýlunum Ausugerði og Ketilsstöðum. Árið 1861 voru Silfrastaðir metnir með Hálfánartungum á 69,8 hundr., þar af var heimajörðin sjálf 64,8 hundr. Árið 1922 var jörðin metin á 171 hundruð krónur, en árið 1942 á 162 hundruð krónur.

[...] Silfrastaðir eiga fjalllendi mikið, snjólétt og veðursælt. [...] Silfrastaðir voru bændaeign og voru fyrr á öldum í eign og ábúð ýmsra auðugra bænda og höfðingja; hafa þar og jafnan gildir bændur búíð. Um 1700 eða fyrr er jörðin komin í eign utanhéraðsmanna og er þá í leiguábúð og hélzt þar leiguábúð alla tíð síðan, þar til árið 1891 að Steingrímur Jónsson og k.h., Kristín Árnadóttir, keyptu jörðina, með Hálfánartungum, Krókárgerði og kirkjujörðinni Fremri-Kotum, en þau fluttu að Silfrastöðum árið 1882. Seljandi Silfrastaða varð svo Jóhannes sonur Steingríms, bóndi og hreppstjóri á Silfrastöðum, en hann seldi Silfrastaði árið 1951 frænda sínum Jóhanni L. Jóhannessyni og konu hans Helgu Kristjánsdóttur. [...] Kirkja er á Silfrastöðum og annexía frá Miklabæ, var hún helguð með guði og Jóhannesi baptista hinum heilaga krossi. Kirkju á Silfrastöðum er getið í Sturlungu fyrir 1200. Silfrastaðaafrétt fylgdi Silfrastöðum, en árið 1895 seldi Steingrímur á Silfrastöðum afréttina upprekstrarfélagi Akrahrepps með eyðijörðunum Hálfánartungum og Krókárgerði.<sup>495</sup>

Í skrá yfir afrétti, eignaheimildir og landamerki [í Skagafjarðarsýslu] frá 1985 frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki stendur m.a.:

---

<sup>492</sup> Skjal nr. 2(255). Silfrastaðaafrétt. Skag. V. 37. (db.gr.nr. 42066).

<sup>493</sup> Skjal nr. 2(94).

<sup>494</sup> Skjal nr. 4(255).

<sup>495</sup> *Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781–1953* III, bls. 27–28. Með samantektinni um Silfrastaði fylgir skrá yfir ábúendur frá árinu 1783 til ársins 1950.

---

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.

Frá Heiðarfjalli um Grjótárdalsdrög – norður eftir miðjum Víkingsdal. Í Víkingsdal er ekki girt á mörkum heldur er girt vestan til í dalnum, í staðinn fá Skagfirðingar að reka 100 hross yfir til Eyfirðinga.

Úr Víkingsdal eru mörkin um Lúpuá í Lúpuárhjúk þaðan vestur á vatnaskilum í Suðurárdalshjúk og Reykjanibbu.

Vesturmörk, þ.e. milli heimalanda Skagfirðinga og afréttar, eru þar sem vötnum hallar. Þvínæst eru mörkin um Valagilsá og Stóralæk í Krókárgerðisfjall. Að sunnan ráða Vatnaskil (milli Tungudals og Krókárdall) í vestanverðan Kaldbakshjúk.

Þessar upplýsingar fengust hjá Sveini Gíslasyni og Sveini Sveinssyni í Frostastöðum.<sup>496</sup>

Í framlögðu skjali dagsettu 10. nóvember 1985 stendur:

[Afréttarmörk] Silfrastaðaafrétt (5754).

Austurmörk á Öxnadalsheiði – Girðing milli Kaldbakshnjúks og Heiðarfjalls – þessi mörk eru austan sýslumarka en Skagfirðingar áttu Bakkasel áður fyrr og við sölu halda þeir eftir landi.<sup>497</sup>

### 5.5.5.2 Bakkasel

Bakkasel liggur austan Silfrastaðaafréttar. Landamerkjabréf fyrir Bakkasel var útbúið þann 8. mars 1889 og því var þinglýst 27. maí sama ár. Þar segir:

Að norðan Hjallendagil utan við Lurkastein og úr því til Yxnadalsár niður. Að austan ræður Yxnadalsá. Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.

Þess ber að geta að jörðin Ytri-Bægisá á ítak á Yxnadalsheiði kallað

Folaldareitur og jörðin Bakki frían upprekstur.

S. Jónasson og Jón Jónasson skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af J. Jónathanssyni vegna Gils.<sup>498</sup>

### 5.5.5.3 Gil

Landamerkjabréf fyrir Gil var útbúið 19. mars 1883. Ekki er tekið fram að það hafi verið þinglesið. Það hljóðar svo:

---

<sup>496</sup> Skjal nr. 4(250).

<sup>497</sup> Skjal nr. 4(250).

<sup>498</sup> Skjal nr. 2(55).

---

Að norðan úr Yxnadalsá eptir skriðu uppí vörðu, er liggur á milli Gils og Varmavatnshóla og þaðan beint uppí Gilsskarð.

Að sunnan beint úr Hjallalandsskarði í Lurkastein og þaðan í Yxnadalsá.

Að vestan ræður fjallið.

Að austan ræður Yxnadalsá.<sup>499</sup>

Stephán Stephensen skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Bergssyni sem handsalaði vegna Varmavatnshóla og Jóni Jónssyni eiganda Skriðu og J. Andrjessyni eiganda Syðri Bægisár en þeir tveir síðastnefndu voru samþykkir vegna Almennings.

#### 5.5.5.4 Möðruvellir í Hörgárdal

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 kemur eftirfarandi fram um eignir klaustursins á Möðruvöllum:

Módruvallaklaustur áá afrett áá horgárdal fram fra griotä og til vikingsáár med halfum griotáárdäl fyrir sunnan fram. og fra griotáá til diupagils og fram til luser áá horgáárdalsheide Jtem áá modruvallaklaustur skogarpart er heiter mariuhris og stendur i asjórdur j horgárdal millum audbreckuskogs og vindheimaskogs. Rædur vt vid audbreckuskog jardkross lagdur af steinum. og suo langt sudur sem er rettsyne ofan áá äsgerde. og suo vt af gerdenu ed nedra til moz vid audbreckuskog enn upp so langt sem skogur vex. skögarparta áá vaglajordu. Sudur fra fornagaskogi. og til kidialækjar. fra dynhagaskogi og suo ofan þaðan.<sup>500</sup>

Möðruvallaklaustur var í konungseigu 1713, og enginn jarðardýrleiki þekktur. Um afréttamál segir eftirfarandi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1713:

Afrjettur fylgir heimaklaustrinu, so nefndur Barkárdalur, til vesturs liggjandi frá Hörgárdal. Þángað er enginn skyldurekstur.

Selstaða hefur frá klaustrinu í þessari afrjett verið, en vegna fólksfáleika og lengdar vegarins hefur ei selförin um nokkur ár brúkast. En um sumar brúkast hún hjeðan til hesta og geldfjár göngu.

Land er hjer so mjög lítið að klausturhaldarinn orðsakast af nálægum kríngumliggjandi löndum hey og haga að þiggja.

Hætt er hjer stórlega túni og úthögum af grjóts, sands og leirs áburði úr Staðará. Mjög (er) og einneginn hætt fyrir forröðum og dýjum. [...]

Hjáleiga er hjer ein í heimaklaustursins land Sónsgerde, eður öðru nafni Skumsgerde. [...]

---

<sup>499</sup> Skjal nr. 2(58) a-b.

<sup>500</sup> Skjal nr. 2(123).

---

Skóg átti þetta klaustur í Vagla jörðu, hann er nú þvínær öldungis ónýtur til flestra gagnsemda.<sup>501</sup>

Á manntalsþing að Skriðu í Hörgárdal, 18. júní 1791, var upplesin áminning amtmannsins til fólks í Hörgárdal, að brúka ekki í óleyfi afréttarlönd Möðruvallaklausturs, sem klaustrið á eftir upplesnum pósti af klaustursins máldaga, og Sigurðar registri. Forboð amtmannsins dagsett 14. júní, 1791.<sup>502</sup>

Í jarðamatinu 1849 stendur um Möðruvelli:

**Freðeriksgáfa**, áður nefnd **Möðruvellir** í Hörgárdal, bújörd amtmannsins yfir Norður- og Austur-amtinu, hundradatalslaus nú á tíð. ~~Túnið~~ Jörðu þessari fylgir ein bygd hjáleiga, er **Spónsgérði** er köllud, líka hundradatalslaus. [...] Í túninu eru 3 eydihjáleigur, Lækjarbakki, Fjósakot og Jadar. [...]

Búfjárhagar mjög þraungvir og magrir. Jörðunni fylgja tveir afréttir, heitir annar Hörgárdalur, er liggur framaf Hörgárdalsbygd í Skriðu hrepp, bádumeginn við Hörgá, og það vestur til Víkingsár á Hörgárdalsheiði og hálfan Víkingsdal þar. Á Hörgárdalsafrétti vestanmegin liggja svonefndar Svínamýrar, er eigari gamla biskupssetursins Hóla í Hjaltadal eignar þeirri jörðu; og hefir óskad, að undantakist, þegar jörðin Freðeriksgáfa verði virdt; eru þessar Svínamýrar afréttarpartur. Hinn afréttur Freðeriksgáfu jadar heitir Bárkardalur í Skriðu hrepp. Bádir afréttirnir eru gódir og grösugir, einkum Hörgárdalur, og hæfir bæði fyrir saudfé, naut og hross. En vegna fjarlægðar frá Freðeriksgáfu verða þeir ei notadir á annan hátt enn að leigja þá öðrum, nema hvað þeir þadan eru brúkadir til uppreksturs heimapenings eptir þörfum, og Spónsgérði hefir þar frían upprekstur. Vetrarþéit er á Freðeriksgáfu nokkud teljandi.<sup>503</sup>

Landamerkjabréf Möðruvalla í Hörgárdal með Nunnuhól og Spónsgérði voru útbúin 17. apríl 1884. Ekki er tekið fram að þau hafi verið þinglesin. Um afrétt á Hörgárdal segir eftirfarandi í landamerkjabréfinu:

Möðruvöllum fylgir afrjett á Hörgárdal innanverðum og ræður Grjótá þar merkjum til móts við Framland. Á Hörgárdalsheiði skiptir löndum á sú, er rennur eptir Víkingsdal og bein stefna úr þeirri á hinumegin á heiðinni á fjall upp. Milli Flögusels og afrjettarinnar eru merki úr Hellunefi niður við Hörgá uppí Þórðarklöpp Möðruvellir eiga upprekstur fyrir geldfje á Barkárdal fyrir innan Baugasel.

Einar Ásmundsson skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jónasi Gunnlögssyni eiganda Stórubrekku og Þrastarhóls, J. Gunnlögssyni eiganda Framlands, Stepháni Stephensen vegna dánarbús Þ. Daníelssonar, samþykkti og sem umboðsmaður jarðar dánarbúsins fyrir Litlu-Brekku og Ytrakot ásamt Ásláksstöðum

---

<sup>501</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X, bls. 129-130.

<sup>502</sup> Skjal nr. 2(255). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 10. (db.gr.nr. 6631).

<sup>503</sup> Skjal nr. 2(89).

---

og Þ. Daníelssyni vegna Skipalóns. Fyrir neðan undirskriftirnar skrifaði Einar Ásmundsson:

Að jörðunum Björgum, Hallgilsstöðum, Hlöðum, Baugaseli og Flöguseli er landsjóðurinn eigandi eins og að Möðruvöllum.<sup>504</sup>

Á manntalsþingi á Arnarnesi í Hvammshreppi, 27. maí 1884, var upplestin landamerkjaskrá Möðruvalla, sem og fleiri jarða. Engum skráum var mótmælt.<sup>505</sup>

Í matsgerð Baugasels jarðar frá 6. júní 1907 stendur að til jarðarinnar teljist dalshlíð sem Möðruvellir í Hörgárdal eigi ítak í. Þar sé afrétt sem sé lítið notuð.<sup>506</sup>

Fram kemur í Fasteignamatínu 1916-1918 að landamerki Möðruvalla séu þinglesin, dagsett 17. apríl 1884. Einnig stendur að jörðin eigi afréttarland sem liggja mjög langt frá, Hörgárdal og Hörgárdalsheiði og að talið sé að hún eigi rétt til upprekstrar á afrétt, Barkárdal, sem talin sé í eigu Baugasels. Í kaflanum stendur einnig að mikill ágangur sé á jörðina.<sup>507</sup>

Á manntalsþingi í þinghúsi Arnarneshrepps, 22. júní 1939, byggði umboðsmaður þjóðjarða í Eyjafjarðarsýslu, Davíð Eggertssyni hálfu jörðina Möðruvelli, frá fardögum 1938. Jörðinni fylgir afréttarland á Hörgárdal f. Hörgárdalsheiði.<sup>508</sup>

#### 5.5.5.5 Hólar í Hjaltadal

Landamerkjabréf fyrir Hóla var útbúið þann 20. maí 1890 og því var þinglýst degi síðar. Það hljóðar svo:

Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða, þaðan suður hæstu brúnir gegnt upptökum Strangalækjar á Viðinesdal, þá með Strangalæk þartil hann fellur í Víðinesá. Síðan ræður Víðinesá merkjum þartil gilið þrýtur, og svo þaðan eptir hennar elstu og beinustu farvegum til Hjaltadalsár gegnt miðju Tíðaskarði.

Að austan og norðan ráða hæstu fjallabrunir fyrir ofan botna á Heljardal, Skíðadal og Inggjaldskál. Þá Tungna- hryggsjökull og síðan eins og fjöll liggja hæst fyrir ofan Hóladalsbotn, Hólabyrðu, Villingadalsbotn, Hólahaga, Hjeðinsdalsbotn og Hyrnu.

Að sunnan ráða hæstu fjallseggjar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal. Að vestan ráða merkjum hæstu fjallahryggir að vestanverðu við Suðurárdal norður að Sveigsskál og þaðan þvert niður í Stóragrjót, sem liggur skammt fyrir sunnan það, er Suðurá rennur í Hjaltadalsá, þá með Suðurá þartil hún

---

<sup>504</sup> Skjal nr. 2(62) a-b.

<sup>505</sup> Skjal nr. 2(255). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 31. (db.gr.nr. 1062).

<sup>506</sup> Skjal nr. 2(167).

<sup>507</sup> Skjal nr. 2(93).

<sup>508</sup> Skjal nr. 2(255). Möðruvellir. Eyj. IV. B. 67. (db.gr.nr. 24966).

---

fellur í Hjaltadalsána. Úr því ræður Hjaltadalsá merkjum eptir sínum efstu og beinustu farvegum norður að því, sem fyr segir um Víðinesá. En frá Hrafnhólslandi sunnanverðu og norður undir Hrappstaði liggur áin fast við vesturbrekkur. Enn í beina stefnu niður af Hrappstaðabæ eru elstu farvegir hennar 75 föðum fyrir austan melbakkann og svo norður eyrar beina stefnu vestan við Lambamó. Bjarnastaðir og Fjall eiga frían upprekstr fyrir fje í Hólaafrijet í Kolbeinsdal.<sup>509</sup>

Hermann Jónasson umráðandi Hóla skrifaði undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Jóni Guðmundssyni eiganda Víðiness, Árna Ásgrímssyni eiganda Kálfsstaða og Jóh. Þorfinnssyni eiganda Reykja. Í landamerkjalyðingunni stendur einnig:

[Ath. Björn bóndi Pjetursson á Hofstöðum mótmælti ofanritaðri skrá fyrir Hólum í umboð nokkra bænda í Viðvíkr og Hólahreppum, að því er snertir hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal & Kolbeinsdal, vottar J. Ólasson.]<sup>510</sup>

Á manntalsþingi að Viðvík í Viðvíkurhreppi 21. maí 1890, var upplesin landamerkjaskrá fyrir Hólum og var henni ekki mótmælt.<sup>511</sup>

Til er afrit af annarri lýsingu Hermanns Jónassonar á landamerkjum Hóla, einnig frá 1890 en óþinglýst, og er hún nánast samhljóða þeirri sem skráð hefur verið. Þó er talað um Fúinhyrnu en ekki Hyrnu í óskráðu útgáfunni. Þar er einnig talað um að Hjaltadalsá ráði merkjum eftir sínum elstu og beinustu farvegum en ekki sínum efstu og beinustu. Í þriðja lagi er ítaka-kaflinn öðruvísi í þessari útgáfu. Þar stendur:

Ábúendur Bjarnastaða og Fjalls eiga frían upprekstur fyrir geldfé sitt og stóðhross í Hólaafrijet í Kolbeinsdal, og ábúandi Bjarnastaða enn fremur fría hagagöngu þar á veturnum fyrir sín eigin hross.

Í fjórða lagi þá eru undirskriftirnar ólíkar í þessum útgáfum. Munurinn liggur í því að þess er aðeins getið að Jón Guðmundsson samþykki landamerkjaskrána í óskráðu útgáfunni. Þar er heldur ekki minnst á athugasemdina um mótmælin.<sup>512</sup>

Dagana 5.-7. maí 1898 var haldinn aðalfundur stjórnarnefndar Búnaðarskólans á Hólum. Fundinn sátu; Hermann Jónasson fulltrúi Húnavatnssýslu, Ólafur Briem fulltrúi Skagafjarðarsýslu, Guðmundur Guðmundsson fulltrúi Eyjafjarðarsýslu og Jakob Hálfánarson fulltrúi Suður-Þingeyjarsýslu. Einnig sat Jósef Björnsson fundinn. Þar var tekin fyrir:

7. Sala Kolbeinsdalsafrijettar.

Framlagt var brjef amtmannsins yfir Norður og austuramtinu dags. 23. júní f.á., er tilkynnir, að amtsráðið í Norðuramtinu hafi á fundi sínum 11.-12. s.m. samþykkt sölu á Kolbeinsdalsafrijet fyrir 650 kr. (sbr. fundargerð

---

<sup>509</sup> Skjal nr. 2(47) a-b.

<sup>510</sup> Viðbætur neðanmáls.

<sup>511</sup> Skjal nr. 2(255). Hólar. Skag. V. 34. (db.gr.nr. 46011).

<sup>512</sup> Skjal nr. 2(228) a-b.

---

stjórnarnefndarinnar 10.-12. maí 1897, tölul. 16). Samkvæmt fyrirskipun amtráðsins afgreiddi stjórnarnefndin afsalsbrjef fyrir afrjettinni, svohljóðandi:

Stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum kunngjörir, að hún samkvæmt fyrirskipun amtráðsins í Norðuramtinu selur og afsalar hreppsnefndunum í Hóla og Viðvíkur hreppum hina svonefndu Kolbeinsdalsafrjett, er telst 10 (tíu) hundruð úr jörðinni Hólum í Hjaltadal með þeim rjettindum og skyldum, er landi þessu fylgja að lögum, þannig að jörðin Hólar njóti alls sama rjettar og sje öllum sömu skyldum háð í tilliti til afrjettarinnar sem aðrar jarðir í nefndum hreppum, fyrir umsamið kaupverð 650 (sex hundruð og fimtíu) krónur, sem þegar er greitt að fullu.

Fyrir því eru Hóla og Viðvíkur hreppar hjeðan í frá rjettir eigendur að Kolbeinsdals afrjett með þeim ummerkjum, sem tiltekin eru í merkjalýsingu afrjettarinnar dagsettri 22. maí 1897.

Þess skal getið, að sala afrjettarinnar er bundin þeim skildaga, að eignarrjettur Hóla til hins svonefnda Hólahaga verði aldrei vefengdur af íbúum nefndra hreppa.

Til staðfestingar eru nöfn stjórnarnefndarmanna.

Á fundi að Hólum 6. dag maímánaðar 1898.

Ólafur Briem Guðm. Guðmundsson

J. Hálfðanarson Hermann Jónasson<sup>513</sup>

#### 5.5.5.6 Djúpadalur í Blönduhlíð (Djúpárdalur)

Steindór Jónsson fékk Ingunni Ólafsdóttur, eiginkonu sinni, allan Ytra-Djúpadal með bréfi gerðu 31. júlí 1445. Eftirfarandi landamerki eru tilfærð í bréfinu:

[A]t firir sunnann framm rædur diupadalsaa til jokuls og austur j gloppugil. gagnuartt þaðan norður epter fiallinu mots vid holastadar menn. sijdan rett j vestur epter ollu fiallinu og allt aa feikirs nauf og rettsynes i jtra nautaskalar enda ok steingard þann sem geingur ofan j aa. er hennar heimaland aa mille þessara vm(m)erkia sem fyr seiger.<sup>514</sup>

Landamerkjabréf fyrir Djúpadal var útbúið 14. apríl 1890 og þinglesið 22. maí sama ár. Það hljóðar svo:

Að sunnan fram ræður Djúpadalsá til jökuls, og austur í Gloppugil. Rjettisýnis þaðan norðureptir fjallinu móts við Hólastaðarmenn. Síðan rjett í vestr eptir öllu fjallinu og allt á Feikirsnauf og þaðan rjettisýnis í vörðu á Nautaskálarmel og þaðan rjetta sjónhending í vörðu við Djúpadalsáreyrar.<sup>515</sup>

Valdimar Jón Jónsson og Eiríkur Jónsson eigendur Djúpadals skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Þorvaldi Arasyni eiganda Flugumýrar,

---

<sup>513</sup> Skjal nr. 2(298) a-b.

<sup>514</sup> Skjal nr. 2(138).

<sup>515</sup> Skjal nr. 2(64) a-b.

---

Stefáni Eiríkssyni eiganda Höskuldsstaða, Þrúði Jónsdóttur sem handsalaði sem eigandi Miðhúsa, Hirti Hjálmarssyni eiganda Stóruakra og Sigríði Guðvarðardóttur eiganda Stóruakra og Litladals.

Fram kemur í Fasteignamati 1916-1918 að Djúpidalur hafi upprekstur á sitt eigið land í Djúpadal og þess utan á Silfrastaðaafreitt. Einnig stendur að beitiland jarðarinnar sé víðlent.<sup>516</sup>

#### 5.5.5.7 Stóru Akrar

Í jarðasöluþréfi frá 7. apríl 1607 er m.a. fjallað um landamerki milli Akranna hið efra. Í Bréfinu kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Aullumm mönnum sem þetta brief sia edur heyra kunngiorum vid magnús Sigfussson kirkiu prestur ad Reinistadarklaustri, Jon Sigurdsson vmbods madur konungs i hegraner þyngi, Arni Biorsson, Einar Jonsson logrettu madur og kolbeirnn hialmsson ad þann vij dag Aprilis manadar, sem uar manudagur sydastur i vetri j Gielldinga holtti i Skagafirdi, Anno mdc og vj ár, vorum uier til vitniskalladir heyrdu og saum ord og handaband þessara manna, Arngrymns Jonssonar af einrri alfu, og Gryms Jonssonar af annari ad suo vndertoludu og fyrirskyldu þad Grymur Jonsson selldi sera Arnngrymi Jonssini, Jordina halfa Storuk Akri j Blonduhlyd Lx hndr. ad dyrleika, med annari smá jordu þar hia minni Okrum xx hndr. ad dyrleika badar i Miklabæarkirkjusocknn med ollum gognum og giædum eignum og itokum sem greindum jordum filgga Eiga ad fornu og nyu nær og fir oc Grymur vard fremst eigande ad epter fodur sinn Jon Grymsson i Riett arfa skipti vid syskin syn, hermdi grymur þessi landamerke a milli Akranna hid efra, Gard þann sem gengur austann yfir haugs nes hia minni Akragardi alltt uppa haugs nes þar til kiæmi a bord vid fuglstapa þufur þær ed standa vt epter hánesinu huoriar fuglstapa þufur langa æfi hefdi halldnar verid landamerki milli minni Akra og litladals Vtann gardur fyndist austar, sunnann urgreindumm þuergardi og vti dalsá. Sydann sagdi Grymur þennann þuergard sem geingur austur oc vestur ifir nesid ráda Storuk Akra landi j dalshool og suo framm i griotá, sem halldit hefdi verit, Enn fyrir framann griotá, ætti Sidri Akrir land alltt litladals meiginn framm ad ármotum þar filhoola á, kiemur j diupadals á, Enn ur (þvi Dijupa dals á) þui badu meiginn djupadalsar frammunder jokla, og verdur þa halft tungufiallid Akraeignn eptir gamallri hefd, þo af sagdi Grymur þad ad abirgiast, þo þad halft tungufiall kinni vndann ad ganga, hier i mot galltt s. Arnngrymur nefndum Grymi Jonssini, so heitande jarde Irarfell xx hndr. Soluanes xx hndr. Badar i Tungusueit j Goddala þyngum, oc jordina Brenniborg xxx hndr. i Vydimirarkirkjusockn. [...] hier ad auk lofadi s. Arnngrymur ad giallda x hndrada jord Anastadi i Tungusueit. Enn a medann hun greidist ecki skilldi sera Arnngrymur, suara þar af Riettri landskulld árlega, selldi tyttnefundur s. Arnngrymur optskrifudum Grymi allar ádur sagdar

---

<sup>516</sup> Skjal nr. 2(94).

---

jarðir með öllum gögnum og giædum sem þeim filgir með riettu að fornu og nyu og sera Arnngrymur varð fremst Eygande að, vundann sier og synum Erfingium, Enn under grym og hanns Erfingia, hier að auk skilldi grymur hafa jordina Vydivelli með vykirkoti til abyllis so leingi sem honum lykade meðan Gudrun magnusdotter til lyfði og ætti þar rad á [...] [O]g til sanninda her vmm festast vor firr skrifadra manna Insigli fyrir þetta kaupbref huortt skrifad var a Storu Ökrum i Blonduhlyd sama ári deigi sydar enn firr seiger.

Þetta bref með fiorum hangandi Inngiglum.

[...]

Framann og ofann skrifada Jarðabrefa orginala, Riett utcopierada vera, vottum við undirskrifadir Ad Holum i Hialltadal d. 6. Juny 1704.

Halldor Þorbergsson Eh, Jon Jonsson<sup>517</sup>

Landamerkjabréf fyrir Stóruökrum, Brekkukoti, Höskuldsstöðum og Miðhúsum var útbúið 13. maí 1890 og þinglesið 22. maí sama ár. Það hljóðar svo:

Landamerkjum að austan, á milli Djúpadals og nefndra jarða, ræður á sú til jökuls, er rennur á milli Akradals og Djúpadals – Tungufjalls. Eiga þá nefndar jarðir í sameiningu allt land fyrir sunnan greinda á. Verða þar í Fagrahlíð, Hrafnabjargadalir báðir, einnig Akraselsfjallið allt heim að Grjótá, ásamt Grjótárdal. [...] Hjerað auki á Akrakirkja ýms ítök samkvæmt máldagabréfi af 1392. Þetta í rekum, þrjá hluti í viðreka á Básam eða Básareka vestan framm á Skaga; en hvalreka, þriðjung úr þriðjungi í hálfum hval fyrir öllum vikalöndum, sem þá voru svokölluð vestur til Laxár. Einnig á hún geldfjárrekstur lamba og eldra fjár, utan geldneyta, á Tjarnagil, sem nú er kallað Stafngil í Svartárdal. Enn eiga Akrar skógarpart framm á Öxnadalsheiði hris og grafargjörð uppað reiðgötum framm að Kúskerpis- hvammi og ofanað ármótum. Item allan geldneyta rekstur á Öxnadalsheiði framm frá vörðum til Kallbaksár.<sup>518</sup>

Hjörtur Hjálmarsson og Sigríður Guðvarðsdóttir eigendur Stóruakra skrifuðu undir landamerkjabréfið. Það var samþykkt af Stefáni Eiríkssyni eiganda Höskuldsstaða, Þuríði Jónsdóttur eiganda Miðhúsa, Árna Jónssyni, J. Hallssyni, Valdimar Jóni Jónssyni, Eiríki Jónssyni eiganda Djúpadals, Helgu Þorvaldsdóttur eiganda Syðstugrundar, Jóni Stefánssyni eiganda Minniakra, Jóhanni Jónssyni eiganda Vaglagerðis og Gísla Þorlákssyni eiganda Grundarkots.

#### 5.5.5.8 Fremrikot

Í Jarðabók Árna Magnússon og Páls Vídalíns frá 1709 kemur fram að Fremrikot séu í eigu Silfrastaðakirkju. Þá segir: „Upprekstur í Silfrastaða afrjett er hjer tolllaust“.<sup>519</sup>

---

<sup>517</sup> Skjal nr. 2(76) a-b.

<sup>518</sup> Skjal nr. 2(65).

<sup>519</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* IX, bls. 152-153.

---

Í landamerkjabréfi fyrir Fremrikot, dags. 31. mars 1890 og þingl. 22. maí 1890, er merkjum gagnvart Silfrastaðaafrétti lýst svo: „Að norðan Fletjardalslækur austur í Valagilsá. Að austan Valagilsá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan vestur á móts við Merkjaskriðu.“ Ólafur Briem skrifar undir bréfið í nafni frú Marenar Lárusdóttur. Bréfið er áritað af Steingrími Jónssyni vegna Silfrastaða.<sup>520</sup>

#### 5.5.5.9 Krókárgerði

Í kaflanum um Krókárgerði í Jarðabók Árna Magnússon og Páls Vídalíns frá 1709 segir m.a.:

Jarðardýrleiki, sem menn almennilega tala, xx □, en síðan Hálfdanartúngur voru bygðar hjer með eru bæði þessi lönd tíunduð xx □ fjórum tíundum, fylgja hvorutveggju heimajörðinni Silfrastöðum, so að hún að báðum þessum jörðum meðreiknuðum telst og tíunduð tíutíu hundruð.

[...]

Upprekstur á Silfrastaðaafrétt tollfrí.<sup>521</sup>

Landamerkjaskrá fyrir Krókárgerði er dagsett 31. mars 1890 og var þinglýst 22. maí sama ár. Þar er merkjum jarðarinnar lýst svo:

Að vestan ræðr Stórilækr frá Norðurá uppá Stóralækjarskarð í fjallsbrúninni. Að sunnan bein stefna, þaðan yfir fjallið austur í botn á Ernidal. Að austan Ernidsalá og síðan Króká ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að norðan, vesturað Stóralækjarós.

Landamerkjaskráin er undirrituð af Ólafi Briem í nafni frú Marenar Lárusdóttur og árituð um samþykki af Steingrími Jónssyni ábúanda Silfrastaða.<sup>522</sup>

---

<sup>520</sup> Skjal nr. 2(70) a-b.

<sup>521</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX*, bls. 153-154.

<sup>522</sup> Skjal nr. 2(70) a-b.

---

## 6 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

### 6.1 Efnisskipan og sameiginleg atriði

Hér á eftir verður fyrst fjallað um *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og fyrir-  
liggjandi dómafordæmi í þjóðlendumálum. Að því búnu verður gerð grein fyrir  
landnámi á því svæði sem mál þetta varðar og því næst koma niðurstöður  
óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu einstakra landsvæða, í staðfræðilegri  
röð.<sup>523</sup> Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar.

#### 6.1.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður  
óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um nokkrar staðreyndir  
og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í  
málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við.  
Kaflar þessir voru felldir saman, með lítilsháttar breytingum, og birtir þannig sem  
viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. Sá texti fylgdi einnig í viðauka með  
úrskurðum í málum á svæði 7A, að viðbættum nokkrum almennum köflum úr  
úrskurðum á svæðum 5–6 og nýjum formála til skýringar. Sami viðauki fylgir nú  
úrskurðum á svæði 7B, að viðbættum almennum kafla úr úrskurðum á svæði 7A og  
uppfærðum formála.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á  
einstökum landsvæðum, sbr. kafla 6.3–6.8 hér á eftir, eru í beinu samhengi og  
samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum  
viðbótum, og vísa til þeirra.

#### 6.1.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

##### 6.1.2.1 Yfirlit

Nú liggja fyrir samtals fimm tugir dóma Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um  
eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998, með síðari  
breytingum. Hér verður gerð grein fyrir þeim 22 dómum sem gengið hafa frá því  
óbyggðanefnd kvað síðast upp úrskurði. Sambærileg umfjöllun um eldri dóma í fyrri  
úrskurðum, að því marki sem hún hefur almenna þýðingu, hefur verið felld inn í  
framangreindar *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* og vísast þangað.

Um er að ræða eftirfarandi 22 dóma Hæstaréttar: Dómur frá 24. september  
2009 í máli nr. 102/2009 (Brú og Brúaröræfi); dómur frá 29. október 2009 í máli nr.  
685/2008 (Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, Elliðavatn, Vatnsendi,  
Lækjarbotnar og Geirland); dómur frá 19. nóvember 2009 í máli nr. 69/2009

---

<sup>523</sup> Umfjöllun um staðhætti og gróðurfar á svæðinu er byggð á útgefnum kortum Landmælinga Íslands,  
örnefnaskrá frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í  
vettvangsferð, sbr. kafla 4.3., og almennum uppsláttarritum, svo sem árbókum Ferðafélags Íslands.

---

(Gunnarsstaðir); dómur frá 25. mars 2010 í máli nr. 409/2009 (Skriðuklaustur); tveir dómar frá 3. júní 2010, í málum nr. 198/2009 (Selvogs- og Ölfusafréttur) og 184/2009 (Landsvæði aðliggjandi Ölfusafrétti); dómur frá 16. september 2010 í máli nr. 473/2009 (Krepputunga); sjö dómar frá 7. október 2010, í málum nr. 379/2009 (Heiðarmúli), nr. 517/2009 (Grímólfsártunga), nr. 722/2009 (Hvammur), nr. 723/2009 (Laxárdalur), nr. 748/2009 (Vatnsendi), nr. 749/2009 (Þverfellsland) og nr. 750/2009 (Hvappur); dómur frá 11. nóvember 2010 í máli nr. 768/2009 (Afréttur Álftaneshrepps hins forna/norðaustanverður hluti Almenningskóga Álftaness, Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur og sunnan Garðakirkjulands og Garðakirkjuland vegna Selskarðs); dómur frá 10. febrúar 2011 í máli nr. 299/2010 (Valþjófsstaður í Fljótsdal); dómur frá 11. apríl 2011 máli nr. 199/2011 (Hofsafreittur); tveir dómar frá 22. september 2011 í málum nr. 293/2010 (Þorvaldsstaðir og Hamar) og nr. 294/2010 (Mælifell og Selsárvellir); og loks þrír dómar frá 29. september 2011, í málum nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls), nr. 75/2011 (Grímsstaðir á Fjöllum) og nr. 56/2011 (Hvannstaðir).

Nítján af framangreindum 22 dómum fjalla um efnisleg atriði og í fjórtán þeirra var niðurstaða óbyggðanefndar staðfest í öllum meginatriðum. Í fimm tilvikum var henni hins vegar hnekkt og dæmt eignarland þar sem óbyggðanefnd hafði úrskurðað þjóðlendu. Nánar tiltekið er þar um að ræða landsvæðin Hvamm, Laxárdal, Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði.

Þau fimm mál, þar sem úrskurði óbyggðanefndar var hnekkt, varða í meginatriðum mat á efni og samhengi fyrirbyggjandi heimilda um viðkomandi landsvæði. Niðurstöður þeirra leiða ekki til breytinga á sönnunarmati í málum af þessu tagi almennt en hnykkja á fyrirbyggjandi meginreglum, sbr. *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* sem fylgja í viðauka með úrskurði þessum. Í næstu tveimur köflum er gerð nánari grein fyrir samhengi umræddra dóma og meginreglna.

### **6.1.2.2 Heimildir sem mæla í mót landamerkjabréfi jarðar**

Í tveimur dómum Hæstaréttar frá 7. október 2010, um eignarland Hvamms og Laxárdals í Svalbarðshreppi, er fjallað um land innan afmörkunar í þinglýstum landamerkjabréfum jarða. Slíkt land hefur að meginreglu verið dæmt og úrskurðað eignarland en óbyggðanefndar taldi að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að innan bréfa Hvamms og Laxárdals væru þjóðlendur að hluta

Það er ekki tilvist landamerkjabréfs ein og sér sem hefur ráðið úrslitum um mat á eignarétti, heldur staða landsvæðisins sem jarðar. Mikilvægi landamerkjabréfa jarða felst í sönnunargildi þeirra en hvert og eitt bréf er metið sérstaklega. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi

---

jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Á svæðum 1-7A eru fimmtán tilvik þar sem óbyggðanefnd hefur úrskurðað að land innan landamerkjabréfs jarðar væri eignarland að hluta og þjóðlenda að hluta. Er þá miðað við yngra landamerkjabréf viðkomandi jarðar, hafi verið gerð tvö, og skýringu óbyggðanefndar á texta viðkomandi bréfs, en hún getur verið önnur en skýring málsaðila.

Þau fimmtán tilvik sem hér um ræðir eru eftirfarandi: Þingvellir; Mörtunga á Síðu; Fell í Suðursveit; Stafafell í Lóni; Skriðuklaustur og Valþjófsstaður í Fljótsdal; Brú á Jökuldal; Þorvaldsstaðir og Hamar í Selárdal; Gunnarsstaðir, Kverkártunga og Miðfjörður í Skeggjastaðahreppi; Hammur og Laxárdalur í Svalbarðshreppi; Reykjahlíð í Mývatnssveit. Að undanskildum Hvammi og Laxárdal hafa þeir dómur Hæstaréttar sem gengið hafa um þessi tilvik staðfest niðurstöðu óbyggðanefndar í öllum meginatriðum. Umfjöllun um Kverkártungu og Miðfjörð í fyrrum Skeggjastaðahreppi og Reykjahlíð í Mývatnssveit er ólokið hjá dómstólum.

Í flestum þessara tilvika hafa legið fyrir eldri heimildir um afmörkun jarðarinnar, stundum eldri landamerkjabréf, sem mælt hafa í mót lýsingu landamerkjabréfs. Þetta er þó ekki einhlítt og mál Þingvallakirkjulands, Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar í Fljótsdal vörðuðu fremur mat á heimildum um takmörkuð réttindi innan merkja. Loks getur hvort tveggja hafa verið fyrir hendi, eldri merkjalýsingar og heimildir um takmörkuð réttindi, sbr. einkum Stafafell í Lóni og Fell í Suðursveit.

Til viðbótar við framangreind fimmtán tilvik eru þess tvö dæmi á svæðum 1-7A að eignarréttur að jörð hafi verið gefinn upp eða glatast, sbr. dóma Hæstaréttar um Fjall og Breiðármörk frá 11. maí 2006.

Af framangreindu er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og ríkar kröfur gerðar í því sambandi. Nýjar úrlausnir dómstóla um jarðirnar Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi áréttu þetta enn frekar. Þar taldi Hæstiréttur að land innan landamerkjabréfa annars vegar Hvamms og hins vegar jarðarinnar Laxárdals væri í heild sinni eignarland. Hafnað var þeirri röksemdafærslu óbyggðanefndar að önnur afmörkun í tiltekinni eldri heimild leiddi til þeirrar niðurstöðu að þar væru þjóðlendur að hluta.

Loks skal þess getið að ýmis dæmi eru um að uppi hafi verið álítaefni af þeim toga sem hér um ræðir í málum sem lyktað hefur með niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarland. Úrskurðum um eignarland hefur almennt verið unað og þeir því ekki komið til endurskoðunar hjá dómstólum. Sem dæmi um ríkt sönnunargildi landamerkjabréfs jarðar í slíku máli má nefna Hjaltadal og Kambfellskjálka í máli nr. 3/2007 á svæði 6.

### 6.1.2.3 Heimildir um legu jarða til forna

Eftir er þá að gera grein fyrir þremur nýjum dómum þar sem hnekkt var úrskurðum óbyggðanefndar um þjóðlendu, nánar tiltekið varðandi Vatnsenda í Svalbarðshreppi, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls í Öxarfjarðarhreppi og Hvannstaði, einnig í Öxarfjarðarhreppi.

Í þessum málum er fjallað um þýðingu þess að landsvæði hafi upphaflega verið hluti jarðar. Slíkt land hefur að meginreglu verið úrskurðað og dæmt eignarland, svo sem áður sagði. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land er þannig veigamikil atriði.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargagn um beinan eignarétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að svæði utan lands jarða sé þjóðlenda. Þá getur verið bæði jörð og afrétt(ur) innan sama bréfs, með eða án aðgreiningar af einhverju tagi, svo sem að framan greindi.

Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignaréttar er eignaréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Þessu til viðbótar er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Umfjöllun í landamerkjabréfi og notkun hugtaksins afrétt(ur) eru þannig dæmi um atriði sem veita ekki einhlít svör við því hvort tiltekið landsvæði sé jörð, afrétt(ur) jarðar, afrétt(ur) kirkju og klausturs, samnotaafrétt(ur) eða annað land. Þess utan kunna heimildir að vera óljósar og brotakenndar, afmörkun og nýting breytileg, réttindi jafnvel gefin upp eða glötuð.

Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta hins vegar gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Í framangreindum þremur dómum Hæstaréttar, um Vatnsenda, sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls og Hvannstaði, felst áhersla á þetta atriði, enda þótt fleira komi þar til. Þar lagði dómstóllinn til grundvallar að umrædd landsvæði hefði talist hluti af jörðinni Álandi, í tilvikum Vatnsenda, og jörðinni Hólum, í tilvikum Fagradals, Víðirhóls, Hólssels, Nýhóls og Hvannstaði. Þau hefðu því verið háð beinum eignarétti. Hafnað var þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að landsvæðin hefðu ekki stöðu jarðar að lögum.

Sem dæmi um skyld álitafni í úrskurðum óbyggðanefndar þar sem niðurstaðan hefur verið eignarland má hér nefna Núpufellsdal og Þormódsstaðasel í máli nr. 1/2008 á svæði 7a, Gnýsstaði í máli nr. 3/2005 á svæði 5 og Háreksstaði í máli nr. 2/2005 á svæði 5.

---

## 6.2 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir Landnámu hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í Landnámu verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um það hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.<sup>524</sup> Má í þessu sambandi einnig vísa til dóms Hæstaréttar 28. september 2006 í máli nr. 497/2005, sem fjallaði um Hoffells-Lambatungur í Nesjum.

Í 5. kafla hér að framan er gerð grein fyrir þeim takmörkuðu frásögnum Landnámu sem lúta að landsvæðum þeim sem hér eru til umfjöllunar. Af þeim verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla og inn til landsins numið var. Að öðru leyti vísast til eftirfarandi kafla um einstök landsvæði.

## 6.3 Almennigur norðan Hrauna

### 6.3.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Almennigur norðan Hrauna og þinglýstir eigendur jarðanna Hrauna og Mánár gera kröfu til sem eignarlands síns. Kröfusvæði hinna tveggja síðar nefndu skarast á milli austurmarka þjóðlendukröfusvæðisins og línu sem liggur úr Illviðrahnjúk í norðvestur eftir vatnaskilum í 725 m háan hnjúk á sveitarfélagamörkum og þaðan beint úr honum í Almenningsnöf. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.2.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur við sjó nyrst á Tröllaskaga. Sæbratt er með ströndinni en ofan sæbrúna tekur við hallalítið land sem svo rís skarpt. Hæst rís land til suðausturs í Illviðrahnjúki í 895 m hæð yfir sjávarmáli. Til norðurs út frá Illviðrahnjúki liggur óslitinn og brattur fjallgarður. Til austurs út frá áðurnefndum fjallgarði liggur Kvígildi í 213 m hæð yfir sjávarmáli.

### 6.3.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem

---

<sup>524</sup> Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

teljist smájökklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Að því er varðar Almennung norðan Hrauna sérstaklega er á því byggt að heimildir greini að umrætt svæði hafi verið almenningur utan eignarlanda frá fornu fari, samanber þá lýsingu sem finna megi í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709. Virðist sem lambaupprekstur hafi verið frír á almenning þennan og upprekstur tíðkast frá ýmsum bæjum, m.a. í Fljótum. Líta verði þannig á að umrætt svæði hafi fyrst og fremst verið nýtt til sumarþeitar fyrir búfé og hafi aldrei haft stöðu jarðar í skilningi þjóðlendulaga. Í landamerkjabréfi Hrauna frá árinu 1885 greini að svokallaðir „Almenningar“ hafi tilheyrt jörðinni. Ekki er fallist á að í þeirri tilgreiningu hafi fallist tilvísun til beins eignarréttar heldur hafi verið vísað til óbeinnar afréttareignar á svæðinu. Með vísan til eldri heimilda verði ekki talið að um ráðstöfun beins eignarréttar hafi getað verið að ræða, enda engum til að dreifa sem heimild hefði haft til ráðstöfunar slíks eignarréttar. Í því sambandi sé þá einnig haft í huga að svæðið virðist frá fornu fari hafa verið nefnt Almennungar.

Af hálfu þinglýstra eigenda Hrauna, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstu landamerkjabréfi og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi, svo sem afsöllum er byggt á eldri eignarheimildum sem megi rekja allt aftur til þess er Hólastólsjarðir hafi verið seldar á opinberu uppboði með uppkölluðum landamerkjabréfum árið 1802. Einnig er byggt á landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Ekki sé almenningur innan merkja Hrauna í þeirri merkingu að þar sé eigendalaust land að finna því af heimildum megi ráða að hér sé um örnefni að ræða. Fullur hefðartími sé liðinn frá því að framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi þessara gagnaðila. Í þessu sambandi megi nefna að Vegagerð ríkisins hafi gert samning við þessa gagnaðila um malarnám í hinu umþrætta landi árið 1973 er gilti til 25 ára. Rjúpnaveiði hafi verið leigð út til einkaaðila samkvæmt sérstökum samningi. Hafi þessir gagnaðilar því óskoraðan eignarrétt að þessu landi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar. Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þó það hafi verið nýtt að einhverju leyti sem afréttarland. Umrætt land sé þó ekki lögafrétt og hafi ekki verið samkvæmt elstu heimildum.

Byggt er á því að umræddir gagnaðilar hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti, sem þeir verði ekki sviptir án bóta. Þá er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Einnig er vísað til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

Af hálfu þinglýstra eigenda Mánár, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á því að lýsing landamerkjabréfs Mánár fái ekki staðist til suðurs til móts við jörðina Hraun

---

í Fljótum. Hafi Mánárbændur allt frá öndverðu véfengt lýsingu við Grænaforvaða og talið merkin vera við Almenningsnöf, sbr. matsgerð á jörðinni frá 5. júlí 1918. Því er mótmælt að Hraun geti talist eiga merki að Grænaforvaða enda sé getið um rétt til reka að honum í merkjabréfi þeirrar jarðar. Munnlegar heimildir hermi að Mánármenn hafi skipt greindum rekaréttindum fyrir rétt til sjósóknar sunnan merkja sem þeir hafi ávallt talið að væri við Almenningsnöf. Þá hafi þeir véfengt og véfengi enn að sá sem áritaði merkjabréf Hrauna 24. mars 1885 fyrir hönd Mánár hafi verið til þess bær, í öllu falli hafi núverandi eigendum ekki tekist að rekja tengsl Pálma Jóhannssonar sem bréfið undirriti, við eigendur Mánár.

Þá hljóti að teljast varhugavert að horfa til þinglýsingar umrædds bréfs í annarri sveit þar sem Mánármenn hafi ekki átt kost á að gæta réttar síns. Máná sé í Úlfsdölum en þeir hafi tilheyrt Skagafjarðarsýslu til 1826. Úlfsdalalönd náí að Almenningsnöf svo sem fram komi í tilvitnunum á bls. 36 í fyrra kröfufesti íslenska ríkisins. Vísað er til þeirrar meginreglu að sveitarfélagamörk fylgi oftast merkjum jarða. Þótt frávik kunni að vera þar á, sé í öllu falli fáheyrt að jörð geti átt eignarland yfir sveitarfélagamörk. Heimildir séu fyrir því að þegar Hraun hafi verið keypt undan Hólastóli hafi réttur til Almenninga að Almenningsnöf fylgt en samkvæmt því réttum merkjum Mánár síðar verið hallað.

Hvað varakröfuna áhræri er á því byggt að sauðfé hafi um aldir gengið frjálst á þessu svæði og áratugum saman hafi ákveðnir hlutar þess verið gagngert nýttir sem úthagi fyrir hross þeirra Mánármanna. Ummælum í skrá um eignir Hólastóls frá 25. desember 1550, að föllnum Jóni biskupi Arasyni, þess efnis að afrétt brúkist ekki frá Máná og peningur gangi í heimalöndum verði að taka með fyrirvara. Vísast hafi Mánármenn talið heimalönd ná lengra en rúmum þremur öldum síðar hafi verið fært í landamerkjabréf, sem þeir hafi lengi véfengt. Jafnframt sé til að dreifa yngri afréttarnotum en frá 16. öld. Mánármenn hafi löngum gengið til fuglaveiða á kröfusvæðinu en árekstrar orðið í seinni tíð með þeim og mönnum sem Hraunabóndi hafi selt þar veiðiréttindi á leigu.

### 6.3.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hrauna er rakin í kafla 5.1.3.1 og Mánár í kafla 5.1.3.3 Af þeim heimildum sem þar eru raktar og ná allt aftur til 14. aldar í tilviki Hrauna og 16. aldar í tilviki Mánár, má ráða að þær hafa verið sjálfstæðar jarðir.<sup>525</sup> Almennings „millum Dalabæiar a Vlfðólum og Hrolffzvallna“ er fyrst sérstaklega getið í heimild frá 17. öld og talinn meðal eigna Hólastóls. Síðar telja eigendur Hrauna þar til réttinda, sbr. landamerkjabréf fyrir Hraun frá 24. mars 1885. Ágreiningur er milli eigenda Hrauna og Mánár um mörk þeirra, innan kröfusvæðis íslenska ríkisins.

---

<sup>525</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Hrauna er lýst í landamerkjabréfi, frá 24. mars 1885 og þingl. 1. júlí 1887, og hvernig merkjum Mánár er lýst í landamerkjabréfi, frá 2. október 1885. Engar eldri merkjalýsingar finnast um þessar jarðir. Einnig verður litið til lýsinga á Almennungi norðan Hrauna og eyðijörðinni Hrólfsvöllum, svo langt sem þær ná. Lýsingar þar að lútandi er einkum að finna í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 en þar er sérstök lýsing á Almennungi, í tengslum við Hrólfsvelli, sem íslenska ríkið byggir afmörkun sína á. Athugun þessi tekur til alls kröfusvæðisins. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hrauna og Mánár með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu þess.

Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Hraun eru merki þannig til norðausturs, gagnvart Máná: „Að utan ræður svokallaður Græni forvaði við sjó undan Dalaskriðum. Þaðan bein stefna á Dalaleiðarbrún og ráða fjallseggjar, þaðan fram að landamerkjum Lambanesreykja.“ Suðurmörk jarðarinnar eru langt fyrir sunnan kröfusvæði íslenska ríkisins. Vesturmörkum er heldur ekki nákvæmlega lýst en þau miðast við sjó. Auk þess segir í bréfinu: „sömuleiðis [tilheyrir jörðinni] svokallaðir Almenningar með eyðibýlinu Hrólfsvöllum og Þúfnavöllum og ítakalaust rekaland frá Hraunaás að Grænaforvaða.“ Bréfið er áritað um samþykki vegna Mánár.

Samkvæmt landamerkjabréfi Mánár frá 2. október 1885 er merkjum gagnvart Hraunum lýst þannig: „Að sunnan móts við Hraun ræður merkjum svokallaður „Græniforvaði“, er gengur í sjó fram neðan undir Mánárskriðum, úr honum bein stefna uppá svokallaða Mánárhymnu Dalaleiðarbrún; þaðan ráða fjallseggjar fram á Illviðurshnjúk.“ Bréfið er áritað vegna Hrauna. Svo sem áður segir greinir eigendur þessara jarða á um mörk þeirra innan kröfusvæðis íslenska ríkisins. Ekki telja þeir að landamerkjabréfin séu í ósamræmi heldur hafa eigendur Mánár haldið því fram að mörk jarðarinnar til suðurs séu við Almenningsnöf en ekki Grænaforvaða og liggja þannig nokkru sunnar (sic) en lýsing landamerkjabréfsins kveður á um. Virðist þessi ágreiningur eiga rætur að rekja a.m.k. til ársins 1916 en fram kemur í fasteignamati 1916-1918 að landamerki Mánár séu ekki talin ágreiningslaus til móts við Hraun í Fljótum. Til þessa ágreinings verður þó aðeins tekin afstaða hér ef umrædd mörk liggja að einhverju leyti að þjóðlendu, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Frekari athugun á þessu atriði er því komin undir því hver niðurstaða óbyggðanefndar er um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðisins.

Verður þá vikið að lýsingu á Almennungi, í tengslum við jörðina Hrólfsvelli, í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 en á henni er afmörkun kröfusvæðis íslenska ríkisins byggð. Þá verða einnig aðrar heimildir um Almennung skoðaðar, auk heimilda um afmörkun eyðijarðarinnar Hrólfsvalla. Í áður nefndri Jarðabók segir svo um Hrólfsvelli: „Almenningar heita lönd sem liggja norðurfrá þessarar jarðar landi, á milli Hrólfsvallaár og ófæru forvaða.“ Lýsing þessi er ekki

---

nákvæm en virðist þó geta samræmst afmörkun þjóðlendukröfusvæðisins. Einnig er fjallað um Almenning í tengslum við Reykjahól í Fljótahreppi í sömu heimild, þar sem segir svo: „Áður segjast menn heyrt hafa af sjer eldri mönnum að [Reykjahóll] hafi átt lambaupprekstur frí á almennínga millum Úlfsdala og Fljóta“. Þá kemur fram í lögfestu Hóla frá 1668 að lögfest er: „allt Domkyrkiunnar Land, sem kallad er almenningar, og liggur millum Dalabæiar a Vlfldólum og Hrolffzvallna“. Í sölubréfi fyrir Hrólfsvöllum frá 1568 kemur fram að þeir hafi verið seldir með öllu fornu og nýju samkvæmt skráum Hólastaðar „wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland“. Mælir þannig fyrstnefnda heimildin lýsingu landamerkjabréfs Hrauna á norðurmerkjum jarðarinnar í mót. Séu hinar heimildirnar sem raktar hafa verið hér að framan skoðaðar, og varða bæði Almenning og eyðijörðina Hrólfsvelli, kemur í ljós að þær mæla lýsingu Hrauna og Mánár einnig í mót og virðast reyndar ná bæði sunnar og norðar en þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins, sbr. t.d. umfjöllun um Almenning í tengslum við Reykjahól í Jarðabókinni 1709. Ekki hefur þó örnefnið „Eyuitraraa“ fundist á kortum.

Niðurstaða óbyggðanefndar af framanröktu er sú að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan afmörkunar í landamerkjabréfi Hrauna en hins vegar mæli lýsingar í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns landamerkjabréfinu í mót að því er varðar norðurmerki jarðarinnar. Þá virðast aðrar heimildir, um Almenning og eyðijörðina Hrólfsvelli, lýsa merkjum í andstöðu við lýsingar landamerkjabréfs Hrauna og Mánár. Þessar heimildir eru þó nokkuð óljósar. Landamerkjabréf Hrauna frá 1885 var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882. Það var þinglesið og fært í landamerkjabók án þess að nokkur mótmæli kæmu fram. Þrátt fyrir það deila eigendur Hrauna og Mánár um mörk jarðanna, svo sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirbyggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargagn um beinan eignarétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtakans afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitapýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignaréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða.

---

Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Af hálfu íslenska ríkisins er aðallega byggt á umfjöllun Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um eyðijörðina Hrólfsvelli. Auk þess sem að framan hefur verið rakið úr þeirri heimild segir svo um „Almenning“: „Þar hefur aldrei byggð verið hverki fyrir nje síðar, en munnmæli segja að þetta hafi verið almennings afrjett þessarar sveitar að norðanverður, alt að Mjóá, sem rennur úr Holtsdal, en hefur þó ei brúkast fyrir nje síðar so menn viti.“ Síðan segir að húsfrúin að Gröf hafi byggt þetta land með bréfi til beitar ábúandanum á Hraunum. Einnig er byggt á því sem segir um jörðina Reykjahól í sömu heimild en þar er reyndar minnst á „almenninga millum Úlfsdala og Fljóta“ sem er talsvert stærra svæði en fjallað er um í tengslum við Hrólfsvelli og Þjóðlendukröfusvæðið er miðað við.

Í elsta hluta Sigurðarregisturs frá 1525 eru lýsingar á rekæign Hólastóls sem virðist hafa náð a.m.k. yfir hluta ágreiningssvæðisins. Þar segir: „med ulfdolum oll recagogn. J afrettum oll recagogn. Millum eyvindarär og hrollaugsdalsär allan reka og fluttningar.“ „Hrollaugsdalsá“ er líklega Hrólfsvallaá en ekki hefur tekist að upplýsa hvar „eyvindarä“ sé að finna en líklega er einnig minnst á hana í elstu heimildinni um Hrólfsvelli. Í þeirri heimild, sem er sölubréf fyrir Hrólfsvelli frá 1568, segir að jörðinni fylgi allt að fornu og nýju „wt ad Eyuitraraa. og inn ä mötz vid Hraunaland“. Í Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu frá 1841 segir að Hraun hafi „landrými mikið og góðan útigang í svonefndum Almenningum út með sjónum, hvar eyðijörð er, sem byggð var til forna“. Er sú eyðijörð sem þar er minnst á væntanlega Hrólfsvellir. Í jarðamatinu 1849 segir að Hrólfsvellir og Hrútshús séu hjáleigur Hrauna. Þá kemur eftirfarandi fram um Hraun og Hrólfsvelli í Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1958: „Á Almenningum sem liggja með sjó norðan frá Hraunum er fornt eyðibýli, Hrólfsvellir, sem áður var lögbýli og búið þar fram á 18. öld, en er nú fyrir löngu komið í auðn [...] Land þessarar jarðar var lagt undir Hraun ásamt öllum Almenningum og á Hraun nú allt land norður að sýslumörkum.“ Í sömu heimild kemur fram að Hraun hafi verið eign biskupstólsins á Hólum en seld bóndanum á Hraunum árið 1802 með Hrútshúsum og Hrólfsvöllum og líklega með Almenningum.

Af þeim lýsingum í hinum ýmsu heimildum sem hér hafa verið raktar er ljóst að þær taka til hluta af því landi sem afmarkað er í landamerkjabréfi Hrauna og a.m.k. sumar þeirra virðast lýsa stærra svæði en ágreiningssvæðið, sbr. það sem segir um Reykjahól í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í hinum elstu heimildum er hins vegar óljósara hvaða svæði er verið að lýsa. Oft er minnst á Almenning í tengslum við afréttarnot en einnig í flestum tilvikum í tengslum við eyðijörðina

---

Hrólfsvelli. Ekkert landamerkjabréf hefur fundist fyrir þá jörð og eina lýsingin á mörkum hennar er í sölubréfi frá 1568. Þar virðast suðurmörk hennar miðast við endimörk Hraunalands, sem eru óskilgreind, en norðurmörk við svokallaða Eyvindará sem ekki hefur tekist að upplýsa hvar er. Samkvæmt Jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu var búið á Hrólfsvöllum „fram á 18. öld“ en land jarðarinnar síðan lagt undir Hraun.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir né heimildir um réttindi og nýtingu mæli gegn fyrirbyggjandi heimildum um að sá hluti þess landsvæðis sem afmarkaður er í landamerkjabréfi Hrauna og nefndur hefur verið Almennungur geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að gagnaðilar íslenska ríkisins og forverar þeirra hafi átt þar bein eignarréttindi fremur en óbeinan eignarrétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignarréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða hann fallið niður.

Að öllu framangreindu virtu hefur af hálfu íslenska ríkisins ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Hrauna sé þjóðlenda. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>526</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Almennungur norðan Hrauna, svo sem landsvæðinu er að framan lýst, teljist ekki til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998.

## **6.4 Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt**

### **6.4.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfussvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt og Sveitarfélagið Skagafjörður gerir einnig kröfu til sem eignarlands síns. Ágreiningssvæðið er í tveimur hlutum og liggur Flókadalsafrétt austan við Hrolleifsdalsafrétt, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1 og 3.3.

Ágreiningssvæði vegna Flókadalsafréttar liggur inn af Flókadal á norðvestanverðum Tröllaskaga, í yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Rís land hæst í rúmlega 900 m hæð í fjallstoppum á sunnanverðu svæðinu. Flókadalur hefur leguna norðvestur-suðaustur en dalurinn sveigir til suðvesturs um Hrafnaskálafjall (901 m) og kallast þá Seljárdalur. Hæst eru fjöllin umhverfis Seljárdal en þau heita Vesturegg að vestan og Austuregg að austan. Tveir dalir liggja suður upp í fjallendið upp af Seljaárdal, er Nyrðriárdalur sá vestari og Sigríðarstaðadalur sá austari og liggur

---

<sup>526</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Sigríðarstaðafjall (501 m) þar á milli. Austur upp af Sigríðarstaðadal liggur Hrafnaskálafjall (901 m) með Hrafnskálum (647 m) framan í.

Gróið undirlendi er með Seljaá en land rís skarpt upp frá því og umlykja allbrött fjöll áður nefnda dali. Fjöllin umhverfis dalina eru brött með klettabeltum og skorin giljum, dölum og skálum. Úr 901 m hæðarpunkti í Hrafnaskálafjalli norðvestur að ósum Hrolleifsdalsár eru um 16,5 km, mælt í beinni loftlínu.

Ágreiningssvæði vegna Hrolleifsdalsafréttar liggur einnig á norðvestanverðum Tröllaskaga, inn af Hrolleifsdal, í yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli og rís hæst syðst, í rúmlega 800 m hæð. Liggja þrír megindalir inn í fjallendið og liggur Barnadalur vestan til suðurs með leguna norður-suður. Austan hans liggur Lambárdalur einnig með leguna norður-suður. Norðvestan Lambárdals liggur Almenningskál með leguna suðaustur-norðvestur. Norðaustur upp af Almenningskál liggur Reitsfjall (768 m). Úr áður nefndum dölum renna ár sem sameinast í botni Hrolleifsdals og kallast þá Hrolleifsdalsá.

#### 6.4.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðhátum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Vegna Flókadalsafréttar sérstaklega er vísað til Sýslu- og sóknalýsinga Skagafjarðarsýslu 1839-1854 en einnig til Skagafirskra fræða 1781-1958. Þar komi fram að dalir í syðsta hluta Flókadals myndi Flókadalsafrétt. Þá er einnig vísað til lýsingar Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 á afrétt í Flókadal að því er varði Reykjarhól. Þar komi fram að jörðin eigi frían upprekstur fyrir lömb í Flókadalsafrétt (Seljárdal). Loks er vísað til þess sem fram komi í heimildum um Steinavelli, Illugastaði og fleiri jarðir.

Um afmörkun Flókadalsafréttar er einkum vísað til merkjalýsingar Illugastaða þar sem fram komi að Nyrðriá frá upptökum hafi skilið Illugastaðaland frá afréttarlandinu. Að því er suðurmörk afréttarinnar varði vísast einkum til merkjalýsinga Bjarnastaða og Spánár. Um merki að austan vísast til merkjalýsingar Tungu og til fyrrum sveitarfélagamarka í háfjalli austan Seljárdals. Að öðru leyti er

---

talið að heimildir greini að svæðið hafi eingöngu verið nýtt til sumarbeitar fyrir búfé fyrir hina ýmsu bæi í aðliggjandi sveitarfélögum.

Vegna Hrolleifsdalsafréttar sérstaklega er vísað til umfjöllunar um Tjarnarkot í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 þar sem vísað sé til sérstaks landsvæðis, afréttarlands á Hrolleifsdal sem tilheyrir hafi Hólastað. Talið sé að um umrætt afréttarland sé að ræða. Þá er vísað til landamerkjaskrár frá 1889 þar sem greint sé frá því að 1761 hafi „afrjett“ á Hrolleifsdal verið seld frá jörðinni Skálá í Sléttuhlíð en telja verði að afréttarsvæðið hafi frá fornu fari verið aðskilið svæði utan eignarlands, eingöngu ætlað til sumarbeitar fyrir búfé. Í merkjabréfi Skálár komi fram að jörðin hafi eftir sem áður átt þar frían upprekstur ásamt öðrum jörðum í Sléttuhlíð. Þá skuli þess einnig getið að samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839-1854 sé afrétt Fellssóknarmanna fyrir botni Hrolleifsdals. Einnig bendi kennileitið „Almenningskál“ til þess að um almenningsnot hafi verið að ræða.

Auk þeirra heimilda sem að framan greinir er vísað til annarra heimilda er svæðið varði og greini nær allar að um sérstakt afréttarsvæði hafi verið að ræða sem telja verði að legið hafi utan eignarlanda. Loks vísast til annarra heimilda sem svæðið varði og greini að um samnotafrétt hafi verið ræða, utan eignarlanda jarða.

Um afmörkun Hrolleifsdalsafréttar er af hálfu íslenska ríkisins vísað til umfjöllunar um jörðina Klón en einnig til þess sem fram komi í Skagfirskum fræðum um jörðina. Talið hafi verið að Klón ætti land að umræddri afrétt. Jafnframt er vísað til merkjalýsingar Þverár sem talin hafi verið fremsti bær í Hrolleifsdal á móti Klóni þar sem Þverá ætti land að Barnadalsá. Að austan og norðan er miðað við fyrrum sveitarfélagamörk. Loks er vísað til merkjalýsingar Illugastaða í Flókadal þar sem komi fram að Nyrðriá frá upptökum hafi skilið Illugastaðaland frá afréttarlandinu.

Af hálfu Sveitafélagsins Skagafjarðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á skráðum eignarheimildum sem hann hafi fyrir þessari eign sinni og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Krafan byggir á meginreglum íslenska eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrir jörð en síðar verið lögð til afréttar sveitarfélags, séu áfram háð beinum eignarrétti (sbr. Gullberastaðatungur og Hólar í Biskupstungum). Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því framangreindum landamerkjabréfum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi sveitarfélagsins enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Gagnaðilar íslenska ríkisins hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit og veiði og nýtingu auðlinda í jörðu. Það hafi m.a. lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Samkvæmt framangreindum heimildum hafi sveitarfélagið óskoraðan eignarrétt fyrir þessu landi með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Þá er vísað til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þótt lagt

---

hafi verið til afreittar. Loks er vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttar.

### 6.4.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á landsvæði því sem hér er til umfjöllunar er rakin í kafla 5.2. Þar kemur fram að við jarðakaup frá 1540 hafi „Ystamó og Syðstamó“ fylgt „selfór fram aa flokadalnum j jllugastada land þar sem at fornu hefer werit.“ Flókadalsafréttar er fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 en þar segir að allar jarðir í Vesturfljótum hafa haft afreitt fyrir lömb í Seljárdal. Einnig hafa nokkrar jarðir í Fljótahreppi átt selstöðu á Flókadal. Hrolleifsdalsafréttar er fyrst getið í heimild frá 1587 en þar kemur fram að Skálá fylgi „Afrett j Hrolleifsdal ollum gielldfienade.“

Kemur þá til skoðunar hvernig merkjum Flókadalsafréttar og Hrolleifsdalsafréttar er lýst. Verður fyrst litið til landamerkjabréfs Hrolleifsdalsafréttar frá 29. ágúst 1889 og þingl. 5. júní 1890 og annarra gagna um afmörkun á Hrolleifsdalsafrétt. Síðan verður afmörkun Flókadalsafréttar skoðuð en engar heildstæðar merkjalýsingar eru til fyrir Flókadalsafrétt. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðanna og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða, einkum vegna Flókadalsafréttar en afmörkun hans er miðuð við aðliggjandi landsvæði. Vestan og norðvestan við Hrolleifsdalsafrétt liggja jarðirnar Klón og Þverá. Til suðurs, sunnan hreppamarka Fellshrepps og Hofshrepps, liggja jarðirnar Hraun og Grundarland. Austan við Hrolleifsdalsafrétt og vestan við Flókadalsafrétt eru Illugastaðir. Norðan Flókadalsafréttar liggja Krakavellir, Skeið og Stóra- og Minni-Þverá. Austan Flókadalsafréttar er jörðin Tunga og til suðurs, sunnan hreppamarka Fellshrepps og Hofshrepps, er ágreiningssvæði vegna Unadalsafréttar, sjá nánar í kafla 6.5, og jarðirnar Bjarnastaðir og Spáná. Að fenginni niðurstöðu um landamerki Hrolleifsdalsafréttar og Flókadalsafréttar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í landamerkjabréfi Hrolleifsdalsafréttar segir þetta um svæðið: „Item á jörðin Skálá heyskap þann frían sem hafa má í svokölluðum Seta milli Stóra-Gils og Almennings Skálár. Ennfremur engjatak í Giljareit í Klónslandi. Jörðin Þverá hefir frí heyskap í Hrolleifsdalsafrétt fyrir framan svo kallaða Sandárskriðu fram að Barnadalsá.“ Lýsing þessi er ónákvæm um mörk afreittarinnar og verður því umfjöllun um merki hennar að miðast við aðliggjandi svæði að mestu.

Samkvæmt kröfulýsingum aðila eru mörk afreittarinnar til vesturs og norðvesturs, milli punkta 2 og 4 hjá íslenska ríkinu, miðuð við merki jarðanna Klónar og Þverár. Samkvæmt landamerkjabréfi Klónar frá 27. maí 1886 og þingl. 27. júní ári síðar, eru merki til austurs miðuð við „fjallsegg“. Bréfið er ekki áritað vegna afreittarinnar. Samkvæmt landamerkjabréfi Þverár frá 27. maí 1886 og þingl. 29. júní ári síðar, eru merki til austurs miðuð við að farið sé „frá Fossabrekku út að

---

Brenniskurði í frá ánni milli fjalls og eggjar“. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Lýsingar þessar eru ekki nákvæmar en ekki verður séð að þær mæli í mót afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu.

Samkvæmt kröfulýsingum aðila eru mörk afréttarinnar til suðurs miðuð við fyrrum hreppamörk Fellshrepps og Hofshrepps en þar fyrir sunnan liggja jarðirnar Hraun og Grundarland. Samkvæmt landamerkjabréfi Hrauns, frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar, eru merki til norðurs miðuð við „mitt fjall“. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Samkvæmt landamerkjabréfi Grundarlands, frá 29. maí 1885 og þingl. degi síðar, eru merki til norðurs miðuð við „mitt fjall“ og „Tungufjall“. Bréfið er ekki áritað um samþykki vegna afréttarinnar. Geta þessar lýsingar samrýmst afmörkun ágreiningssvæðisins.

Austan við ágreiningssvæðið vegna Hrolleifsdalsafréttar og vestan við ágreiningssvæðið vegna Flókadalsafréttar liggur svæði sem aðilar miða við að tilheyrir Illugastöðum. Samkvæmt landamerkjabréfi Illugastaða, frá 20. apríl 1890 og þingl. 6. júní sama ár, eru merki gagnvart ágreiningssvæðunum miðuð við að Nyrðrá skilji „Illugastaðaland frá afrjettarlandinu eða svo nefndu Sjöundastaðaselslandi“. Síðan er farið frá Nyrðrá upptökum og beina stefnu „til eggjar.“ Bréfið er áritað vegna Flókadalsafréttar. Er þessi lýsing í ágætu samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðunum.

Norðan við Flókadalsafrétt liggja Krakavellir. Samkvæmt landamerkjabréfi Krakavalla, dags. í júní 1888 og þingl. 13. júní sama ár, eru merki svofellð: „að framan eða við afrjettina í Grænhól og úr honum beina línu niður í til ár [o]g til fjallsbrúnar, að utan í gamlan garð, sem liggur frá ánni til fjallsbrúnar.“ Bréfið er áritað af hálfu hreppsins. Lýsingin virðist í samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu.

Norðaustan við Flókadalsafrétt liggja jarðirnar Skeið, og Stóra- og Minni-Þverá. Samkvæmt landamerkjabréfi Skeiðs, frá 28. júní 1887 og þingl. 1. júlí sama ár, eru merki til suðurs miðuð við „fjallseggjar“, annars er lýsingin ekki nákvæm til þeirrar áttar. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Í landamerkjabréfi Stóru- og Minni-Þverár, frá 25. júní 1887, eru merki miðuð við Skeiðdalsbotn. Bréfið er ekki áritað vegna afréttarinnar. Verður ekki séð að lýsingar þessar mæli afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu í mót.

Austan við Flókadalsafrétt er jörðin Tunga. Samkvæmt landamerkjabréfi Tungu, frá 27. júní 1887 og þingl. 1. júlí sama ár, fylgir henni „alt óskipt land tiltölulega eptir hundraðatali.“ Kemur fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins að merkjum Tungu sé raunar ekki lýst að þessu leyti en talið að miðað við heimildir um jörðina hafi land hennar náð yfir Tungudalinn og sé kröfulínan því staðsett á fjallsbrúnum vestan dalsins. Bréfið er ekki áritað vegna Flókadalsafréttar. Þó engar heimildir séu um nákvæma afmörkun ágreiningssvæðisins til austurs er ekkert sem mælir afmörkun aðila á því í mót.

---

Suðaustan og sunnan við Flókadalsafrétt, talið frá austri til vesturs, liggur ágreiningssvæði vegna Unadalsafréttar, sjá nánar í kafla 6.5., og jarðirnar Bjarnastaðir og Spáná. Í landamerkjabréfi Deildardals- og Unadalsafréttar, frá 3. júní 1890 og þingl. degi síðar, er merkjum Unadalsafréttar lýst þannig að afréttarlandið byrji „við Grjótá að neðanverðu þar sem Sprænárland tekur við að utan“ og síðan nái það „alla leið til sýsluskipta á jökul fram.“ Bréfið er ekki áritað vegna Flókadalsafréttar en samræmist vel afmörkun á afréttinni, sjá nánari umfjöllun í kafla 6.5. Í landamerkjabréfi Bjarnastaða, frá 24. maí 1886 og þingl. fimm dögum síðar, eru merki til norðurs miðuð við „mitt fjall“. Sama kemur fram í landamerkjabréfi Spánár, frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar. Bréfið er ekki áritað vegna Flókadalsafréttar en er í samræmi við afmörkun hans.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um sé í samræmi við lýsingar í landamerkjabréfum aðliggjandi jarða og landsvæða. Þá er það einnig í samræmi við takmarkaðar lýsingar á svæðinu í landamerkjabréfi Hrolleifsdals. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila ríkisins í máli þessu. Landamerkjabréf Hrolleifsdals var gert í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesið og fært í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargagn um beinan eignarétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitáþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignaréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Þegar Hrolleifsdalsafréttar og Flókadalsafréttar er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri og afréttarnotum. Fjölmargar heimildir um jörðina Barð nefna selför jarðarinnar á Flókadalsafrétt eða á Seljárdal, sbr. máldaga Barðs frá 1590 og vísitasúr frá 1667, 1686, 1693, 1714, 1781 og 1826. Einnig segir að jörðin Barð hafi „brúkað frí[a selför] í Flókadalsafrjett í Barðshlíð átölulaust.“ Í

---

brauðalýsingu prestsins á Barði frá 25. júlí 1782 segir: „AfRettar Reite Tvo er sagt Prestakalled Eige og Selstódur, annann i Flókadad afRett“. Sama kemur fram í óársettri lögfestu sem fylgdi brauðamatinu. Í Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu frá 1841 er minnst á selstöðu Barðs í Flókadalsafrétt „svonefnda Barðshlíð“. Í sýslu- og sóknarlýsingu Barðsprestakalls frá 2. febrúar 1841 kemur eftirfarandi fram um afréttarland í Flókadad: „Afréttarland (almenningur) er fram af Flókadalnum; þangað er rekið geldfé úr allri Barðssókn“. Í jarðamatinu 1849 kemur jafnframt fram að Barð eigi selstöðu á Flókadalsafrétt. Loks segir í landamerkjabréfi Barðs frá 24. maí 1890 að Barði tilheyri Barðshlíð í Flókadalsafrétt.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 kemur fram að allar jarðir í Vesturfljóttum hafi átt afrétt fyrir lömb „í Flókadalsafrjett, sem að kallast Seljárdalur“. Í sömu bók er fjallað um selstöðu nokkurra jarða í Fljótahreppi í Flókadad. Segir þar t.d. um Sjöundastaði og Steinhól að jarðirnar eigi „selstöðu með tilliggjandi löndum fram frá Flókadad, sem er hálfur Nyrðriárdalur austan fram og hálfur Sigríðarstaðadalur vestan fram“. Um Ystamó segir að jörðin eigi selstöðu „allan Nyrðrárdal vestan fram“. Í tengslum við Reyki kemur síðan fram að jörðin eigi selstöðu í Flókadalsafrétt sem heiti Reykjareitur.

Minna kemur fram í heimildum um Hrolleifsdalsafrétt. Fyrst segir í bréfabók biskups í bréfi frá 1587 að jörðinni Skálá tilheyri „Afrjett j Hrolleifsdal ollur gielldfienade.“ Þá segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 að allar jarðir í Sléttuhlíðarhreppi (Fellshreppi) eigi beitarafrétt á Hrolleifsdal fyrir lömb. Í sömu bók er minnst á selstöðu Tjarnarkots á Hrolleifsdal. Í sýslu- og sóknarlýsingu Fells- og Höfðasókna kemur fram að Fellssóknarmenn hafi „afrétt fyrir botni Hrolleifsdals; er þar almenningur“.

Af þeim heimildum sem raktar hafa verið um afréttarnot á Flókadals- og Hrolleifsdalsafréttum, allt frá fornu fari, telur óbyggðanefnd ótvírætt að svæðin hafi við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 haft stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram að þeim tíma. Heimildir um að haft hafi verið í seljum á Flókadalsafrétt fá ekki hnekkt því mati.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>527</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu.

Engin gögn liggja fyrir um að Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt hafi verið nýttir til annars en sumarbeitar, selstöðu og e.t.v. annarra takmarkaðra nota. Í máli

---

<sup>527</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Þessu liggja þannig fyrir gögn um veiði í Flókadalsá og aðild sveitarfélagsins að veiðifélaginu Flóka, sbr. einnig skýrslutökum fyrir óbyggðanefnd. Svæðin eru að mestum hluta háland og inn á þau hefur búfenaður leitað án hindrana. Engar heimildir liggja fyrir um að þar hafi nokkru sinni verið byggð.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að búfjáreigendur á svæðinu hafi haft hefðbundin not af Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt, undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafréttir almennt.<sup>528</sup>

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn. Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umræddra afréttarsvæða hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumararbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun svæðisins hefur verið hátað hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt séu eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>529</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afrétt jarða í fyrrum Fljóta- og Fellahreppum. Ljóst er að einstakir hlutar þess eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumararbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt, svo sem landsvæðin eru afmörkuð hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

#### Flókadalsafrétt

*Upphafspunktur er þar sem Nyrðriá fellur í Flókadalsá (1). Þaðan er Nyrðriá fylgt til upptaka (botn Nyrðriárdals) (2) og línan síðan dregin beina stefnu til fjallseggjar á fyrrum hreppamörkum Fljótahrepps og*

---

<sup>528</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið *afrétt* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>529</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

*Hofshrepps (3). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum fylgt til suðausturs norðan til í Grjótárdalshyrnu (964 m) (4). Þaðan er háfjalli austan Seljárdals fylgt í Dagmálaskálar (915 m) (5) og þaðan í norðvesturhorn fjallsins (6). Þaðan er línán dregin til suðvesturs í Flókadalsá (7) og henni síðan fylgt í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fljótahreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986.

#### Hrolleifsdalsafrétt

*Upphafspunktur er á hornmarki milli fyrrum hreppamarka Fellshrepps, Fljótahrepps og Hofshrepps (1). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum Fellshrepps og Fljótahrepps fylgt til norðurs í Setafjall (705 m) (2). Þaðan er haldið til suðvesturs í Hrolleifsdalsá þar sem Barnadalsá rennur í hana (3). Þaðan er Barnadalsá fylgt til suðurs að upptökum í háfjalli (allt að fyrrum hreppamörkunum Fellshrepps og Hofshrepps) (4). Þaðan er hreppamörkunum fylgt til austurs í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fellshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, vegna veiðiréttar í Flókadalsá.

Svæði þau sem hér hafa verið lýst þjóðlendur eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

## **6.5 Unadals- og Deildardalsafréttir**

### **6.5.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfuvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið „Unadals- og Deildardalsafréttir“ og Sveitarfélagið Skagafjörður gerir kröfu til sem eignarlands síns. Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins hefur svæðinu verið skipt í níu hluta. Talið frá suðri til norðurs eru þetta: Miðhúsasel, Grafarsel, Grindasel, Deildardalsafrétt, Óslandssel, Marbælissel, Ennissel, Hofssel og Unadalsafrétt. Verður svæðið í heild sinni þó kallað Unadals- og Deildardalsafréttir, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.4.

---

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur á vestanverðum Tröllaskaga í yfir 100 m hæð yfir sjávarmáli. Þrír dalir skerast inn í svæðið. Nyrst liggur Unadalur með leguna austur-vestur. Afmarkast dalurinn að norðan af Grjótárdalshyrnu (824 m) og fjallgarði austur frá henni en að sunnan afmarkast dalurinn af fjallbálki austur af Ennishnjúk. Þar suður af liggur Seljadalur (Austurdalur) með leguna austur-vestur og afmarkast hann til suðurs af Tungufjalli. Þar suður af liggur þriðji og syðsti dalurinn, Vesturdalur. Til suðurs afmarkast hann af Kolbeinsstaðahnjúkum. Ár renna með dalbotnum og er gróið undirlendi með þeim. Rís land skarpt upp af dölunum í yfir 1000 m hæð yfir sjávarmáli. Austast á svæðinu í Hákömbum liggja Unadalsjökull og Deildardalsjökull.

### 6.5.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Á því er byggt, vegna Unadalsafréttar sérstaklega, að hann hafi frá fornu fari verið afrétt (almenningsafrétt), þar sem réttur til upprekstrar hafi fylgt bæjum á viðkomandi svæði. Svæði hafi ekki verið talið tilheyrja sérstakri jörð í því tilliti.

Að því er varðar afmörkun Deildardalsafréttar, vísist einkum til merkjalýsingar Stafns en líta verði þannig á að Brunná hafi myndað afréttarmörk og þar með afmörkun gagnvart eignarlöndum. Ekki er fallist á að lýsingar á sellandi austan Brunnár hafi falið í sér lýsingu á eignarlöndum. Sunnan og vestan Deildarár sé miðað við merki Háleggsstaða og Skuggabjarga en ekki sé talið að sellönd austan (sunnan) þeirra merkja hafi verið eignarlönd heldur hluti af afréttarsvæðum. Sellönd þessi hafi verið nýtt með takmörkuðum hætti til annars en sumarbeitar fyrir búfé. Þá séu heimildir um búsetu á svæðinu óljósar og takmarkaðar og bendi ekki til þess að svæðin hafi haft stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi.

Að öðru leyti vísast til landamerkjaskrár frá 1890, Sýslu- og sóknalýsinga Skagafjarðarsýslu svo og merkjabréfa jarða á svæðinu sem geti um rétt til upprekstrar í Deildardalsafrétt.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins, Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er vísað til skráðra eignarheimilda og einnig þinglýstra landamerkjabréfa aðliggjandi jarða. Byggi

---

krafan á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en verið lögð til afréttar sveitarfélags, séu áfram háð beinum eignarrétti.

Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því að framangreindum landamerkjagjörðum hafi verið þinglýst. Öll afnot og nýttjar landsins séu háðar leyfi gagnaðila íslenska ríkisins enda enginn notað landið með nokkrum hætti nema þeir. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit og veiði, og nýtingu auðlinda í jörðu, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Hafi öll nýting verið háð leyfi sveitarfélagsins. Samkvæmt framangreindum heimildum hafi gagnaðili íslenska ríkisins óskoraðan eignarrétt yfir þessu landi með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Þá er sérstaklega vísað til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Loks er vísað til meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

### 6.5.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Unadals- og Deildardalsafréttum er rakin í kafla 5.3. Þar kemur fram að Unadalsafréttar er fyrst sérstaklega getið í heimildum frá 16. öld og þar talinn tilheyra Hólastað. Einnig er minnst á Unadalsafrétt í fjórum vitnisburðum frá 1613 og 1614 þar sem vitnað er um að aldrei hefði heyrst að Páll á Hofi hefði „eignað sér eða haft Unadalsafrétt“. Deildardalsafréttar er fyrst sérstaklega getið í sölubréfi fyrir jörðina Marbæli frá 1393 en þar kemur fram að þeirri jörð sé reiknaður geldfjárrekstur í „deilldar dals afrétt oc sel lannd fiorþunginn i seliadal.“ Síðan kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 að fjöldi jarða í Óslandshlíð hafi átt rétt til upprekstrar á Deildardalsafrétt og loks er sellöndum í Deildardalsafrétt lýst í landamerkjabréfum flestra þessara jarða, frá árinu 1886. Í landamerkjabréfum Miðhúsa, Óslands, Grafar, Ennis og Marbælis er að finna lýsingar fyrir sellönd þeirra jarða, ýmist í Deildar- eða Unadal, innan ágreiningssvæðis aðila. Jarðirnar sem um ræðir liggja hins vegar utan ágreiningssvæðisins. Engar heimildir eru um að byggð hafi verið á afréttunum eða í sellöndunum en landið hefur verið nýtt til beitar.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum Unadals- og Deildardalsafrétta er lýst í landamerkjabréfi fyrir svæðið, dags. 3. júní 1890 og þingl. degi síðar. Einnig verður litið til lýsinga á sellöndum jarðanna Grafar, Miðhúsa, Óslands og Marbælis sem er að finna í landamerkjabréfum jarðanna en samkvæmt gagnaðila íslenska ríkisins liggja þau innan kröfugerðar ríkisins vegna Unadals- og Deildardalsafrétta. Engar eldri merkjalýsingar eru fyrir hendi. Athugun þessi tekur til heildarmerkja svæðisins og í því sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar er óumdeilt eignarland Tungu til norðurs og ágreiningssvæði íslenska

---

ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Flókadalsafréttar, sjá nánar í kafla 6.4. Til austurs liggur óumdeilt eignarland Atlastaða og ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila vegna Hnjótafjalls og Vífilsstaðalands, sjá nánar í kafla 6.4 og 6.5 í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Til suðausturs og suðurs liggja óumdeild eignarlönd Bjarnastaða, Skriðulands, Saurbæjar, Sviðnings, Smiðsgerðis og Sleitustaða. Til suðvesturs og vesturs liggja óumdeild eignarlönd Skuggabjarga, Háleggsstaða, Stafns, Spánár og Þönglaskálasellands. Þá er við það miðað í greinargerð íslenska ríkisins að land Bjarnastaðagerðis liggja einnig að vestanverðu ágreiningssvæðinu, en ekki er þar minnst á Þönglaskálaselland. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Unadals- og Deildardalsafrétta með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir verða mörk svæðisins rakin frá suðri til norðurs, ýmist samkvæmt lýsingum á sellöndum í landamerkjabréfum tiltekinna jarða eða samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Unadals- og Deildardalsafréttir. Það athugist að samkvæmt lýsingum landamerkjabréfanna virðist sem suður sé inn dalina og miðast aðrar áttir við það. Sé hins vegar tekið mið af legu landsins er þetta austur eða suðaustur.

Syðst til vesturs liggur selland Miðhúsa, nánar tiltekið austan við Háleggsstaði, sem liggja utan við ágreiningssvæðið, en vestan við selland Grafar. Samkvæmt landamerkjabréfi Miðhúsa frá 14. maí 1886 og þingl. 29. maí sama ár, eru merki sellands „sem liggur í Deildardal vestanverðum“ svofelld: „Að neðan og utan gagnvart Háleggsstöðum, úr vörðu á eyrinni við Afrjettará. Þaðan beina leið í græna drag og eftir því sjónhending í skarðið á fjallsbrúninni fyrir utan Bjarkarskál. Að framan gagnvart Grafarsellandi ræður Bjarkardalsá frá því hún fellur í Afrjettará og fram til Bjarkardalsdraga.“ Bréfið er samþykkt vegna Grafar og Háleggsstaða. Lýsingin er í samræmi við merki Háleggsstaða og Grafarsellands.

Austan við Miðhúsasel liggur Grafarsel. Því er lýst í landamerkjabréfi Grafar á Höfðaströnd sem er frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar. Segir þar að selland fylgi jörðinni Gröf „er liggur fram frá Deildardal vestan verðum, vestan við Deildardalsafrétt. Landamerki þessi að utan gagnvart Miðhúsa Sellandi að sunnan er svo kölluð Bjarkará er rennur eftir Bjarkárdal ræður hún merkjum til uppsprettu sinnar í Bjarkárdalsbotni. Þaðan bein stefna suður eptir fjallgarðinum, fram að svonefndu Þverfjalli. Að austan ræður svo kölluð Afrjettará þartil sem áður nefnd Bjarkará rennur í hana.“ Er bréfið áritað um samþykki vegna Miðhúsa og Deildardalsafréttar. Það er í samræmi við merki aðliggjandi landsvæða.

Norðan Grafarsels en austan Stafns, sem liggur utan við ágreiningssvæðið, liggur Grindasel. Engar merkjalýsingar hafa fundist fyrir jörðina Grindur eða sellandið. Eru vesturmörk þess miðuð við landamerki Stafns eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi frá 28. maí 1886 og síðan merki Grafarsels og Deildardalsafréttar.

---

Norðan við Grafarsel, austan við Grindasel og sunnan við Óslandssel, Marbælissel og Unadalsafrétt liggur Deildardalsafrétt. Í landamerkjabréfi Deildardals- og Unadalsafrétt, sem er dagsett 3. júní 1890 og þingl. degi síðar, segir svo um Deildardalsafrétt: „Almenningur Deildardals er frá fornri tíð álitinn að byrja vestanverðu í svokölluðu Tungufjalli fyrir framan Grynda sellands merki og kallast Stígar. Merkin að norðan eru í garðlag vestan í fjallinu í beinni stefnu frá afrjettar á svo kallaðri til fjallbrúnar sunnan vert við svo nefnda Smjörskál. Að vestan ræður Afrjettará, að sunnan eru merkin í dalbotninum syðst, og þaðan eptir brúninni beinni stefnu yfir Tungufjall til Grynda sellandsmerkja. Að austan á Seljárdal eru merkin að norðan hin sömu og merki jarðarinnar Marbælis. Að öðru leyti eins og sýslutakmörk ráða.“ Bréfið er áritað vegna aðliggjandi svæða og í samræmi við merki þeirra.

Við norðvestur mörk Deildardalsafréttar, austan Stafns og vestan Marbælissels liggur Óslandssel en því er lýst í landamerkjabréfi Óslands, frá 22. maí 1886 og þingl. viku síðar. Þar segir: „Selland fylgir jörðinni Óslandi, er liggur næst landi jarðarinnar Stafns í Deildardal, neðst á svo kölluðum Seljárdal. Landamerki þessi eru: Að utan gagnvart Stafni svo kölluð Brunná, að sunnan Glúmngil, ráða þessi merki á fjall upp.“ Bréfið er áritað vegna Stafns og Marbælis. Virðast merkin geta samræmst aðliggjandi svæðum þrátt fyrir að orðalag sé ekki það sama.

Austan við Óslandssel, norðan Deildardalsafréttar og sunnan Hofssels liggur Marbælissel en því er lýst í landamerkjabréfi fyrir jörðina Marbæli, frá 17. maí 1886 og þingl 29. maí sama ár. Það hljóðar svo: „Selland fylgir jörðinni Marbæli, sem liggur á austanverðum Seljadal hjer í hreppi frá Glúmngilslæk að neðan og fram að strangalæk.“ Bréfið er ekki áritað vegna þeirra svæða sem liggja að sellandinu en er í ágætu samræmi við aðliggjandi merkjalýsingar.

Norðan við Óslandssel hafa gagnaðilar íslenska ríkisins afmarkað Hofssel og Ennissel þar vestur af. Engin lýsing á Hofssellandi liggur fyrir í málinu og ekki er minnst á selland Hofis í landamerkjabréfum jarðarinnar sem eru frá árunum 1920 og 1923. Í landamerkjabréfi Ennis frá 29. maí 1890 segir um Ennisselland: „Ennfremur á Enni Selland að vestanverðu í Unadal frá garði sem er utan við Selhóla, eður sem öðru nafni kallast Almennings hólur, sem nær ofan að Strangalæk hvar Þönglaskála Selland tekur við.“ Kröfulína íslenska ríkisins frá punkti nr. 9 að punkti nr. 13 er miðuð við ætluð austurmörk jarðanna Bjarnastaðagerðis og Spánár, en þau landsvæði sem krefjandi beins eignarréttar byggir á að tilheyri Hofsseli, Ennisseli og Unadalsafrétt eru austan þess hluta kröfulínunnar.

Samkvæmt landamerkjabréfi Bjarnastaðagerðis frá 27. maí 1890 og þingl. 11. júní 1891 eru merki til austurs: „á Puntskriðu beina stefnu á fjall upp.“ Bréfið virðist ekki áritað vegna Ennissels eða Hofssels. Í landamerkjabréfi Spánár frá 22. maí 1886 og þingl. 29. sama mánaðar, er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu lýst þannig: „Að sunnan og gagnvart Unadalsafrið ræður Grjótá upp fjallið til upptaka og þaðan bein sjónhending austur á mitt fjall og að neðan ræður sama á merkjum þartil hún fellur í

---

Hofsá niður í afrjettinni.“ Bréfið er áritað vegna Unadalsafréttar. Merki Unadalsafréttar virðast að þessu leyti vera í samræmi við afmörkun aðila á ágreiningssvæðinu. Sé hins vegar landamerkjabréf jarðarinnar Þönglaskála í Hofshreppi, frá 10. júní 1889 og þingl. 12. sama mánaðar, skoðað kemur þar fram að Þönglaskála fylgi selland á Unadal „og byrjar það fyrir framan Bjarnastaðagerðisland og takmarkast að framan af Ennissellandi.“ Virðist því Bjarnastaðagerði ekki liggja að ágreiningssvæði aðila heldur Þönglaskálaselland, en á það er ekki minnst í kröfugerð íslenska ríkisins. Kemur það heim og saman við lýsingu á sellandi jarðarinnar Ennis, sbr. það sem að framan er rakið.

Norðan og austan við Hofssel liggur landsvæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins byggja á að tilheyri Unadalsafrétt. Samkvæmt landamerkjabréfi Deildardal- og Unadalsafréttar eru merki Unadalsafréttar þessi: „Austan við Hofsá byrjar afrjettarlandið við Grjótá að neðanverðu þar sem Sprænárland tekur við að utan og nær alla leið til sýsluskipta á jökul fram. Að vestan verðu byrjar almenningssvæði við Klifhól, þar sem Hofsselsland endar og nær yfir allan Suðrárdal á jökul fram til sýslutakmarka.“ Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæða. Vestan við ágreiningssvæði að norðanverðu liggur Spáná og eru merki hennar í samræmi við merki afréttarinnar, sbr. lýsingu á þeim hér á undan.

Norðan við Unadalsafrétt liggur vestast ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Flókadalsafréttar, og þar austan við óumdeilt eignarland jarðarinnar Tungu. Austan við Unadalsafrétt liggur að norðanverðu óumdeilt land jarðarinnar Atlastaða og þar suður af ágreiningssvæði vegna Hnjótafjalls og Vífilsstaðalands, sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Engin merkjalýsing hefur fundist fyrir Flókadalsafrétt en kröfussvæði aðila vegna afréttarinnar er í samræmi við mörk þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sbr. nánar í kafla 6.4. Engar lýsingar eru heldur til fyrir óskipt land Tungu en heimildir benda til að landið hafi náð yfir Tungudalinn. Ekki er ágreiningur um þessi mörk.

Samkvæmt landamerkjabréfi Atlastaða frá 15. maí 1884, eru merki jarðarinnar miðuð við „fjallið“ og „jökla“. Í bréfinu er einnig lýsing á „afréttarlandinu Hnjótum“ en því er lýst til sýsluskila á Heljardalsheiði, sjá nánar í kafla 6.4 í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Geta þessi mörk samræmst lýsingu á Unadalsafrétt. Að sunnan, gagnvart því svæði sem gagnaðilar íslenska ríkisins hafa kallað Deildardalsafrétt, Grafarsel og loks Miðhúsasel, liggja jarðir í Kolbeinsdal. Talið frá austri til vesturs eru þetta Bjarnastaðir, Skriðuland, Saurbær, Svíðingur, Smiðsgerði, Sleitustaðir og Skuggabjörg. Samkvæmt landamerkjabréfum þessara jarða, frá árunum 1885 til 1887, eru merki þeirra gagnvart því svæði sem hér er til umfjöllunar ýmist miðuð við „hálfjallgarðinn“ eða „vatnaskil“. Geta þau merki samræmst þeim merkjum sem lýsa Deildardalsafrétt, Grafarseli og Miðhúsaseli.

---

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í landamerkjabréfi fyrir Unadals- og Deildardalsafréttir auk þeirra lýsinga sem liggja fyrir vegna fyrrnefndra sellanda. Sú afmörkun er óumdeild meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Landamerkjabréfin fyrir landsvæðið voru gerð í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargagn um beinan eignarétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar er eignarréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Í elstu heimild um Unadalsafrétt, lögfestu frá 1590, er lögfest allt land kirkjunnar á Hólum á Unadal „so sem votn draga til / badum meigen ár / fyrer framan almennings hola“. Fram kemur í sömu lögfestu að eigandi Hofi hafi gert sér sel á Unadal „sem lóg banna“ og „an alls leyfis“. Síðan kemur fram í fjórum vitnisburðum frá 1613 og 1614 að vitnin hefðu aldrei heyrt að Páll á Hofi hefði „eignad sier eda haft Vnadals afriett“. Á Unadalsafrétt er einnig minnst í úttekum Hólastóls frá 2. ágúst 1628 og 10. júlí 1657. Loks kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 að flestar jarðir í Unadal og á Höfðaströnd hafi átt upprekstur á Unadalsafrétt en svipað kemur fram í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu* frá 1868 þar sem segir: „Afréttarland Höfðasóknarmanna er inni í Unadalsafrétt, og hafa Hofshreppsmenn þar upprekstur; er þar almenningur.“

Elsta heimild um Deildardalsafrétt er kaupbréf fyrir jörðina Marbæli frá 1393 en þar segir: „gelldfiar Rekstr ollum gelldfenadi j deilldar dals afrétt oc sel lannd fiorpunginn i seliadal.“

Næst er minnst á selför á Deildardal í bréfuðum jarðakaupum frá 31. mars 1497. Þar er jörðin Grindur seld og kemur fram að selför á Deildardal fylgi. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 segir síðan að fjöldi jarða í

---

Óslandshlíð hafi átt rétt til uppreksturs á Deildardalsafrétt auk tveggja jarða á Höfðaströnd. Er afréttin kölluð „Afréttardal“. Þá kemur fram að jarðirnar Gröf á Höfðaströnd, Miðhús, Ósland og Marbæli hafi átt selstöðu í Deildardal. Í jarðamatinu 1849 segir að Kross í Óslandshlíð eigi tiltölu til selstöðu í Deildardal en einnig jarðirnar Grindur, Nýlendi, Miklibær og Þúfur. Líkt og að framan er rakið eru lýsingar fyrir sellönd Miðhúsa, Óslands, Grafar, Ennis og Marbælis að finna í landamerkjabréfum þeirra jarða. Þau liggja ýmist í Deildar- eða Unadal, innan ágreiningssvæðis aðila.

Í Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðarsýslu frá 1839 segir svo um selstöður í Deildardal og Unadal: „Allar Óslandshlíðarjarðir, Gröf, Enni og Hof [eiga selstöður], þær síðustu tvær í Unadalnum, hinar í Deildardal. Öngvar eru nú notaðar, nema frá Gröf mánaðartíma sumar hvert. Hafa þær aflagzt vegna vegalengdar [...] Grindur og Nýlendi eiga sér og selstöðu, og eitthvað lítið var hún notuð í þeirra tíð, sem nú lifa, en fljótt hætt aftur.“

Þegar Deildardals- og Unadalsafréttar er getið í skriflegum heimildum er það tengt upprekstri, afréttarnotum og annarri takmarkaðri nýtingu, svo sem selstöðu. Hið sama á við um þau sellönd sem að framan hefur verið lýst og liggja innan ágreiningssvæðis. Í afréttarskrá fyrir Unadalsafrétt og Deildardalsafrétt frá árinu 1985 kemur fram að afréttirnar séu „eign“ Hofshrepps. Einnig segir að Ennisselland og líklega Hofsselland hafi verið selt Upprekstrarfélagi Unadalsafréttar árið 1927 og lagt til afréttarinnar. Segir þar einnig að Óslandsselland, Marbælisselland og ef til vill Þúfnaselland séu innan Deildardalsafréttar. Þá eru einnig talin upp Grindaselland, Grafarselland og Miðhúsaselland. Er síðan tekið fram að óvíst sé um eignarrétt á nefndum sellöndum „hvort þau fylgja jörðunum, eða eru eign Hofshrepps.“ Því liggur ekki fyrir að sérgreind réttindi á afmörkuðum svæðum innan ágreiningssvæðisins hafi áfram tilheyrt einstökum jörðum eftir að seljabúskapurinn lagðist af. Eigendur umræddra jarða hafa heldur ekki gert kröfur um viðurkenningu slíkra réttinda í máli þessu.

Í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli nýlegra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Í þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra.<sup>530</sup> Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap, sbr. kafla 5.3.4., leiða þannig ekki til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu.

Engin gögn liggja fyrir um að Deildardals- og Unadalsafréttir hafi að staðaldri verið nýttir til annars en sumarbeitar og eftir atvikum annarra takmarkaðra nota, t.a.m.

---

<sup>530</sup>Sbr. umfjöllun um hugtakið *jörð* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

selstöðu fyrr á tímum. Svæðið er að mestum hluta hálent og inn á það hefur búfénaður leitað án hindrana. Sellöndin eru landfræðilega aðskilin frá öðru landi jarða þeirra sem þau eru kennd við og sú aðgreining þeirra frá „heimalandi“ jarðanna, sem fram kemur í landamerkjabréfum þeirra, bendir til að þau hafi verið afréttir. Eftir að sellöndin voru lögð til afréttanna virðist sem nýting þeirra hafi orðið með sama hætti og annarra hluta afréttanna, þ.e. í sameiginlegum afréttarnotum jarða fyrrum Hofshreppi. Landamerkjabréf fyrir Unadals- og Deildardalsafréttir bendir einnig ótvírætt til þess að um sé að ræða afréttir.

Óbyggðanefnd telur framangreint benda til þess að búfjáreigendur á svæðinu hafi haft hefðbundin not af Deildardals- og Unadalsafréttum undir umsjón hreppsins, á sama hátt og gildir um samnotaafréttir almennt.<sup>531</sup>

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn.

Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumarþeirra fyrir búpening og annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun landsins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að Unadals- og Deildardalsafréttir séu eignarlönd, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>532</sup> Af fyrirliggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé afrétt jarða í fyrrum Hofshreppi. Þá liggja fyrir samþykktir Veidifélags Unadalsár, þar sem „afréttur Unadals“ er talinn meðal aðila.

Ljóst er að einstakir hlutar þessa landsvæðis eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitarvæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeirra fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

---

<sup>531</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið *afrétt* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

<sup>532</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Unadals- og Deildardalsafréttir, svo sem landsvæðið er afmarkað hér á eftir, teljist til þjóðlendu í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er á sýslumörkum í sunnanverðum Hákömbum við Deildardalsjökul (1085 m) (1). Þaðan er fyrrum sveitarfélagamörkum (Hofshrepps og Hólahrepps) fylgt til suðvesturs og síðan vesturs allt þar til komið er á móts við botn Úlfsskálar (2). Þaðan er línán dregin til norðausturs fyrir botn Skuggabjargadals í fjallsegg á Björk (915 m) (3). Þaðan er línán dregin um háfjall Bjarkar til norðurs þar til komið er að skurðpunkti (4) við línu sem dregin er beina stefnu frá Grænalækjardragi í skarð í fjallsegginni og áfram í sömu stefnu til suðurs. Frá nefndum skurðpunkti er línán dregin til norðurs í umrætt skarð í fjallsegginni (5) og þaðan í Grænalækjardrag (6). Frá Grænalækjardragi er línán dregin beina stefnu í átt að vörðu sem stendur við Deildaá, skammt frá þeim stað þar sem bærinn Stafn stóð, og í Deildará (7). Þaðan er Deildará fylgt til austurs að þeim stað þar sem Brunná fellur í hana (8). Síðan er Brunná fylgt til fremstu upptaka í miðfjalli (Ennishnjúkur) (9). Þaðan er haldið til norðvesturs í Hrafnabjargarskál (10). Þaðan er árfarvegi úr skálinni fylgt í Unadalsá austan við Spáná (11). Þaðan er Unadalsá fylgt til austurs að Grjótá (12). Þaðan er Grjótá fylgt til upptaka og þaðan í háfjall á fyrrum hreppamörkum Hofshrepps og Fljótahrepps (13). Þaðan er fylgt fyrrum hreppamörkum (Fljótahrepps og Hofshrepps) og síðar sýslumörkum um Hákamba til suðurs allt að upphafspunkti við Deildardalsjökul.*

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Hofshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 21/1986, og 7. gr. laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, vegna veiðiréttar í Unadalsá.

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

---

## 6.6 Kolbeinsdalsafrétt (Hólaafrétt)

### 6.6.1 Inngangur

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem nefndur hefur verið „Kolbeinsdalsafrétt“ og Sveitarfélagið Skagafjörður gerir kröfu til sem eignarlands síns. Um nánari afmörkun og lýsingu krafna vísast til kafla 3.1 og 3.5.

Kolbeinsdalur liggur á vestanverðum Tröllaskaga og teygir sig frá Óslandshlíð austur inn á miðjan skagann. Kolbeinsdalsá á upptök sín í Tungnahryggsjökli og rennur þaðan eftir dalnum til sjávar. Í Kolbeinsdal er fjöldi jarða en í máli þessu er einungis deilt um landsvæði sem nefnt hefur verið Kolbeinsdalsafrétt og liggur í milli annars vegar ósa Heljarár í Heljardal og Kolbeinsdalsár og hins vegar Tungnahryggsjökuls. Frá þeim stað þar sem Heljará rennur í Kolbeinsdalsá og að Péturshnjúk (1397 m), við sýslu- og sveitarfélagamörk sunnan jökulsins, eru rúmir 14 km, mælt í beinni loftlínu.

Austan Heljarár og norðan Kolbeinsdalsár er Heljarfjall (1289 m) og suður undir því er Skíðadalur. Úr honum rennur Skíðadalsá í Kolbeinsdalsá. Sunnan Skíðadals eru brattir hnjúkar, Hrútaraskálarhnjúkur (1125 m) nyrst og Ingjaldshnjúkur (1021 m) sunnar. Norðan Ingjaldshnjúka er Ingjaldsskál, þaðan sem Ingjaldsá rennur í Kolbeinsdalsá, og suðaustan þeirra er Staðargangnafjall (1364 m). Tungnahryggur (999 m) liggur við Tungnahryggsjökul. Austan hans er Austurdalur og vestan hans Vesturdalur. Til vestur, upp af þeim síðarnefnda, er Lambárhjúkur (1069 m), norðan hans Ármannsfell (1103 m) og fjallið Elliði (894 m) norðvestan þess.

Meðfram Kolbeinsdalsá er gróið undirlendi í um og yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli. Austan við ósa Heljarár er svokallaður Bygghólsreitur, grösugt svæði sem nær upp í miðjar hlíðar Heljarfjalls. Á milli framangreindra dala rísa 1000-1300 m há fjöll, sundurskorin af giljum, þverðölum, skálum og vatnsföllum.

### 6.6.2 Sjónarmið aðila

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðhättum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájökla á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájökla verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

---

Að því er varðar Kolbeinsdalsafrétt sérstaklega er á því er byggt að allt frá fornu fari hafi umrætt svæði verið aðskilið frá jörðinni Hólum og nýtt til sumararbeit fyrir búfé. Réttur Hóla til svæðisins hafi verið bundinn við afréttarnot en ekki talist beinn eignarréttur. Í því sambandi vísast til lýsingar Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 á sérstaklega afmarkaðri afrétt (Hólaafrétt) sem gangi fram af Kolbeinsdal, sbr. einnig jarðamat frá 1849 þar sem tilgreint sé að jörðinni Hólum tilheyrir svonefnd Hólaafrétt í Kolbeinsdal. Við sölu á Kolbeinsdalsafrétt 1897 til sveitarfélaga hafi verið sérstaklega tiltekið að um afréttarsvæði væri að ræða. Af sölu og þeim gögnum sem um hana fjalli verði ekki ráðið að um annað en afréttarland hafi verið að ræða og eingöngu háð óbeinum eignarrétti. Þá komi fram í dómabók frá 1881 að af hálfu Viðvíkurhrepps sé talið að fyrrverandi Hólaeigandi hafi ekki sannað eignarrétt sinn til Kolbeinsdalsafreftar, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Hafi hreppsmenn áskilið sér allan rétt til uppreksturs á hana.

Þar sem heimildir greini frá Kolbeinsdalsafrétt sé hennar eingöngu getið með sjálfstæðum hætti sem eign Hóla (Hólastóls) og í tengslum við umfjöllun um sumararbeit fyrir búfé. Þetta staðfesti að eingöngu hafi verið um óbeinan eignarrétt að ræða (afnotarétt). Þá bendi takmörkuð nýting svæðisins að öðru leyti ekki til beins eignarréttar.

Af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, gagnaðila íslenska ríkisins, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem það hafi, ásamt þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Viðvíkur- og Hólahreppar hafi keypt umrætt land af Hólastað með afsali frá 6. maí 1898, sbr. landamerkjalyýsingar Kolbeinsdalsafreftar frá 31. maí og 1. júní 1898. Vísað sé til meginreglna íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en síðar verið lögð til afréttar sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti (sbr. dóma Hæstaréttar um Gullberastaðatungur og jörðina Hóla í Biskupstungum).

Fullur hefðartími sé liðinn frá því að framangreindum landamerkjajörðum hafi verið þinglýst. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin afnot, svo sem beit og veiði og nýtingu auðlinda í jörðu. Öll afnot og nytjar landsins séu háðar leyfi sveitarfélagsins, enda hafi enginn notað landið með nokkrum hætti nema eigendur þess. Hafi sveitarfélagið því óskoraðan eignarrétt yfir þessu landi sínu með öllum gögnum og gæðum, m.a. á grundvelli hefðar.

Byggt er á að sveitarfélagið hafi réttmætar væntingar til þess að landsvæði þetta teljist háð beinum eignarrétti, sem það verði ekki svipt án bóta. Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Loks er byggt á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga og þess að ríkið verði að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

### 6.6.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar Hóla í Hjaltadal og Kolbeinsdalsafréttar er rakin í kafla 5.4 hér að framan. Af þeim heimildum sem þar er getið og ná allt aftur til 12. aldar, má ráða að Hólar hafa verið sjálfstæð jörð.<sup>533</sup> Kolbeinsdalsafréttar er fyrst sérstaklega getið í úttekt á eignum Hólastóls frá fyrri hluta 17. aldar og í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 og fleiri síðari heimildum er fjallað um „Hólaafrijet sem gengur fram af Kolbeinsdal“. Heimildir eru um að búseta hafi verið í hluta dalsins, a.m.k. á 14. og 19. öld, en óljóst er um upphaf hennar, endalok og landfræðilega afmörkun. Í landamerkjabréfi Hóla frá árinu 1890 er merkjum lýst að dalnum meðtöldum og án þess að hann sé sérstaklega tilgreindur. Bréfinu var mótmælt, meðal annars að því er snertir „hið óbyggða svæði fram af [...] Kolbeinsdal“. Eldri heimildir um merki Hóla liggja ekki fyrir en árið 1865 fór fram áreiðar- og skoðunargjörð á „Hólaafreitti í Kolbeinsdal“. Árið 1898 seldi eigandi Hóla Kolbeinsdalsafrétt til Viðvíkur- og Hólahreppa. Hrepparnir lögðu til afréttarinnar land úr jörðunum Bjarnastöðum og Fjalli og útbúið var sérstakt landamerkjabréf fyrir afréttina að þeim meðtöldum. Hólar í Hjaltadal liggja að Kolbeinsdalsafrétt til suðvesturs en eru utan við ágreiningssvæði í máli þessu og sama máli gegnir um land jarðanna Bjarnastaða og Fjalls í Kolbeinsdal.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvernig merkjum er lýst í landamerkjabréfi fyrir „Kolbeinsdalsafrijet í Kolbeinsdal“ frá 31. maí og 1. júní 1898 og þinglesið 1. júní 1898. Einnig verður litið til landamerkjabréfs fyrir Hóla frá 20. maí 1890, þinglesið degi síðar, og áreiðar- og skoðunargjörðar frá 10. júlí 1865. Athugun þessi tekur til heildarmerkja Kolbeinsdalsafréttar, að undanskildum þeim hlutum núverandi afréttarsvæðis sem áður tilheyrðu jörðunum Bjarnastöðum og Fjalli, enda er ekki deilt um þá í máli þessu. Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Þar eru óumdeild eignarlönd áðurnefndra Bjarnastaða og Fjalls til vesturs, auk Víðiness og Hóla til sömu áttar, en Baugasels til suðausturs. Til austurs og norðurs eru landsvæði sem til umfjöllunar eru í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd, sbr. einkum kafla 6.6 og 6.5 um Skíðadalsafrétt og Vífilsstaði. Að öðru leyti liggja að Kolbeinsdalsafrétt austanverðum óumdeild eignarlönd í Eyjafjarðarsýslu, og koma þar til sérstakrar athugunar jarðirnar Sveinsstaðir, Kónsstaðir og Kot.

Markmið þessarar athugunar er að upplýsa um merki Kolbeinsdalsafréttar, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar málsaðila á því landsvæði sem hér er til úrlausnar. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Samkvæmt landamerkjabréfi Kolbeinsdalsafréttar frá 1898 liggja suðaustur- og austurmerki, gagnvart landsvæðum í Eyjafjarðarsýslu, þannig frá suðri til norðurs:

<sup>533</sup> Sbr. umfjöllun um hugtakið jörð í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

„Frá Tungnahryggsjökli ráða háfjöll merkjum út austan við Staðargöngur, Ingjaldsskál og Skíðadal til stóruvörðu á Heljardalsheiði, þaðan ræður háfjallgarðurinn merkjum í norður“. Bréfið er í samræmi við landamerkjabréf Hóla frá 1890 en hvorugt bréfanna var áritað vegna aðliggjandi landsvæða til suðausturs og austurs. Austurmerkjum Kolbeinsdalsafréttar er ekki lýst sérstaklega í áreiðar- og skoðunargjörðinni frá 1865. Til umfjöllunar var beiðni Hólaprófests um hvað álíta mætti land „eyðijarðanna Heljarár, Bygghóls og Ingjaldsár...“ Fram kemur það álit skoðunarmanna að Heljarárland hafi verið við ána og Bygghólsland fram að Skíðadalsá og „líklega uppí dalsbotn“. Þá muni „eyðijörðin“ Ingjaldsá hafa staðið á svæðinu við Ingjaldsskál og Ingjaldsá. Jafnframt segir að Staðargöngur, „sérstakt upprekstrarland Hólastaðar“, hafi legið „fram í dalsbotn austan Tungnahryggjar“. Áreiðargjörðin miðar þannig við dalsbotna, þar sem landamerkjabréfin miða við háfjöll, en í henni er ekki leitast við að lýsa merkjum Kolbeinsdalsafréttar heildstætt. Eðlilegt er því að líta svo á að hún rúmist innan landamerkjabréfanna.

Verður þá næst litið til heimilda um merki aðliggjandi landsvæða til suðausturs, austurs og norðausturs, handan við sýslu- og sveitarfélagamörk. Þar er jörðin Baugasel syðst. Landamerkjabréf Baugasels, dagsett 23. mars 1884, lýsir merkjum ekki sérstaklega að þessu leyti en þar er þó getið um að Barká ráði „frá upptökum“. Bréfið ber ekki áritun um samþykki vegna afréttarinnar. Eldri heimildir um merki Baugasels liggja ekki fyrir. Upptök Barkár liggja í Barkárdalsjökli sem liggur að Tungnahryggsjökli. Við hann er miðað í bréfum Hóla og Kolbeinsdalsafréttar.

Norðan Baugasels og austur af Kolbeinsdalsafrétt er Almanningur á Skíðadal, sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Í landamerkjabréfi svæðisins frá 5. maí 1883 er ekki að finna sérstaka lýsingu á vesturmerkjum, gagnvart Kolbeinsdalsafrétt. Norðurmerki eru þó dregin til vesturs, og miðuð við Vesturá „fram til fremstu vatnaupptaka“. Bréfið ber ekki áritun um samþykki vegna Kolbeinsdalsafréttar.

Á svæðinu norðan við Almanning á Skíðadal liggja fyrir skýr landamerkjabréf jarðanna Sveinsstaða, Kónsstaða og Kots, talið frá suðri til norðurs, frá árinu 1883. Bréfin bera ekki áritanir um samþykki vegna Kolbeinsdalsafréttar. Merki hinna tveggja fyrrnefndu jarða eru miðuð við annars vegar Vesturá og hins vegar Þverá og „fram til jökla“. Um merki Kots til suðvesturs, gagnvart Kolbeinsdalsafrétt, segir að þar ráði „takmörkin milli Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu“. Ekki liggja fyrir eldri merkjalýsingar fyrir Sveinsstaði, Kónsstaði og Kot, sjá nánar í kafla 6.6, um Skíðadalsafrétt, og í kafla 6.5, um Vífilsstaði, í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd.

Ekki verður annað séð en að framangreindar lýsingar á merkjum Kolbeinsdalsafréttar og aðliggjandi landsvæða til suðausturs, austurs og norðausturs nái saman á háfjöllum, enda þótt orðalag sé nokkuð mismunandi. Við það hafa aðilar miðað í afmörkun á kröfufsvæðum sínum, samsíða sýslu- og hreppamörkum.

---

Vesturmörk Kolbeinsdalsafréttar liggja bæði norðan og sunnan Kolbeinsdalsár. Sé fyrst litið til svæðisins norðan árinna, miða bæði krefjendur beins eignarréttar og íslenska ríkið, við austurmerki Bjarnastaða og vesturmerki Hóla, eins og þau voru áður en afréttin var seld. Í landamerkjabréfi Bjarnastaða frá 25. maí 1886 segir svo: „Að sunnan ræður merkjum Heljargil. Þaðan liggja merkin beina stefnu ofan til Kolbeinsdalsár í vörðu sem stendur við ána. En er gilinu sleppir að ofan ræður Heljará merkjum til efstu upptaka“. Í landamerkjabréfi Hóla frá 1890 segir svo: „Að norðan ræður merkjum Heljará frá upptökum og þartil Heljargil þrýtur, en úr því beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti“. Bréf Bjarnastaða og Hóla bera ekki gagnkvæmar áritanir en lýsingar þeirra eru sambærilegar samkvæmt framangreindu. Eldri heimildir liggja ekki fyrir að þessu leyti.

Í Kolbeinsdal sunnan Kolbeinsdalsár miða málsaðilar vesturmörk Kolbeinsdalsafréttar við landamerkjabréf Fjalls frá 27. maí 1886 og landamerkjabréf Hóla frá 1890. Í bréfi Fjalls segir: „[...] ræður merkjum rauður steinn er stendur móti heljargili og úr honum stefna beint til fjallseggjar“. Landamerkjabréf Hóla lýsir merkjum með þessum hætti: „[...] beina stefnu til Kolbeinsdalsár gagnvart stórum steini, sem er skammt fyrir sunnan Háaleiti og þaðan eptir sömu stefnu upp á há Elliða.“ Bréf Fjalls og Hóla bera ekki gagnkvæmar áritanir en lýsingar þeirra eru sambærilegar. Eldri heimildir liggja ekki fyrir að þessu leyti.

Sunnan Bjarnastaða og Fjalls er Víðines. Samkvæmt landamerkjabréfi Kolbeinsdalsafréttar 1898 er merkjum til vesturs, gagnvart Víðinesi, lýst þannig: „síðan ræður há-Elliðinn, eða háfjallið merkjum til Strangalækjar á Víðinesdal. Strangilækur ræður frá merkjunum til Víðinesár“. Þessi merki eru í samræmi við lýsingu landamerkjabréfs Hóla frá 1890 og Víðiness sem er ódagsett en þinglýst 24. maí 1886. Þá bera bréf Hóla og Víðiness gagnkvæmar áritanir, auk þess sem bréf afréttarinnar var áritað vegna Víðiness. Ekki liggja fyrir eldri merkjalýsingar að þessu leyti.

Hólar í Hjaltadal liggja sunnan Víðiness, suðvestan Kolbeinsdalsafréttar. Samkvæmt landamerkjabréfi afréttarinnar frá 1898 liggja merki gagnvart Hólum svo: „Strangilækur ræður merkjunum til Víðinesár, en þaðan sem hann fellur í Víðirnesá ræður sjónhending yfir svo nefndan fremri Moshól til háfjalls. Þá ráða háfjöll merkjum þaðan vestan við Tungur og Skálar á milli þeirra og Hólabyrgðu og Hofsdals, allt fram að Tunguhryggsjökli og þá hájökullinn fyrir framan svonefndan Tunguhrygg til Staðargangnafjalls.“ Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um afmörkun Hóla og Kolbeinsdalsafréttar, og ekki var gert nýtt landamerkjabréf fyrir Hóla þegar Kolbeinsdalsafrétt var seld 1898, úr því landi sem afmarkað er í bréfi Hóla frá 1890.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan afmörkunar í landamerkjabréfum Hóla og Kolbeinsdalsafréttar frá 1898 og 1890. Hvort bréf um sig tekur að auki til

---

annars, óumdeilds lands. Um afmörkun Kolbeinsdalsafréttar er ekki ágreiningur meðal gagnaðila íslenska ríkisins. Landamerkjabréf Hóla frá 1890 var gert í kjölfar þess að landamerkjalög tóku gildi 1882 og samkvæmt því var afréttin ósundurgreindur hluti Hólalands. Bréfinu var þó mótmælt í umboði nokkurra bænda í Viðvíkur- og Hólahreppum, að því er snertir „hið óbyggða svæði fram af Hjaltadal og Kolbeinsdal“. Svo sem nánar verður rakið hér á eftir var uppi ágreiningur um réttindi á svæðinu og líklegt að athugasemdin endurspegli hann. Ekki virðist hafa verið deilt um afmörkun. Landamerkjabréf afréttarinnar frá 1898 var þinglesið og fært í landamerkjabók án þess að nokkur mótmæli kæmu fram. Ekkert bendir til annars en að lýsing þess hafi verið í samræmi við það sem almennt var talið gilda og ljóst að fyrirsvarsmenn Kolbeinsdalsafréttar hafa um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að svo væri.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 og viðauka með úrskurði þessum. Svo sem þar kemur fram hefur að meginreglu verið við það miðað að land innan afmörkunar í þinglýstu landamerkjabréfi jarðar sé eignarland. Skiptir þá ekki máli þó að jörð hafi að hluta eða öllu leyti verið lögð til afréttar. Hvert og eitt landamerkjabréf er þó metið sérstaklega enda ekki hægt að auka einhliða við land sitt eða annan rétt með því að gera slíkt bréf. Hefur þá einkum verið til þess litið hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins. Mæli heimild í mót landamerkjabréfi jarðar, hvort heldur er afmörkun lands og/eða stöðu þess sem jarðar, þarf að meta hvort vægi hennar sé slíkt að það rýri sönnunargildi bréfsins að sama skapi.

Landamerkjabréf hafa einnig verið gerð fyrir annars konar réttindasvæði en jarðir, svo sem ítök og afrétti(r). Slík bréf hafa takmarkaðra vægi sem sönnunargagn um beinan eignarétt og að meginreglu hefur verið við það miðað í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum að utan lands jarða sé þjóðlenda. Flokkun landsvæða í jarðir, afrétti(r) jarða, afrétti(r) kirkna og klaustra, samnotaafrétti(r) og annað land getur hins vegar verið álitamál og innan sama bréfs getur verið bæði jörð og afrétt(ur), með eða án e.k. aðgreiningar. Jafnframt er ljóst að notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda. Slíkt landsvæði getur einnig verið eignarland, allt eftir atvikum máls, þar á meðal líkum á stofnun og viðhaldi eignarréttar með tilliti til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi landsvæða. Heimildir um legu jarða til forna, enda þótt takmarkaðar séu, geta gefið mikilvægar vísbendingar um að landsvæði hafi upphaflega haft stöðu jarðar en síðar verið nýtt sem afrétt(ur). Meta þarf þá hvort breyting hafi orðið á eignarréttarlegri stöðu landsins, svo sem hvort eignaréttur hafi verið gefinn upp eða

---

glatast, eða hvort eigendur hafi einungis breytt nýtingu landsins. Með sama hætti er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalaus landi, svo sem með lögformlegri stofnun nýbýlis eða á grundvelli hefðar.

Af kaupum Viðvíkur- og Hólahreppa á Kolbeinsdalsafrétt 1898 og nýtingu landsvæðisins á þeim grundvelli leiðir að við gildistöku Þjóðlendulaga 1998 hafði landsvæðið ótvírætt stöðu afréttar samkvæmt þeirri eignarréttarlegu flokkun lands sem almennt var miðað við fram til þess tíma. Hvort í því fólust bein eða óbein eignaréttindi, og þar af leiðandi hvort þar er eignarland eða þjóðlenda í skilningi þjóðlendulaga, er hins vegar sérstakt athugunarefni. Í því sambandi skiptir meginmáli hver staða landsins var fyrir söluna 1898, nánar tiltekið hvort Kolbeinsdalsafrétt var hluti af landi jarðarinnar Hóla, nýtt til beitar og nefndur afrétt af þeirri ástæðu, eða afrétt hennar í þeim skilningi að hún hafi einungis átt þar óbein eignaréttindi.

Í máli þessu liggur fyrir að á a.m.k. hluta þess landsvæðis sem nú nefnist Kolbeinsdalsafrétt hefur verið byggð. Er þá átt við þann hluta afréttarinnar sem liggur lengra inn til landsins en jarðirnar Bjarnastaðir og Fjall. Samkvæmt áreiðar- og skoðunargjörð frá 1865 var þar að finna jarðirnar Bygghól, Heljará og Ingjaldsá. Framan við Ingjaldsá, í Staðargöngum, hafi hins vegar verið „sérstakt upprekstrarland Hólastaðar“. Bygghóll er talinn hafa legið á svæðinu milli Heljarár og Skíðadalsár og „líklegast uppí dalsbotn“ Skíðadals. Um Bygghól er fyrst getið í heimild frá 14. öld þar sem hann er talinn meðal jarða Hólastaðar. Búseta þar hefur lagst af á óvissum tíma en virðist hafa verið tekin upp aftur, a.m.k. á 19. öld, sbr. meðal annars Sýslu- og sóknalýsingar Skagafjarðar frá 1843. Um Heljará og Ingjaldsá er enn minna vitað en samkvæmt áðurnefndri áreiðar- og skoðunargjörð frá 1865 voru þær taldar hafa legið við samnefndar ár. Samkvæmt heimild frá 16. öld átti Hólastóll „Kolbeinsdal“ og fleiri landsvæði, „med jardareign jtolulaust fram ath djupadal.“ Ekki er ljóst hvort með því hafi verið vísað til „jarðareignar“ fram fyrir Staðargöngur og alla leið að innstu drögum Kolbeinsdals, við Tungnahryggssjökul.

Fjöldi heimilda frá 17. öld og síðar miðar við að í Kolbeinsdal sé „afrétt“ Hólastaðar, sbr. m.a. úttektir Hólastóls frá 1628 og 1657, bréf Gísla biskups Þorlákssonar frá 1676, Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns yfir Skagafjarðarsýslu 1709, sýslu- og sóknarlýsingu Hóla- og Viðvíkursóknar 1843 og jarðamatið 1849. Jörðin Hólar var seld einkaaðila í byrjun 19. aldar og í kjölfarið kom upp ágreiningur um eignarrétt á Kolbeinsdalsafrétt. Þar deildu bændur í Hóla- og Viðvíkurhreppum við eiganda Hólajarðar. Þannig var m.a. gerður fyrirvari við sátt um tiltekna nýtingu afréttarinnar 1823, þess efnis að hún væri „án umtals um eignarrétt afréttarinnar“, og sett fram mótmæli við landamerkjabréfi Hóla 1890 „að því er snertir hið óbyggða svæði fram af [...] Kolbeinsdal“. Deila þessi stóð allt þar til Hóla- og Viðvíkurhreppar keyptu afréttina 1898.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er Kolbeinsdalsafrétt tilgreind sérstaklega í fjölda heimilda, líkt og margar afréttir jarða og stofnana. Heimildir um

---

afnot landsvæðisins frá 17. öld og síðar fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not. Svæðið er hálent og landfræðilega aðskilið frá Hólum með fjallgarði sem rís í yfir 1000 m hæð. Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignaréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn benda elstu heimildir, frá 1388 og 1525, til þess að á Kolbeinsdalsafrétt hafi verið búið á byggilegum svæðum í skjóli Hóla þegar árferði og fólksfjöldi leyfði. Enda þótt nýting fjallendis hafi eðli máls samkvæmt verið takmarkaðri en láglandis leiðir það eitt og sér ekki til neinnar eignarréttarlegrar aðgreiningar. Í landamerkjabréfi Hóla 1890 er merkjum lýst að dalnum meðtöldum og án þess að hann sé sérstaklega tilgreindur. Mótmæli bænda í Hóla- og Viðvíkurhreppum við landamerkjabréfinu ber að skoða í því ljósi að svæðið hafði verið nýtt sem beutiland jarða í eigu stólsins. Að Kolbeinsdalsafrétt liggja eignarlönd til suðurs, vesturs og austur, ef frá er talinn Skíðadalsafréttur, sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Undirlendi á þessu svæði er lítið, fyrst og fremst grösugir dalir á milli hárra fjalla. Það á ekki einungis við um Kolbeinsdalsafrétt, heldur einnig óumdeild eignarlönd sem að honum liggja, svo sem Hóla og jarðir í Hörgárbyggð og Dalvíkurbyggð.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn.

Í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið til grundvallar niðurstöðu um eignarland. Jafnframt er ljóst að undantekningar frá meginreglunni um eignarland innan afmörkunar í landamerkjabréfi jarðar eru fáar og í því sambandi gerðar ríkar kröfur. Nýjar úrlausnir dómstóla um Hvamm og Laxárdal í Svalbarðshreppi árétta þetta, sbr. umfjöllun í kafla 6.1.

Að því virtu sem að framan er rakið telur óbyggðanefnd að hvorki staðhættir, gróðurfar né heimildir um réttindi eða nýtingu mæli gegn því að sá hluti þess lands sem afmarkaður er í landamerkjabréfi Hóla 1890 sem nefndur er Kolbeinsdalsafrétt geti hafa verið hluti af jörð eða jörðum allt frá öndverðu. Nægjanlega er því í ljós leitt að eigendur Hóla, sem Sveitarfélagið Skagafjörður leiðir rétt sinn frá, hafi átt þar bein eignaréttindi fremur en óbeinan eignarétt. Heimildir um afrétt vísa því fremur til notkunar viðkomandi landsvæðis en þess að beinn eignaréttur hafi annað hvort ekki stofnast eða fallið niður.

Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan tilgreindra landamerkja Kolbeinsdalsafréttar sé þjóðlenda, í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að

---

þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998.<sup>534</sup> Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka skýrt fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda.

## **6.7 Silfrastaðaafrétt, Hálfánartungur og Krossland**

### **6.7.1 Inngangur**

Hér verður fjallað um þann hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins sem einnig eru gerðar eignarlandskröfur til vegna Silfrastaðaafréttar, að meðtöldum Hálfánartungum, og Krosslands. Þannig gerir Akrahreppur eignarlandskröfu til Silfrastaðaafréttar að meðtöldum Hálfánartungum, án sérstakrar sundurgreiningar. Jafnframt gera Akrahreppur og Kirkjumálasjóður eignarlandskröfur til Krosslands, sjá nánari afmörkun og lýsingu krafna í köflum 3.1, 3.6 og 3.7.

Landsvæði það sem nefnt er Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur nær m.a. yfir hluta Öxnadalshéiðar og Hörgárdalsheiðar. Hér er einungis til umfjöllunar sá hluti afréttarinnar sem er á Hörgárdalsheiði en svæðið þar sunnan við var til umfjöllunar í máli nr. 4/2008 á svæði 7 suður hjá óbyggðanefnd. Innan kröfusvæðis vegna Silfrastaðaafréttar er einnig gerð sérstök krafa vegna svokallaðs Krosslands, af hálfu Akrahrepps og Kirkjumálasjóðs.

Landsvæði það sem hér um ræðir liggur á Tröllaskaga, til norðurs upp af Norðurá í Norðurárdal í yfir 200 m hæð yfir sjávarmáli. Svæðið er skorið giljum og dölum sem svo eru skornir smærri giljum, dölum og skálum. Austan til liggur Hörgárdalsheiði sem hefur leguna suðvestur-norðaustur og afmarkast af Selfjalli (1170 m) og Víkingsfjalli (1243 m) til suðausturs og Tungum til norðvesturs. Handan Tungna, til vesturs, liggur Miðdalur sem afmarkast af Horni (1193 m) til vesturs. Horná rennur vestan undir Horni, um Seljadal. Miðdalur og Seljadalur liggja til norðurs upp af Hörgárdalsheiði og hafa leguna norður-suður. Eru þessir dalir grónir. Til vesturs upp af Seljadal rís brattur Landshnjúkur. Til norðurs upp frá Norðurá, vestan Landshnjúks, liggur Valagil en um það rennur Valagilsá sem samanstendur af ám sem renna úr giljum norður upp af Valagili.

Upp af dölum og giljum tekur við hallaminni auðn og rís land hæst norðan til á svæðinu í Reykjanibbu (1304 m).

### **6.7.2 Sjónarmið aðila**

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt á því byggt að af heimildum megi ráða að land innan þjóðlendukröfusvæða í máli þessu hafi legið utan landnáms en verið nýtt sem afréttir. Kröfugerð ríkisins taki mið af merkjalýsingum jarða, afréttum á svæðinu, landnámslýsingum og staðháttum. Að því leyti sem ekki sé fallist á merkjalýsingar

---

<sup>534</sup> Sbr. einnig lokakafli í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

jarða til afréttarsvæða, öræfa og jökla, sé á því byggt að tilvísuð landamerkjabréf, enda þótt þinglýst séu, teljist ekki ein og sér nægjanleg til staðfestingar beinum eignarrétti. Sé þá tekið tillit til þess að lýsingar séu ekki í samræmi við landnám, heimildir um nýtingu lands og landfræðilegar aðstæður. Vísast m.a. að þessu leyti til dóma Hæstaréttar í málum nr. 47/2004 og 48/2004. Ekki sé gerð krafa til svæða sem teljist smájöklar á Tröllaskaga nema að því marki sem slíkir smájöklar verði taldir falla undir afrétti(r) og/eða almenninga eða tengist með beinum hætti slíkum svæðum.

Vegna Silfrastaðaafréttar sérstaklega er byggt á því að heimildir greini að afréttin hafi aldrei verið undirorpin beinum eignarrétti einstakra jarða, heldur frá öndverðu verið nýtt til sumarbeitar jarða í aðliggjandi sveitarfélögum. Þótt sumar heimildir greini að svæðið hafi eftir atvikum verið talið heyra undir einstakar jarðir verði ekki fallist á að í slíkri tilheyrslu hafi falist annað og meira en takmörkuð eignarréttindi (afréttareign). Um nýtingu svæðisins er einkum vísað til landamerkjalyýsingar Silfrastaðaafréttar frá 1890, jarðamats 1849 auk yngri heimilda sem allar greini að um afréttarland hafi verið að ræða sem telja verði að hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti.

Sérstakt landamerkjabréf vegna Silfrastaða tilgreini að svæðið hafi verið sérstaklega aðgreint frá jörðinni Silfrastöðum. Af því megi draga þá ályktun að svæðið hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en jörðin. Þá liggi fyrir að svæðið hafi verið selt hreppsnefnd Akrahrepps 1897 sem sérstakt landsvæði. Telja verði að gjörningurinn bendi til þess að svæðið hafi á þeim tíma verið sérstaklega aðgreint landsvæði utan jarðarinnar Silfrastaða.

Loks er vísað til staðháttu og aðstæðna að öðru leyti en svæðið sé almennt hálent og lítt fallið til annarra nota en beitarafnota. Auk þess séu heimildir um búsetu á svæðinu óljósar og bendi almennt ekki til þess að það hafi nokkru sinni notið stöðu jarðar í eignarréttarlegum skilningi. Þá er bent á að svæðið sé aðliggjandi öðru afréttarsvæði, nánar tiltekið afrétt Möðruvalla á Hörgárdal. Einnig bendi tilkall annarra jarða, sbr. Víðivelli og Miklabæ (Krossland), til svæða innan marka afréttarinnar til þess að svæðið hafi ekki verið undirorpið beinum eignarrétti tiltekinnar jarðar.

Vegna Krosslands er að öðru leyti byggt á því að ekkert sé fram komið í gögnum málsins sem færi sönnur á að Krossland sé beinum eignarrétti háð fremur en annað land tilheyrandi Silfrastaðaafrétt. Þvert á móti virðist rétti til Krosslands þar fremur skipað með óbeinum eignarréttindum, samanber efnisskipan í máldagabók Péturs biskups Nikulásssonar frá 1394 og síðar, máldaga Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590 og vísitasíum kirkjunnar frá 18. og 19. öld. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segi í umfjöllun um Miklabæ að hálf Krossland „með selstöðu fyrir framan Valagilsár og til Seljadals eignar máldaginn kirkjunni“. Umfjöllun Jarðabókarinnar bendi þannig til að um hafi verið að ræða selstöðu í Krosslandi. Í þessu sambandi vilji ríkið áréttu að ekki þurfi að benda til beins eignarréttar þó að haft

---

hafi verið í seljum á svæðinu. Loks sé rétt að áréttu að þótt merkjum svæðisins sé lýst sérstaklega í landamerkjabréfum Miklabæjar og Víðivalla sé það ekki sönnun þess að svæðið hafi verið háð beinum eignarrétti.

Vegna Hálfánartungna er sérstaklega byggt á að liggi ekkert fyrir um hvenær þar var byggð né hver afmörkun þeirra hafi verið og engin sönnun sé fram komin um beinan eignarrétt á Hálfánartungum.

Af hálfu Akrahrepps, gagnaðila íslenska ríkisins vegna Silfrastaðaafréttar að meðtöldum Hálfánartungum, er byggt á þinglýstum landamerkjabréfum og öðrum skráðum eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, afsölum og fasteignamötum, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum aðliggjandi jarða. Fullur hefðartími sé einnig liðinn frá því landamerkjabréfunum var þinglýst. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi, sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar og hafi öll nýting verið háð leyfi frá þeim.

Byggi krafan á meginreglum íslensks eignarréttar og dómvenju þess efnis að afréttarlönd sem áður hafi tilheyrt jörð en verið lögð til afréttar sveitarfélags séu áfram háð beinum eignarrétti.

Þá er vísað til fyrri úrskurða óbyggðanefndar þess efnis að landsvæði sem talið hafi verið jörð samkvæmt elstu heimildum sé beinum eignarrétti háð, jafnvel þó lagt hafi verið til afréttar.

Loks er byggt á réttmætum væntingum til þess að landsvæðið teljist háð beinum eignarrétti, jafnvel þótt lagt hafi verið afréttar, jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnáslulaga.

Af hálfu Akrahrepps og Kirkjumálasjóðs, gagnaðila íslenska ríkisins vegna Krosslands, er byggt á landamerkjabréfum Víðivalla og Miklabæjar. Eldri heimildir styðji það sem fram kemur í bréfunum. Þetta séu máldagabók Péturs biskups Nikulássonar frá 1394 og síðar og máldagi Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590, auk vísitasía kirkjunnar frá 18. öld. Þá er vísað í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í umfjöllun um Miklabæ, brauðalýsingu Miklabæjar og jarðamatið fyrir sömu jörð. Í öllum heimildunum sé vísað til Krosslands í tengslum við Miklabæ. Að auki er byggt á því sama og rakið er um Silfrastaðaafrétt hér að framan.

### 6.7.3 Niðurstaða

Saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar á Silfrastaðaafrétt, Hálfánartungum og Krosslandi er rakin í kafla 5.5. hér að framan. Þar kemur fram að Silfrastaðaafréttar er fyrst sérstaklega getið í dómi frá árinu 1611 en heimildir um jörðina Silfrastaði ná aftur til ársins 1318.<sup>535</sup> Krosslands er fyrst sérstaklega getið í máldaga Miklabæjarkirkju frá 1590 og Hálfánartungna í vísitasíu Silfrastaða frá

---

<sup>535</sup> Sbr. umfjöllun um hugtökin *jörð* og *afrétt* í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

1663. Jarðirnar Silfrastaðir og Miklibær liggja utan ágreiningssvæðis í máli þessu og aðskildar frá Silfrastaðaafrétt með öðrum jörðum.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvað ráðið verður af heimildum um merki Silfrastaðaafréttar. Athugun þessi tekur til landamerkjanna að norðanverðu, á kröfussvæði íslenska ríkisins í máli þessu. Einnig verður afmörkun Krosslands skoðuð en heimildir um afmörkun á eyðibýli í Hálfánartungum liggja ekki fyrir. Fyrir liggur landamerkjabréf sem ber yfirskriftina „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum í Yxnadalsheiði“, dagsett þann 2. júní 1885 og þinglýst degi síðar, þar sem eingöngu er lýst merkjum afréttarinnar. Einnig liggur fyrir annað landamerkjabréf sem ber yfirskriftina „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, og þingl. 22. maí sama ár, þar sem lýst er merkjum Silfrastaða og afréttarinnar sérstaklega. Ónákvæmar lýsingar á afréttinni er einnig að finna í lögfestum Silfrastaða frá 1743, 1752, 1768 og 1870. Aðrar eldri heimildir eru ekki fyrir hendi um mörk afréttarinnar. Mörkum svokallaðs Krosslands er lýst í landamerkjabréfi Víðivalla frá 28. apríl 1890 og þingl. 22. maí sama ár.

Í þessu sambandi verður einnig litið til gagna um merki aðliggjandi landsvæða. Til suðurs er Krókárgerði og sá hluti Silfrastaðaafréttar sem fjallað var um í máli nr. 4/2008 á svæði 7 suður hjá óbyggðanefnd en hann var úrskurðaður þjóðlenda og afrétt. Til austurs, talið frá suðri til norðurs, er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Bakkasels sem fjallað er um í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd, óumdeilt eignarland Gils og ágreiningssvæði íslenska ríkisins og tiltekinna gagnaðila þess vegna Möðruvallaafréttar sem fjallað er um í kafla 6.8 í máli nr. 1/2009. Til norðurs er ágreiningssvæði íslenska ríkisins og gagnaðila þess vegna Kolbeinsdalsafréttar, sjá kafla 6.6. Til vesturs liggja óumdeild eignarlönd Djúpadals, Stóru-Akra, Brekkukots, Höskuldarstaða og Miðhúsa. Að fenginni niðurstöðu um afmörkun Silfrastaðaafréttar með tilliti til ágreiningssvæðis aðila verður fjallað um eignarréttarlega stöðu landsins.

Verður þá fyrst litið til austurmerkja Silfrastaðaafréttar að því leyti sem þau snerta mál þetta. Í „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum á Yxnadalsheiði“, dags. 2. júní 1885, er merkjum lýst svo: „Allt norður að Kaldbaksá, og þar þvert yfir, og sýnist að stefna þessi láti nærri, að merkin sjeu um Tjaldhól á flóanum og það til Vatnsgötu, er svo nefnist á veginum fyrir norðan Grjótá til fjallseggja beggja megin.“ Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi landsvæða og var því mótmælt 10. maí 1889 vegna Bakka og Bakkasels, nánar tiltekið að því er varðaði landsvæðið „frá Grjótá að vestan austur yfir Tjaldhól og þar þvert yfir“. Mótmælbréfið var þinglesið 23. maí 1889.

Lýsing landamerkjabréfsins, dags. 2. júní 1885, er brotarkennd og óljós og mótmælbréfið er einnig óglögg. Allt að einu er ekkert annað komið fram í málinu sem bendir til að land vestan Grjótár hafi heyrt undir Bakkasel. Þá mælir landamerkjabréf Bakkasels, sem síðar verður vikið að, því eindregið í mót að svo hafi verið en bréfið er dagsett 28. mars 1889, þ.e. aðeins um sex vikum fyrr en

---

mótmælabréfið. Þá eru gagnaðilar íslenska ríkisins sammála um þá afmörkun svæðanna.

Svonefnd „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890, hefur að geyma heildstæðari lýsingu á merkjum afréttarinnar en hið eldra bréf, dags. 2. júní 1885. Þar er fyrst lýst merkjum „heimalands“ Silfrastaða. Síðan er lýst merkjum „Silfrastaðaafréttar“ sem er aðskilin frá heimalandinu samkvæmt þeirri merkjalýsingu sem fram kemur í skjalinu.

Austurmerkjum Silfrastaðaafréttar, að því leyti sem þau snerta mál þetta, er lýst úr Miðdalsbotni „í Lúpá á Hörgárdalsheiði, norðanvert við Hörgárdalstungur. Ræður svo Lúpá og Víkingsá fram í botn á Víkingsdal. Þá yfir fjall í Vatnsgötu á Öxnadalsheiði“. Bréfið er ekki áritað vegna Bakkasels og Möðruvallafréttar. Í landamerkjabréfi fyrir Bakkasel, dags. 28. mars 1889 og þinglýst 27. maí sama ár, segir: „Að vestan ræður Grjótá og Kaldbaksdalsá landamerkjum.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaðaafréttar. Landamerkjabréfunum ber saman um að Grjótá ráði merkjum milli Silfrastaðaafréttar og Bakkasels. Bréfin fá því samræmst að þessu leyti.

Í landamerkjabréfi Gils frá 19. mars 1883 eru merki gagnvart Silfrastaðaafrétt miðuð við „fjallið“. Það er ekki áritað vegna afréttarinnar. Í landamerkjabréfi Möðruvalla í Hörgárdal frá 17. apríl 1884 er merkjum afréttarinnar lýst svo: „ræður Grjótá þar merkjum til móts við Framland. Á Hörgárdalsheiði skiptir löndum á sú, er rennur eptir Víkingsdal og bein stefna úr þeirri á hinumegin á heiðinni á fjall upp.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaða. Sjá nánari umfjöllun um Möðruvallaafrétt í máli nr. 1/2009 hjá óbyggðanefnd. Geta þessi merki samræmst merkjum Silfrastaðaafréttar. Í lögfestum fyrir Silfrastaði frá 1743, 1752, 1768 og 1870 er lögfest öll „Hörgárdalsheiði, sem er Silfrastaðaeign með hennar afdölum og þverdölum allt norður að Víkingsá og Lúpá“. Getur þessi lýsing samræmst lýsingu landamerkjabréfs Silfrastaða, svo langt sem hún nær.

Norðurmerkjum Silfrastaðaafréttar er í landamerkjabréfinu frá 1890 lýst þannig að farið sé úr Smaladalsbotni „yfir fjall í botn á Seljadal og Horni. Þá yfir í Miðdalsbotn.“ Bréfið er ekki áritað vegna Hóla. Ekki er lýsing til norðurs í landamerkjabréfinu frá 1885. Samkvæmt landamerkjabréfi Hóla frá 20. maí 1890 eru merki þannig að sunnan: „ráða hæstu fjallseggjar fyrir botni á Hjaltadal og Suðurárdal.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaða. Geta þessi mörk samrýmst merkjum Silfrastaðaafréttar.

Vesturmerki Silfrastaðaafréttar, að því marki sem þau varða þetta mál, hljóða svo samkvæmt landamerkjabréfinu frá 1890: „Að Silfrastaðaafrjett liggur Valagilsá frá því hún fellur í Norðurá, út á bak við Kotaheiði, upp til þess, er Fletjárdalslækr rennur í hana, Þá ræðr hann fram í botn á Fletjardal. Þaðan yfir háfjallið norður í botn á ~~Fletjardal~~ Fylsmýrum og Kleifum. Þaðan yfir fjall í Smaladalsbotn.“ Bréfið er ekki áritað vegna aðliggjandi jarða. Samkvæmt landamerkjabréfi Djúpadals frá 14. apríl 1890 eru merki miðuð við „Djúpadalsá til jökuls, og austur í Gloppugil. Rjettsýnis

---

þaðan norðureptir fjallinu móts við Hólastaðarmenn. Síðan rjett í vestr eptir öllu fjallinu og allt á Feikirsnauf“. Það er ekki áritað vegna Silfrastaða. Bréfið er í samræmi við eldri heimildir um Djúpadal. Samkvæmt landamerkjabréfi Stóru-Akra, Brekkukots, Höskuldsstaða og Miðhúsa frá 13. maí 1890, eru merki gagnvart Silfrastaðaafrétt miðuð við: á sem ræður „til jökuls, er rennur á milli Akradals og Djúpadals – Tungufjalls. Eiga þá nefndar jarðir í sameiningu allt land fyrir sunnan greinda á. Verða þar í Fagrahlíð, Hrafnabjargadalir báðir, einnig Akraselsfjallið allt heim að Grjótá, ásamt Grjótárdal.“ Bréfið er ekki áritað vegna Silfrastaða. Það er í samræmi við eldri heimildir. Samkvæmt landamerkjabréfi Fremrikota frá 31. mars 1890 eru merki gagnvart Silfrastaðaafrétt þannig: „Að norðan Fletjardalslækur austur í Valagilsá. Að austan Valagilsá ofan í Norðurá, er ræðr merkjum að sunnan vestur á móts við Merkjaskriðu.“ Bréfið er áritað vegna Silfrastaða. Þrátt fyrir að lýsingar þær sem hér að framan hafa verið raktar séu ekki samhljóða lýsingu Silfrastaðaafréttar virðast þær þó ekki mæla henni í mót.

Innan kröfusvæðis vegna Silfrastaðaafréttar liggur kröfusvæði vegna Krosslands. Fram kemur í landamerkjabréfi Silfrastaða frá 1890 að innan ummerkja Silfrastaðaafréttar liggi Krossland, tilheyrandi Miklabæ og Víðivöllum. Því er þannig lýst: „Sunnan að því liggur Norðurá, en að vestan Valagilsá upp til þess er Smalalækur rennur í hana. Þaðan ræðr bein stefna, eptir hæðinni neðan við Smaladalinn, upp í Landshnjúk eða fjallsbrúnina fyrir ofan Landið, er ræðr merkjum að norðan. Austan að því liggur Seljadalsá upp að Landsendagjá, og þaðan ræðr bein lína, eptir hæðunum neðan við Seljadalinn, upp í fjallsbrún móti Horni neðan til.“ Sömu lýsingu á Krosslandi er að finna í landamerkjabréfum Víðivalla og Miklabæjar en þau eru bæði frá árinu 1890.

Sunnan Krosslands og Silfrastaðaafréttar er jörðin Króká og samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, dags. 31. maí 1890, miðast norðurmerki hennar við Norðurá, í samræmi við framangreinda afmörkun Krosslands. Bréfið er áritað vegna Silfrastaða.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða óbyggðanefndar að landsvæði það sem málsaðilar deila um falli innan lýsingar í „landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“, dags. 31. mars 1890. „Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum“ var gerð í kjölfar þess að landamerkjalog tóku gildi 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að merkjum sé þar rétt lýst, svo langt sem sú lýsing nær.

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða lands innan framangreindra merkja. Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi umfjöllunar dómstóla og óbyggðanefndar, sbr. kafla 6.1 hér að framan og *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* í viðauka. Svo sem þar kemur fram hafa landamerkjabréf bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r).

---

Bréf jarða hafa haft ríkara vægi sem sönnunargagn um beinan eignarétt og í fyrirbyggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarland. Land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur á hinn bóginn að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitabýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Á meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignaréttar er eignaréttarleg staða aðliggjandi landsvæða. Jafnframt er mögulegt að unninn hafi verið réttur að áður eigendalausum landi, svo sem á grundvelli hefðar.

Við mat á eignaréttarlegri stöðu þess lands sem þar er lýst er til þess að líta að samkvæmt merkjalýsingum bréfsins er Silfrastaðaafrétt afmörkuð með sjálfstæðum hætti, óháð merkjum heimalands Silfrastaða, og afréttin er aðskilin frá heimalandinu með öðrum fasteignum. „Landamerkjaskrá fyrir Silfrastöðum á Yxnadalsheiði“ var sömuleiðis gerð í kjölfar gildistöku landamerkjalaga 1882, þinglesin og færð í landamerkjabók. Sú merkjalýsing er óljósari og þar er eingöngu lýst merkjum afréttarinnar en ekki heimalands Silfrastaða.

Um suðurhluta Silfrastaðaafréttar var fjallað í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 4/2008. Þar kemur eftirfarandi fram í heimildum sem einnig á við um norðurhlutann:

Í hinni elstu heimild þar sem getið er um Silfrastaðaafrétt, frá 1611, er dæmt um lambaupprekstur og toll í Silfrastaðaafrétt. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* frá 1713 segir um Silfrastaði: „Afrjetti á jörðin tvo, annan hálfá Öxnadalsheiði vestanverða, en í það eiga aðrar jarðir ítök, sem síðar mun getið verða“. Um Miklabæ segir: „Upprekstur fyrir geldnaut á Öxnadalsheiði. Hrísitak á Öxnadalsheiði frá fjallsenda fyrir ofan reiðgötur og fram til grjóthryggs etc. sem máldaginn segir.“ Vísitasíur Miklabæjar frá 18. öld geta einnig um hrísrif á Öxnadalsheiði meðal réttinda sem fylgi jörðinni. Nefndar heimildir um Miklabæ virðast að einhverju leyti taka til þess landsvæðis sem hér er til umfjöllunar. Í jarðamati 1804 kemur fram um jörðina Silfrastaði, að leiguliði hennar fái 6 ríkisdala tekjur árlega af afrétti jörðinni tilheyrandi og fram kemur í jarðamatinu 1849 að undir Silfrastöðum liggi víðlend og landgóð afrétt sem meiri hluti Akrahrepps noti til upprekstrar gegn gjaldi. Í kaflanum um Miklabæjarprestakall í *Sýslu- og sóknalýsingum Skagafjarðar* frá miðri 19. öld segir: „Afréttarlönd eru afdalir og heiðar, allavega út úr Norðurárdalnum og tilheyrja Silfrastöðum. Þangað reka flestir úr sóknunum, ásamt Flugumýrarsókn, hver eð næst liggur á norðursíðuna.“

Akrahreppur byggir rétt sinn til Silfrastaðaafréttar á afsali, dags. 6. nóvember 1898, þar sem Steingrímur Jónsson bóndi á Silfrastöðum afsalaði hreppnum Silfrastaðaafrétti. Skjalið var þinglesið 25. maí 1899. Í ritinu *Göngur og réttir IV* er m.a. fjallað um Silfrastaðaafrétt og hún sögð vera „aðalafrétt meiri hluta

---

Akrahrepps“. Í skjali frá 1985 sem ber yfirskriftina „skrá yfir afréttir, eignarheimildir og landamerki“ og stafar frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetanum á Sauðárkróki kemur fram að allar jarðir í Akrahreppi utan Norðurár og Borgargerðis á Norðurárdal eigi upprekstur á Silfrastaðaafrétt. Loks kom fram við skýrslutökur í máli þessu að landsvæðið sé nýtt sem sumarbeutiland fyrir sauðfé af jörðum í hreppnum og smalað að hausti.

Engar aðrar heimildir en þær sem að framan hafa verið raktar hafa komið fram og varða Silfrastaðaafrétt sérstaklega. Hér á eftir verður farið yfir þau gögn sem varða svokallað Krossland, innan marka afréttarinnar, og eyðibýlið Hálfánartungur sem mun hafa legið á afréttinni, austan við Krossland.

Í máldaga Miklabæjarkirkju frá því eftir 1590 kemur m.a. fram að kirkjan eigi hálf Krossland en Víðivellir eigi hinn helminginn. Hið sama kemur fram í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713, brauðalýsingu prestsins á Miklabæ árið 1782 og í jarðamatinu 1849 um Víðivelli og Miklabæ. Þá er svipaða sögu að segja af landamerkjabréfum Silfrastaða, Víðivalla og Miklabæjar en í landamerkjabréfunum er afmörkun Krosslands lýst svo sem að framan hefur verið rakið. Í *Byggðasögu Skagafjarðar* frá 2007 kemur fram að selstaða hafi verið á landinu en tóftir þess að mestu horfnar.

Í vísitánu Silfrastaða frá 1663 kemur fram að Silfrastaðakirkja eigi Fremrikot og Krákugerði með Hálfánartungum. Í kaflanaum um Fremrikot í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 segir að Hálfánartungur séu fornt eyðiból sem hafi ekki verið byggt í manna minni „þó eru hjer ljós byggingamerki og girðingar miklar so sem á stórjörðu: veit þetta land til afrjettarins, sem liggur á Hörgárdalsheiði, liggur til Silfrastaða“. Árið 1713 eru Silfrastaðir virtir með Krákugerði og Hálfánartungum. Í jarða- og búendatali Skagafjarðarsýslu 1781-1953 frá 1956 kemur fram að jörðin hafi verið í eyði 1713 en líklega í ábúð á fyrri öldum. Jörðin hafi verið metin með Silfrastöðum en eftir 1861 kölluð 5 hundruð að dýrleika. Sami eigandi muni alltaf hafa verið að Silfrastöðum og Hálfánartungum. Á manntalsþingi 1822 lýstu sveitarmenn óánægju sinni með byggingu á Hálfánartungum og töldu sig ekki geta haft frjáls afnot af afréttinni vegna hennar. Rétturinn úrskurðaði að byggingin skyldi ekki haldast lengur en yfirstandandi fardagaár. Í yfirlýsingu ábúanda Silfrastaða frá 1882 og í byggingarbréfi Silfrastaða frá 1888 kemur fram að Hálfánartungur hafi verið leigðar nokkrum jörðum til uppreksturs fyrir sauðfé. Í jarðamatinu 1916-1918 kemur fram í kaflanum um Silfrastaði að Silfrastaðaafrétt og Hálfánartungur hafi verið seldar undan jörðinni. Hálfánartungur voru nokkuð samfleytt í ábúð frá árinu 1813 til ársins 1876 þegar þær fóru endanlega í eyði.

Í tilvitnuðum heimildum er þess hluta Silfrastaðaafréttar sem hér er til umfjöllunar einkum getið í tengslum við upprekstur, afréttarnot og önnur takmörkuð not. Suðurhluti Silfrastaðaafréttar var úrskurðaður þjóðlenda og afrétt en allar

---

heimildir sem varða Silfrastaðaafrétt sérstaklega eiga bæði við um suður- og norðurhlutann. Óbyggðanefnd telur því að sömu sjónarmið eigi við um báða hluta Silfrastaðaafréttar. Það leiði til þess að sá hluti afréttarinnar sem hér er til umfjöllunar hafi verið afrétt Silfrastaða í þeim skilningi að eigendur jarðarinnar, og síðar Akrahreppur, hafi átt þar óbein eignarréttindi fremur en beinan eignarrétt.

Séu heimildir um svokallað Krossland skoðaðar er ekkert sem þar kemur fram sem bent gæti til annarrar eignarréttarlegrar stöðu þess svæðis. Krosslands er eingöngu getið í samhengi við takmörkuð not, selstöðu, upprekstur, afréttarnot og önnur, svo sem í máldagabók 1394, jarðamati 1849 og umfjöllun um tripparekstur á manntalsþingi 1862. Krossland er landfræðilega aðskilið frá Silfrastöðum, Miklabæ og Víðivöllum og afmarkað sérstaklega í landamerkjabréfum þeirra. Óbyggðanefnd telur hins vegar að auk Akrahrepps eigi eigendur jarðarinnar Miklabæjar þar einnig óbein eignarréttindi.

Eyðibýlið Hálfánartungur var í byggð í rúm 60 ár á 19. öld, án þess þó að afmörkun þess liggi fyrir. Fyrir þann tíma var búið á Hálfánartungum í um 30 ár á 18. öld en heimildir greina árið 1713 að þar sé talið fornt eyðibýli. Möguleg hagnýting landsins fyrir setningu laga um hefð nr. 46/1905 gat ekki að þágildandi lögum stofnað til eignarlands, sbr. Hrd. 7. október 2010 í máli nr. 379/2009 og Hrd. 22. september 2010 í máli nr. 294/2010.

Af frásögnum Landnámu verður ekki ráðið hversu langt upp til fjalla landnám á þessu svæði náði, sbr. kafla 6.2. Verða því engar afdráttarlausar ályktanir af þeim frásögnum dregnar. Sé tekið mið af staðháttum og fjarlægðum við túlkun landnámslýsinga verður þó að telja líklegt að a.m.k. hluti þess lands sem hér er deilt um hafi verið numinn.

Ekkert liggur hins vegar fyrir um afmörkun eða yfirfærslu þeirra beinu eignarréttinda sem þar kann að hafa verið stofnað til. Þannig kann beinn eignarréttur að hafa fallið niður og landsvæðið í kjölfarið tekið til takmarkaðra nota annarra. Í því sambandi ber að líta til þess sönnunarmats sem lagt hefur verið til grundvallar um afrétti(r) einstakra jarða og/eða stofnana og styðst við fjölda dóma í sambærilegum málum, sjá nánar í kafla 8.2 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Þess skal einnig getið að á þeim landsvæðum sem nærri Silfrastaðaafrétt liggja eru bæði eignarlönd og þjóðlendur, sé litið heildstætt á niðurstöður í málum nr. 1 og 2/2009 hjá óbyggðanefnd.

Í máli þessu er þannig ekki sýnt fram á annað en að réttur til umrædds afréttarsvæðis hafi orðið til á þann veg að það hafi verið tekið til sumardeildar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur sem sveitarstjórnnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun landsvæðisins hefur verið háttáð hefur heldur ekki verið sýnt fram á að eignarhefð hafi verið unnin á því.

---

Að öllu framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að sá hluti Silfrastaðaafréttar sem til umfjöllunar er í máli þessu sé eignarland, hvorki fyrir nám, löggerninga né með öðrum hætti. Þá leiðir rannsókn óbyggðanefndar einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé þjóðlenda.<sup>536</sup> Af fyrirbyggjandi gögnum verður hins vegar ráðið að landsvæðið sé í afréttareign Akrahrepps. Sá hluti afréttarinnar sem kölluð hefur verið Krossland er einnig í afréttareign Kirkjumálasjóðs sem eigenda jarðarinnar Miklabæjar. Þá liggur fyrir samþykkt veiðifélags Skagafjarðar, þar sem Upprekstrarfélag Akrahrepps er meðal aðila vegna Norðurár og kvittanir vegna greiðslna arðs af ánni til Miklabæjar, sbr. einnig skýrslutökur fyrir óbyggðanefnd.

Ljóst er að einstakir hlutar þessa landsvæðis eru misjafnlega fallnir til beitar. Beitar svæði taka þó breytingum, auk þess sem þau eru ekki endilega samfelld. Land það sem hér er til umfjöllunar verður því talið falla undir skilgreininguna „landsvæði ... sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé“, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Það er því niðurstaða óbyggðanefndar að Silfrastaðaafrétt, að meðtöldum Hálfánartungum, og Krossland, svo sem heildarsvæðið er afmarkað hér á eftir með vísan til punkta í kröfugerð íslenska ríkisins, sé þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará á sýslumörkum í Norðurárdal (1). Þaðan er haldið með Grjótá og síðan eystri Grjótárdal, yfir Grjótárdalsdrög að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps (2). Síðan er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt allt að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Hólahrepps við Hjaltadalsjökul (3). Þaðan með fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Hólahrepps um Suðurárdalshnjúk í Reykjanibbu (1302 m) (4). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðvesturs í 1298 m hæðarpunkt (5) og síðan til suðausturs í 1247 m hæðarpunkt (6) vestan við botn Seljadals. Þaðan er línan áfram dregin eftir háfjöllum í 1224 m hæðarpunkt (7) norðvestan við botn Smaladals. Þaðan er háfjallinu enn fylgt til vesturs og síðan suðvesturs í 1209 m hæðarpunkt (8) fyrir botni á Fylsmýrum og Kleifum og síðan í 1210 m hæðarpunkt (9) fyrir botni Fletjárdals. Þaðan er Fletjá fylgt suður í Valagilsá (10). Þaðan með Valagilsá í Norðurá (11). Þaðan er Norðurá fylgt og síðar Heiðará uns komið er að Grjótá, sem er upphafspunktur.*

Sama landsvæði er í afréttareign Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Sá hluti þess sem nefndur er Krossland er einnig í afréttareign Miklabæjar,

---

<sup>536</sup> Sbr. einnig lokakafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

---

sbr. sama ákvæði. Vegna Krosslands nýtur veiðiréttar í Norðurá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Krossland afmarkast svo, með vísan til punkta í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins:

*Upphafspunktur er þar sem Valagilsá fellur í Norðurá (1). Þaðan er Valagilsá fylgt að þeim stað þar sem Smalalækur fellur í hana (2). Þaðan er línan dregin beina stefnu í Landshnjúk (3). Frá Landshnjúk er línan dregin beina stefnu í Landsendagjá við Horná (4). Frá Landsendagjá er línan dregin í Horná og ánni fylgt þar til hún fellur í Norðurá og Norðurá síðan fylgt að upphafspunkti.*

Svæði það sem hér hefur verið lýst þjóðlenda er háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

## **6.8 Um málskostnað**

Í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998 hefur óbyggðanefnd lagt mat á það hvað telja megi nauðsynlegan kostnað vegna hagsmunagæslu fyrir nefndinni í máli þessu. Við það mat hefur nefndin m.a. litið til þess hvort aðilar, sem svipaðra hagsmuna eigi að gæta, hafi sameinast um aðstoð lögmanns og annarra sérfræðinga, enda rekist hagsmunir ekki á. Við mat á fjárhæð kostnaðar hefur nefndin enn fremur litið til þess hvað telja megi sanngjarnt og eðlilegt endurgjald fyrir hagsmunagæslu í máli þessu.

Í tilefni af áliti umboðsmanns Alþingis frá 13. nóvember 2007 í máli nr. 5073/2007 er málskostnaður úrskurðaður til einstakra málsaðila, fremur en sameiginlega, að því marki sem aðild og sundurliðun málskostnaðarreikninga gefur tilefni til.

---

## 7 ÚRSKURÐARORÐ<sup>537</sup>

Landsvæði þau sem afmörkuð eru hér á eftir, þ.e. Flókadalsafrétt og Hrolleifsdalsafrétt, eru þjóðlendur í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

### Flókadalsafrétt

*Upphafspunktur er þar sem Nyrðriá fellur í Flókadalsá (1). Þaðan er Nyrðriá fylgt til upptaka (botn Nyrðriárdals) (2) og línán síðan dregin beina stefnu til fjallseggjar á fyrrum hreppamörkum Fljótahrepps og Hofshrepps (3). Þaðan er fyrrum hreppamörkunum fylgt til suðausturs norðan til í Grjótárdalshyrnu (964 m) (4). Þaðan er háfjalli austan Seljárdals fylgt í Dagmálaskálar (915 m) (5) og þaðan í norðvesturhorn fjallsins (6). Þaðan er línán dregin til suðvesturs í Flókadalsá (7) og henni síðan fylgt í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fljótahreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998:

### Hrolleifsdalsafrétt

*Upphafspunktur er á hornmarki milli fyrrum hreppamarka Fellshrepps, Fljótahrepps og Hofshrepps (1). Þaðan er fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Fljótahrepps fylgt til norðurs í Setafjall (705 m) (2). Þaðan er haldið til suðvesturs í Hrolleifsdalsá þar sem Barnadalsá rennur í hana (3). Þaðan er Barnadalsá fylgt til suðurs að upptökum í háfjalli (allt að fyrrum hreppamörkum Fellshrepps og Hofshrepps) (4). Þaðan er hreppamörkunum fylgt til austurs í upphafspunkt.*

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Fellshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Unadals- og Deildardalsafréttir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

---

<sup>537</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirbyggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamanur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.

---

*Upphafspunktur er á sýslumörkum í sunnanverðum Hákömbum við Deildardalsjökul (1085 m) (1). Þaðan er fyrrum sveitarfélagamörkum (Hofshrepps og Hólahrepps) fylgt til suðvesturs og síðan vesturs allt þar til komið er á móts við botn Úlfsskálar (2). Þaðan er línán dregin til norðausturs fyrir botn Skuggabjargadals í fjallsegg á Björk (915 m) (3). Þaðan er línán dregin um háfjall Bjarkar til norðurs þar til komið er að skurðpunkti (4) við línu sem dregin er beina stefnu frá Grænalækjardragi í skarð í fjallsegginni og áfram í sömu stefnu til suðurs. Frá nefndum skurðpunkti er línán dregin til norðurs í umrætt skarð í fjallsegginni (5) og þaðan í Grænalækjardrag (6). Frá Grænalækjardragi er línán dregin beina stefnu í átt að vörðu sem stendur við Deildaá, skammt frá þeim stað þar sem bærinn Stafn stóð, og í Deildará (7). Þaðan er Deildará fylgt til austurs að þeim stað þar sem Brunná fellur í hana (8). Síðan er Brunná fylgt til fremstu upptaka í miðfjalli (Ennishnjúkur) (9). Þaðan er haldið til norðvesturs í Hrafnabjargarskál (10). Þaðan er árfarvegi úr skálinni fylgt í Unadalsá austan við Spáná (11). Þaðan er Unadalsá fylgt til austurs að Grjótá (12). Þaðan er Grjótá fylgt til upptaka og þaðan í háfjall á fyrrum hreppamörkum Hofshrepps og Fljótahrepps (13). Þaðan er fylgt fyrrum hreppamörkum (Fljótahrepps og Hofshrepps) og síðar sýslumörkum um Hákamba til suðurs allt að upphafspunkti við Deildardalsjökul.*

Sama landsvæði er afrétt jarða í fyrrum Hofshreppi, nú í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttina og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir með vísan til punkta í kröfugerð íslenska ríkisins, þ.e. Silfrastaðaafrétt, að meðtöldum Hálfánartungum, og Krossland, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Upphafspunktur er þar sem Grjótá fellur í Heiðará á sýslumörkum í Norðurárdal (1). Þaðan er haldið með Grjótá og síðan eystri Grjótárdal, yfir Grjótárdalsdrög að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Öxnadalshrepps (2). Síðan er fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Skriðuhrepps fylgt allt að fyrrum hornmarki milli Akrahrepps, Skriðuhrepps og Hólahrepps við Hjaltadalsjökul (3). Þaðan með fyrrum hreppamörkum Akrahrepps og Hólahrepps um Suðurárdalshnjúk í Reykjanibbu (1302 m) (4). Þaðan er háfjallinu fylgt til suðvesturs í 1298 m hæðarpunkt (5) og síðan til*

---

*suðausturs í 1247 m hæðarpunkt (6) vestan við botn Seljadals. Þaðan er línan áfram dregin eftir háfjöllum í 1224 m hæðarpunkt (7) norðvestan við botn Smaladals. Þaðan er háfjallinu enn fylgt til vesturs og síðan suðvesturs í 1209 m hæðarpunkt (8) fyrir botni á Fylsmýrum og Kleifum og síðan í 1210 m hæðarpunkt (9) fyrir botni Fletjárdals. Þaðan er Fletjá fylgt suður í Valagilsá (10). Þaðan með Valagilsá í Norðurá (11). Þaðan er Norðurá fylgt og síðar Heidiará uns komið er að Grjótá, sem er upphafspunktur.*

Sama landsvæði er í afréttareign Akrahrepps, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga. Sá hluti þess sem nefndur er Krossland er einnig í afréttareign Miklabæjar, sbr. sama ákvæði. Vegna Krosslands nýtur veiðiréttar í Norðurá samkvæmt II. kafla laga um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

Krossland afmarkast svo, með vísan til punkta í kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins:

*Upphafspunktur er þar sem Valagilsá fellur í Norðurá (1). Þaðan er Valagilsá fylgt að þeim stað þar sem Smalalækur fellur í hana (2). Þaðan er línan dregin beina stefnu í Landshnjúk (3). Frá Landshnjúk er línan dregin beina stefnu í Landsendagjá við Horná (4). Frá Landsendagjá er línan dregin í Horná og ánni fylgt þar til hún fellur í Norðurá og Norðurá síðan fylgt að upphafspunkti.*

Svæði þau sem hér hafa verið lýst þjóðlenda eru háð sérstökum eignarréttarlegum takmörkunum samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, sbr. náttúruminjaskrá.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málsskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu. Þá getur skipan þjóðlendu innan staðarmarka sveitarfélaga komið til endurskoðunar.

Málkostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Ólafs Björnssonar hrl.: Sveitarfélagið Skagafjörður vegna Unadals- og Deildardalsafréttar, Flókadalsafréttar, Hrolleifsdalsafréttar og Kolbeinsdalsafréttar (Hólaafréttar), kr. 3.000.000. Akrahreppur og Kirkjumálasjóður vegna Silfrastaðaafréttar og Krosslands, kr. 370.000. Eigendur Hrauna I og II vegna Almennings norðan Hrauna, kr. 435.000.

Vegna Kristjáns Þorbergssonar hrl.: Eigendur Mánár vegna Almennings norðan Hrauna, kr. 655.000.

Útlagður kostnaður málsaðila, annarra en fjármálaráðherra vegna íslenska ríkisins, utan þóknunar lögmanna, hefur þegar verið endurgreiddur úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998.

---

---

Karl Axelsson

---

Allan Vagn Magnússon

---

Hulda Árnadóttir